

**28-29** Ferskir lífrænir ávextir frá Andalúsíu í áskrift



**30-31** Íslenskir karlmenn munda nálina



**32–33** Uppfærður réttalisti


# Bændablaðið

16. tölublað 2022 ● Fimmtudagur 8. september ● Blað nr. 617 ● 28. árg. ● Upplag 32.000 ● Vefur: bbl.is




Þorsteinn Sigmundsson, lífskúnstner, eggjabóndi og eplaræktandi að Elliðahvammi, ásamt barnabarnabörnum, Styrmi Snæ, Þráni Frey og Heiðdísi Örnu við eplauppskeru sumarsins. Þorsteinn ræktar 20 ólík yrki af eplum í gróðurskála og segir að eplaræktunin veiti honum mikla ánægju og auki lífsgæðin enda þurfi lítið fyrir henni að hafa. Uppskeran í ár er hátt á annað þúsund rauð og gul safarík og bragðgóð matarepli. *– Sjá nánar á bls. 34–35.*

Mynd / Óskar Andri Víðisson

## Tryggja þarf nýliðun

**Fæðuöryggi Íslendinga byggist á því að ungt fólk vilji leggja fyrir sig búskap og bújarðir haldist í byggð.**

Meðalaldur starfandi bænda er rétt undir 60 árum og erfitt fyrir ungt fólk að taka við keflinu. Lág afkoma og hár stofnkostnaður verður til þess að fólk leitar í önnur störf. Þrúgandi skattbyrði við sölu á bújörðum verður til þess að framleiðsluréttur og bústofninn er seldur í burtu.

Á jörðum þar sem búskapur hefur verið felldur niður er ólíklegt að nýir aðilar endurreisi matvælaframleiðslu vegna kostnaðar.

„Það hefur alltaf verið þannig og mun verða þannig um ókomin ár að fólk þarf að borða.

Hverri þjóð er mikilvægt að framleiða sín matvæli því það er ekki forgangur neinnar þjóðar að flytja út matvæli þegar kreppir að," segir Steinþór Logi Arnarson, formaður Samtaka ungra bænda. Það er undir stjórnvöldum komið hvort hlúa eigi að ungu fólki sem vill stunda búskap. Ekki dugar að lækka þröskuldinn við að kaupa bújarðir, heldur þurfa tekjumöguleikar og félagslegt umhverfi að vera eftirsóknarvert.

Íslendingar þurfa að hafa aðgang að hollum og góðum matvælum sem framleidd eru í nálægð við neytendur. Innlenda landbúnaðarframleiðslu er ekki hægt að reisa við á einni nóttu ef kreppir að. Því er nauðsynlegt að greinin standi alltaf á traustum grunni.

*/ ÁL*

***– Sjá nánar á bls. 20–21.***

### Hærra afurðaverð og minni framleiðsla:

# Birgðir kindakjöts í sögulegu lágmarki

**Nokkuð óvenjulegar aðstæður eru nú uppi á ýmsum sviðum varðandi framleiðslu og sölu á kindakjöti.**

Opinberar tölur um birgðastöðu á kindakjöti gefa til kynna að aldrei hafi jafnlítið magn kindakjöts verið í birgðum við upphaf sláturtíðar og nú. Þá hafa sauðfjárbændur fengið vissa leiðréttingu á bágum kjörum undanfarinna ára, auk þess sem síðustu ásetningstölur gefa til kynna að nokkur fækkun verði á gripum sem koma til slátrunar þetta haustið. Talið er að þessir þættir geti haft áhrif á markaðsaðstæður kindakjöts á næstu misserum; framboð, verð og eftirspurn.

Samkvæmt upplýsingum frá Mælaborði landbúnaðarins voru birgðir kindakjöts í lok júlí rúm 767 tonn, en til samanburðar má nefna að mánaðarsala í sama mánuði voru rúm 500 tonn. Allar líkur eru því á að birgðir kindakjöts frá síðasta ári verði uppurnar nú í byrjun sláturtíðar. Samkvæmt upplýsingum úr matvælaráðuneytinu munu endanlegar upplýsingar um birgðir í lok ágústmánaðar ekki liggja fyrir fyrr en um miðjan september, þegar afurðastöðvar hafa skilað inn upplýsingum um þeirra stöðu.

### *Ásetningur minnkað mjög á undanförnum árum*

Ágúst Torfi Hauksson, forstjóri Kjarnafæðis Norðlenska og formaður Samtaka sláturleyfishafa, segir að taka verði opinberum tölum með fyrirvara, því þær gefi aðeins til kynna það magn sem afurðastöðvarnar sjálfar eru með – en ekki til dæmis kjötvinnslur og önnur fyrirtæki í úrvinnslu kindakjöts. Munurinn sé þó aldrei afgerandi mikill í þessu tilliti – og tölurnar ættu því að gefa nokkuð góða mynd. „Við erum í raun komin á góðan stað, með einhvers konar jafnvægispunkt á milli framleiðslu og eftirspurnar á innanlandsmarkaði.

Framleiðslukostnaður kindakjöts hefur hækkað mjög á undanförnum árum og um árabil hefur afurðaverð verið bændum óviðunandi. Því hafa bændur minnkað mjög ásetning á undanförnum árum, segir Ágúst.

Á milli áranna 2020 og 2021 varð 4,1 prósenta fækkun sauðfjár í landinu, þar sem vetrarfóðruðum kindum fækkaði úr 401.826 í 385.509. Ágúst segir að af þessu leiði óhjákvæmilega að eitthvað færri gripir komi til slátrunar þetta haustið. „Það verður mjög líklega minni framleiðsla, þó við sjáum ekki fyrir okkur eitthvert hrun núna. Ef hins vegar þessar verðhækkanir til bænda hefðu ekki komið til, þá hefði verið veruleg hætta á hruni í næstu sláturtíð – þar sem bændur taka ákvörðun um sinn ásetning ár frá í tímann."

### *Það var nauðsynlegt að hækka afurðaverðið umtalsvert*

„Það er alveg ljóst að eftirspurn eftir kindakjöti getur fallið eitthvað með hækkandi vöruverði á kindakjöti, sem mun fylgja hækkunum á afurðaverðinu. En það var nauðsynlegt á þessum tímapunkti að verð til bænda hækkaði umtalsvert til að mæta þeim gríðarlegu kostnaðarhækkunum sem hafa orðið á þeirra aðföngum. Það var alveg tómt mál að tala um lengur, að það gangi lengur að varan sé seld á markaði fyrir verð sem er langt undir framleiðslukostnaði," segir Ágúst.

Hann bendir á að þetta sé bara leiðrétting á kjörum sauðfjárbænda, því fari fjarri að þessar hækkanir bæti afkomumöguleika þeirra eitthvað verulega. „Kostnaðarhækkanirnar hafa verið með þvílíkum ólíkindum að afurðaverðshækkanirnar gera lítið annað en að halda í horfinu.

Kindakjöt hefur verið mjög ódýrt á markaði og kannski miklu ódýrara en það ætti að vera miðað við framleiðslukostnað. Íslendingar eru því góðu vanir hvað varðar verðlag á þessari vöru og því gæti talsverð hækkun leitt til minni eftirspurnar. En neytendur ættu samt að hafa það í huga að það er ekki þeim í hag að sauðfjárbændur fái svo lítið greitt fyrir sínar afurðir að þeim sé nauðugur einn kostur að hætta búskap, sem getur svo leitt af sér vöruskort á lambakjöti." */smh*

***- Framhald á bls. 2***

FRÉTTIR

# Kjarnafæði Norðlenska kaupir af Fjallalambi og Vopnfirðingum

**Nýlega bárust fréttir af því að Kjarnafæði Norðlenska hefði gert samninga við Fjallalamb og Sláturfélag Vopnfirðinga um kaup á umtalsverðu magni af kindakjöti af þeim í yfirstandandi sláturtíð.**

Ágúst Torfi Hauksson, forstjóri Kjarnafæðis Norðlenska, segir að fyrirtækið hafi reyndar um árabil keypt kjöt af Sláturfélagi Vopnfirðinga. Hann samsinnir því að hugmyndin sé að tryggja nægt magn hráefnis til að hægt sé að halda öllum framleiðslukerfum gangandi sem rekin eru undir móðurfélaginu Kjarnafæði Norðlenska hf.

Ekki sé þó hægt að nefna magntölur í þessu samhengi því það sé alltaf ákveðin óvissa um heildarmagn af innlögðu kjöti inn í þessi sláturhús. Bændur séu frjálsir í þessum viðskiptum og dæmi séu um að þeir færi innlegg sitt á milli sláturleyfishafa í stórum stíl.

*Svipaður starfsmannafjöldi sláturhúsa*

Vegna þess að nú horfir til þess að talsvert færri gripir muni koma til slátrunar í yfirstandandi sláturtíð, er Ágúst spurður um hvort einhverjar breytingar séu fyrirséðar á umfanginu hjá sláturhúsunum – til dæmis starfsmannafjölda. „Ekki núna, þetta verður ekki svo mikil breyting á milli ára. En til framtíðar, ef áframhaldandi fækkun sláturgripa verður, mun þetta þróast þannig hjá flestum, held ég, að það verði horft til þess að nýta mannskapinn og húsin sem best.


Ágúst Torfi Hauksson.

Það er því nauðsynlegt að horfa til aukinnar hagræðingar í sauðfjárslátrun og reyndar slátrun almennt með auknum heimildum til samstarfs og verkaskiptingar þannig að unnt verði að lækka sláturkostnað og nýta fjárfestingu betur en nú er mögulegt.

Varðandi þróun framleiðslu næstu ár vitum við hins vegar lítið hvað mun gerast fyrr en það birtast ásetningstölur, hversu margar vetrarfóðraðar ær verða í landinu," segir Ágúst.

Hann segir að fyrir utan þessa fækkun sláturgripa nú í haust, megi gera ráð fyrir beinum veðurfarslegum áhrifum síðasta sumars á kindakjötsframleiðsluna. „Í það minnsta á okkar svæði hér á Norður- og Norðausturlandi. Ólíkt sumrinu 2021, þá var sumarið núna kalt og blautt, sem mun líklega hafa áhrif á meðalþunga dilka – og þannig heildarmagn lambakjöts.

Í raun og veru er best að spyrja að leikslokum og þau eru í endaðan október." /smh

# Kristinn Hugason ráðinn samskiptastjóri Ísteka

**Kristinn Hugason hefur hafið störf sem samskiptastjóri Ísteka.**

Kristinn hefur meistaragráður í búfjárkynbótafræði (MSc) frá SLU og í opinberri stefnumótun og stjórnsýslu (MA) frá HÍ, er fram kemur í fréttatilkynningu frá Ísteka.


Kristinn Hugason.

„Hann starfaði um árabil sem landsráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt og hjá Bændasamtökunum eftir stofnun þeirra, síðan innan stjórnarráðsins; í sjávarútvegsráðuneytinu, sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytinu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þar sinnti hann m.a. málefnum sjálfbærrar þróunar, fiskeldis, matvælamálum, málefnum dýravelferðar og var formaður nefndarinnar sem samdi frumvarp til núgildandi laga um velferð dýra (lög nr. 55/2013), almennum landbúnaðarmálum og hrossaræktarinnar sérstaklega. Nú síðustu árin hefur Kristinn starfað sem forstöðumaður Söguseturs íslenska hestsins. Hann hefur stundað hestamennsku svo gott sem allt sitt líf og hrossarækt sem viðfangsefni meira og minna síðustu fjóra áratugina eða svo," segir í tilkynningunni.

Í aðsendri grein á bls. 53 fjallar Kristinn um blóðtöku úr fylfullum hryssum, þar sem hann gerir athugasemd við málflutning talsmanna þýsk-svissnesku dýraverndarsamtakanna AWF/TSB í síðasta tölublaði Bændablaðsins. /ghp





Hækkun mjólkurverðs til bænda nemur 4,56% sem samsvarar hækkun gjaldaliða í rekstri kúabús. Mynd / ghp

# Lágmarksverð mjólkur hækkar

## – Ný verðlagsnefnd búvara tekin til starfa

**Ný verðlagsnefnd búvöru hefur tekið ákvörðun um hækkun lágmarksverðs mjólkur til bænda og heildsöluverðs mjólkur og mjólkurafurða sem nefndin verðleggur.**

Lágmarksverð 1. fl. mjólkur til bænda mun þannig hækka um 4,56% úr 111,89 kr./ltr. í 116,99 kr./ltr. frá og með 1. september sl. og hækkar heildsöluverð mjólkur og mjólkurvara sem nefndin verðleggur um 3,72% en sú breyting tekur gildi þann 8. september.

Verðhækkanirnar eru komnar til vegna kostnaðarhækkana við framleiðslu og úrvinnslu mjólkur frá síðustu verðákvörðun sem var 1. apríl 2022. Frá síðustu verðákvörðun til septembermánaðar hafa gjaldaliðir í verðlagsgrundvelli kúabús hækkað um 4,56% að meðaltali en þar vegur þyngst hækkun á rekstrarvörum (rúlluplasti og garni), olíukostnaður og vaxtahækkanir.

Á sama tímabili hefur vinnslu- og dreifingarkostnaður afurðastöðvanna hækkað um 2,67% og er það grundvöllur hækkunar heildsöluverðs auk hækkunar á afurðaverði. Á fyrsta fundi nýrrar verðlagsnefndar var einnig tekið fyrir erindi til nefndarinnar er varðar tillögur starfshóps um verðlagsmál í nautgriparækt. Sammæltist nefndin um að ráðast í uppfærslu á verðlagsgrundvelli mjólkur og ákveðið var að formaður í samstarfi við matvælaráðuneytið myndi gera tillögu um framkvæmd og verkáætlun verkefnisins, sem tekið yrði fyrir á næsta fundi sem ákveðinn hefur verið þann 6. október.

Formaður nautgripabænda, NautBÍ, Herdís Magna Gunnarsdóttir, segir ánægjulegt að loksins stefni í að uppfærður verðlagsgrundvöllur líti dagsins ljós.

„Verðlagsgrunnur kúabús er orðinn yfir 20 ára gamall, grunnbúið er með 188.000 lítra framleiðslu auk uppeldis geldneyta en á síðustu áratugum hefur orðið gríðarleg framþróun í íslenskri mjólkurframleiðslu," segir hún m.a. í aðsendri grein sem finna má á bls. 49 í þessu tölublaði. Hún bendir á þær breytingar sem orðið hafa á þessum 20 árum og að árið 2021 hafi meðalinnleggið verið um 288.000 lítrar.

„Það gefur því auga leið að núverandi grundvöllur lýsir ekki hagkvæmu nútímabúi."

*Verðlagsnefnd búvara 2022–2024*

Ný verðlagsnefnd búvara var skipuð í sumar og kemur til með að starfa árin 2022-2024. Matvælaráðherra skipaði nefndina á grundvelli 7. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Tveir fulltrúar eru tilnefndir af samtökum launþega, tveir af Bændasamtökum Íslands og tveir af Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Ráðherra tilnefnir einn fulltrúa og er hann formaður nefndarinnar. Varamenn eru tilnefndir með sama hætti.

Í nefndinni eiga sæti: Kolbeinn Hólmar Stefánsson, skipaður formaður án tilnefningar, Herdís Magna Gunnarsdóttir og Reynir Þór Jónsson, tilnefnd af Bændasamtökum Íslands, Elín Margrét Stefánsdóttir og Pálmi Vilhjálmsson, tilnefnd af Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Helga Ingólfsdóttir, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands og Hrannar Már Gunnarsson, tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Varamenn nefndarinnar eru: Elísabet Anna Jónsdóttir, Rafn Bergsson, Hermann Ingi Gunnarsson, Ásvaldur Þormóðsson, Þórunn Andrésdóttir, Björn Snæbjörnsson og Sonja Ýr Þorbergsdóttir.

Einnig hefur ráðherra tilnefnt Hálfdán Óskarsson sem fulltrúa minni vinnslufyrirtækja mjólkur sem áheyrnarfulltrúa í nefndina og hefur hann tillögurétt. Með nefndinni starfar jafnframt Arnar Freyr Einarsson, hagfræðingur í matvælaráðuneytinu. /ghp

## Rúningur:

# Íslandsvinur sló heimsmet

**Breski bóndinn Marie Prepple sló heimsmet í rúningi í lok ágúst. Það er kannski ekki í frásögur færandi fyrir íslenska lesendur nema fyrir þá staðreynd að Marie kemur reglulega hingað til lands til að rýja fé íslenskra bænda.**

Marie gerði atlögu við fyrsta heimsmet kvenna í átta tíma löngum rúningi á fullorðnu fé. Hún stóð við rúning í fjórum tveggja tíma hollum milli kl. 7 og 17 fimmtudaginn 26. ágúst. Niðurstaðan var 370 ær á 8 klukkutímum, sem gerir 1,3 kindur á mínútu.

Marie hefur vanið komur sínar hingað til lands og ráðið sig í rúning hjá íslenskum sauðfjárbændum ásamt vinkonu sinni, Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur, bónda á Ljótarstöðum í Skaftártungu. Fer af þeim stöllum gott orð um framúrskarandi vinnubrögð.


Seiglu, einbeitingu og fumlaus vinnubrögð þarf til að rýja 370 ær á átta tímum. Það gerði Marie Prepple á dögunum og sló þar með heimsmet. Mynd / Emily Fleur

Í viðtali við landbúnaðarmiðilinn The Scottish Farmer segist Marie vera stolt af því að vinna í starfsstétt þar sem konur eru metnar til jafns við karla og fái m.a. sömu laun fyrir vinnu sína. Marie elur manninn á bænum Boyington Court Farm í Kent þar sem hún elur sauðfé á sjálfbæru beitarlandi og selur afurðir beint frá býli. /ghp

## Það sem boðið er upp á í fyrstu tannlæknaskoðun hjá Kreativ Dental

**Við bjóðum:**

- Fría skoðun og ráðgjöf hjá reynslumiklum tannlæknum og margverðlaunaðri tannlæknastofu
- Fría heilkjálkaröntgenmynd (opg xray)
- Flug greitt allt að 180 evrum
  (*Sjá skilyrði)
- Fría nótt á samstarfshóteli
  (**sjá skilyrði)
- Þjónustuborð á flugvellinum í Búdapest þar sem tekið er á móti okkar gestum strax við komu til borgarinnar
- Frían akstur á milli flugvallar og samstarfshótela (Arena og Hungaria) við komu og brottför
- Frían akstur á milli Kreativ Dental og samstarfshótela (Arena og Hungaria)
- Að öll gögn séu fáanleg á íslensku, þ.e. meðferðaráætlanir, reikningar, útskýringar á meðferðum og þjónusta á íslensku
- Að þeir sem klára meðferð hjá Kreativ Dental fái fría skoðun árlega með heilkjálkaröntgenmynd hjá Kreativ Dental í Búdapest til framtíðar!

Skilyrði:
* Flug. Hefjist meðferð hjá Kreativ Dental innan 6 mánaða frá því ráðgjöf var veitt verður flugmiði niðurgreiddur um allt að 180 evrur ef heildarkostnaður samkvæmt meðferðaráætlun er hærri en 1.800 evrur.
** Frí nótt á samstarfshóteli. Frí nótt er í boði hjá einu af samstarfshótelum okkar ef einstaklingur dvelur á því hóteli yfir þann tíma sem fyrsti hluti meðferðar/ráðgjafar tekur.

KREATIV DENTAL CLINIC® GARANTIE

**Nýtt bros - Nýtt líf**

## Kreativ Dental Ísland

**Heimasíða:**
**kreativdental.is**

**Facebook:**
**kreativdentalisland**

**Tölvupóstur - Upplýsingar - Tímabókanir:**
**grimur@kreativdentalclinic.eu**

**Sími:**
**(+354) 859 9403 (frá 9-13)**

# Allar vikur eru tannheilsuvikur

## hjá Kreativ Dental í Búdapest!

## 25 ára reynsla



PROUDLY TREATING PATIENTS SINCE 1996 – KREATIV DENTAL CLINIC®

# Kreativ Dental Ísland

- Rúmlega 4000 íslendinga hafa fengið þjónustu hjá okkur frá árinu 2016!
- Stöðug þróun
- Fjöldi alþjóðlegra viðurkenninga
- Spara má 50 – 70 % af tannlæknakostnaði

***"Nýtt bros – Nýtt líf"***

FRÉTTIR

## Uppfært afurðaverð vegna sauðfjárslátrunar haustið 2022:

# Hækkun upp á 35,5 prósent að meðaltali fyrir dilka yfir landið

## – Hæsta verð komið í 754 krónur á kíló

**Uppfærslur á verðskrám sláturleyfishafa, vegna afurðaverðs til sauðfjárbænda 2022, halda áfram að berast. Nýlega bárust uppfærslur frá Sláturfélagi Suðurlands, Kaupfélagi Skagfirðinga og Sláturhúsi KVH og þegar tekið er tillit til þeirra hefur meðalverð á landsvísu fyrir kíló af dilkum hækkað um 35,5 prósent frá síðustu sláturtíð.**

Þau leiðu mistök urðu að verðskrá ársins 2021 birtist í prentútgáfu Bændablaðsins, með umfjöllun um afurðaverð 2022. Hér birtist rétt og uppfærð verðskrá sláturleyfishafa.

*Hæsta meðalverð 754 krónur*

Samkvæmt útreikningum Bændasamtaka Íslands er hæsta verð komið í 754 krónur á kílóið, eftir að Sláturfélag Suðurlands birti uppfærslu á sinni verðskrá í síðustu viku. Kaupfélag Skagfirðinga og Sláturhús KVH hafa einnig birt nýlegar uppfærslur og borga næstmest, eða 753 krónur á kíló dilka.



Sláturfélag Vopnfirðinga gaf tóninn í lok júní með meðalverðshækkun upp á 31,4 prósent miðað við lokaverð á síðasta ári. Í ágúst hafa uppfærðar verðskrár borist jafnt og þétt, nú síðast frá Fjallalambi 18. ágúst og þar er hækkunin mest á milli ára, eða 43,5 prósent.

Landsmeðaltalshækkun fyrir fullorðið fé hefur einnig orðið svolítil á undanförnum tveimur vikum, eða 14,9 prósent. /smh

**Reiknað afurðaverð í krónum fyrir hvert kíló**

| | Dilkar | | | | Fullorðið | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sláturleyfishafi | 2020 | 2021 | Breyting milli ára | 2022 | 2020 | 2021 | Breyting milli ára | 2022 |
| Fjallalamb | 486 | 520 | +43,5% | 746[3] | 119 | 120 | +6,2% | 127 |
| Kaupfélag Skagfirðinga | 507 | 560 | +34,2% | 753[1] | 140 | 140 | +12,9% | 158 |
| Norðlenska | 504 | 549 | +35,9% | 746[3] | 113 | 115 | +10% | 127 |
| SAH afurðir | 502 | 549 | +35,9% | 746[3] | 113 | 115 | +10% | 127 |
| Sláturfélag Suðurlands | 504 | 559 | +34% | 754[2] | 122 | 132 | +31,6% | 174 |
| Sláturfélag Vopnfirðinga | 506 | 549 | +31,4% | 748[4] | 118 | 118 | +6,1% | 125 |
| Sláturhús KVH | 507 | 560 | +34,2% | 753[1] | 140 | 140 | +12,9% | 158 |
| **Landsmeðaltal** | **504** | **552** | **+35,5%** | **748** | **124** | **127** | **+14,9%** | **146** |

*1) Reiknað afurðaverð samkvæmt verðskrá að viðbættum 30 kr/kg vegna innágreiðslu afurðaverðs komandi hausts, sem greidd var í maí á grunni innleggs árið 2021.*
*2) Reiknað afurðaverð samkvæmt verðskrá að viðbættum 30 kr/kg eingreiðslu sem viðbót á afurðaverð sauðfjár vegna innleggs á árinu 2022.*
*3) Reiknað afurðaverð samkvæmt verðskrá að viðbættum 26 kr/kg eingreiðslu sem greidd verður 25. febrúar, 2023.*
*4) Reiknað afurðaverð samkvæmt verðskrá að viðbættum 26 kr/kg eingreiðslu sem greidd verður 1. febrúar, 2023.*

***Heimild:** Bændasamtök Íslands*



Túnvingullfræ þurrkuð að Gunnarsholti. Mynd / Landgræðslan

# Góð uppskera af túnvingli

**Uppskera Landgræðslunnar af túnvingli til fræframleiðslu í ár er mjög góð og 50% meiri en á síðasta ári og stefnir í metár.**

Fræsláttur hófst 15. ágúst og núna eru allir þurrkunargámar smekkfullir af fræi.

Í kringum Gunnarsholt er ræktað fræ af grastegundinni túnvingli, Festuca richardsonii, sem síðan er notað til uppgræðslu víða um land. Fræsláttur hófst þann 15. ágúst og tveimur vikum seinna voru allir þurrkunargámar smekkfullir af fræi. Uppskera þessa árs stefnir í að verða um 50% meiri en í fyrra og gæti hugsanlega orðið metár.

Árni Bragason landgræðslustjóri segir mjög mikilvægt fyrir Landgræðsluna að rækta fræ og eiga birgðir til að geta brugðist við óvæntum aðstæðum sem náttúruöflin bjóða stundum upp á.

„Nærtækast er að nefna öskufall sem getur haft óæskilegar afleiðingar með í för þegar askan fer að fjúka, en oft er hægt að hægja á slíku með sáningu og áburðargjöf.“ /VH




## Matvælastofnun:

# Verklag vegna dýravelferðarmála

**Talsverð umræða hefur verið um dýraverndunarmál hér á landi undanfarið og nú síðast vegna máls sem kom upp nærri Borgarnesi vegna illrar meðferðar á hestum.**

Matvælastofnun, sem hefur verið gagnrýnd vegna seinagangs í málum sem snerta ábendingar um dýraníð, hefur sent frá sér yfirlýsingu til að skýra verklag stofnunarinnar í dýravelferðarmálum.

*Tilkynningar um dýraníð*

Á heimasíðu Mast segir að hver sá sem verður var við illa meðferð á dýrum eða að umráðamaður búfjár skorti öryggi, skjól, hús, fóður eða beit fyrir búfé sitt ber að tilkynna það án tafar til stofnunarinnar eða lögreglu.

Þar segir einnig að héraðsdýralæknum eða fulltrúum Mast sé skylt að kanna hvort ábendingar um illa meðferð dýra eigi við rök að styðjast og að ef stofnunin telji að úrbætur þoli ekki bið er starfsmönnum hennar heimilt að taka dýr úr vörslu umráðamanna eða láta aflífa dýr. Slíkt skal ávallt gert í samráði við lögreglu.

Mast er einnig heimilt að leggja hald á tæki, tól og annan búnað varðandi dýrahald sem er talinn hættulegur velferð dýra.

*Ekki heimilt að tjá sig um einstök mál*

Í yfirlýsingu Mast segir að stofnuninni sé ekki heimilt að tjá sig um einstök mál, en að hún vinni eftir útgefnu verklagi. Samkvæmt Mast er í flestum tilvikum ekki þörf á þvingunaraðgerðum, enda bregðast umráðamenn vel við og bæta úr frávikum.

Vegna ítrekaðra eða alvarlegra frávika sem er ekki sinnt eða ef grunur er um refsivert brot er tekin ákvörðun um aðgerð sem geta verið sektir, stöðvun starfsemi, úrbætur á kostnað umráðamanns dýra eða með því að taka dýr úr vörslu eigenda.



Vel alið búfé. Mynd / Myndasafn

*Allar ábendingar skoðaðar*

„Brugðist er við öllum ábendingum um illa meðferð dýra og þegar þær eiga við rök að styðjast er metið til hvaða aðgerða rétt er að grípa. Þá er fyrst og fremst horft til velferðar dýranna. Við úrlausn dýravelferðarmála ber stofnuninni jafnframt að fara eftir ákvæðum stjórnsýslulaga sem kveða á um málsmeðferðar- og efnisreglur sem er ætlað að tryggja réttaröryggi borgara þegar stjórnsýsluákvarðanir eru teknar.“

*Mikilvægt að standa rétt að ákvörðunum*

Samkvænt því sem segir í yfirlýsingu Mast geta ákvarðanir stofnunarinnar í dýravelferðarmálum verið mjög íþyngjandi og því mikilvægt að rétt sé staðið að ákvörðunum, bæði hvað varðar rannsókn, veita umráðamönnum þátttökurétt í undirbúningi ákvarðana sem og að gæta jafnræðis aðila og að meðalhófs sé gætt.

„Ef tilefni er til er umráðamönnum dýra gefinn kostur á að bæta úr frávikum. Það er einungis í tilvikum þar sem úrbætur þola ekki bið sem stofnunin getur tekið dýr úr vörslum umráðamanns eða aflífað dýr sem hafa orðið fyrir varanlegum skaða.“

*Fimm daga andmælaréttur*

Áður en íþyngjandi ákvarðanir eru teknar hafa mál í flestum tilvika verið til meðferðar hjá stofnuninni um nokkurt skeið þar sem umráðamenn hafa þá tækifæri til að bæta úr frávikum.

Þegar grípa þarf til íþyngjandi ákvarðana er umráðamönnum veittur andmælaréttur á fyrirhugaðri ákvörðun. Lengd andmælaréttarins ræðst af alvarleika máls ef aðstæður bjóða upp á slíkt. Að fimm dögum liðum eru andmæli metin og tekin ákvörðun um framhald málsins með hliðsjón af efnisreglum laga um velferð dýra og ákvæðum stjórnsýslulaga.

/VH



# Glæsileg landbúnaðarsýning í Laugardalshöllinni

## 14. – 16. október 2022



- Matvælasýning
- Tækjasýning
- Öflug dagskrá

Sýningin er opin:
**Föstudag:** 14. okt. 14.00-19.00
**Laugardag:** 15. okt. 10.00-18.00
**Sunnudag:** 16. okt. 10.00-17.00

Aðgangseyrir 1.500 kr. Eldri borgarar og öryrkjar 1.000 kr. Frítt fyrir börn undir 12 ára aldri í fylgd með fullorðnum.
Miðar gilda alla dagana og líka á fyrirlestradagskrá

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR
- 2022 -

# Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári.**
**Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (24. tölublöð) kostar þá kr. 12.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi).
Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 8.000 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
**Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is** – **Sími smáauglýsinga: 563 0300** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

## Mikilvægi nýliðunar

**Þessa dagana er gósentíð í landbúnaði, sjónrænt að minnsta kosti.**

Sauðfjár- og stóðréttir fara fram um allt land og uppskera grænmetis í hámarki. Þetta er hin blómlega sýn landbúnaðar, fersk hamingja og fimmundarsöngur. Á þessum dögum fáum við hin, sem ekki störfum í greininni og sitjum föl við lyklaborðið, nasasjón af fjörinu og jafnvel stjörnur í augun. – *En hvað það væri nú gaman að vera hraustur bóndi, vera endalaust að fást við náttúruna á einn eða annan hátt, alltaf á hreyfingu og með fjölbreytt verkefni.*

Steinþór Logi Arnarsson, formaður Samtaka ungra bænda, orðar það einmitt svo skemmtilega í blaðinu. Bændastarfið sé besti lífsstíll sem nokkur geti valið sér. „Það er stór partur af lífi manns hvað maður velur sér að starfa við og ef einhver hefur minnstan grun um að það geti veitt honum lífsfyllingu að stunda landbúnað, þá er það sennilega rétt hjá honum."

En það er ekki beint aðgengilegt að gerast bóndi og vera bóndi. Ekki er nóg með að þú þurfir að tryggja þér jarðnæði og framleiðslutæki með einum eða öðrum hætti og massívum kostnaði. Þú þarft líka að vinna myrkranna á milli, vera vakinn og sofinn yfir þínum búskap. Svo þarftu að búast við að fá lítil laun fyrir og engan orlofsrétt eða lífeyrissjóð.

Þjóðin þarf hins vegar á því að halda að fleira fólk sinni fæðuframleiðslu í landinu. Það er grundvallaratriði. Því ræðum við í þaula um nýliðun í landbúnaði í blaðinu.

Meðalaldur bænda almennt er kringum 60 árin en samkvæmt gröfum athugunum er yfir 70% þeirra yfir fimmtugt. Athygli vekur að yfir 20% sauðfjárbænda eru yfir sjötugt að aldri á meðan 11% eru undir fertugt.

Í fréttaskýringu kemur skýrt fram að greiða þurfi götur þeirra sem vilja leggja fyrir sig landbúnaðarstörf. Í því felst fyrst og fremst ákveðið afkomuöryggi. Ungir bændur benda á að til þess að eðlileg nýliðun geti átt sér stað í greininni þurfi eldri kynslóðin að geta stigið til hliðar með reisn. Á því þarf að taka til að jarðir haldist í rekstri og notkun.

Stórsýningin Íslenskur landbúnaður 2022 verður haldin í Laugardalshöll daganna 14.–16. október. Mörgum er enn í fersku minni þegar slík sýning var haldin árið 2018 með miklum glæsibrag og munu sömu rekstraraðilar, sýningarfyrirtækið Ritsýn sf., standa að viðburðinum. Tugir fyrirtækja sem tengjast landbúnaði á einn eða annan hátt munu þar kynna starfsemi sína og vörur. Það er enginn svikinn að því að kíkja á sýningu sem þessa, hvort sem viðkomandi er úr sveit eða borg og það er ekki úr vegi að mæla með henni.

Í tilefni af Íslenskum landbúnaði 2022 munum við hjá Bændablaðinu gefa út blaðauka með útgáfu blaðsins þann 6. október næstkomandi. Blaðaukinn mun þjóna sem sýningarskrá, þar sem hægt er að afla sér allra helstu upplýsinga um sýninguna, svæðið og viðburði innan hennar. Blaðaukinn verður dreifður um allt land og á sýningunni sjálfri. Í honum gefst fyrirtækjum sem taka þátt í stórsýningunni að kynna sig enn frekar og auka þar með sýnileika sinn.

Hafi sýnendur áhuga á að vera með í blaðaukanum er bent á að hafa samband við Þórdísi Unu auglýsingastjóra í gegnum netfangið thordis@bondi.is

*/ghp*

# Hringferð Bændasamtakanna




**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is


**Árlegri hringferð stjórnar og starfsfólks Bændasamtakanna er nú lokið.**

Efnt var til ellefu funda dagana 22.-26. ágúst og vil ég þakka þeim rúmlega 300 bændum sem gáfu sér tíma frá bústörfum innilega fyrir komuna á fundina og fyrir skoðanaskiptin og samtölin um það helsta sem snýr að hagsmunum bænda. Á fundunum komu fram fjölmargar ábendingar og sjónarmið sem hafa nú verið tekin saman og mun stjórn vinna með þær í framhaldinu, bæði þeim málum sem þarf að leysa sem fyrst og eins önnur atriði sem nauðsynlegt er að hafa í farteskinu við endurskoðun búvörusamninga á næsta ári. Einnig vil ég þakka starfsfólki Bændasamtakanna fyrir skipulagningu og þátttöku á fundunum en það var ekki síður gagnlegt fyrir starfsfólk samtakanna að heyra beint frá bændum um þeirra helstu viðfangsefni sem bændur fást við á hverjum degi.

### *Dagur landbúnaðarins*

Fyrir hartnær 20 árum síðan samþykkti Búnaðarþing að koma á Degi landbúnaðarins og miða að því að hann yrði að árlegum viðburði. Stjórn Bændasamtakanna það ár var falið að skipa undirbúningsnefnd til að vinna að málinu og stefna að því að „Dagur landbúnaðarins" yrði haldinn í fyrsta skiptið árið 2004. Litlar heimildir eru til um vinnu undirbúningsnefndarinnar og hvort að dagurinn hafi yfir höfuð verið haldinn líkt og til stóð, en eitt er víst, Dagur landbúnaðarins, verður nú haldinn þann 14. október og þá í fyrsta skiptið, þrátt fyrir að dagur landbúnaðarins sé allt árið! Dagskráin verður metnaðarfull og verður fundurinn opinn öllum á meðan húsrúm leyfir. Meginstef fundarins verða umhverfis- og loftslagsmál og fæðuöryggi þjóðarinnar, en hvernig tryggjum við frumframleiðslu í landbúnaði í sátt við umhverfið með tryggri framleiðslu til framtíðar? Starfsfólk samtakanna hefur unnið ötullega að skipulagningu fundarins og verður dagurinn auglýstur á þann hátt að tryggt sé að fólk viti af Degi landbúnaðarins, eða líkt og Áskell Þórisson, fyrrum ritstjóri Bændablaðsins, ritaði: „Ef vel tekst til getur dagur af þessu tagi eflt stéttarvitund bænda en fullyrða má að aukin þekking meðal bænda á málefnum hver annars geti skipt sköpum varðandi framtíðina."

Þann sama dag verður opnuð stórsýningin Íslenskur landbúnaður í Laugardalshöll en sýningin stendur yfir þá helgina, 14.-16. október nk., og fá félagsmenn í Bændasamtökum Íslands frían aðgöngumiða á sýninguna.

### *Að pissa í skóinn sinn*

Talsverð umræða hefur verið undanfarið um afkomu bænda á grunni frumframleiðslu og fara menn mikinn um hvernig hægt sé að minnka verðbólgu í landinu. Í þeim efnum hefur því m.a. verið haldið fram að með því að afnema uppboð á tollkvótum sem boðnir eru upp ársfjórðungslega, megi kveða niður verðbólgudrauginn. Það er leið okkar Íslendinga að bjóða upp tollkvóta og eins og staðan er í dag er mun meiri eftirspurn eftir heimildum til innflutnings en hefur verið síðastliðin tvö ár. Þetta er aðferð sem flest ríki stunda en ekki séríslenskt fyrirbæri líkt og haldið er fram í fréttum. Í öllum vestrænum heimi standa ríki með frumframleiðslu á eigin landbúnaðarvörum og eru stolt af því. Það vekur furðu að einungis er rætt um úthlutanir á þessum vörum sem falla undir tollkvóta í landbúnaði. Þá velti ég fyrir mér verðlagningu á ávöxtum þegar það eru engir tollar á þeim afurðum? Og hvað með pasta sem bera heldur enga tolla hér á landi? Síðan er mikið rætt um af hverju tollar séu ekki felldir niður af frönskum kartöflum þar sem sú framleiðsla hér á landi stöðvaðist í ágústmánuði síðastliðnum? Þurfum við að slökkva á öllum tollum án þess að fá nokkuð í staðinn? Ég tel mikilvægt að við endurskoðun tollasamningsins við ESB þá verði þetta notað sem skiptimynt fyrir aðrar vörur svo við getum fengið ívilnanir í staðinn inn til ESB því þar líta menn á tolla sem verðmæti í alþjóðaviðskiptum. Að lokum má síðan spyrja hvers vegna sé lagður 26% tollur á tyggjó þegar við erum ekki að framleiða tyggjó á Íslandi? Enn og aftur, reynum að skapa okkur raunverulega samningsstöðu þegar kemur að endurskoðun tollasamninga.

### *Fjögurra daga vinnuvika verður ekki hjá bændum*

Árið 2019 var vinnuvika hins almenna launamanns stytt úr 40 stundum í 36 stundir. Í sameiginlegri kröfugerð VR og Sambands íslenskra verslunareigenda er nú gerð krafa um fjögurra daga vinnuviku. Þá má velta því fyrir sér hvort að aukin framleiðsla á mat hérlendis muni þá rata inn í laun til bænda? Frumframleiðslan mun aldrei standa undir þessum kostnaðarauka ef á að reikna sanngjörn laun fyrir vinnu sem fram fer á framleiðslustiginu. Ætlum við að hækka vöruverð í samræmi við þær kröfur sem unnið er að í launþegahreyfingunni? En eflaust má líta svo á að þarna sé komin lausn að leikskólavanda sveitarfélaganna.

## GAMLA MYNDIN



**Sauðnaut á Austurvelli. Tvær tilraunir hafa verið gerðar til að flytja sauðnaut til Íslands. Fyrst 1929 og aftur 1930 auk þess sem landbúnaðarnefnd Alþingis samdi frumvarp til laga árið 1974 um innflutning og eldi sauðnauta. Í frumvarpinu er landbúnaðarráðherra veitt heimild til að leyfa Búnaðarfélagi Íslands að flytja sauðnaut til landsins að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.**

LÍF & STARF

## Uppskeruhátíð í Hrunamannahreppi:

# Matarkista uppsveita

**Margt var um manninn á uppskeruhátíðinni Matarkistunni í Hrunamannahreppi laugardaginn 3. september.**

Bændur og fyrirtæki buðu heim, hægt var að fræðast um fjölbreytta framleiðslu og starfsemi Hrunamanna. Í félagsheimilinu fór fram markaður með matvælum og handverki. Nóg var af uppákomum, s.s. golfmót, leikir og list. Uppskera garðyrkjubænda var að vonum áberandi enda uppskera hinna ýmsu grænmetistegunda í hámarki. Hér eru svipmyndir frá hátíðinni. /ghp



Halla í Gróðri seldi sellerí, tómata og blómkál í bílförmum.
Myndir / ghp




Matarhandverk sveitunga naut sín á markaðnum.



Húsfyllir var í félagsheimilinu á Flúðum þar sem hægt var að næla sér í handverk, listir og ýmislegt góðgæti.



Fjólublátt blómkál þykir eilítið sætara en það hefðbundna.



Nýuppteknar gulrætur runnu út enda afar girnilegar.



Birgir Guðjónsson á Melum og Björgvin Þór Harðarson hjá Korngrís í Laxárdal höfðu í nógu að snúast í Litlu bændabúðinni. Björgvin bauð upp á kæfu og Birgir, sem rekur búðina, hafði ekki undan að fylla á vörur enda röð út úr dyrum.




Nýbornir kálfar á Bryðjuholti heilluðu.

## MÆLT AF MUNNI FRAM 304

Á stundum virðist vanta væntumþykju og ást í samfélag okkar, færri eldheitar ástarvísur ortar, allavega sjást þær varla á prenti. Man ekki til þess að hafa séð í öllum þeim straumi órímaðra ljóðabóka neitt sem hitar hjartarætur. Því skulum við lesendur setjast um stund með **Páli Ólafssyni** (1827-1905). Páll var tvíkvæntur, átti fyrst Þórunni Pálsdóttur, en eftir að hún lést fastnaði hann sér Ragnhildi Björnsdóttur. Til hennar orti hann mikið safn ástarvísna:

*Þinn að komast fljótt á fund*
*finn ég vantar þróttinn.*
*Af fögnuði engan festi blund,*
*fjarska löng er nóttin.*

*Þó munt varla þreytu sjá*
*þú á svipnum mínum,*
*hlaupirðu upp um hálsinn á*
*honum Páli þínum.*

*Nú er klukkan næstum fimm,*
*nú er mál að vakna og skrifa.*
*Nú er ekki nóttin dimm.*
*Nú er gott að elska og skrifa.*

*Ógn ert þú mér orðin kær,*
*ástin greiðir sporin,*
*eins og þegar óðast grær*
*og allt er að lifna á vorin.*

*Að eignast þig, mín ástarrós,*
*er mér heilsusnauðum*
*eins og væri látið ljós*
*loga hjá mér dauðum.*

*Engan koss ég frá þér fæ*
*fyrir vísur mínar,*
*svona ertu sí og æ*
*sár á varir þínar.*

*Ósköp er nú sálin sjúk,*
*samt um kaldan vetur,*
*hennar hvorki frost né fjúk*
*ferðir hindrað getur.*

Löngum hefur lesendur glatt hvað mest, vísur ortar undir nokkurs konar „rótarhætti", fullkomlega andstætt við ástarvísur. Því skal ögn jafna við ofangreindar vísur. Maður nokkur orti vísu undir „stuttstafahætti". **Jakob Thorarensen** orti af því tilefni:

*Betur, lasm, þú lúta mátt*
*listarkröfum brýnum:*
*Depil hafa engan átt*
*yfir stöfum þínum.*

**Steinbjörn Jónsson frá Háafelli** orti svo um lítilmenni nokkurt:

*Sumra manna mynd er smá,*
*má þess greina vottinn:*
*Þú ert grannur gróður á*
*grunnum akri sprottinn.*

Prestar hafa gegnum tíðina fengið yfir sig beittar ádrepur. **Jón S. Bergmann** orti:

*Það er eins og andleg pest*
*eyrum gegnum skríði,*
*þegar ég á pokaprest*
*predikandi hlýði.*

*Glópskan ristir glöpin þungt,*
*græna kvisti heggur,*
*þar sem listaeðlið ungt*
*örbirgð kistuleggur.*

**Ludvig R. Kemp** orti svo um ónefndan:

*Enginn veit um aldur hans,*
*inn um gættir hríðar,*
*enda var hann andskotans*
*ólán fyrr og síðar.*

Svo að lokum ein undur fögur vísa, sem **Friðjón Ólafsson** orti til Rósbergs S. Snædal:

*Rósberg slyngur kveða kann,*
*kætir, yngir muna.*
*Enginn þvingar eins og hann*
*orð í hringhenduna.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggd1@gmail.com*

FRÉTTIR

Loftslagsvænn landbúnaður:

# Fjölga þátttakendum

**Nú í lok ágúst endurnýjaði Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra samninginn um verkefnið Loftslagsvænn landbúnaður, sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur stýrt frá ársbyrjun 2020 í samstarfi við stjórnvöld, Skógræktina og Landgræðsluna.**

Sauðfjár- og nautgripabændum hefur staðið til boða að taka þátt í verkefninu sem felst í grundvallaratriðum í því að gera aðgerðaráætlun fyrir búreksturinn í þeim tilgangi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og binda kolefni.

Markmið hins nýja samnings, sem gildir út árið, er að efla verkefnið á þessu ári, auðvelda framkvæmd þess, bæta mat á árangri þátttakenda í verkefninu og undirbúa það fyrir frekari stækkun.

Verkefnið var upphaflega hugsað til fimm ára og eru bændurnir styrktir fjárhagslega til að standa straum af kostnaði við það.


Berglind Ósk Alfreðsdóttir.

### *Alls 51 bú sem taka þátt*

Mesta losun gróðurhúsalofttegunda í landbúnaði er talin vera frá nautgripa- og sauðfjárbúum. Í tilkynningu frá matvælaráðuneytinu vegna endurnýjunar samningsins, kemur fram að mikilvægt sé að auka rannsóknir og fræðslu fyrir þessar tvær búgreinar.

Alls tekur 51 bú þátt í verkefninu í dag; 24 sauðfjárbú eru þátttakendur og 27 nautgripabú vítt og breitt um landið og verður unnið að því að fjölga þátttakendum enn frekar á árinu 2023, auk þess sem stefnt verður á að fjölga búgreinum í verkefninu með víðtæku samstarfi við bændur.

### *Loftslagsleiðtogar landbúnaðarins*

Berglind Ósk Alfreðsdóttir, verkefnisstjóri Loftslagsvæns landbúnaðar hjá RML, segir að þau hlakki til að efla, þróa og stækka verkefnið. „Bændurnir sem taka þátt í verkefninu eru loftslagsleiðtogar landbúnaðarins. Við þann hóp bætast nú fimmtán nýir nautgripabændur. Við stefnum einnig að því að birta fræðslu- og kynningarefni sem mun auka sýnileika og aðgengi bænda að loftslagsvænum lausnum," segir hún.

„Styrkleiki loftslagsvæns landbúnaðar felst í því að hver þátttakandi metur möguleika til aðgerða á sínu búi. Allir þátttakendur hljóta fræðslu og þjálfun í helstu atriðum sem hægt er að framkvæma, annars vegar til þess að minnka losun og hins vegar til kolefnisbindingar. Allar aðgerðir skipta máli, stórar sem smáar."

### *Margar leiðir í boði*

„Flestir þátttakendur hafa farið í aðgerðir sem snúa að því að minnka olíunotkun, bæta nýtingu búfjáráburðar og tilbúins áburðar eða auka afurðir. Skógrækt er öflug aðgerð til kolefnisbindingar, en hentar ekki öllum enda eru aðstæður á búum mismunandi. Miklir möguleikar eru í bindingu kolefnis í landgræðslu en jarðvegur er öflug geymsla fyrir kolefni.

Allar aðgerðir sem farið er í hafa jákvæðan loftslagslegan ávinning, en getur verið miserfitt að mæla hann og því er horft til aðstæðna á hverju búi þegar loftslagsárangur hvers bús er metinn.

Stór þáttur verkefnisins er fræðsla, þar sem þátttakendur hljóta fræðslu og þjálfun í því að gera búreksturinn loftslagsvænni. Til þess að verða loftslagsleiðtogi er mikilvægt að fræðast um mögulegar leiðir til þess að geta tekið upplýsta ákvörðun um hvað hentar hverju búi.

Til dæmis þá fræðum við um skógrækt og aðferðir hennar, en hver bóndi metur hvort það sé loftslagsaðgerð sem henti hans aðstæðum og búrekstri," segir Berglind.Hún segir að meginverkefni ársins muni felast í rekstri verkefnisins, fjölgun þátttakenda og þróun á aukinni stafrænni virkni.

Eining sé stefnt að því að hefja gerð kennslu- og fræðsluefnis um loftslagsvænar lausnir í landbúnaði. /smh




Bændablaðið
kemur næst út 22. september

Sauðfjárrækt:

# Fyrsta skrefið í átt að ræktun á riðuþolnum stofni

## – Sæðingastöðvar hafa tryggt sér hrúta með bæði ARR- og T137-arfgerðir

**Segja má að fyrsta lögformlega skrefið hafi nú verið tekið í þá átt að gera Íslendingum fært að rækta upp riðuþolinn sauðfjárstofn, með verndandi arfgerðum gegn riðusmitum.**

Matvælastofnun hefur veitt undanþágu fyrir sölu á líflömbum og kynbótagripum, yfir varnarlínur núna í haust, með mögulegar verndandi arfgerðir. Bæir þar sem smit hefur komið upp á síðustu sjö árum hafa forgang við kaup á slíkum gripum, þar sem fjöldi með þessar arfgerðir er enn mjög takmarkaður.

Flutningur sauðfjár yfir varnarlínur er bannaður samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma. Matvælastofnun er þó heimilt að veita undanþágu frá þeirri reglu fyrir kynbótagripi, en hingað til hefur það ákvæði eingöngu verið notað til að flytja kynbótahrúta á sæðingastöðvar.


Austri frá Stóru-Hámundarstöðum, annar tveggja fullorðinna hrúta með arfgerðina T37. Hann fer á sæðingastöð í haust. Mynd / Snorri Snorrason

### *Byggt á upplýsingum úr arfgerðarrannsóknum*

Á undanförnum misserum hefur verið unnið að undirbúningi fyrir þessi tímamót innan tveggja samstarfsverkefna, með aðkomu starfsmanna Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, Keldna, íslenskra sauðfjárbænda og alþjóðlegra vísindamanna. Í þeim hefur falist sú vinna að greina arfgerðir í íslensku sauðfé á landsvísu í þeim tilgangi að finna verndandi og mögulega verndandi arfgerðir til að nota til ræktunarstarfsins.

Matvælastofnun veitir þessa heimild nú í því ljósi að gripir hafa fundist sem bera verndandi arfgerð gegn riðuveiki (ARR-arfgerð) og mögulega verndandi arfgerð (T137), að undangengnu áhættumati. Hvetur stofnunin eindregið til sæðinga með hrútum sem bera verndandi arfgerðir svo halda megi flutningi líflamba á milli svæða í lágmarki.


Eyþór Einarsson. Mynd / RML

### *Alls hafa fundist 136 gripir*

Þegar niðurstöður arfgerðarrannsókna samstarfsverkefnanna eru skoðaðar kemur í ljós að 13 fullorðnir gripir eru í dag með ARR-arfgerð, aðeins einn hrútur og 41 lamb. Með arfgerð T137 eru tveir fullorðnir hrútar, 39 ær og 42 lömb – í alls átta hjörðum. Alls 136 gripir.

Eyþór Einarsson, hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, segir að sem framboð af gripum með ARR og T137 sé takmarkað, ættu bændur líka að huga að því að velja markvisst lítið næmu arfgerðina AHQ sem fannst í rúmlega 14 prósenta gripa samkvæmt niðurstöðum arfgerðarrannsóknanna, eða um 2.800 gripir. Að auki eru gripir með þessa arfgerð sem áður hafa verið greindir á síðustu árum, fyrir téðar arfgerðarrannsóknir.

Talið er að sá efniviður sem sé til staðar, muni duga nokkuð vel til að hægt sé að hefja skipulega ræktun á stofnum sem eru verndaðir gegn smiti.

### *Áhugi bænda á viðskiptunum*

Eyþór segist hafa af því spurnir að áhugi sé meðal bænda að ná sér í hrúta, sérstaklega á mestu riðusvæðunum. Hann segir að sæðingastöðvarnar hafi þegar tryggt sér hrúta með bæði ARR og T137; Gimstein, eina fullorða hrútinn með ARR-arfgerð frá Þernunesi í Reyðarfirði, og Austra frá Stóru-Hámundarstöðum á Árskógsströnd.

Matvælastofnun hefur skilgreint forgangssvæði, þeirra bæja sem hafa forgang við kaup á gripum með þessar arfgerðir, þannig að þær nýtist sem best til að draga úr útbreiðslu á riðuveiki.

Bæir á forgangssvæði 1 hafa forgang að líflömbum með þessar arfgerðir, en á þessu svæði eru bæir þar sem riða hefur komið á undanförnum sjö árum og bæir með faraldsfræðilega tengingu við þá, svo sem sameiginlegan upprekstrarrétt eða annan þekktan samgang.

Til að erfðaefnið sé sem best nýtt eru hjarðir á þessu svæði með um 300 kindur eða fleiri í forgangi. Ekki verður heimilt að flytja aðflutta kynbótahrúta á milli hjarða á svæðinu frá móttökubæjum.

Á forgangssvæði 2 eru bæir þar sem riða hefur komið upp undanfarin 7 ár og bæir með faraldsfræðilega tengingu við þá, en hjarðir minni en 300 kindur.

Á forgangssvæði 3 eru allir aðrir bæir á riðusvæðum, sýktum varnarhólfum, og ekki falla undir forgangssvæði 1 eða 2.

### *Undanþágan nær ekki til flutnings inn á hrein sölusvæði*

Undanþágan nær ekki til flutnings líflamba inn á hrein líflambasölusvæði.

Matvælastofnun hefur gefið það út að umsóknum um slíka flutninga skuli skilað inn í gegnum þjónustugátt stofnunarinnar og verða umsóknir afgreiddar 12. september 2022. /smh


Íslandskort sem sýnir útbreiðslu á riðusmitum á landsvísu, þar sem bæir eru merktir eftir því hversu langt er síðan síðasta smittilfelli var staðfest. Á Norðvesturlandi (t.h.) hafa flest smittilfelli riðuveiki í sauðfé verið staðfest. Rauðu punktarnir eru þau forgangssvæði sem hafa mestan forgang við kaup á gripum með verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir, samkvæmt skilgreiningu Matvælastofnunar. Mynd / Matvælastofnun

# KJÓASTAÐIR 2

**við Biskupstungnabraut**



- **MITT Á MILLI GEYSIS OG GULLFOSS**
- **ALLS 176,8 HA. AÐ STÆRÐ**
- **RÚMLEGA 22 HA. AF RÆKTUÐU LANDI**
- **ALLS ERU SJÖ HÚS Á EIGNINNI**
- **SJÓN ER SÖGU RÍKARI**












**TRAUSTI** fasteignasala

## SÉRHÆFUM OKKUR Í SÖLU Á JÖRÐUM






**HALLGRÍMUR HÓLMSTEINSSON**
Löggiltur fasteignasali
896-6020
hallgrimur@trausti.is

**GUÐBJÖRG G. SVEINBJÖRNSDÓTTIR**
Löggiltur fasteignasali
899-5949
gudbjorg@trausti.is

**KRISTJÁN BALDURSSON**
Löggiltur fasteignasali
8673040
kristjan@trausti.is


**Trausti fasteignasala** | **Vegmúla 4, 108 Reykjavík** | **546-5050** | **www.trausti.is**

FRÉTTIR



Marta Guðlaug Svavarsdóttir gerði lokaverkefni þar sem hún gerð verðmæti úr garnafgöngum sem annars hefði verið hent. Myndir / Aðsendar

Landbúnaðarháskóli Íslands:

# Hljóðdempandi lausnir úr afgangsull og íslenskum við

**Nemendur sem útskrifuðust úr búfræði í vor þurftu að skila af sér lokaverkefni á síðustu önninni.**

Nemendur höfðu mjög frjálsar hendur við efnistök svo lengi sem hægt væri að tengja viðfangsefnið við búrekstur og landbúnað.

Marta Guðlaug Svavarsdóttir gerði lokaverkefni sem sneri að verðmætasköpun aukaafurða sem falla til við vinnslu á íslenskri ull. Hún smíðaði því hljóðdempandi ramma fyllta með garnafgöngum og sem voru samhliða því nýttir sem viðfangsefni í heimildaritgerð.



Marta gerði tvo ramma úr íslenskri ösp, fyllta með afgangs ull, sem nýtast til þess að bæta hljóðvist. Annar var klæddur með þæfðri ull á meðan hinn er klæddur með prjónuðu garni.

Hugmyndina að verkefninu fékk Marta þegar hún var við verknám hjá Huldu og Tyrfingi sem reka smáspunaverksmiðjuna Uppspuna í Lækjartúni.

„Ég var að hjálpa til í spunaverksmiðjunni og sá þá þennan haug af garnafgöngum sem átti að fara í ruslið og ég hugsaði með mér að það hlyti að vera hægt að nýta þetta eitthvað. Eftir verknámið fékk ég fullan ruslapoka af þessu til að vinna með. Mín nálgun var allan tímann að nýta aukaafurðir úr íslenskri ullarvinnslu þar sem það kostar mikið að vinna ullina og það er mikið sem endar í ruslinu,“ segir Marta.

Í hávaðanum sem myndast af vélunum í spunaverksmiðjunni spratt upp sú hugmynd að nýta garnafgangana til þess að bæta hljóðvist.

Marta gerði tvær frumgerðir af hljóðdempandi römmum sem eru hugsaðir til að hengja upp á veggi innandyra þar sem þörf er á betri hljóðvist. Skólastofur, matsalir, skrifstofur og lesstofur eru dæmi um rými þar sem lausnir sem þessar eru nýttar.

Rammarnir voru af mismunandi stærð til þess að geta gert samanburð á hljóðdempandi eiginleikum. Einnig voru þeir klæddir hvor með sínu áklæðinu; annar með þæfðri ull og hinn úr prjónuðu garni sem Marta spann og tvinnaði sjálf. Timbrið var íslensk ösp frá Skógarafurðum ehf. í Fljótsdal, en þar sem öspin er mjúkur viður dregur hún í sig hljóðbylgjur.

Til greina kom að senda rammana í mælingar þar sem hljóðísogseiginleikar þeirra væru mældir. Aðgengi að þeim rannsóknarstofum er þó takmarkað og því brá Marta á það ráð að láta reikna út hljóðdempunina í samstarfi við verkfræðistofuna Eflu.

Aðspurð segist Marta ekki hafa tekið verkefnið lengra eftir útskrift enda ekki langur tími liðinn, en útilokar þó ekkert með framhaldið.

/ *ÁL*




Er hjólið klárt fyrir göngurnar í haust?

Pantaðu varahluti fyrir Honda fjórhjólið tímanlega í síma 590 2150 eða á varahlutir@askja.is.

ASKJA Askja • Krókhálsi 11–13, 110 Reykjavík • 590 2100 • askja.is

Umhverfismál:

# Innflutningur á 1,3 milljónum lítra af jarðefnaeldsneyti hefur sparast

## – Framleiðsla á metangasi minni en væntingar stóðu til

**Undanfarin átta ár hefur Norðurorka framleitt metangas úr gömlu ruslahaugunum á Glerárdal ofan Akureyrar.**

„Við höfum náð hámarki framleiðslugetunnar. Haugurinn stendur ekki undir því vinnslumódeli sem upphaflega var útbúið og það eru ákveðin vonbrigði, en að sama skapi eru við ánægð og stolt með árangurinn sem náðst hefur,“ segir Sunna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Norðurorku.

Mikill ávinningur hefur um árin verið fyrir umhverfið að fanga hauggasið og framleiða úr því metangas sem nýtt er sem eldsneyti á farartæki.

„Við leitum allra leiða til að tryggja afhendingaröryggi bæði með nýjum búnaði og aukinni framleiðslu, upp að þolmörkum haugsins,“ segir hún.

Samstarf við Sorpu er í undirbúningi um flutning á metani til Akureyrar til þrautavara, en það mun auka afhendingaröryggi og eykur svigrúm fyrir viðhaldsstopp. „Með þessu komum við einnig til með að geta stýrt betur metangæðunum.“




Sunna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Norðurorku, við metanafgreiðslustöðina við Súluveg á Akureyri. Mynd / MÞÞ

### *Aukið álag á sumrin*

Akureyrarbær keyrir strætisvagna á metani, ferliþjónustubíla sem og fleiri bíla og vinnuvélar.

Bróðurpartur bílaflota Norðurorku gengur fyrir metani en einkabílar eru um það bil 20% af markaðnum. Sala á metani hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár og er þetta að mestu til komið vegna þess að Akureyrarbær og Norðurorka hafa verið að stækka sinn metanflota. Þetta hefði að sögn Sunnu ekki gerst nema vegna þess að metanið hefur reynst vel sem eldsneytisgjafi. Hún segir að álag aukist umtalsvert yfir sumarið vegna einkabíla ferðafólks sem leggja leið sína í bæinn.

„Við höfum þurft að forgangsraða því metani sem við eigum til að halda uppi almenningssamgöngum og öðrum innviðum, en sem betur fer eru þetta fáir dagar á ári og við gerum okkar besta til að afgreiða alla sem þurfa,“ segir hún.

### *Hafa bundið 23 þúsund tonn af koltvísýringi*

Reynt er af fremsta megni að halda framleiðslumagni og gæðum í hámarki en Sunna segir að gæðin undanfarin ár hafi ekki verið nægileg. „Við hefðum gjarnan viljað sjá betri gæði en leggjum mikið upp úr því að halda okkar viðskiptavinum upplýstum. Minni gæði valda því að styttra er hægt að keyra á metaninu. Metan kostar þó minna en helming af verði jarðefnaeldsneytis og jákvæð umhverfisáhrif eru töluverð, þrátt fyrir lakari gæði.“

Sunna segir að með því að safna saman metani og brenna því sé verið að draga verulega úr skaðlegum gróðurhúsaáhrifum, metan sé 25 sinnum skaðlegri gróðurhúsalofttegund en koltvísýringur. Metanverkefni Norðurorku hafi bundið um 23 þúsund tonn af koltvísýringi frá upphafi. „Að auki sparar hver normal rúmmetri af metani sem er nýttur sem eldsneyti innflutning á einum lítra af jarðefnaeldsneyti. Þetta verkefni okkar hefur því sparað innflutning á 1,3 milljónum lítra af jarðefnaeldsneyti.“

### *Halda vegferðinni áfram*

Sunna segir að nú sé beðið eftir skýrslu um hagkvæmni þess að byggja líforkuver í Eyjafirði. Sú skýrsla er væntanleg í september næstkomandi.

„Þegar næstu skref verða ákveðin munum við horfa til niðurstöðu skýrslunnar,“ segir hún. Þegar farið var af stað með verkefnið árið 2014 var gert ráð fyrir að metanframleiðsla við stýrðar aðstæður yrði hafin nú árið 2022.

„Það eru vissulega mjög krefjandi aðstæður að halda þessu opnu þegar við erum komin að þolmörkum haugsins en eftirspurnin heldur áfram að aukast. Við munum þó halda þessari vegferð áfram eins lengi og við getum og þangað til nýjar lausnir verða komnar. Það má segja að við séum svekkt yfir að framleiðslan gangi ekki eins vel og björtustu vonir gerðu ráð fyrir en við erum líka stolt yfir þeim árangri sem við höfum náð.“

/*MÞÞ*

Áburður:

# Heimild fyrir auknu kadmíuminnihaldi

**Þann 12. ágúst sl. gekk í gildi ákvæði til bráðabirgða á reglugerð um ólífrænan áburð.**

Í ákvæðinu, sem gildir til þriggja ára, er aukið við leyfilegt hámark kadmíum í tilbúnum áburði. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá matvælaráðuneytinu.

Þetta er viðbragð við yfirvofandi áburðarskorti þar sem lokast hefur á útflutning á áburðarefnum frá Rússlandi. Þar eru helstu námur heimsins sem gefa fosfór með lágu kadmíuminnihaldi og hafa íslenskir áburðarsalar stólað á áburð þaðan. Nú er líklegt að flytja þurfi inn áburðarefni úr miklum námum í Vestur-Sahara þar sem fosfórinn er kadmíumríkur.

### *Þungmálmur*

Kadmíum er þungmálmur sem safnast upp í jarðvegi og getur haft neikvæð áhrif á heilsu fólks. Óljóst er þó hversu mikið magn endar í fæðu við íslenskar aðstæður.



Heimild hefur verið veitt fyrir hækkuðu hlutfalli af kadmíum í fosfóráburði. Er þetta viðbragð við viðskiptaþvingunum við Rússa. Mynd / Úr myndasafni

Fyrri útgáfa reglugerðarinnar gaf leyfi fyrir allt að 50 mg kadmíum pr. kg fosfórs. Með nýjustu breytingum má þetta magn fara upp í 150 mg kadmíum pr. kg fosfórs. Evrópusambandið lækkaði leyfilegt hámark í sínum löndum í 60 mg pr. kg fosfórs fyrir nokkrum árum úr 200 mg.

/*ÁL*

limtrevirnet.is

# STEINULLAR-EININGAR

## Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk framleiðsla
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVirnet

ÍSLENSKT

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi



Friðrik Ingi Friðriksson, eigandi Aflvéla, afhenti bændunum á Halllandi nýju dráttarvélina en hér eru þau Máni Guðmundsson og Hólmfríður Freysdóttir með honum. Mynd / MHH

# Stærsta dráttarvél landsins seld í Eyjafjörð

**Aflvélar á Selfossi fluttu sig nýlega úr húsnæði við Austurveg 69 í Gagnheiði 35 þar sem finna má veglega aðstöðu til sölu og sýningar nýrra véla til landbúnaðar.**

Hjá fyrirtækinu á Selfossi vinna 16 starfsmenn en aðalsetur Aflvéla er við Vesturhraun í Garðabæ.

Stærsta dráttarvél sem hefur verið flutt inn til landsins hefur verið til sýnis í nýja sýningarsalnum á Selfossi en um er að ræða Massey Ferguson 8740. Vélin er yfir 400 hestöfl og eru afturdekkin á vélinni yfir tveir metrar á hæð. Vélin stoppaði ekki lengi í sýningarsalnum því hún hefur verið seld til ábúenda á bænum Halllandi í Eyjafirði. Vélin kostaði rúmlega 30 milljónir króna.

*/ MHH*

# Íslenskt matarhandverk verðlaunað

**Vörur þriggja smáframleiðenda unnu til verðlauna í norrænni matarhandverkskeppni sem haldin var á hátíðinni Terra Madre Nordic í Svíþjóð í síðustu viku.**

Aðalbláberja- og chillisulta fjölskyldufyrirtækisins Urta Islandica, birkireyktur silungur frá Búkonunni – matarhandverk og glóaldin kombucha drykkur frá fyrirtækinu Kúbalúbra / Kombucha Iceland voru verðlaunuð í sínum flokkum.

Sjö íslenskir smáframleiðendur skráðu sig til þátttöku í keppninni sem fram fór í Stokkhólmi daganna 1.–3. september. Þetta var í fyrsta sinn sem keppt var í norrænu matarhandverki og var framleiðendum á öllum Norðurlöndum boðið að taka þátt.




Aðalbláberja- og chillisulta frá Urta Islandica hlaut gullverðlaun.

Keppt var í ólíkum vöruflokkum s.s. í brauði og bakkelsi, afurðum úr berjum og grænmeti, kjötmeti, fiskmeti, drykkjum og mjólkurvörum.

*/ ghp*

ÞAÐ ER BARA SOLIS




www.vallarbraut.is vallarbraut@vallarbraut.is S-4540050

Bændablaðið
Smáauglýsingar á bbl.is

## Samtök fyrirtækja í landbúnaði:

# Vinna að hagsmunum allrar virðiskeðjunnar

## – Eiga í viðræðum við Bændasamtök Íslands um samstarf

**Samtök fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) voru stofnuð í mars síðastliðnum og tóku formlega til starfa í júníbyrjun. Þá voru samtökin jafnframt formlega kynnt til sögunnar í fjölmiðlum og Margrét Gísladóttir ráðin framkvæmdastjóri.**

Í sumar hefur lítið frést af störfum þeirra en að sögn Margrétar hefur tíminn verið nýttur til að kynna betur samtökin fyrir hagsmunaaðilum í landbúnaði og stjórnvöldum.

Hún segir að innan samtakanna hafi einnig mikil áhersla verið lögð á að skoða leiðir til að leiðrétta þann mikla aðstöðuhalla sem íslenskur landbúnaður býr við í samanburði við önnur ríki í Evrópu, til dæmis varðandi samkeppnis- og tollaumhverfi.

Margrét segir mikilvægt fyrir samtökin að taka þátt í samtali sem nú á sér stað um framtíð landbúnaðar á Íslandi og þess vegna sé nauðsynlegt að kynna samtökin vel á þessum tímapunkti. „Það er mikilvægt að þegar verið er að ræða málefni og hagsmuni landbúnaðarins þá séu fyrirtækin þátttakandi í því samtali. Þannig nær samtalið til allrar virðiskeðjunnar. Tollvernd, tollaeftirlit og samkeppnisumhverfið eru dæmi um brýn hagsmunamál fyrir alla þá aðila sem tengdir eru íslenskum landbúnaði. Af mörgu er að taka og ljóst að mikil vinna er fram undan til að skapa íslenskum landbúnaði sambærilega umgjörð og er í þeim ríkjum sem við viljum bera okkur saman við,“ segir hún.

### *Fulltrúar sjö fyrirtækja í stjórn*

Sigurjón R. Rafnsson, aðstoðarforstjóri Kaupfélags Skagfirðinga, er formaður SAFL, en fulltrúar sex annarra fyrirtækja í landbúnaði sitja í stjórninni; Ágúst Torfi Hauksson, Kjarnafæði Norðlenska, Eggert Árni Gíslason, Matfugli, Eyjólfur Sigurðsson, Fóðurblöndunni, Gunnlaugur Karlsson, Sölufélagi garðyrkjumanna, Pálmi Vilhjálmsson, Mjólkursamsölunni, og Steinþór Skúlason, Sláturfélagi Suðurlands.

Margrét segir að mikilvægt sé að fyrirtæki í landbúnaði eigi aðild að hagsmunasamtökum sem geta verið í forsvari gagnvart stjórnvöldum í málum sem snerta þeirra hagsmuni.

„Fyrirtæki innan samtakanna eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta þó þau starfi í ólíkum greinum landbúnaðarins. Til að tryggja aðkomu ólíkra greina samanstendur stjórn samtakanna af fulltrúum frá félagsmönnum sem starfa við framleiðslu á rauðu kjöti, hvítu kjöti, mjólk, grænmeti og fóðri og er það bundið í samþykktir samtakanna.

### *Samstarf við Bændasamtök Íslands*

Á árinu 2020, við endurskipulagningu á félagskerfi landbúnaðarins innan Bændasamtaka Íslands, voru uppi hugmyndir um að slík samtök gætu mögulega átt einhvers konar aukaaðild að nýjum samtökum bænda, með takmarkaðri aðkomu að Búnaðarþingi. Slíkt fyrirkomulag á sér fyrirmynd til að mynda í Danmörku. Í ályktun Búnaðarþings 2020 var lögð áhersla á að félagskerfið yrði til framtíðar byggt á tveimur meginstoðum; bændum og landbúnaðartengdum fyrirtækjum.

„Við höfum lagt áherslu á að fyrirtæki í landbúnaði verði virkur þátttakandi í samtalinu um starfsumhverfi landbúnaðarins, enda mikilvægur hlekkur í virðiskeðjunni. Við höfum verið í góðum samskiptum við Bændasamtökin enda ljóst að fjölmörg hagsmunamál félagsaðila hvorra samtaka fyrir sig eru sameiginleg.

Þar má nefna tollamál, samkeppnismál, mikilvægi þess að aðlaga reglugerðir að íslenskum aðstæðum og fleira mætti nefna. Þannig eru miklir möguleikar á að sameina krafta þessara tveggja stoða landbúnaðarins í sameiginlegum viðfangsefnum og er það samtal í gangi.

Við erum alltaf sterkari saman, Bændasamtökin og Samtök fyrirtækja í landbúnaði, þegar við getum komið sameiginlega fram og talað fyrir alla virðiskeðjuna,“ segir Margrét.

### *Aðild að Samtökum atvinnulífsins*

Margrét segir að SAFL eigi í viðæðum við Samtök atvinnulífsins (SA) um mögulega aðild. „Við teljum að SAFL muni sóma sér vel sem eitt aðildarfélaga SA. Landbúnaður er ein mikilvægasta atvinnugrein landsins og fyrirtæki á sviði landbúnaðar gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja fæðuöryggi hér á landi. Aðildarfélög SAFL eiga það sameiginlegt að starfa í sérstöku lagaumhverfi þar sem ýmis sérlög gilda um starfsemi þeirra, svo sem búvörulög, auk krafna til aðbúnaðar og umhirðu við landbúnaðarframleiðslu og að virkt eftirlit sé starfrækt.

SAFL er þannig sambærilegt núverandi aðildarfélögum SA eins og Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtökum fjármálafyrirtækja og Samtökum ferðaþjónustunnar, það er að sérlög gilda um atvinnugreinina ásamt því að málefni aðildarfélaganna heyra undir sérstakt ráðuneyti.

Bein aðild SAFL að SA er mikilvægur þáttur í því að landbúnaðurinn fái þá rödd og sess sem honum ber sem einni af lykilstarfsgreinum samfélagsins.“

### *Óhagstætt starfsumhverfi íslensk landbúnaðar*

Sem fyrr segir hefur á fyrstu mánuðum SAFL verið lögð megináhersla á vinnu við að skoða leiðir til að leiðrétta þann aðstöðuhalla sem íslensk fyrirtæki í landbúnaði – og íslenskar búgreinar – búa við í samanburði við önnur lönd í Evrópu.



Margrét segir að þegar starfsumhverfi landbúnaðarins á Íslandi er borið saman við stöðuna innan Evrópusambandsins og Noregs, kemur í ljós að aðstöðumunurinn hefur aukist mjög undanfarna tvo áratugi eða svo, þar sem hallar á íslenskan landbúnað. Mynd / ghp



Margrét Gísladóttir.



Sigurjón R. Rafnsson.

SAFL

Merki hinna nýju samtaka.

Margrét segir að þegar starfsumhverfi landbúnaðarins á Íslandi er borið saman við stöðuna innan Evrópusambandsins og Noregs, kemur í ljós að aðstöðumunurinn hefur aukist mjög undanfarna tvo áratugi eða svo, þar sem hallar á íslenskan landbúnað.

„Þessi munur hefur í raun lítið verið uppi á borðum í umræðunni hér á landi og gætir jafnan skilningsleysis á stöðu íslensks landbúnaðar. Það þarf að draga þennan aðstöðumun fram og gera þarf átak í að sinna greininni sem skyldi. Þar skipta samskipti við stjórnvöld lykilmáli og öflug gagnasöfnun og greining. Við höfum nú þegar hitt matvælaráðherra og forsætisráðherra og búið er að óska eftir fundum með fjármálaráðherra og utanríkisráðherra,“ segir Margrét.

### *Tollvernd og tollafgreiðsla*

Margrét bætir því við að það sé einnig áherslumál samtakanna að vinna að úrbótum á virkni tollverndar fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir og betri tollaafgreiðslu þessa fyrstu mánuði.

Alls komu tuttugu fyrirtæki að stofnun samtakanna. Tilgangur SAFL er meðal annars að efla ímynd og styrkja samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar, stuðla að hagkvæmni íslensks landbúnaðar og íslenskra landbúnaðarfyrirtækja, vera í forsvari gagnvart stjórnvöldum í málum er snerta hagsmuni og réttindi félagsmanna, styðja við nýsköpun og menntun tengda landbúnaði og vinna að eflingu rannsókna og sjálfbærni íslensks landbúnaðar.

*/smh*

# Tilboð á legsteinum

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

**Gildir út september eða meðan birgðir endast**

**Innifalið: Gráir steinar úr granít**
**Grafskrift og skrautmynd (efst)**
**Ledljós fylgir með lugt**
**Uppsetning á höfuðborgarsvæði**
**og Norðurlandi**
**Frí sending um allt land**

**Tilboð 1**




**Sett eins og á mynd : 580.000**
**Sett án blómaramma : 480.000**

**Tilboð 2**




**Sett eins og á mynd : 580.000**
**Sett án blómaramma : 460.000**

**Tilboð 3**




**Hægt að setja 2 nöfn**
**Sett eins og á mynd : 460.000**
**Sett án blómaramma : 350.000**

**Tilboð 4**




**Sett eins og á mynd : 660.000**
**Sett án blómaramma : 540.000**

**Tilboð 5**




**Sett eins og á mynd : 225.000**
**Steinn án luktar : 175.000**

**s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is**

FRÉTTIR



**Mikilvægt er að hafa í huga að þrátt fyrir að einhver uppskera kunni að vera óskráð, þá kemur það ekki í veg fyrir að hægt sé að skila jarðræktarskýrslu í Jörð.is og sækja um styrkinn í Afurð.** Mynd / ghp

# Jarðræktarskýrslur forsenda álagsgreiðslna

## – Umsóknir skulu berast fyrir 3. október

**Sérstakar álagsgreiðslur sem matvælaráðuneytið hefur boðað, í ljósi alvarlegrar stöðu í matvælaframleiðslu, verða reiknaðar á grunni hefðbundinna umsókna um jarðræktarstyrki og landgreiðslur.**

Því er mikilvægt að umsóknir um styrki liggi tímanlega fyrir svo greiða megi álagsgreiðslur í byrjun október nk.

Það er meðal þess sem kemur fram í tilkynningum frá matvælaráðuneytinu og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Starfsmenn RML aðstoða bændur við skráningu jarðræktarskýrluhalds en hvatt er til þess að bændur komi gögnum til skráningar til RML eigi síðar en 20. september svo tryggt verði að skýrsluhald þeirra verði skráð fyrir tilsettan tíma.

Eins og í fyrra þarf að skrá upplýsingar um ræktun og uppskeru ásamt notkun tilbúins- og búfjáráburðar.

Styrkhæf ræktun fyrir jarðræktarstyrki er ræktun grass, korntegunda til dýrafóðurs og manneldis, ræktun olíujurta, þar með talin ræktun jurta til framleiðslu á lífdísil, enda sé hratið nýtt til fóðurs, og ræktun grænfóðurs til beitar og uppskeru á því ári sem uppskorið er. Beit búpenings telst vera uppskera og nýting kornhálms og annarra jurta til upræktunar jarðvegs í útiræktun grænmetis telst styrkhæf.

Ræktun vetraryrkja sem sáð er um mitt sumar og endurræktun túna er tekin út á ræktunarári. Ekki telst styrkhæf ræktun ef kornrækt er eingöngu ætluð til að draga að gæsir til skotveiði, nema ef kornhálmur er sannarlega hirtur eða plægður niður. Önnur ræktun sem ekki er nytjuð til búskapar, þar með talin sáning í golfvelli, tjaldstæði o.s.frv. er ekki styrkhæf.

Framlögum til landgreiðslna skal ráðstafa á ræktað land sem uppskorið er til fóðuröflunar og framleiðanda er heimilt að nýta. Framlög eru ekki greidd út á land sem eingöngu er nýtt til beitar. Þegar uppskorinn er hluti lands, sem sækja á um styrk út á, skal skrá sérstaklega þann fjölda hektara sem er uppskorinn.

Umsóknir skulu berast á afurd.is fyrir 3. október. Mikilvægt er að hafa í huga að þrátt fyrir að einhver uppskera kunni að vera óskráð, þá kemur það ekki í veg fyrir að hægt sé að skila jarðræktarskýrslu í Jörð.is og sækja um styrkinn í Afurð.

*/ghp*




### Hallormsstaðaskóli:

# Tilraunaeldhús fyrir matarfrumkvöðla

## – Afurðir áherslubreytinga í starfi skólans eru nú víða sýnilegar

**Hallormsstaðaskóli er nú að hefja sitt 92. starfsár. Árið 2017 var farið að undirbúa áherslubreytingar í skólastarfinu með það fyrir augum að færa námið meira í átt til nútímans.**

Á haustönn 2019 var í fyrsta skiptið boðið upp á þá þverfaglegu námsleið sem síðan hefur verið í boði, en það heitir Sjálfbærni og sköpun og er 60 eininga nám með áherslu á sjálfbærniþekkingu, vistkerfisvitund, siðferði náttúrunytja og að nemendur tileinki sér skapandi og gagnrýna hugsun.

Á síðasta ári bættist Tilrauneldhús við námsmöguleika skólans þar sem boðið er upp á ýmis matartengd námskeið auk þess sem matarfrumkvöðlum er boðið að nýta aðstöðuna til vöruþróunar. Nú auglýsir skólinn eftir nemendum og háskólum til þátttöku í tilraunaverkefni sem snýr að mótun þverfaglegs framhaldsnáms sem væri unnið í samstarfi við viðurkennda háskóla.

„Ég hef verið skólameistari hér frá árinu 2014," segir Bryndís Fiona Ford.

„Breytingar árið 2019 voru í raun þríþættar; inntökuskilyrðin nú eru sambærileg á við háskóla, áherslur í náminu voru uppfærðar í samræmi við kröfur nútímans auk þess sem námið var lengt í heilt ár og er það á fjórða hæfnisþrepi. Námið byggir á hugtökunum „sjálfbærni" og „sköpun" í gegnum handverk og viðurkenndar vinnsluaðferðir auk þess að vinna með auðlindir og hráefni á sjálfbæran hátt. Þetta er svo tengt akademískum fræðum. Eftir þessar áherslubreytingar fáum við marga sérfræðinga til liðs við okkur til að kenna á tilteknum sérsviðum," segir Bryndís.

### *Skólastarfið verið áskorun frá 2019*

Að sögn Bryndísar hefur rekstur skólans verið áskorun frá því að þessar breytingar voru gerðar árið 2019.

„Við vorum auðvitað að kynna nýjar áherslur og svo skellur heimsfaraldurinn á, en hann hefur haft afgerandi áhrif á skólastarfið á þessum tveimur árum. Við verðum vör við mikinn áhuga fólks á náminu og aðsóknin með ágætum – en að sjálfsögðu viljum við að fleiri nemendur fái að njóta þess að dvelja í skóginum. Þróunin hefur verið sú að þeir sem hafa sýnt náminu okkar mestan áhuga eru þeir sem hafa lokið grunnnámi á háskólastigi eða búa að reynslu. Þess vegna viljum við þróa námið í átt að því að nemendur geti lokið því með einhvers konar diplóma-gráðu eða sett hluta af framhaldsnámi og því setjum við þetta tilraunaverkefni á fót."

Liður í verkefninu er að Hallormsstaðaskóli býður einstaklingum sem hafa lokið grunnnámi, eru byrjaðir í framhaldsnámi eða vinna að eigin rannsóknum, að sækja um þátttöku. Hallormsstaðaskóli veitir viðkomandi vinnuaðstöðu, aðgang að vinnustofum sérfræðinga og niðurfelld skólagjöld gegn virkri þátttöku og viðveru.

„Þátttakendur fá tækifæri til að nýta aðstöðu skólans til að vinna að lokaverkefni eða rannsókn ásamt því að geta tekið þátt í vinnustofum með sérfræðingum," segir Bryndís.



**Hallormsstaðaskóli í Hallormsstaðaskógi er að hefja sitt 92. starfsár.** Myndir / Hallormsstaðaskóli

### *Tilraunaeldhús Hallormsstaðaskóla*

Þar sem vottað eldhús skólans er ekki í stöðugri notkun var það að sögn Bryndísar í anda sjálfbærnihugsjónar skólans að bjóða frumkvöðlum að nýta aðstöðuna til vöruþróunar. „Tilraunaeldhús skólans er vel tækjum búið og býður upp á góða vinnuaðstöðu ásamt ráðgjöf. Nýjasta tækið er frostþurrkunartæki sem opnar á fjölbreyttari nýtingarmöguleika hráefna. Miðað við hvað mikið er flutt inn af matvælum erlendis frá – eins og frosnar samlokur frá Litháen til norskra klaka í búðum – þá þurfum við að hafa þann metnað að sækja ekki til annarra það sem við getum veitt okkur sjálf. En oft er skýringin sú að dýrara er að framleiða þetta hér heima. Með því að bjóða upp á fjölbreytt námskeið í Tilraunaeldhúsi skólans eykst þekking á nýtingarmöguleikum staðbundinna hráefna og hvaða tækifæri liggja í auðlindum landsins. Nú er til að mynda nýlokið sveppatínslu- og greiningarnámskeiði með dr. Guðríði Gyðu Eyjólfsdóttur, sveppafræðingi á Náttúrufræðistofnun Íslands, þar sem farið var yfir þær sveppategundir sem hægt er að nota í matargerð."



**Bryndís Fiona Ford skólameistari.**

### *Tækifærin í skóginum*

Bryndís segir að Hallormsstaðaskóli sjái nú afurðir frumkvöðla dafna úr verkefnavinnu skólans eftir að nám í Sjálfbærni og sköpun hófst árið 2019. „Námið opnar nýjar leiðir til faglegrar þróunar, nemendur bæta við þekkingu, sumir hafa stofnað fyrirtæki og aðrir unnið afurðir úr fjölbreyttu hráefni með nýjum og gömlum aðferðum. Við leggjum mikið upp úr því að opna fyrir möguleikana á vannýttu hráefni og styðja við framleiðslu í nærumhverfinu.

Sem dæmi má nefna fyrirtækið eins og Sauðagull, sem framleiðir vörur úr sauðamjólk, og Könglar, sem framleiða íslenska gosdrykki úr staðbundnu hráefni í Fljótsdal, eru komin með vörur sínar í sölu. Einnig má nefna Charma, sem framleiðir jurtalitaðar silkislæður og skartgripi úr íslenskum steinum, og verkefnið Heilnæm hljóðvist, þar sem annars flokks ull er notuð til að skapa betri hljóðvist. Verkefnið var einmitt tilnefnt til verðlauna í Ullarþoni.

Langspil hefur verið smíðað hér úr timbri skógarins og hreindýrabeinum sem voru límd saman með heimagerðu lími, hér hafa skinn verið sútuð og sápur þróaðar. Iðnaðarhampur er nýlegt hráefni og fá nemendur að kynnast nýtingarmöguleikum hans allt frá snyrtivöruframleiðslu í rafhlöðugerð.

En dýrmætasti sprotinn okkar er án efa þegar nemendur okkar finna ástina og stofna til fjölskyldu," segir Bryndís. */smh*

# Votlendissjóður tilnefndur til umhverfisverðlauna

**Votlendissjóður hefur verið tilnefndur til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs.**

Sex verkefni voru tilnefnd á dögunum sem leggja allar út frá náttúrumiðuðum lausnum sem alhliðasvar við hinum stóru umhverfisáskorunum samfélagsins.

Votlendissjóður er sjálfseignarstofnun sem rekin er á framlögum frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum. Hlutverk hans er að endurheimta votlendi og stöðva þar með losun koltvísýringsígilda, efla líffræðilega fjölbreytni, fuglalíf og bæta vatnsbúskap í veiðiám. Samkvæmt Einari Bárðarsyni framkvæmdastjóra voru 59 hektarar votlendis endurheimtir árið 2021 fyrir tilstuðlan Votlendissjóðs og 131 hektari það sem af er árinu 2022.

Aðrir tilnefndir til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs er verkefni um víðtæka gróðursetningu marhálms í Vejle-firði í Danmörku, sjálfboðaliðasamtökin Virho rf sem staðið hafa fyrir endurheimt ótal áa og lækja í Finnlandi, grænlenska tískumerkið Louise Lynge sem vekur athygli á loftslagsbreytingum með hönnun „zero waste“ fatnaði, votlendið Kristianstads vattenrike, sem er elsta UNESCO-lífhvolf Svíþjóðar og sveitarfélagið Mariehamn á Álandseyjum sem skapað hefur votlendisgarð í nágrenni bæjarins sem nýtist sem afþreyinga- og fræðslusvæði.



**Íslenskt votlendi. Alls voru 59 ha lands endurheimt fyrir tilstilli Votlendissjóðs á árinu 2021.** Mynd/ Votlendissjóður

Tilkynnt verður um vinningshafa þann 1. nóvember í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Helsinki. Verðlaunahafinn hlýtur að launum verðlaunagripinn Norðurljós og 300.000 danskar krónur. /ghp

GRÆN SKREF í ríkisrekstri

# Metfjöldi grænna skrefa

**Meðal þess sem kemur fram í ársskýrslu Umhverfisstofnunar fyrir 2021 hafa aldrei verið tekin jafn mörg skref í átt að umhverfisvænum rekstri hjá ríkisstofnunum og á síðasta ári, eða 444. Verkefnið er ekki lengur valkvætt og hluti af rekstri ríkisstofnana.**

Verkefnið Græn skref er fyrir ríkisstofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna. Með þátttöku í Grænum skrefum gefst stofnunum tækifæri á að innleiða öflugt umhverfisstarf með kerfisbundnum hætti undir handleiðslu sérfræðinga Umhverfisstofnunar. Verkefnið er fjármagnað af umhverfis- og auðlindaráðuneyti og er þátttaka stofnunum að kostnaðarlausu.

***Hluti af rekstri ríkisstofnana***

Í skýrslunni segir að rekja megi aukninguna til aukinnar vitundarvakningar í umhverfis- og loftslagsmálum og almenns áhuga á að gera betur í þeim efnum. Aldrei fyrr hafa jafn mörg Græn skref verið stigin eins og árið 2021, eða 444. Til samanburðar voru 557 skref stigin á árunum 2014 til 2020.

Umhverfisstofnun og stjórnvöld hafa aukið áherslu á verkefnið sem ekki er lengur valkvætt og er núna hluti af rekstri allra ríkisstofnana og skulu allir ríkisaðilar setja sér loftslagsstefnu með mælanlegum markmiðum, og tímasettum aðgerðum.

Verkefnið er hluti af aðgerðaráætlun loftslagsstefnu Stjórnarráðsins sem samþykkt var árið 2019.

***Markmið Grænna skrefa***

- *Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi ríkisins*
- *Efla umhverfisvitund starfsmanna*
- *Auka vellíðan starfsmanna og bæta starfsumhverfi þeirra*
- *Draga úr rekstrarkostnaði*
- *Innleiða áherslur í umhverfismálum sem þegar hafa verið samþykktar*
- *Stofnanir, ráðuneyti og annar ríkisrekstur fái viðurkenningu fyrir metnað sinn í umhverfismálum*
- *Stofnanir, ráðuneyti og annar ríkisrekstur geti innleitt aðgerðir á mismunandi hátt eftir umfangi og eðli starfsseminnar*
- *Aðgerðir stofnana í umhverfismálum séu sýnilegar*

***Árangur***

Samkvæmt skýrslunni náist taksverður árangur í að draga saman í innkaupum, samgöngum og orkunotkun. Í að auka meðvitund um umhverfismál innan vinnustaða. Auk þess sem segir að örugg skref hafi verið stigin í átt að markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda ríkisaðila.

Í dag skila 111 stofnanir grænu bókhaldi en tæplega 18.000 starfsmenn eru á vinnustöðum sem eru virkir þátttakendur í Grænum skrefum. /VH





**DAGSKRÁ ULLARVIKUNNAR 2022**

**Laugardagur 1.október**
13:00-16:00 |Á Hellu: Dagur Sauðkindarinnar

**Sunnudagur 2.október**
14:00-16:00 |Árbæjarhjáleiga: LITASÝNING sauðfjár, kaffi og kökur -Fjárræktarfélagið „Litur“.

**Mánudagur 3.október**
11:00-15:00 |Uppspuni: Tröllabandaprjón -hægt að koma og læra að prjóna sessur úr tröllabandi með tröllaprjónum. Efni og áhöld til sölu á staðnum.

**Þriðjudagur 4.október**
11:00-15:00 |Uppspuni: Litunardagur -handlitun í potti til sýnis.

**Miðvikudagur 5.október**
*10:00-16:00 |Skinnhúfa: Námskeið „Botanical Dyeing“: Grasaþrykk/prentun -á ensku: Liz*
15:00-18:00 |Uppspuni: Víkingastemmning -víkingar sýna handverk og bjóða uppá ketilkaffi.

**Fimmtudagur 6.október**
*10:00-16:00 |Skinnhúfa: Námskeið „Botanical Dyeing“: Grasaþrykk/prentun -á ensku: Liz*
14:00 |Fél. Þingborg: Prjónakaffihús, opnun á sýningunni: „Sýnishornið“
*14:00-18:00 |Fél. Þingborg: „Ullarútsaumur“ -kennt á íslensku: Guðrún Hildur Rosenkjær (Annríki)*
19:30-20:30 |Fél. Þingborg: Fyrirlestur um peysuprjón -Guðrún Hildur Rosenkjær (Annríki)
20:30-22:00 |Fél. Þingborg: Prjóna og spunakvöld

**Föstudagur 7.október**
*09:00-12:00 |Skinnhúfa: Námskeið „Litun í örbylgjuofni“ -á ensku: Laura „Spinner“*
10:00-17:00 |Fél. Þingborg: Prjónakaffihús
11:00-15:00 |Uppspuni: Opið hús í verksmiðjunni
12:00-18:00 |Vinnustofur opnar hjá níu Spunasystrum (sjá ★ á korti fyrir staðsetningar)
-opið til 21.00 á ★ Þykkvabæjarklaustri.
*13:00-16:00 |Fél. Þingborg: „Sokkaprjón“ -kennt á íslensku og ensku: Elena*
*16:00-19:00 |Fél. Þingborg: „Spuni á rokk“ (f. byrjendur og upprifjun) -kennt á ísl. og ensku: Margrét og Þórey*
19:30-22:00 |Hespa: Prjóna- og spunakvöld -velkomið að mæta með vín.

**Laugardagur 8.október**
*9:00-12:00 |Skinnhúfa: „Spuni & kembur“ -kennt á íslensku og ensku: Laura & Maja Siska*
*10:00-13:00 |Fél. Þingborg: „Weave a Bracelet“ (bandvefnaður) -kennt á ensku og þýsku: Marled.*
10:00-17:00 |Fél. Þingborg: Prjónakaffihús
12:00-18:00 |Vinnustofur opnar hjá níu Spunasystrum (sjá ★ á korti)
*14:00-17:00 |Fél. Þingborg: Námskeið „Lopapeysuprjón“ -kennt á íslensku: Margrét og Anna Dóra*
11:00-15:00 |Uppspuni: Rúningur & opið fjárhús - hægt að velja reyfi til þess að láta spinna band
16:00-18:00 |Hespa: Opinn fyrirlestur & kynningu á „Indigó -blái liturinn“.

**Sunnudagur 9.október**
10:00-17:00 |Fél. Þingborg: Markaður, Prjónakaffihús. Matarvagnar.
*10:00-13:00 |Fél. Þingborg: Námskeið: „Kríl“ (börn og foreldri) -kennt á íslensku: Marianne*

**Ullarhringurinn með opið alla vikuna: Ullarversluninni Þingborg (10:00-17:00), Hespuhúsinu (9:00-17:00) og Uppspuna (virka daga 9:00-16:00 og helgina 11:00-15:00).**
*Námskeið sem þarf að skrá sig í eru með skáletrun. Skráning hefst í september. Þeir sem skrá sig á póstlista fá tilkynningu þegar skráning hefst: www.ullarvikan.is. Aðrir viðburðir eru fríir og opnir öllum.*
*Birt með fyrirvara um breytingar 30.08.2022.*

NYTJAR HAFSINS

## Milliverðlagning í sjávarútvegi:

# „Auðveldara að ásaka en útskýra“

## – Lögmaður segir milliverðlagningu byggja á einföldum grunni en framkvæmd getur verið flókin

Sigurgeir B. Kristgeirsson
binni@vsv.is



**Öðru hvoru eru skrifaðar greinar eða fréttir sagðar af því að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki séu að skilja hagnað eftir í útlöndum með því að skila einungis hluta af söluverði afurða sinna heim.**

Í tilfelli sjávarútvegsins er þetta tvíþætt. Annars vegar sniðgangi fyrirtækin skattgreiðslu á Íslandi, lækki tekjuskatt og hugsanlega veiðigjald, og hins vegar þá séu sjávarútvegsfyrirtæki að lækka laun sjómanna en sjómenn eru á hlutaskiptum sem alkunna er. Þessi umræða á einkum við fyrirtæki sem eiga dótturfélög í útlöndum en þannig hagar til í nokkrum tilfellum.

### *Mikið vald í höndum embættismanna*

*- En hvernig er þessu farið? Geta fyrirtæki hagað verðlagningu sinni að vild milli tengdra félaga? Við fengum Harald Inga Birgisson, lögmann, Kópavogsbúa að langfeðratali og meðeiganda í Deloitte Legal, til útskýra lög og reglur um milliverðlagningu en þar hefur hann aðallega starfað við skattamál fyrirtækja.*

„Milliverðlagning er flókið fyrirbæri sem byggir þó á einföldum grunni,“ segir Haraldur Ingi. „Frá árinu 2015 hefur íslenskum fyrirtækjum sem hafa meira en milljarð í veltu eða heildareignir og eiga erlend dótturfyrirtæki verið skylt að útbúa skýrslu um verðlagningu milli innlendra móðurfélaga og erlendra dótturfélaga, eins og í tilfelli sjávarútvegsins, sem skattyfirvöld geta óskað eftir hverju sinni. Það sama á við með innlend félög sem eru í eigu erlendra móðurfélaga.

Þá er meginreglan sú að fyrirtæki eiga að stunda viðskipti við tengda aðila, hvort sem það eru viðskipti með afurðir, hráefni, þjónustu eða fjármagn, eins og um viðskipti milli ótengdra aðila væri að ræða og útskýra hvernig þau standa að því í þessum skýrslum. Íslenskum félögum er þannig óheimilt að flytja afurðir sínar út á of lágu verði og skilja umframhagnað eftir í útlöndum. Það sama á við erlend móðurfyrirtæki íslenskra fyrirtækja, þau mega ekki selja hráefni eða þjónustu á of háu verði eða leggja of háa vexti á dótturfyrirtæki sín og flytja hagnaðinn þannig frá Íslandi. Þótt þessi grunnregla sé í sjálfu sér ekki flókin þá er regluverkið bæði alþjóðlegt og afar matskennt og skattframkvæmd hérlendis takmörkuð og í slíku umhverfi verða til fjölmörg álitamál.“



**Íslenskum félögum er óheimilt að flytja afurðir sínar út á of lágu verði og skilja umframhagnað eftir í útlöndum. Það sama á við erlend móðurfyrirtæki íslenskra fyrirtækja, þau mega ekki selja hráefni eða þjónustu á of háu verði eða leggja of háa vexti á dótturfyrirtæki sín og flytja hagnaðinn þannig frá Íslandi.** Mynd / SBK

Í umræðu um sjávarútveg hefur komið fram að verð á fiski frá Íslandi er ýmist hærra eða lægra en verð á sömu fisktegund hjá öðrum þjóðum. Þannig hefur t.d. komið fram að verð á saltfiski frá Íslandi til Portúgal er að jafnaði um 1 evru hærra en á saltfiski frá Noregi vegna betri gæða frá Íslandi. Þá er umtalsvert hærra verð á stórum saltfiski en á smáum. Verðmunurinn milli landa getur síðan sveiflast frá einu ári til annars vegna þess að íslenski fiskurinn er að jafnaði stærri en sá norski eina vertíðina og síðan smærri þá næstu. Það er líka þekkt að verð á norskum makríl hefur að jafnaði verið hærra en verð á íslenskum makríl.

Ástæða þess er að Íslendingar eru að veiða sinn makríl á tíma sem fiskurinn er í ætisleit og er að fitna. Hann er þá laus í sér og afar erfitt að flaka hann í áframvinnslu. Asíumarkaður, sérstaklega Japan, greiðir hátt verð fyrir gæði en aðrir markaðir, t.d. í Egyptalandi og Nígeríu, vilja ódýrari fisk. Það er því ljóst að þrátt fyrir að meginreglan sé einföld þá eru flókin atriði sem skipta máli.



**Haraldur Ingi Birgisson.**

*- Hvernig gengur að útskýra það fyrir skattayfirvöldum?*

„Þetta regluverk felur starfsmönnum Skattsins heimild til að meta armslengdarverð á vöru, þjónustu eða vöxtum og eftir atvikum leiðrétta það verð sem fyrirtækin nota. Sem betur fer er ekkert ríkisverð sem starfsmenn Skattsins beita, en þá skortir eðlilega innsýn í rekstrarlegan raunveruleika fyrirtækjanna,“ segir Haraldur Ingi.

„Hjá starfsmönnum fyrirtækjanna er augljóslega þekking á vörunni og markaðnum og þeir þekkja reksturinn út og inn. Ef um umfangsmikil viðskipti er að ræða þá getur endurmat Skattsins á verði falið í sér verulegar fjárhæðir, enda Skattinum heimilt að horfa 6 ár aftur í tímann og leggja á 25% álag og dráttarvexti. Hér er því afar mikilvægt að skattyfirvöld gæti meðalhófs.“

*- En hvað gerist ef skattayfirvöld eins lands, t.d. Íslands, ákveða hækkun verðs á útfluttum afurðum og hækka þannig skatta hér á landi?*

„Afleiðingin af því er sú að skattstofninn er þá hækkaður og þar með skattgreiðslur, en að auki er álagi og vöxtum bætt ofan á. Í framhaldinu þarf að óska eftir leiðréttingu hjá erlenda félaginu, enda búið að skattleggja hagnaðinn þar í landi og án leiðréttingar væri hagnaðurinn tvískattlagður,“ segir Haraldur Ingi. „Það eru dæmi þess að skattyfirvöld hafi andmælt breytingu á skattskilum sem ákvörðuð hafa verið af skattayfirvöldum annars ríkis, enda gerir regluverkið í raun ráð fyrir að þau komist að samkomulagi. Íslensk fyrirtæki sem lenda í slíku ráða litlu um framhaldið enda umgjörðin hér ekki jafn þróuð og víða annars staðar, sem er bagalegt.“

### *Skattyfirvöld flestra landa fylgjast með milliverðlagningu*

Nýverið gekk fyrsti dómurinn á sviði milliverðlagningar og telja má að aukning verði þar á m.v. áherslur skattyfirvalda og auknar kröfur um skýrslugerð eins og áður sagði.

*- En hvernig er þegar fá dómafordæmi eru, hvernig á að höndla það?*

„Það hafa fallið fjölmargir dómar erlendis í þessum efnum sem eru þá fyrirmyndir fyrir okkur og raunar eru þetta iðulega stærstu skattamálin í nágrannaríkjunum,“ sagði Haraldur Ingi. „Það lítur allt út fyrir að íslensk skattyfirvöld ætli að reyna á þolmörk reglnanna og seilast lengra í sínum túlkunum en æskilegt er. Ef æðra sett stjórnvöld og dómstólar fallast á slíka nálgun þá mun það skapa verulega réttaróvissu fyrir fyrirtækin.

Það er að mínu mati ekki rétta leiðin í svona flóknu regluverki sem ætlað er að dekka öll viðskipti tengdra aðila í öllum atvinnugreinum á öllum tímum.“

*- En hvernig finnst Haraldi Inga umræða um milliverðlagningu vera?*

„Tónninn í umræðunni er oftar en ekki sá að fyrirtæki séu að haga þessum málum með óheiðarlegum hætti. Við sjáum það ekki í okkar störfum enda eru atvinnurekendur almennt að reyna að fylgja öllum þeim reglum sem gilda um þeirra rekstur og nóg er af þeim.

Þá er einfaldara að ásaka en útskýra þegar um svona flóknar reglur er að ræða og útskýringarnar því ekki jafn aðgengilegur og auðskiljanlegur fréttamatur,“ sagði Haraldur Ingi að lokum.

***Lesendum til upplýsingar og fróðleiks:** Höfundur er búfræðingur og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum. Vinnslustöðin er sjávarútvegsfyrirtæki sem á og rekur útgerð og fiskvinnslu á Íslandi og sölu- og framleiðslufyrirtæki í útlöndum. Félagið er því undir eftirliti innlendra og erlendra skattyfirvalda hvað milliverðlagningu varðar. Haraldur Ingi hefur aðstoðað Vinnslustöðina við gerð skýrslna um milliverðlagningu.*

## Gamlar sögur af milliverðlagningu

Undanskot á gjaldeyri og undirverðlagning

**Mörgum er í fersku minni húsleit sem gerð var í höfuðstöðvum Samherja á vegum sérstaks saksóknara á vormánuðum 2012. Húsleitin var gerð vegna gruns um brot á gjaldeyrislögum og að félagið væri að selja afurðir sínar til dótturfélaga erlendis á undirverði. Mikil fjölmiðlaumfjöllun varð um málið en árið 2015 felldi sérstakur saksóknari málið niður. Á sama tíma var Vinnslustöðin ásökuð í Kastljósþætti í Ríkissjónvarpinu um að skilja hagnað eftir í útlöndum með rekstri dótturfélags síns erlendis. Ásökunin fólst í því að félagið skilaði lægra verði heim og skyti sér þannig undan skattgreiðslum á Íslandi og skilaði þar af leiðandi lægra verði til sjómanna og hlunnfæri þá um sinn réttmæta hlut. Vinnslustöðin var til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara sem leiddi ekki til ákæru. Árið 2020 kom svo í leitirnar „skýrsla“ Verðlagsstofu skiptaverðs, sem var grundvallargagn fréttamanna Kastljóss í rannsókn sinni, sem sýndi að karfaverð sem dótturfélag Vinnslustöðvarinnar í Þýskalandi skilaði heim var umtalsvert hærra en sambærilegt verð á karfa á þarlendum uppboðsmörkuðum. Þvert á fullyrðingar Kastljóss, þá skilaði Vinnslustöðin hæsta verði heim til Íslands á karfa.**

**Hækkun súráls í hafi**

**Íslendingar sem komnir eru yfir miðjan aldur, og hafa áhuga á pólitík, muna eftir umræðum og pólitískum deilum um „hækkun súráls í hafi“. Hér er átt við pólitíska umræðu áranna 1980–1984 um meinta hækkun á súráli frá Ástralíu til Íslands. Þar voru uppi ásakanir íslenskra yfirvalda um að móðurfyrirtæki ÍSAL í Straumsvík seldi dótturfyrirtæki sínu súrál á of háu verði. Með þessu væri félagið að sniðganga skattgreiðslur af hagnaði í ríkissjóð Íslands. Umræðan var heit og heiftarleg og lauk með sátt íslenska ríkisins og móðurfyrirtækis ÍSAL.**

**Gæði íslensks fiskjar geta verið varasöm!**

**Þá muna enn eldri fréttasjúklingar einnig eftir ásökunum bandaríska skattyfirvalda, sem hófust 1971, í garð Coldwater, dótturfyrirtækis Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna (SH), um að það flytti hagnað heim til Íslands með of háu verði á íslenskum fiski til Bandaríkjanna. Það var þá þannig að SH átti, að dómi bandarískra skattyfirvalda, að selja fiskinn á mun hærra verði en sambærilegur fiskur sem fluttur var frá öðrum Evrópulöndum. Coldwater náði að verja sig með því að sýna fram á að félagið væri að kaupa fisk frá Færeyjum á sambærilegu verði en færeysku útflytjendurnir voru alls ótengdir íslenskum hagsmunum. Þar með var málið látið niður falla, átta árum eftir að það hófst, eða árið 1979. Verðmunurinn skýrðist einfaldlega af gæðamun fisksins en það þekktu bandarískir skattrannsóknarmenn ekki. Þeir sem til þekktu fullyrða að krafa bandarískra skattyfirvalda hefði verið svo há að Coldwater hefði orðið gjaldþrota ef félagið hefði ekki náð að verja sig með samanburði við gæði fiskjar frá Færeyjum. Góð gæði geta því verið varasöm þeim sem ekki þekkja þau!**

***Við lestur þessa kafla er rétt að lesendur hafi í huga að greinarhöfundur er framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar og því aðili máls.***

Hafrannsóknastofnun:

# 44,3% efnahagslögsögunnar kortlögð

**Rannsóknaskipið Árni Friðriksson kortlagði í ágúst alls um 8.964 ferkílómetra hafsvæði vestan við Látragrunn, á Dohrnbanka og á Selvogsbanka.**

Leiðangurinn er hluti af átaksverkefni Hafrannsóknastofnunar um kortlagningu hafsbotns í efnahagslögsögu Íslands.

Markmið verkefnisins er að afla þekkingar sem nýtast mun á ýmsan hátt og er forsenda frekari vísindarannsókna við nýtingu, vernd og rannsóknir auðlinda í hafinu, á hafsbotni og undir hafsbotni. Að þessu sinni var markmið sett að kortleggja veiðislóðir á Vestfjarðamiðum í tengslum við veiðiálag síðastliðinna ára og togstöðva í verkefninu Stofnmælingu botnfiska.

Í lok leiðangursins hefur 44,3% efnahagslögsögunnar verið kortlögð, eða liðlega 333.700 ferkílómetrar af alls 754.000 ferkílómetra efnahagslögsögu landsins.

*Brjálaði hryggurinn*

Í fyrsta hluta leiðangursins var fyllt upp í þekju vestan við Látragrunn þar sem jökulgarðurinn sem nefndur er „Brjálaði hryggurinn" var mældur árið 2011, í tengslum við hrygningarstöðvar steinbíts á Látragrunni og mögulegum búsvæðum kórala. Í kantinum við hrygginn sjást plógför ísjaka á allt að 600 metra dýpi. Undan kantinum er um fjórtán kílómetra langur hryggur sem liggur í NV-SA og rís um 60 metra af hafsbotninum. Hugsanlegar aurkeilur sjást í kantinum á austanverðu mælingasvæðinu. Á dýpsta svæðinu er botnharkan mjög lág sem gefur til kynna að þar hefur töluvert magn af mjúku seti sest til í lægðum.

*Á Dohrnbanka*

Í öðrum hluta leiðangursins var stefnan tekin á Dohrnbanka. Þar voru mörkin dregin við miðlínu efnahagslögsögunnar og fjölgeislamælingar frá mælingaárinu 2002.

Miklar sviptingar í ástandi sjávar gerðu yfirferð fjölgeislamælinga mjög erfiða. Vegna veðurs tókst ekki að ljúka mælingum á Dohrnbanka, en til stóð að tengja þær saman við eldri mælingar í Grænlandssundi.

Botnlag á Dohrnbanka er mjög fjölbreytt. Meðal þess sem sést í fjölgeislagögnunum eru stórir hryggir og farvegir sem kvíslast niður á víðáttumikla sléttu sem ber mikil ummerki um plógför ísjaka.

*Sæfjöll og hraun við Surtsey*

Í þriðja og síðasta hluta leiðangursins var hafsvæðið á Selvogsbanka mælt frá eldri mælingum Hafrannsóknastofnunar að 100 metra jafndýpislínu.

Vestan við Surtsey var mælt yfir mikið af smáum sæfjöllum sem áður hafa verið mæld með eingeislamæli. Sæfjöllin fylgja tveimur sprungustefnum, annars vegar í NV-SA og hins vegar í NA-SV.

Við 100 metra jafndýpislínuna er mikið hraun eða klöpp sem sést einnig á sjókortum.

Með fjölgeislagögnunum er hægt að kortleggja útbreiðslu þess með mun meiri nákvæmni. Botnharka sýndi að umhverfis hraunið og víða á mælingasvæðinu norðanverðu er mikið af mjúku seti.

/VH




**Yfirlit fjölgeislamælingar Hafró 2000 til 2022.** Mynd Hafrannsóknastofnun



**Fiskistofa getur veitt leyfi til takmarkaðra selveiða.** Mynd / HKr.

## Selveiðar bannaðar nema með undanþágu

**Samkvæmt reglugerð númer 1100/2019 er bannað að veiða sel við landið nema með sérstöku leyfi frá Fiskistofu. Bannið á við veiði á öllum selategundum.**

Í reglugerðinni kemur fram að selveiðar séu óheimilar á íslensku forráðasvæði í sjó, ám og vötnum nema að fengnu sérstöku leyfi frá Fiskistofu og getur stofnunin veitt leyfi til takmarkaðra veiða á sel til eigin nytja innan netlaga þar sem veiðar hafa verið eða verða stundaðar sem búsílag.

Fiskistofa auglýsir nú eftir umsóknum um leyfi til selveiða til eigin nytja á árinu 2023. Umsóknarfrestur er til 1. október 2022 og skal umsóknum skilað á eyðublaði sem senda skal með tölvupósti á fiskistofa@fiskistofa.is eða með bréfpósti á heimilisfangið Fiskistofa, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri. /VH





# Verðþróun matvæla á Íslandi

Verðbólga nú í lok ágúst 2022 mælist 9,7% og lækkar örlítið milli mánaða (ágúst 2022). Húsnæðisliðurinn hækkar um 15,8% yfir 12 mánuði og ferðir og flutningar um 14,9%. Hækkun á matvöru nemur um 8,6%. Yfir 12 mánaða tímabil hækkar kjöt mest, eða um 12,7%, fiskur um 10,2% og olíur og feitmeti um 10,1%. Minnst hækkun er á grænmeti, 2,5% og sykri, súkkulaði og sælgæti um 3,3%. Af öllum matar- og drykkjarvörum hækkar kaffi, te og kakó mest, eða um 16,0%.

| Vöruflokkur | 12mán |
|---|---|
| **Vísitala neysluverðs** | **9,7%** |
| 01 Matur & drykkjarvörur | 8,6% |
| **011 Matur** | **8,6%** |
| **0111 Brauð & kornvörur** | **7,6%** |
| 0112 Kjöt | 12,7% |
| 0113 Fiskur | 10,2% |
| 0114 Mjólk, ostar og egg | 9,6% |
| 0115 Olíur & feitmeti | 10,1% |
| 0116 Ávextir | 4,3% |
| 0117 Grænmeti, kartöflur ofl. | 2,5% |
| 0118 Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl | 3,3% |
| 0119 Aðrar matvörur | 6,3% |
| **012 Drykkjarvörur** | **8,3%** |
| 0121 Kaffi, te & kakó | 16,0% |
| 0122 Gosdrykkir, safar & vatn | 5,4% |

12 mánaða verðþróun matvæla Heimild: Hagstofa Íslands




# Verðþróun á matvælum í nágrannalöndum

Grafið til hliðar sýnir verðþróun á matvöru í nágrannalöndum. Mikil hækkun hefur verið á matvælum síðustu mánuði og sér vart fyrir endann á þeirri þróun. Þannig hefur matvælaverð í aðildarríkjum Evrópusambandsins hækkað um 13% yfir 12 mánaða tímabil (júlí 2022). Á sama tíma hefur matvælaverð hækkað um 9% hér á landi.

Í töflunni hér fyrir neðan er sýndur samanburður yfir verðþróun nokkurra flokka matvæla í nágrannalöndum. Mest er hækkunin á mjólk. Hún hækkar um 21% innan EU-27 yfir 12 mánaða tímabil, - á sama tíma er hækkunin hér á landi 10%.

| | Matvara | Brauð | Mjólk | Kjöt |
|---|---|---|---|---|
| EU-27 | 13% | 17% | 21% | 13% |
| Danmörk | 16% | 14% | 27% | 18% |
| Svíþjóð | 14% | 15% | 23% | 17% |
| Noregur | 10% | 10% | 9% | 13% |
| Ísland | 9% | 11% | 10% | 13% |

Samanburður á 12 mánaða verðþróun Heimild: Eurostat

12 mánaða verðþróun matvæla Heimild: Eurostat




vfs.is
Milwaukee
ALVÖRU VERKFÆRI
M18
EITT RAFHLÖÐUKERFI YFIR 215 VERKFÆRI
M12
EITT RAFHLÖÐUKERFI YFIR 95 VERKFÆRI
VERKFÆRA SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is


MHG VERSLUN
Husqvarna á Íslandi
Husqvarna FS400
Gólfsög - Sögunardýpt 16,2cm
Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl
Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl
Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl
Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl
Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG
Husqvarna K770
Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm
Husqvarna K970
Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm
Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm
Husqvarna K7000 Ring
Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm
Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl
Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli
Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli
Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli
Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli
Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli
MHG VERSLUN | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | Sími 544 4656 | www.mhg.is

FRÉTTASKÝRING

## Nýliðun í landbúnaði:

# Endurnýjun innan bændastéttarinnar forsenda fæðuöryggis

– Erfiðleikar við kynslóðaskipti hamla því að eldri bændur geti dregið sig í hlé og ungt fólk komist að.



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

**Á síðustu misserum hafa þjóðir heims áttað sig á því hversu mikilvægur landbúnaður er til þess að tryggja næga fæðu fyrir íbúa hvers lands.**

Til þess að Ísland geti tryggt þegnum sínum öruggt aðgengi að fæðu þarf innlendur landbúnaður að vera öflugur. Það gerist ekki nema endurnýjun í bændastéttinni sé eðlileg. Nýliðun í bændastéttinni er þrautarganga sem nauðsynlegt er að auðvelda.

Samkvæmt tölum frá 2021 er meðalaldur bænda á bilinu 55-60 ár; mismunandi eftir búgreinum.

Steinþór Logi Arnarson, formaður Samtaka ungra bænda (SUB), segir að stefna samtakanna sé að sem fæstar hindranir séu fyrir ungt fólk sem vill komast í búskap.

„Það hefur alltaf verið þannig og mun verða þannig um ókomin ár að fólk þarf að borða. Hverri þjóð er mikilvægt að framleiða sín matvæli því það er ekki forgangur neinnar þjóðar að flytja út matvæli þegar kreppir að. Þá er gott fyrir sjálfstæða Íslendinga að innlendur landbúnaður standi á traustum stoðum því honum er ekki lyft undir fót á einni nóttu ef það þarf.“

Nauðsynlegt sé að sjá til reglulegrar endurnýjunar bændastéttarinnar til þess að tryggja fæðuöryggi. Því þarf að greiða götu þeirra sem vilja leggja fyrir sig landbúnaðarstörf enn frekar. Steinþór Logi bendir á að bæði sé áskorun að verða bóndi og að vera bóndi.



**Vegur ungs fólks í búskap er þyrnum stráður. Ef stjórnvöld vilja tryggja fæðuöryggi þarf að sjá til þess að einhverjir vilji taka við keflinu þegar eldri bændur bregða búi.**

### *Ekki eins og hver önnur vinna*

Í sama streng tekur Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands (BÍ). Hún þakkar fyrir að til séu ungir einstaklingar sem hafi áhuga á að fara í búskap, þó svo að afkoman sé slæm og stofnkostnaðurinn hár. „Þetta er ekki eins og að byrja í hefðbundinni vinnu, heldur er eina leiðin til að hefja þennan starfsferil að eiga nægilegt eigið fé.“ Hjá BÍ er reglulega bent á mikilvægi nýliðunar í landbúnaði og án hennar mun ekki vera hægt að tryggja fæðuöryggi og byggðafestu í landinu. „Til að tryggja nýsköpun og innleiða nýjar framleiðsluaðferðir verðum við að sjá til þess að nýliðun eigi sér stað í atvinnugreininni,“ segir Vigdís. Hún bætir við að á tímum heimsfaraldurs, stríðs og brostinna aðfangaleiða hefur sannast enn frekar hversu mikilvægt er að stunda staðbundna matvælaframleiðslu til þess að tryggja aðgengi að matvælum.

### *Félagslegar aðstæður og lágar tekjur*

SUB benda líka á að hæg endurnýjun fólks í landbúnaði hafi keðjuverkandi áhrif á samfélagsgerð. Fátt barnafólk gerir það að verkum að erfitt verður að viðhalda góðu félagslegu umhverfi í sveitum landsins sem og eðlilegum aðstæðum til barnauppeldis. Þegar starfsemi leik- og grunnskóla er ekki tryggð og langt er að sækja grunnþjónustu bresta þær forsendur sem ungt fólk gerir til eðlilegs fjölskyldulífs.

Þuríður Lillý Sigurðardóttir hefur verið að vinna að því að taka við sauðfjárbúi foreldra sinna undanfarin tvö ár. Hún og maðurinn hennar þurfa bæði að sækja vinnu í þéttbýli til þess að geta staðið undir rekstri búsins.

„Staðan er þannig í dag að nær allir sauðfjárbændur vinna utan bús,“ segir Þuríður Lillý. Þeir örfáu sauðfjárbændur sem hún veit til að vinni alfarið á búinu eigi maka sem afla góðra tekna utan heimilis. „Aðstæður geta orðið mjög erfiðar þegar komið er í afskekktar sveitir þar sem erfitt er að sækja sér vinnu,“ segir Þuríður Lillý. Jarðir sem eru fjarri þéttbýli séu því mun líklegri til að fara í eyði.

Þau dæmi sem Þuríður Lillý þekkir af ungum bændum sem eru að taka við búrekstri hafa eingöngu gengið upp ef báðir aðilarnir vinna utan heimilis. „Það gerir það að verkum að fólk er ekkert endilega að sækjast í búskap þegar það getur farið í einhverja betur launaða vinnu með betri aðstöðu, fríðindi og sveigjanleika.“

### *Lítill hvati til að víkja*

Þuríður Lillý segir að til þess að sauðfjárbúið hennar geti staðið undir lánagreiðslum þurfi söluverðið á jörðinni að vera svo lágt að það stendur nær ekkert eftir þegar búið er að greiða fjármagnstekjuskatt. En þá blasir við óumdeilt flækjustig.

„Fyrir föður minn, sem hefur byggt búið upp frá því að hann var rúmlega tvítugur, þá er búið hans ævistarf og lífeyrissjóður. Hann fær ekkert fyrir sitt ævistarf nema að hann verðleggi búið hærra, en þá get ég aldrei staðið undir því. Það er því alltaf annar hvor aðilinn sem kemur illa út úr svona sölu eins og staðan er í dag,“ segir Þuríður og á þá sérstaklega við um sauðfjárbú.

### *Skattbyrði þrúgandi*

Þuríður segir stöðuna aðeins skárri þegar kemur að kúabúum, en hún sé langt frá því að vera góð. Bændablaðið heyrði í bændum á kúabúi á Vestfjörðum hvar ábúendaskipti hafa verið í vinnslu í nokkur ár. Þar var stöðunni lýst þannig að eldri bóndinn fengi svo mikinn tekjuskatt við söluna á búinu að hann færi á hausinn sama dag. Í slíkri stöðu er lítill hvati til að halda búskap á jörðinni þegar eldri kynslóðin þarf að láta af störfum og mun auðveldara að selja kvóta, skepnur og tæki hvert í sínu lagi.



**Jónas Davíð Jónasson, formaður FUBN og gjaldkeri SUB, kallar eftir því að eldri bændur geti vikið með reisn.** Mynd /Aðsend



**Haukur Marteinsson fór nýlega í búskap og segir nýliðunarstyrkinn hafa hjálpað mikið.** Mynd /Aðsend



**Arnar Már Elíasson, settur forstjóri Byggðastofnunar, segir að 90% lán sem standi ungum bændum til boða hafi breytt miklu.** Mynd /SP



**Magnús Leópoldsson fasteignasali bendir á að þegar búskapur er lagður niður á jörðum sé ólíklegt að hann verði endurreistur.** Mynd /Aðsend



Jónas Davíð Jónasson, formaður Félags ungra bænda á Norðurlandi (FUBN) og gjaldkeri SUB, hefur bent á að til þess að eðlileg nýliðun geti átt sér stað þurfi eldri kynslóðir að geta stigið til hliðar með reisn. Bændur sem hafa alist upp á sínum jörðum og eytt öllum sínum starfsaldri í að byggja upp þurfa að geta vikið fyrir næstu kynslóð án þess að koma illa út fjárhagslega. Það sé þó ekki raunin og því allt of algengt að fólk velji frekar að selja frá jörðinni bústofn og kvóta til þess að nýta sem ellilífeyri.

Í landbúnaðarstefnu ríkisstjórnarinnar sem er tekin saman í bæklingnum Ræktum Ísland kemur fram að árið 2020 hafi skattalögum verið breytt til þess að auðvelda kynslóðaskipti í landbúnaði. Með þeim breytingum sé hægt að dreifa skattgreiðslum af söluhagnaði bújarða á 20 ár í stað sjö.



Steinþór Logi Arnarson, formaður SUB, segir engan vita hvað framtíðin beri í skauti sér, en eitt sé þó víst: fólk þarf að borða. Mynd / H.Kr



Þuríður Lillý segir sauðfjárbændur þurfa að sækja vinnu utan heimilis. Bújarðir fjarri atvinnumöguleikum fari því í eyði. Mynd /Aðsend

### *Eyðijarðir fari ekki í búskap*

„Það eru ótrúlega margir sem hafa áhuga á að fara í landbúnað og mér finnst það alltaf hafa verið,“ segir Magnús Leópoldsson, fasteignasali hjá Fasteignamiðstöðinni. Hins vegar sé alls ekki mikil hreyfing á þessum markaði. Rúmlega hundrað jarðir skipti um eigendur á ári hverju og eru eyðijarðir og landskikar inni í þeirri tölu. Þær eyðijarðir sem seljast séu almennt ekki keyptar til þess að fara í búskap því það þurfi svo mikið til að koma honum í gang. Í ljósi þessa er mikilvægt að jarðir seljist í heilu lagi ef það á áfram að vera búrekstur á þeim.

### *Hlutdeildarlán og séreignarsparnaður*

Innan raða BÍ og SUB hefur verið rætt um möguleika þess að bjóða ungum bændum hlutdeildarlán fyrir bújörðum með svipuðum formerkjum og við kaup á fyrstu íbúð, en nú er ekkert slíkt í boði. Einnig hafa þær hugmyndir vaknað hvort ungum bændum ætti að standa til boða að nýta séreignarsparnaðinn til þess að standa straum af útborgun. Ljóst er þó að vinnan við þetta krefst bæði mikillar vinnu og lagabreytinga.

### *Byggðastofnun lánar 90% til ungra bænda*

Arnar Már Elíasson, settur forstjóri Byggðastofnunar, segir að hefðbundin fjármögnun frá bönkunum hafi í gegnum tíðina numið 70-75% af kaupverði bújarða. Byggðastofnun byrjaði hins vegar árið 2020 að bjóða upp á 90% fjármögnun á bújörðum fyrir unga bændur. Þegar þetta er skrifað hafa 27 lán til kynslóðaskipta verið veitt.

„Þetta var algjör bylting og breytti markaðnum verulega. Þetta varð til þess að það varð mikið um kynslóðaskipti í landbúnaði þar sem eldri bændur gátu selt og losað sig út, og nýir og ungir bændur gátu tekið við,“ segir Arnar Már.

### *Einungis vextir fyrstu árin*

Vaxtakjörin hjá Byggðastofnun hafa verið sambærileg og hjá bönkunum. Hins vegar eru þessi lán ólík öðrum lánum á almennum markaði að því leyti að heimilt er að greiða eingöngu vextina fyrstu þrjú árin. „Það er til þess að lækka greiðslubyrðina á meðan ungir bændur eru að koma sér af stað,“ segir Arnar Már. Að þremur árum liðnum byrja bændurnir að greiða vexti og afborganir eins og þeir hefðu gert það frá upphafi, án þess að það hafi safnast í einhvern stóran ógreiddan reikning.

Lánshlutfall Landsbankans þegar verið er að fjármagna bújörð í rekstri er að hámarki 70%.

„Það sem við skoðum fyrst er: Hvað getur þessi starfsemi gefið af sér og staðið undir miklum skuldum án þess að þær sligi reksturinn? Það þarf bæði að hugsa um hagsmuni bankans og lántakandans, enda fara þeir saman,“ segir Haukur Ómarsson, forstöðumaður á fyrirtækjasviði Landsbankans.

Þetta þýðir að eftir standa 30% sem kaupandi þarf að fjármagna með öðrum leiðum. Samkvæmt Hauki er í sumum tilfellum samið um seljandalán og getur seljandinn þá verið með annan veðrétt í jörðinni á eftir bankanum. Í þessu samhengi nefnir Haukur að nýliðunarstyrkirnir komi að góðum notum við að niðurgreiða seljandalánið.

### *Útfærsla kvóta hamlar kynslóðaskiptum*

Haukur segist sjá ákveðna samsvörun milli kynslóðaskipta í sjávarútvegi og í mjólkurframleiðslu. Í báðum tilfellum þarf að kaupa framleiðslurétt eða aflaheimildir sem eru það dýrar að erfitt er að fjármagna þær. Verðmæti jarða er ekki lengur ákvarðað af undirliggjandi rekstri heldur út frá verðmæti kvótans og öðrum gæðum jarðarinnar sem erfitt er að standa undir. Þetta verður til þess að þeir sem kaupa bújarðir, rétt eins og sjávarútvegsfyrirtæki, eru oft utanaðkomandi fjársterkir aðilar, frekar en afkomendur sem taka við keflinu.

Steinþór Logi hjá SUB segir hins vegar að kvótinn sé nauðsynlegur til þess að tryggja fyrirsjáanleika í framleiðslunni. Eftir að hámarksverð mjólkurkvótans var sett í þrefalt afurðastöðvaverð varð fjármögnunarkostnaðurinn hamlandi fyrir greinina sem kemur í veg fyrir kynslóðaskipti. Það fjármagn sem hver kynslóð þarf að greiða í vexti við kaup á mjólkurkvóta sé fjármagn sem myndi gagnast betur ef hægt væri að nýta það til uppbyggingar og nýsköpunar á jörðunum sjálfum.

### *Nýliðunarstuðningur hjálpar aðeins*

Ungir bændur eiga þess kost að sækja um nýliðunarstuðning frá stjórnvöldum. Sá stuðningur getur verið allt að 20% af þeirri fjárfestingu sem lagt er út í, þó aldrei meira en níu milljónir króna. Á hverju ári er ákveðinn pottur til úthlutunar og skerðist framlögin til einstakra nýliða ef margir sækja um. Þó er hægt að sækja um styrkinn í þrjú ár þangað til að hámarkinu er náð. Á árunum 2017-2021 voru veittar 684 milljónir króna í nýliðunarstyrki á 131 búi. Í ár verða rúmlega 144 milljónir króna til ráðstöfunar

Stjórnvöld hafa sett ákveðin skilyrði sem umsækjendur þurfa að fullnægja til þess að eiga rétt á hámarksgreiðslu. Þar er m.a. horft til menntunar umsækjenda, jafnréttissjónarmiða, starfsreynslu ásamt framkvæmdar-, og rekstraráætlunar. Einnig þurfa umsækjendur að vera á aldrinum 18-40 ára og sýna fram á að þeir séu nýliðar í landbúnaði.

### *Munar um hverja krónu*

Haukur Marteinsson fór nýlega inn í búskapinn með foreldrum sínum á Kvíabóli í Köldukinn. Hann fór þá leið að kaupa sér 51% hlut í fyrirtækinu sem foreldrarnir voru búnir að stofna utan um búreksturinn og gat nýtt sér nýliðunarstyrkinn.

Hann segir að með því að sækja sér þá þjónustu sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) veitir við styrkumsóknir hafi þetta verið lítið mál.

„Ég held að allt of margir kvarti yfir því að þetta sé of flókið en svo hringir enginn í RML. Þó maður viti kannski hvað eigi að gera þá er gott að láta RML taka óvissuna út í staðinn fyrir að naga puttana í þrjá daga,“ segir hann. Þegar Haukur var búinn að skila inn umsókninni í september árið 2019 skilaði styrkurinn sér síðar um veturinn.

Haukur segir að styrkurinn hafi skipt miklu máli, þrátt fyrir að vera hlutfallslega lítill miðað við heildarfjárfestinguna, sem er á annað hundrað milljónir króna. Þetta hjálpi til að mynda mikið til við að standa straum af ýmsum aukakostnaði sem fylgi því að taka við búi s.s. þinglýsingargjöld, lántökugjöld o.fl.

### *Vitundarvakning*

Þuríður Lillý segist hafa orðið vör við vitundarvakningu hjá stjórnvöldum, Bændasamtökum Íslands og öðrum hlutaðeigandi aðilum. Þeir skilji alvarleika vandans. Ef viðhalda eigi innlendri matvælaframleiðslu og fæðuöryggi þarf að tryggja að ungt fólk geti komist í búskap og jafnframt að eldri kynslóðir geti stigið til hliðar með fullri reisn.

„Ég held að þessu verði breytt til hins betra á næstu misserum. Vonandi verður hægt að koma að einhverjum breytingum við næstu endurskoðun á búvörusamningunum.“

Til þess að stuðla að aukinni nýliðun í landbúnaði segir Þuríður Lillý það nauðsynlegt að tryggja betri lánakjör og breyta skattaumhverfinu til þess að eldri bændur hafi efni á því að víkja frá sínum jörðum. Það væri þá hægt að hafa einhvern hvata fyrir þá sem eru að selja jarðir til þess að selja jarðirnar á lægri upphæð ef það verður til þess að jörðin haldist í búrekstri.

### *Besti lífsstíllinn að vera bóndi*

Steinþór Logi segir að þrátt fyrir allt felist mikil tækifæri í því að verða bóndi. Enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér, kórónuveirufaraldurinn eða stríðið í Úkraínu hafi verið ófyrirsjáanlegt.

Ómögulegt sé að vita hvað gerist eftir ár eða áratug, en eitt sé þó víst: fólk þarf að borða. Því sé mikilvægt að íslenskur landbúnaður leggist ekki af. Ef það á ekki að gerast þarf ungt fólk að sjá sér fært að velja starfsvettvanginn og þar ræður raunverulegur vilji stjórnvalda miklu hvernig þróunin verður.

„Fyrir utan það þá er lífsstíllinn að vera bóndi besti lífsstíll sem nokkur getur valið sér. Það er stór partur af lífi manns hvað maður velur sér að starfa við og ef einhver hefur minnstan grun um að það geti veitt honum lífsfyllingu að stunda landbúnað, þá er það sennilega rétt hjá honum.“



ORKA OG AUÐLINDIR

## Sala íslenskra aflátsbréfa til kaupenda raforku í Evrópu hefur staðið yfir í meira en áratug:

# Íslendingar hafa selt syndaaflausnir vegna losunar á 68 milljónum tonna af $CO_2$

## – að auki hafa Íslendingar tekið á sig syndir annarra á pappírunum vegna losunar á nær 153 tonnum af geislavirkum úrgangi

**Í rúman áratug, eða frá árinu 2011, hafa íslensk orkufyrirtæki selt hreinleika- eða upprunavottorð á raforku til fyrirtækja Evrópu. Í skjóli þessara vottorða hafa erlend fyrirtæki skreytt sig og segjast nota hreina orku sem samt er framleitt að meirihluta með kolum, olíu, gasi og kjarnorku. Á mannamáli þýðir þessi sala upprunavottorða að Íslendingar eru beinlínis að hjálpa erlendum fyrirtækjum að blekkja neytendur.**



Hörður Kristjánsson.

Íslensk orkufyrirtæki og ráðamenn þjóðarinnar stæra sig af þessu og vísa gjarnan til þeirra miklu peninga sem fást fyrir hreinleika- eða upprunavottorðin. Þeim virðist slétt sama um þá neikvæðu ímynd sem um leið er sett á íslenska orkuframleiðslu í opinberum plöggum Orkustofnunar. Allt virðist í þeirra augum réttlætanlegt fyrir peninga og sagt að þetta skipti engu máli. Það viti jú allir að Íslendingar framleiði nær 100% sinnar raforku með endurnýjanlegum orkugjöfum, fallvatnsorku og jarðvarma.

Þetta viðhorf er svo m.a. staðfest í ársskýrslu Landsvirkjunar þar sem mjög ítarlega er farið í saumana á losun gróðurhúsalofttegunda frá jarðvarma, lónum og vegna ýmissa þátta í rekstri eins og aksturs bifreiða. Ferðir starfsfólks til og frá vinnu eru þar meira að segja tíundaðar og sagðar losa 107 tonn af $CO_2$ ígildum árið 2021. Það er hins vegar ekki orð um að taka ábyrgð af sölu upprunavottorðanna og taka erlenda sóðaskapinn sem þar kemur á móti inn í bókhald fyrirtækisins.

### Aflátsbréf upp á losun á 68 milljónum tonna af $CO_2$ á ellefu árum

Þegar litið er á 11 ára sölusögu á hreinleikavottorðum eins og hún er skráð hjá Orkustofnun, þá sést að heildarlosun koltvísýrings ($CO_2$) sem orkusalar úti í Evrópu telja sig hafa hvítþvegið sig af nemur 68.064.786,9 tonn af $CO_2$. Já, rúmum 68 milljónum tonna, eða nærri 6,2 milljónum tonna á ári að meðaltali, reiknað út frá uppgefinni losun á hverja kílówattstund. Þá telja orkusalar úti í Evrópu sem nota íslensku upprunavottorðin að þeir beri heldur ekki ábyrgð á losun 152,6 tonna af geislavirkum úrgangi heldur íslenskir orkuframleiðendur. Það er losun sem nemur að meðaltali nærri 13,9 tonnum af geislavirkum úrgangi á ári.

### Nær þreföld sú losun sem Ísland ber ábyrgð á samkvæmt samningum

Samkvæmt tölum Umhverfisstofnunar nam heildarlosun Íslands árið 2020 alls rúmum 13,5 milljónum tonna af $CO_2$ -ígildum. Árleg meðaltalslosunin sem við ættum að bera ábyrgð á úti í Evrópu með sölu á aflátsbréfum íslenskra orkufyrirtækja, nemur nærri helmingi heildarlosunar Íslands árið 2020. Samt er sú tala hvergi nefnd í tölum Umhverfisstofnunar. Þrátt fyrir það segir Umhverfisstofnun að samkvæmt skuldbindingum Íslands í loftslagsmálum þá hafi Ísland borið ábyrgð á rúmum 2,7 milljónum tonna af $CO_2$. Árleg losun sem evrópskir orkusalar eru hvítþvegnir af með kaupum sínum á íslenskum aflátsbréfum nemur því nær þrefaldri þeirri losun sem Umhverfisstofnun segir að Íslendingar beri ábyrgð á samkvæmt fjölþjóðlegum samningum.

### Syndaaflausn gefin út fyrir losun á 152,6 tonnum af geislavirkum úrgangi á 11 árum

Umhverfisstofnun minnist svo ekki einu orði á að Íslendingar losi eitt einasta gramm af geislavirkum úrgangi. Enda hefur Umhverfisstofnun trúlega ekki vitneskju um eitt einasta kjarnorkuver í rekstri á Íslandi. Samkvæmt tölum Orkustofnunar hafa Íslendingar samt undanfarin 11 ár losað um 152,6 tonn af geislavirkum úrgangi með sölu upprunavottorða. Það gerir að meðaltali nærri 13,9 tonn á ári. Í skjóli þessa hafa evrópsk fyrirtæki fullyrt við sína viðskiptavini að þau beri ekki ábyrgð á þessum 152,6 tonnum hvað þá 68 milljónum tonna af koltvísýringi.

Evrópsku fyrirtækjaeigendurnir geta meira að segja framvísað fallegum vottorðum um að orkan þeirra sé tandurhrein og komin alla leið frá Íslandi. Þeirra sálir séu því tandurhreinar. Auðvitað er þetta samt allt haugalygi, en gerir nokkur veður út af slíkum smámunum þegar veifað er þykkum seðlabúntum?

### Óhreinindi ekki færð til bókar

Landsvirkjun framleiðir um 70% af raforku Íslendinga og að mestu með vatnsafli og um 85-87% orkunnar fer til stóriðju, en um 13-15% til orkusölufyrirtækja sem heita; ON, HS Orka, N1 Rafmagn, Fallorka, Orkusalan, Orka heimilanna, Orkubú Vestfjarða og Straumlind.

Stefna Landsvirkjunar í loftslagsmálum og bindingu kolefnis virðist metnaðarfull í skýrslunni. Þar er samt ekki minnst einu orði á hvað Landsvirkjun ætti að taka á sig á pappírunum í losun gróðurhúsalofttegunda vegna sölu á hreinleikavottorða íslensku orkunnar úr landi. Allt er það fyrir utan sviga eins og svo margt annað í margumtöluðum alþjóðlegum loftslagsmarkmiðum.




**Á sama tíma og á sama stað og Orkustofnun setur fram upplýsingar um uppruna orku í samræmi við sölu upprunavottorða, birtir hún þessa mynd á heimasíðu sinni. Þar segir að raforka sem framleidd er á Íslandi sé 100% hrein. Jafnvel þó engin upprunavottorð væru seld, þá væri þetta ekki rétt. Nægir þar að nefna olíunotkun varaaflsstöðva og útlistanir í síðustu ársskýrslu Landsvirkjunar.**




**Uppruni raforku á Íslandi samkvæmt tölum Orkustofnunar. Þetta skífurit sýnir meðaltal uppruna íslensku raforkunnar eftir frumorkugjöfum á árunum 2011 2021, þegar búið er að reikna inn í áhrif af sölu upprunavottorða.**

### Sala aflátsbréfa skilaði um milljarði króna á síðasta ári

Í skýrslu Landsvirkjunar vegna ársins 2021 segir orðrétt um sölu upprunaábyrgða:

„Loftslagsbreytingar eru eitt af stærstu verkefnum samtímans og neytendur eru sífellt að verða meðvitaðri um mikilvægi þess að bregðast við. Lykilþáttur í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eru orkuskipti yfir í endurnýjanlega orku. Upprunaábyrgðakerfið byggir á alþjóðlegu samstarfi Evrópulanda og leikur mikilvægt hlutverk í að auka fjárhagslega hvata til framleiðslu endurnýjanlegrar orku. Eftirspurn eftir grænni orku og þar með upprunaábyrgðum hefur aukist mikið undanfarið með tilheyrandi verðhækkunum á upprunaábyrgðum. **Tekjur Landsvirkjunar af sölu upprunaábyrgða á árinu 2021 námu rúmlega einum milljarði króna og útlit er fyrir þó nokkurn tekjuvöxt á næstu árum.“**

### Orkuframleiðsla á Íslandi sögð verulega óhrein í gögnum Orkustofnunar

Frá árinu 2011 þegar sala hófst á aflátsbréfum íslenskra orkufyrirtækja og til ársloka 2021, þá hefur Orkustofnun vegna þeirra viðskipta einungis geta sagt að hrein raforkuframleiðsla á Íslandi með endurnýjanlegum orkugjöfum hafi numið að meðaltali 39% á ári.

Á þessu ellefu ára tímabili var samkvæmt pappírum Orkustofnunar verið að framleiða um 38% raforkunnar á Íslandi með kolum, olíu og gasi. Á sama tímabili framleiddu Íslendingar samkvæmt tölum Orkustofnunar 23% raforkunnar að meðaltali á ári með kjarnorku. Samt er ekkert kjarnorkuver á Íslandi svo vitað sé.

### Sala nýju syndaaflausnanna í loftslagsmálum hófst 2011

Sala íslenskra aflátsbréfa fór rólega af stað fyrstu tvö árin. Árið 2011 sagði Orkustofnun að 99% íslensku raforkunnar væri framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. Samt segir sama stofnun á heimasíðu sinni að einungis 89% íslensku raforkunnar væri framleidd það ár




**Uppruni raforku á Íslandi 2021 samkvæmt gögnum Orkustofnunar. Hafa ber í huga að á þessu ári er hlutfall hreinu endurnýjanlegu orkunnar óvenju hátt, en það stafar líklega af samdrætti í sölu íslenskra upprunavottorða vegna erfiðleika í fyrirtækjarekstri í Evrópu í kjölfar Covid-19. Með gríðarlegiaaukinni kolabrennslu til raforkuframleiðslu í Evrópu á yfirstandandi ári má ætla að eftirspurn eftir bréfunum aukist í viðleitni manna til að hvítþvo sig af aukinni losun á $CO_2$.**

með endurnýjanlegum orkugjöfum, annað með jarðefnaeldsneyti og kjarnorku. Þá segir Orkustofnun að hrein raforkuframleiðsla með endurnýjanlegum orkugjöfum hafi verið komin niður í 63% á árinu 2012, en áfram er samt flaggað nær 100% hreinleika orkunnar.

### Hreina íslenska orkan fór niður í 9% árið 2019

Nokkuð flókt hefur verið á sölunni eftir stöðu í rekstri fyrirtækja úti í Evrópu. Árið 2016 var gott ár í slíkum viðskiptum og þá var hrein orkuframleiðsla á Íslandi komin niður í 13% samkvæmt OS. Hún fór svo niður í 11% árið 2018 og 9% árið 2019 vegna mikillar sölu aflátsbréfa. Hækkandi orkuverð og samdráttur í fyrirtækjarekstri í Evrópu breytti þessari tölu í 13% árið 2020. Enn meiri hækkun orkuverðs og samdráttur í fyrirtækjarekstri vegna Covid-19 dró svo talsvert úr sölu íslenskra aflátsbréfa árið 2021. Þá var hrein raforkuframleiðsla á Íslandi sögð nema 63% af heildaraforkuframleiðslu landsins, eða sama hlutfall og 2012.

### Vísvitandi logið að trúgjörnum almúganum?

Ef verið er að selja hluta af hreinleika íslensku orkunnar úr landi, þá hlýtur það að þýða að verið sé að selja þessa sömu orku úr landi og í staðinn verði menn að taka óhreinindin að sér og færa til bókar. Ef það er ekki gert, þýðir það á mannamáli að verið sé ljúga vísvitandi að einhverjum.

Siðlaust háttalag af þessum toga er svo sem ekkert nýtt. Kirkjan stundaði sams konar iðju á öldum áður. Það kölluðust aflátsbréf og gat fólk keypt slík bréf til að hvítþvo sig af drýgðum syndum. Aflátsbréf voru vottorð sem sölumenn páfa seldu um alla Evrópu til að fjármagna framkvæmdir við Péturskirkjuna í Róm. Aflátsbréf áttu að tryggja þeim sem keyptu bréfin, afslátt frá hreinsunareldi eftir dauða. Fyrsta prentaða skjalið úr prentsmiðju Gutenbergs var aflátsbréf. Sala slíkra aflátsbréfa stóð um aldir, en hún hófst í Þýskalandi árið 1516 og það var munkurinn Jóhannes Tetzel sem sá um sölu þeirra. Marteinn Lúther mótmælti þessu kröftuglega og er það talið marka upphaf svonefndrar siðbótar í trúmálum.

Prestar og prelátar vissu svo sem vel að þeir höfðu ekkert umboð til að veita slíkar syndaaflausnir og drýgðar syndir hurfu ekkert þó fólk veifaði kirkjulegum syndaaflausnum á dánarbeðinum. Prestarnir þurftu heldur ekki að bera neina ábyrgð á sinni lygi. Kirkjan græddi hins vegar vel og þá var tilganginum náð.

Nákvæmlega sama gildir um sölu syndaaflausna, – fyrirgefið – upprunavottorða, íslensku orkufyrirtækjanna. Þau bréf eru einfaldlega hluti af þeirri alþjóðlegu peningafléttu sem sett var í gang í skjóli stýrðrar umræðu um „hamfarahlýnun“ af mannavöldum.

### Syndir Evrópubúa seldar til Íslands

Sala aflátsbréfa íslenskra orkufyrirtækja hefur skilað milljörðum

## ORKA OG AUÐLINDIR

króna á undanförnum áratug. Í staðinn hefur Orkustofnun þurft að tilgreina „svo lítið beri á“ í sínu bókhaldi að Íslendingar séu alls ekki eins hreinir orkuframleiðendur og haldið er fram í opinberri umræðu og í gögnum orkufyrirtækjanna. Í stað sölu á upprunavottorðum þarf Ísland nefnilega að tilgreina hvað það tekur á sig í staðinn af losun gróðurhúsalofttegunda og geislavirks úrgangs. Ekkert er samt gert með þessar tölur á Íslandi og eru þær hvergi notaðar í umræðum um losun á gróðurhúsalofttegundum.

*Töfralausnin sem varð að martröð*

Mikil vandræði hafa verið í orkuframleiðslu í Evrópu undanfarin ár. Sameiginlegur innri orkumarkaður var töfralausn sem Evrópusambandið hefur reynt að selja öllum þjóðum Evrópu, þar á meðal Íslendingum. Utan um þetta var búið til mikið regluverk sem komið var á með tilskipunum ESB í formi sérstakra orkupakka.

Á árinu 2009 samþykkti ESB þriðja orkupakkann sem fól í sér tilskipanir um orku frá endurnýjanlegum orkulindum. Þar sem flest Evrópulönd voru orðin uppiskroppa með vatnsorku var lögð mikil áhersla á að Noregur og Ísland samþykktu orkupakkann undir beinum og óbeinum hótunum um mögulega riftun EES viðskiptasamstarfsins ef þetta færi ekki í gegn.

Meirihluti íslenskra alþingismanna, eða 46 þingmenn, bitu á agnið og samþykktu innleiðingu á þriðja orkupakkanum þann 2. september 2019. Fullyrt var að þetta væri gert með einskærri umhyggju fyrir neytendum. Eftirlitsstofnunin ACER fylgist svo með að tilskipuninni sé framfylgt og hér er það hlutverk á hendi Orkustofnunar.

*Afhjúpun Dana á skortstöðukerfinu*

Nú hefur komið í ljós að neytendaumhyggjan var engin og innri orkumarkaðurinn og orkupakki 3 með öllum sínum millilandatengingum hefur valdið evrópskum neytendum stórkostlegu fjárhagstjóni.



**Afsalsbréf páfa frá um 1430 voru sögð tryggja þeim sem keyptu bréfin afslátt frá hreinsunareldi eftir dauða. Sala slíkra bréfa hófst í Þýskalandi og þótti það siðlaus að hún olli klofningi kirkjunnar. Aflátsbréfin sem seld eru af raforkuframleiðendum á Íslandi hafa verið notuð til að sanna fyrir viðskiptavinum fyrirtækja í Evrópu að þau noti hreina raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum, þó þau geri það alls ekki. Allavega kemur sú orka ekki frá Íslandi.**

Þá kom berlega í ljós megintilgangur sameiginlega orku- markaðarins þegar vindmyllu- rekendur í Danmörku upplýstu að Þjóðverjar greiddu þeim fyrir að slökkva á raforkuframleiðslu frá sínum vindmyllum. Um það má m.a. lesa í Bændablaðinu sem kom út 2. maí 2022. Var það allt gert samkvæmt því sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kallar „Electricity market design“, eða hönnun raforkumarkaðar.

*Reynt að endurskrifa söguna*

Í dag er svo verið að reyna að skrifa söguna upp á nýtt með því að skella allri skuldinni af háu orkuverði í Evrópu á stríðsrekstur í Úkraínu.



**Samkvæmt upplýsingum frá Agora Energiewende frá því í ágúst síðastliðnum, þá er nú búist við að losun $CO_2$ aukist um 20 til 30 milljónir tonna á yfirstandandi ári vegna aukinnar kolanotkunar í raforkuframleiðslu. Þetta er einkum frá brennslu brúnkola sem menga mun meira en steinkol. Brúnkol eru í raun mór sem hefur þjappast saman og steingerst undir þrýstingi. Losunarheimildir orkuframleiðslu í Þýskalandi nema í heild 257 milljónum tonna af $CO_2$ ígildum á þessu ári. Á árinu 2021 var losunin frá orkuverum 221 milljón tonn. Áætlanir Þjóðverja gera ráð fyrir rekstri kolaorkuvera allt til ársins 2038.** Mynd / Wikipedia

Samt hafði orkuverðið í Evrópu verið á hraðri uppleið síðan 2019. Þá höfðu Þjóðverjar að kröfu Græningja slökkt á þrem kjarnorkuverum í ársbyrjun 2022, eða tveim mánuðum áður en átökin hófust. Þeir létu einnig undan kröfum Bandaríkjamanna, en að vísu með semingi, um að draga úr gas- og olíukaupum frá Rússlandi sem hefur verið vaxandi burðarstoð í orkuframleiðslu í Evrópu á undanförnum árum. Til að mæta þessu hafa Þjóðverjar þurft að grípa til örþrifaráða sem gera loftslagssamþykktir í raun að engu. Þannig voru sett ný lög í Þýskalandi í júní sem heimila stóraukinn námugröft og brennslu á brúnkolum til raforkuframleiðslu.

*56% af raforku 27 ESB ríkja er framleidd með jarðefnaeldsneyti og kjarnorku*

Á árunum 2019 til 2021 var 56% raforku í 27 Evrópusambandslöndum framleidd með gasi, kolum, kjarnorku og olíu, en 44% með endurnýjanlegum orkugjöfum samkvæmt tölum hinnar sjálfstæðu upplýsingaveitu EMBER.

Þetta hlutfall hefur sáralítið breyst frá 2011. Þrátt fyrir yfirlýsingar um stóraukningu á framleiðslu hreinnar orku, þá er nú verið að auka verulega kolanotkun að nýju í þessum ríkjum. Samdráttur í kaupum á gasi og olíu frá Rússlandi spilar þar stóra rullu sem kemur til viðbótar þeim orkuskorti sem þegar var orðinn ljós.

Það er því viðbúið að verulega aukin eftirspurn verði eftir aflátsbréfum frá Íslandi til að reyna að hvítþvo eitthvað af stórauknum kolefnisútblæstri frá ESB löndunum. Svo er hrópað eftir því að Íslendingar lýsi yfir neyðarástandi í loftslagsmálum!

*Siðferðilegt álitamál sem þjóðin hefur aldrei verið spurð um*

Það er svo spurning hvort Íslendingum finnist siðferðilega réttlætanlegt að taka þátt í að haldið sé áfram að ljúga að viðskiptavinum erlendu orkufyrirtækjanna. Reyndar hefur íslenska þjóðin aldrei verið spurð um samþykki fyrir sölu aflátsbréfa úr landi fyrir orku sem hefur samt aldrei verið seld út fyrir landsteinana.

Samt er það þjóðin sem á orkulindirnar og orkuframleiðslufyrirtækin sem verið er að nota með þessum hætti.

*Hörður Kristjánsson*
*hk.reinalds@gmail.com*



Áhugaleikhúsin hefja starfsemi sína að nýju:

# Titringur í lofti & tilhlökkun í hjörtum sviðslistafólks

**Nú er kominn sá tími árs að þeir fjölhæfu meistarar áhugaleikhúsanna fari að gyrða sig í brók og búa sig undir að æfa fyrstu takta tilvonandi sýninga þessa misseris.**

Eða vinna bak við tjöldin. Áætlaður æfingatími er um 6-8 vikur og í kjölfarið gleður meistaraverkið þá sem á horfa til jafns við þá sem koma að því.

***Yfirlit áhugaleikhúsa – ef þig langar að vera með***

Áhugaleikhús má finna víða um land, allt frá höfuðborgarsvæðinu til Hornafjarðar – en fyrir forvitna og þá sem áhuga hafa – samkvæmt upplýsingum frá Herði Sigurðarsyni, framkvæmdastjóra Bandalags íslenskara leikara, eru aðildarfélögin eftirfarandi:

- Freyvangsleikhúsið Eyjafirði
- Halaleikhópurinn Reykjavík
- Hugleikur Reykjavík
- Leikdeild UMF. Gnúpverja
- Leikfélag A-Eyfellinga
- Leikfélag Blönduóss
- Leikfélag Dalvíkur
- Leikfélag Fjallabyggðar
- Leikfélag Flateyrar
- Leikfélag Fljótsdalshéraðs
- Leikfélag Hafnarfjarðar
- Leikfélag Hofsóss
- Leikfélag Hólmavíkur
- Leikfélag Hörgdæla
- Leikfélag Hornafjarðar
- Leikfélag Húsavíkur
- Leikfélag Hveragerðis
- Leikfélag Keflavíkur
- Leikfélag Kópavogs
- Leikfélag Mosfellssveitar
- Leikfélag Norðfjarðar
- Leikfélag Ölfuss
- Leikfélag Rangæinga
- Leikfélag Sauðárkróks
- Leikfélag Selfoss
- Leikfélag Seyðisfjarðar
- Leikfélag Sólheima
- Leikfélag Vestmannaeyja
- Leikfélagið Borg
- Leikfélagið Grímnir Stykkishólmi
- Leikfélagið Skagaleikflokkurinn Akranesi
- Leikfélagið Sýnir sem starfar á landsvísu
- Leikflokkur Húnaþings vestra
- Leikhópurinn Lopi á Suðurlandi
- Litli Leikklúbburinn Ísafirði
- Stúdentaleikhúsið Reykjavík
- Umf. Biskupstungna Leikdeild Bláskógabyggð
- Umf. Dagrenning Leikdeild Lundarreykjadal
- Umf. Efling Suður-Þingeyjarsýslu
- Umf. Íslendingur Leikdeild Skorradalshreppi
- Umf. Reykdæla Logalandi
- Umf. Skallagrímur Leikdeild.

***Allir geta lagt hönd á plóg***

Það er þá úr nógu að moða fyrir þá sem hafa hug á að leggja leiklistina fyrir sig, en einnig er vert að benda á störf þeirra er sjá um uppsetningu leikmyndar, smíðar, saumaskap, ljós, hljóð, tónlist eða í raun allt það sem viðkemur sviðslistum. Þar vantar að sjálfsögðu snillinga líka og um að gera að hafa samband ef áhugi er fyrir því að fá að vera með. Eins og einhver sagði – áhugaleikhúsin eru nær einu félagasamtökin sem ekki kostar í, þar er allur aldur velkominn og allir sem geta lagt hönd á plóg.

***Þjónustumiðstöð BÍL veitir aðstoð á margan hátt***

Ágætt er að vita að í þjónustumiðstöð BÍL (Bandalags íslenskra leikara) sem er á Kleppsmýrarvegi 8, 104 Reykjavík, er að finna stærsta leikritasafn landsins fyrir þá er hyggja á að setja upp leikrit.

Starfsfólk miðstöðvarinnar aðstoðar við útvegun sýningarleyfa og sér um innheimtu höfundargreiðslna, auk þess að veita aðra ráðgjöf, en síminn hjá BÍL er 551-6974.

Lista yfir leikstjóra má svo finna á vefsíðunni www.leiklist.is undir flipanum Þjónusta og um að gera að kynna sér feril þeirra og fjölbreytileika.

***Staðan þessa dagana***

Eitthvað er um að leikfélögin séu þegar komin með næsta verkefni, ráðningar leikstjóra eru í pípunum og eftirvænting hjá meðlimum.

Eins og staðan er núna hafa þessi leikhús hafið uppsetningu á eftirfarandi verkum:

- Leikfélag Hveragerðis: Benedikt búálfur,
- Leikfélag Keflavíkur: Ronja ræningjadóttir,
- Leikfélag Sauðárkróks: Skilaboðaskjóðan,
- Leikfélag Fljótsdalshéraðs: Gulleyjan (eftir Robert Louis Stevenson)
- Leikfélag Kópavogs: Tvö Dario Fo verk - Betri er þjófur í húsi en snurða á þræði/Lík til sölu

Leikfélag Hörgdæla áætlar að setja verkið Stelpuhelgi í sýningu eftir áramótin eða í febrúar 2023.

Leikfélag Vestmannaeyja er einnig með hugmyndir um barnaleikrit nú með haustinu á borð við Ávaxtakörfuna og hefur þegar ráðið leikstjóra til starfa.

Allar horfur eru því á góðu leikári og áhugasamir hvattir til að vera í sambandi við leikhúsin, hvort sem um ræðir að kaupa miða á sýningar, aðstoða við uppsetningu leikmynda, ljósa, hljóðhönnun eða annars, til dæmis því að spreyta sig á sviðinu.

/SP


Fyrsti kossinn – Keflavík


Stúart litli – Mosfellssveit


Rúi og Stúi – Kópavogur


Beint í æð – Selfoss


Nei, ráðherra – Sauðárkrókur

**Hér má líta á myndir frá loknu leikári, en mikið var um glaum og gleði á þessu fyrsta ári eftir faraldur Covid-veirunnar.**


Leitin að sumrinu – Sólheimar


Ef væri ég gullfiskur – Reykholt


Pétur Pan – Húnaþing vestra


Ferðamaður deyr – Hafnarfjörður


Kardimommubærinn – Eyjafjörður


Lífræn hreinsistöð



- Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engin hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar



WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar




Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

# Íslenskur landbúnaður 2022
## Sýningarskrá í Bændablaðinu

Í tilefni Stórsýningarinnar Íslenskur Landbúnaður sem haldin verður í Laugardalshöll, helgina 14.–16. október, mun Bændablaðið gefa út blaðauka með útgáfu blaðsins 6. október nk. sem þjóna mun sem sýningarskrá Íslensk landbúnaðar.

Auk þess að vera dreift, líkt og Bændablaðið, á öll lögbýli landsins, á áskrifendur og í verslanir, mun sýningaskráin vera til taks öllum þeim sem mæta á stórsýninguna.

Fyrirtækjum sem eru með bása á sýningunni býðst að kaupa kynningu í blaðaukanum þar sem þau geta komið þjónustu sinni og vörum á framfæri í samstarfi við blaðamenn Bændablaðsins.

Munu sýnendur fá tölvupóst sendan á næstu dögum varðandi þáttöku.

Allar frekari upplýsingar veitir Þórdís Una, á netfanginu thordis@bondi.is

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR -2022-

Bændablaðið

## Ostagerð í Hvammshlíð:

# Sex ostategundir í framleiðslu með kryddi úr íslenskri náttúru



Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Ostagerðarkonan Karólína í Hvammshlíð.



Ostavinnslurýmið er í hvíta hornhúsinu á myndinni frá Hvammshlíð.

**Karólína Elísabetardóttir, bóndi í Hvammshlíð og frömuður í verkefnum sem tengjast ræktun á riðuþolnum sauðfjárstofni á Íslandi, stundar nú metnaðarfulla ostagerð heima á bæ og selur beint frá býli.**

Um kúamjólkurosta er að ræða, sex tegundir, sem kann að virðast sérkennilegt þar sem enginn kúabúskapur er á bænum.

Karólína segir að ástæða þess að hún framleiði úr kúamjólk en ekki sauðamjólk sé einfaldlega sú að hún eigi ekki nógu margar mjólkandi ær til að framleiða osta í einhverju magni, það sé heldur ekki hagkvæmt með sauðamjólkina í hennar tilfelli. Hún mjólkar ærnar sínar þó til heimilisbrúks áfram.

„Forsagan er eiginlega sú að mig hafði alltaf dreymt um að vera með kýr – kannski fjórar eða fimm. Svo ég hugsaði með mér að vegna þess hversu erfiðar samgöngur eru hér til mín yfir vetrartímann þá væri gott að geta komið mjólkinni í geymsluhæft form – og þá var ostagerðin nærtækur kostur. Ekki síst þar sem ég hef haft áhuga á ostagerð í marga áratugi, ég bjó til dæmis til súrmjólk, skyr og jógúrt úr mjólk frá kúabúi í nágrenni okkar þegar ég var unglingur.“

### *Ostavinnsluaðstaða fyrsta skrefið*

„Þessi hugmynd gerjaðist svo í mér í nokkur ár og fyrsta skrefið tók ég svo í fyrravetur með því að koma mér upp vinnsluaðstöðu fyrir ostagerðina. Ég fékk styrk til þess úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins og úr Uppbyggingarsjóði SSNV. En planið hefur verið að koma ostagerðinni vel af stað áður en ég fari lengra, því það þarf tiltölulega miklar fjárfestingar til að byggja fjós þótt lítið sé. Það hefur hins vegar dregist út af riðurannsókninni miklu sem ég lagði svo gott sem alla orku í. Ég ákvað þá að leita mér samstarfs við Þorgrím Guðbjartsson á Erpsstöðum – en þaðan hef ég fengið góð ráð og mikla aðstoð. Ég mátti til dæmis nota aðstöðu í ostavinnslunni þar á bæ til að koma mér upp miklum birgðum í einu. Hann er með 300 lítra ostatank, risastóran ketil í rauninni, þar sem hægt er að búa til mikið af ostum í einu á mjög hagstæðan hátt. Þá notaði ég auðvitað kúamjólkina frá honum – gerilsneydda, eins og lög gera ráð fyrir,“ segir Karólína.

Ostategundirnar eru allar í grunninn gerðar með svipuðum hætti, en þó eru þær allar með mismunandi kryddi og villtum íslenskum jurtum, fléttum og þörungum – sem Karólína segir að skapi ostunum hennar nokkra sérstöðu. Hún segist aðeins vera að prófa sig áfram með misháum hita og mismikilli ostakornastærð í framleiðsluferlinu, auk þess með mismiklu salti. Allt þetta hefur mikil áhrif á bragð og áferð ostanna. Í grunninn séu ostarnir mildir brauðostar, þroskist í fimm til sex vikur fyrir sölu, og hún hafi ákveðið að hafa þá þannig svo þeir yrðu aðgengilegir flestum því margir séu viðkvæmir fyrir sterku ostabragði.

### *Komin vel í gang*

Fyrir um ári síðan fékk hún framleiðsluleyfi frá Matvælastofnun, fór að gera tilraunir við vinnslu á ostategundum sem sérvaldur 30 manna hópur prófaði svo, fólk bæði í þéttbýli og í sveitinni og á öllum aldri. Síðan tóku við annasamir tímar í verkefnum tengdum riðurannsóknum í sauðfé.

Fyrir skemmstu tók hún upp þráðinn í ostagerðinni og er nú komin vel af stað í framleiðslu og sölu. Þær sex ostategundir sem eru nú í framleiðslu í Hvammshlíð eru: hreinn ostur, birki-, hvannar-, fjallagrasa-, blóðbergs- og sölvaostur. „Sérstaðan í minni ostagerð – fyrir utan notkunina á villtu íslensku jurtunum – er sú að ég nota súrmjólk sem sýrugerla. Hún gefur líka sérstakan keim – sem minnir aðeins á ávaxtakeim – og er ekki að finna í öðrum brauðostum hér á landi svo ég viti. Ostagerð þarfnast sýrugerla og venjulega eru notaðir innfluttir ostagerlar.



Karólína notar m.a. söl, fléttur og þörunga til að bragðbæta ostana.

Ef ég ætla að fara að framleiða osta með lengri þroskunartíma þarf ég líka að breyta aðstöðunni svo ég hafi geymslurými fyrir slíkan lager – þannig að ég þarf líka að skoða hvort það er hagstætt í heildinni séð,“ útskýrir Karólína.

### *Ýmsar söluleiðir – líka áskrift*

Hægt er að panta osta hjá henni beint hjá henni og í gegnum Facebook-síðuna „Hvammshlíðarostur“. Það er engin söluaðstaða á bænum, vinnslurýmið er of lítið til þess, hreinlætiskröfur leyfa það ekki og ekki síst þá vantar hana tíma til að að sinna viðskiptavinum heima á bænum. Karólína býður þess vegna upp á ýmsar leiðir við afhendingu; bein afhending á Blönduósi eða Sauðárkróki samkvæmt samkomulagi en svo sendir hún líka til annarra landshluta. Hún segir að mikið hafi verið að gera í að afgreiða pantanir að undanförnu og hún reyni að framleiða jafnóðum svo hún hafi alltaf eitthvað á boðstólum þótt hin eða þessi tegund sé kannski tímabundið uppseld.

„Meira að segja er hægt að fá osta í áskrift sem hefur slegið í gegn – allt að þrjár mismunandi tegundir, samtals 1 kíló eða meira á mánuði, á sérstöku áskriftarverði. Þá stendur til að ostarnir fari inn í sérverslanir, bæði í nágrenni Hvammshlíðar og á höfuðborgarsvæðinu. Prufusamstarf við eina slíka búð í Garðabæ er þegar hafið.“

Enn er ekki útilokað hjá Karólínu að byggja fjós, fá sér kýr og reka í Hvammshlíð mjög lítið kúabú. „Þetta er hins vegar mikil fjárfesting og tíminn þarf að leiða það í ljós hvort og hvenær þetta er raunhæft.“

### *Ostaketill á tvöfaldan hátt tengdur Bændablaðinu*

Nýjasta græjan í ostavinnslunni í Hvammshlíð verður 75 litra ketill sem á að leysa af hólmi þrjá 25 lítra potta og verður mikill vinnusparnaður, að sögn Karólínu.

„Það vill svo skemmtilega til að ketillinn er á tvöfaldan hátt tengdur smáauglýsingu í Bændablaðinu. Hann var auglýstur þar nýlega og í ljós kom að hann væri staðsettur í Njarðvík. Þetta er langt frá Hvammshlíð en sem betur fer hafði ég lesið árið 2019 allt aðra smáauglýsingu í Bændablaðinu sem var reyndar frá 2017; um ódýra gistingu fyrir bændur á leiðinni til útlanda þar sem geymsla á bíl væri innifalin. Ég hafði á þeim tíma samband við gistiheimilið sem var einmitt staðsett í Njarðvík og rekið af Reyni Jónssyni frá Sleitustöðum í Skagafirði. Bara spölkorn frá þessu gistiheimili var sumsé þessi ketill sem mig vantaði.

Frá því að ég gisti hjá Reyni höfum við verið góðkunningjar, enda bjó ég í Skagafirði í nokkur ár og við eigum marga sameiginlega kunningja og vini. Þegar ég svo athuga með ketilinn hjá Reyni var hann að sjálfsögðu til í að gripa ketilinn góða með sér í næstu ferðinni sinni norður og auðvitað fékk Reynir bensíngjaldið borgað í ostum!

Ekki nóg með það, því í ljós kom að Þórgrímur á Erpsstöðum átti sérsmíðað ílát sem passar nákvæmlega fyrir þennan pott – sem hann notaði ekki lengur. Hann ákvað bara að gefa mér ílátið. Varla er hægt að hugsa sér aðra eins heppni, sem er Bændablaðinu alveg að þakka,“ segir Karólína.



## Matvælaráðuneytið:

# Sameinuð stefna fyrir landgræðslu og skógrækt

**Þegar nýtt matvælaráðuneyti varð til í byrjun febrúar á þessu ári færðust Landgræðslan og Skógræktin þangað yfir, úr umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.**

Í lok ágúst gaf Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra út fyrstu sameinuðu stefnuna í landgræðslu og skógrækt, Land og líf, auk aðgerðaráætlunar.

Ljóst má vera, að vilji er innan stjórnkerfisins til að þessar tvær ríkisstofnanir muni vinna náið saman í nánustu framtíð – en fram til þessa hefur samstarf þeirra verið lítið. Í vor kynnti ráðuneytið til að mynda hugmyndir um forathugun á sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktarinnar.


Birki í Borgarfirði. Mynd / Myndasafn

### *Byggir á lögum frá 2019*

Hin sameiginlega stefna er unnin samkvæmt lögum um landgræðslu, skóga og skógrækt frá 2019. Hún felur í sér stefnu stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt; framtíðarsýn, gildi og áherslur í málaflokknum til ársins 2031 og endurspeglast að verulegu leyti í þeim lögum sem gilda um málaflokkinn. Stefnan tekur mið af þróun mála á alþjóðlegum vettvangi og skuldbindingum Íslands í samstarfi við aðrar þjóðir, svo sem á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðlegra stofnana.

„Verkefnisstjórnir voru skipaðar í júní 2019 og höfðu það hlutverk að móta tillögur að landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt. Verkefnisstjórnirnar tvær unnu að sínum tillögum og kynntu þær í opnu samráði á vormánuðum 2021. Í kjölfarið skiluðu þær tillögum sínum til ráðuneytisins, ásamt umhverfismati og samantekt á helstu athugasemdum.

Áherslur matvælaráðherra snúa að vernd, viðgangi og heilleika vistkerfa á grunni vistkerfisnálgunar. Einnig eflingu náttúrumiðaðra lausna í loftslagsmálum sem samræmast alþjóðlegum skuldbindingum, stuðla að sjálfbærri landnýtingu, efla þekkingu, samstarf og lýðheilsu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land,“ segir í umfjöllun matvælaráðuneytisins um hina nýju stefnu.

### *Val á landi til skógræktar*

Aðgerðaráætlun í landgræðslu og skógrækt nær til ársins 2026 og mun því móta forgangsröðun í aðgerðum stjórnvalda til næstu ára. Meðal skilgreindra aðgerða eru rannsóknir á áhrifum landgræðslu, skógræktar og endurheimtar votlendis á lífríki, gerð nýrra gæðaviðmiða við val á landi til skógræktar og mat á kolefnisjöfnuði fyrir losunarbókhald í loftslagsmálum.

Beinar aðgerðir snúa einkum að endurheimt vistkerfa á röskuðu landi, endurheimt votlendis, endurheimt náttúruskóga og skógrækt. */smh*









## Innflutningur á Norðurlandi:

# Ferskir, lífrænir ávextir frá Andalúsíu í áskrift

## – Lögga og kennari á Dalvík stofnuðu saman fyrirtæki

**„Viðbrögðin hafa vægast sagt verið ótrúlega góð, við erum hreinlega hrærðir yfir þessum góðu viðtökum og hvað fólk hér á Norðurlandi og þá einkum í Dalvíkurbyggð hefur stutt dyggilega við bakið á okkur og hvatt okkur áfram," segir Bessi Ragúels Víðisson, Dalvíkingur sem ásamt félaga sínum, Borja López Laguna, kallaður Bor, er í startholunum með innflutning á ferskum lífrænum ávöxtum frá Spáni undir nafninu Fincafresh.**



Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is

Ávextirnir verða seldir í áskrift og sent er frítt í fyrirtæki sem panta fyrir ákveðna upphæð. Þjónustusvæðið er Tröllaskagi, Eyjafjörður og Húsavík. Bessi er lögreglumaður á Dalvík, hann kynntist Bor árið 2019 þegar hann flutti frá Madrid á Spáni til Dalvíkur til að spila fótbolta með Dalvík/Reyni.

„Aldrei hefði mig grunað hvað líf mitt átti eftir að breytast mikið eftir að ég eignaðist hann sem vin," segir Bessi. Planið hjá Bor var að fá Sheilu kærustu sína til Íslands og búa þar eitt sumar og taka stöðuna að því loknu.

Sheila kom og fékk vinnu í Íþróttamiðstöðinni á Dalvík en Bor fékk stöðu sem stuðningsfulltrúi í Dalvíkurskóla og síðar meir kennarastöðu, en hann er menntaður kennari frá sínu heimalandi.

### *Tungumálakennsla í heita pottinum*

Bessi segir þau Bor og Sheilu hafa unnið hug og hjörtu Dalvíkinga með jákvæðni sinni og kærleika. „Þau hafa frá upphafi borið sig eftir að komast inn í samfélagið á Dalvík og tala bæði íslensku mjög vel," segir hann og rifjar upp að þegar þeir kynntust hafi sig langað að læra spænsku og fóru leikar þannig að Bessi kenndi Bor íslensku og ensku raunar líka, en hann launaði greiðann með því að kenna honum spænsku.

„Kennslustundir fóru yfirleitt fram í heita pottinum í Sundlaug Dalvíkur og þar töluðum við til skiptis, íslensku, ensku og spænsku, um tuttugu mínútur hvert tungumál. Fólk sem ekki þekkti okkur rak stundum upp stór augu þegar við vorum að spjalla saman og sífellt að skipta um tungumál," segir hann.




**Skálað fyrir góðum samningi. Frá vinstri eru Fermin López Laguna, Bessi Ragúels Víðisson, Borja López Laguna, Alberto Aragoneses og Ryan Danger Tanner liggur fyrir framan þá.** Myndir / Aðsendar




**Fincafresh mun bjóða upp á ávaxtakassa sem í er blanda af þeim ávöxtum sem eru í uppskeru hverju sinni.**

Hugmyndin að Fincafresh, sem er spænskt orð og líkast til nær herra- eða búgarður því best í íslenskri þýðingu, má rekja til þess að Bor kom eitt sinn í kaffi til Bessa. „Ég tók fram fjórar appelsínur, skar eina í sundur og hún reyndist ónýt," segir hann og skar hvern ávöxtinn á fætur öðrum í sundur þangað til loks fannst ein sem var næstum því æt. Bor spurði hvaðan þessar appelsínur væru keyptar, það væri alls ekki árstíð þessa ávaxtar á þessum tíma.

„Það var eiginlega þá sem ég áttaði mig á að Íslendingar eru í sérflokki hvað það varðar að láta bjóða sér gamla ávexti, við þekkjum ekkert annað," segir Bessi. Þegar hann spurði Bor hvar Spánverjar kaupi appelsínur þann tíma sem þær vaxa ekki á Spáni svaraði hann: Hvergi, við borðum bara það sem er nýtt."

### *Fundu ávaxtabónda í Andalúsíu*

Í framhaldinu ákváðu þeir félagar að flytja sjálfir inn ferska ávexti fyrir vini og ættingja, en sáu fljótt að það myndi aldrei borga sig vegna mikils flutningskostnaðar.

„Næsta hugmynd var að flytja inn ávexti fyrir allan bæinn og þetta stækkaði sífellt eftir því sem við veltum vöngum lengur yfir þessu og nærliggjandi byggðarlög voru tekin með í dæmið. Það varð úr að við stofnuðum fyrir-



Finca bananar.



Nótuð plastborð fyrir hesthús
úr endurunnu plasti

Stærðir: 32 x 138 x 2400mm

Hjá BYKO færðu sterk og endingargóð nótuð plastborð. Henta vel fyrir hesthús og önnur gripahús.



SAMAN Í 60 ÁR
BYKO
bondi@byko.is



Bessi og Bor fóru einnig út til Spánar og ræddu við bændur og fundu einn sem þeir heilluðust af og eru í mestu samstarfi við.



Félagarnir smakka ávexti á ferð sinni um Spán. Stefnt er að því að fyrstu kassarnir komi til landsins í lok september.

tæki um þennan innflutning á ferskum gæðaávöxtum á góðu verði. Hugmyndin var aldrei að við yrðum ríkir á þessu tiltæki, við viljum einfaldlega gefa fólki tækifæri á að kynnast glænýjum lífrænum ávöxtum frá Andalúsíu," segir Bessi.

Bróðir Bor, Femin, gekk til liðs við þá félaga. Hann fór til Andalúsíu í leit að álitlegum bændum sem ræktuðu lífræna ávexti. Bessi og Bor fóru einnig út til Spánar og ræddu við bændur og fundu einn sem þeir heilluðust af og eru í mestu samstarfi við.

„Hann er með allt milli himins og jarðar má segja, allt lífrænt og sjálfur er hann mikið gæðablóð. Það skiptir okkur máli að finna bændur sem rækta í smáum stíl, eru ekki með stóriðnað, því við vorum hræddir um að það hefði áhrif á gæðin," segir Bessi.

Fincafresh býður nú upp á ávaxtakassa sem í er blanda af þeim ávöxtum sem eru í uppskeru hverju sinni. Í boði eru tvær stærðir, 4 kílóa kassi og 2,5 kíló. Þeir eru sendir til Íslands um leið og þeir eru tilbúnir, fara beint til félaganna á Dalvík sem koma þeim strax til kaupenda.

### *Vinnum í að halda verðinu niðri*

Ekið er heim að dyrum með kassana ef viðskiptavinur óskar þess. Einnig hafa þeir sett upp nokkra staði þar sem þeir staldra við í ákveðinn tíma og kaupendur geta sótt kassann sinn þangað og lækkað þannig sendingarkostnaðinn.

„Þannig vinnum við í því að halda verðinu niðri," segir Bessi. Og bætir við að þeir séu ánægðir með hversu margir hafi skráð sig í áskrift, „því án áskrifenda myndi þetta viðskiptamódel aldrei virka."

Stefnt er að því að fyrstu kassarnir komi til landsins í lok september.











Kári starfaði á Bustarfelli síðastliðið sumar, fornu höfuðbóli og einni stærstu jörð Vopnafjarðar. Á Bustarfelli stendur stór og glæsilegur torfbær sem hefur verið í vörslu Þjóðminjasafnsins frá 1943 og er minjasafn þar til húsa.

# Fortíðin í fyrirrúmi

**Kári Týr Blöndal er ungur maður, fæddur og uppalinn í Reykjavík. Kári hefur mikinn áhuga á þjóðlegum menningararfi og að hans sögn hefur áhuginn í raun fylgt honum frá blautu barnsbeini.**

„Ég hef, yfir tíðina, verið forvitinn um og haft hug á íslenskum þjóðháttum – sem hefur aukist núna upp á síðkastið er ég kynntist fólki með sama áhugasvið,“ segir Kári. „Að auki hef ég lengi haft mikinn áhuga á gömlum hlutum og handverki, alveg síðan ég var krakki.“

### *Best að byrja á bífunum*

Áhugi Kára hefur aukist undanfarið. „Mér finnst til dæmis skemmtilegt að læra að menn hefðu tekið ágætan þátt í saumaskap og prjóni fyrr á tímum, þegar setið var í baðstofunni á kvöldin. Ef til vill ekki í jafn miklu magni og konurnar gerðu, en þegar vantaði skó eða fatnað á fólkið þá áttu allir þátt í þeirri vinnslu.“

Kári hefur mikinn áhuga á þjóðbúningnum, bæði samsetningu og saumaskap, en komst að því að námskeið, þar sem slíkt væri hægt að nema, myndi kosta heldur mikið. Draumur hans er þrátt fyrir það að læra að sauma þjóðbúninga á bæði karla og konur.

„Þetta er auðvitað mikil vandvirknisvinna og margt að læra en mig langar bara til að kunna þetta. Eins og staðan var hjá mér fyrir nokkru var ég í vaktavinnu og sá ekki alveg fram á að komast á nein námskeið í þessum geira. En allt í einu kom á daginn að þarna hentaði mér að fara á námskeið í gerð sauðskinnsskóa hjá Heimilisiðnaðarfélaginu. Ég velti þessu fyrir mér og hugsaði að einhvers staðar þyrfti maður að byrja. Hvers vegna ekki að byrja á bífunum og vinna sig svo upp líkamann seinna?“

Að því námskeiði loknu tók við annað, í pottaleppaprjóni, þar sem hann lærði að prjóna íleppa.

„Maður þarf að geta gefið almennilega undir fótinn ef maður ætlar að sauma par fyrir einhvern sérstakan. Ég hafði ekki prjónað neitt síðan ég var í grunnskóla og þurfti að rifja upp handtökin, er reyndar að leita að einhverjum sem getur kennt mér að slyngja íleppana almennilega svo þeir séu sem flottastir.“



Snoturlega unnir sauðskinnskór, handverk Kára. Myndir / Aðsendar

### *Skrefin tekin til framtíðar, með sauðskinnsskóna undir hendinni*

Skórnir hans Kára eru úr sauðskinni og bryddingin úr fínna leðri, sem er oft kallað hanskaleður. „Annars er hægt að gera þá úr kálfskinni líka og alls konar. Það kom mér á óvart hversu auðvelt var að sauma þá, eiginlega það eina sem ég á stundum í vanda með er að varpa þá eins – svo þeir passi.“

Kári lýsir verkferlinu þannig að þegar búið er að sníða skóna og sauma saman á tá og hæl, þá er varpað með sterkum þræði (þveng) í opið, bæði til að styrkja skinnið og draga opið eilítið saman. Best er að hafa módelið nálægt til að geta mátað gripinn reglulega.

„Ég held ég gangi nú ekki svo langt að selja þá skó sem ég geri. Eins og staðan er núna er þetta meira eitthvað sem ég gef mínum nánustu vinum og fjölskyldu þótt þau hafi nú ekki alveg sama áhugann á þessu,“ segir hann og glottir.

Kári nemur húsasmíði og hyggst hann einbeita sér að öllu því er viðkemur gömlum húsum, viðgerðum á þeim svo og endurgerð.

„Að auki eru torfhús mér ótrúlega kær en ég hef farið á hleðslunámskeið hjá Hannesi Lárussyni í Austur-Meðalholti í Flóanum. Það var mjög fræðandi og skemmtilegt. Svo má kannski geta þess að ég var að vinna á Bustarfelli í sumar. Mér finnst ég vera svolítið kominn heim þegar ég er í kringum torfhús.“

Framtíðin er björt hjá þessum unga manni og gaman að ástríðu hans og á huga á að viðhalda íslenskum þjóðararfi. /SP

*(ps. Þeir sem kunna að slyngja íleppa og hafa áhuga á að kenna Kára handtökin mega hafa samband; sigrunpeturs@bondi.is - s.6624 124)*

## Gerð íslenska þjóðbúningsins:

# Með lífsgleðina að vopni

## – Ebenezer Bárðarson tekinn tali




Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is


**Hagleiksmaðurinn Ebenezer Bárðarson er sannur snillingur er kemur að handverki og vílar ekki fyrir sér að sauma sér þjóðbúning ef þannig stendur á.**

Ebenezer er jafnfær við saumaskap og smíðar enda virkur í Félagi trérennismiða á Íslandi þó stærsta hluta ævinnar hafi hann starfað sem stýrimaður, brunað um á mótorhjóli með flaksandi hár og skegg og notið lífsins. Enn nýtur hann lífsins og er mikill talsmaður þess að koma vel fram við sjálfan sig og aðra, bæði í orði og gjörðum. Gaman er að spjalla við þennan lífsglaða mann sem ætlar að fræða okkur um skref sín frá saumanámskeiði Heimilisiðnaðarfélagsins að fullgerðum þjóðbúningi.

### *Félagar saman á saumanámskeið*

„Það var þannig, fyrir um tíu árum, að við félagi minn, Bjarni Kristinsson, altmuligmaður er kemur að handverki, fórum saman á námskeið hjá Heimilisiðnaðarfélaginu,“ hefur Ebenezer spjallið. „Áhugi minn á gerð þjóðbúnings eða einhverju í þá áttina var eitthvað sem ég var búinn að ganga með í maganum lengi.

Sé svo auglýsingu þess efnis og hugsa – ég slæ til! Hringi í Bjarna og spyr hvort hann sé ekki til í að kíkja með mér á námskeið – læra að sauma þjóðbúning? Hann heldur það nú, þannig við drifum okkur í þetta. Þréttán vikur urðu þetta alls, við vorum þrír karlarnir þannig það var nú heldur betur athyglin sem við fengum.“

### *Nennti ekki að læra að prjóna*

Búninginn allan handsaumaði Ebenezer, fyrir utan beinu saumana á flíkunum.

„Hnappagötin eru um 55 talsins, það var nú heljar vinnsla við það – ég var klukkustund með það fyrsta, en undir lokin tók það mig ekki nema um hálftíma að gera hvert og eitt. Svo var saumuð skyrta. Kennarinn tilkynnti að „nú skyldi einn þráður vera tekinn undir í efninu“. Maður var eitt spurningarmerki en ég lærði margt. Saumaði skyrtuna, hnébuxur, vesti og jakka. Ég nennti reyndar ekki að læra að prjóna og því prjónaði norsk kona sem býr á Hrafnistu fyrir mig húfu og sokka. Hins vegar tók ég mig til og lærði að gera sauðskinnsskó, það er nú aldeilis fínt þegar maður tiplar um á þeim í allri múnderingunni,“ segir hann brosandi.



Hjónin Dagbjört Guðmundsdóttir og Ebenezer Bárðarson íklædd þjóðbúningunum, einn sólbjartan dag.

### *Tölur renndar úr reyni*

„Sauðskinnsskóna lærði ég sem sé að gera á Hrafnistu. Dagbjört, kona mín, meistari í höndunum, mikil handavinnukona og sér um handavinnuna þar á bæ, kom mér í samband við gamla konu norðan af Ströndum sem tók að sér að sýna okkur Bjarna verklagið á gerð sauðskinnsskóa. Mikið var af áhugasömu fólki þarna sem var þó ekki allt sammála um hvernig best færi á að vinna skóna. Þá rann upp fyrir mér að auðvitað væri ekki ein leið til að gera þessa hluti, hver landshluti eða jafnvel bær hefur sinn háttinn á. Eru skórnir svartir með hvítri bryddingu en skinnið í þá kemur af dýri sem gekk um hagana í Berufirði. Þökk sé kunningjafólki Dagbjartar. Skóna ber ég hiklaust þegar ég klæðist búningnum, hef þá gjarnan í vasanum en bregð mér í þá eftir hentugleik,“ segir Ebenezer.

Hann fór sínar eigin leiðir þegar kom að tölunum á þjóðbúninginn og ákvað að renna þær sjálfur þó sú hugmynd félli ekki alveg í kramið hjá leiðbeinendunum.

„Tölurnar eru því úr íslenskum reyni, renndar í bílskúrnum hjá Bjarna en þarna hófst áhugi minn á slíku. Í dag er ég einmitt í Félagi trérennismiða á Íslandi,“ segir Ebeneser brosandi, en hann er, stuttu eftir viðtalið, ásamt formanni félagsins, Erni Ragnarssyni, á leiðinni austur að kynna félagið og dásemdir rennismíðinnar á Héraði og í Fjarðabyggð.

### *Fyrirmyndin Dagbjört*

„Bjarni á ógrynni af tækjum og tólum, og eru tölurnar það fyrsta sem ég reyndi mig við og renndi. Svo héldum við félagar heim til mín, þurftum að halda áfram við saumana á þjóðbúningnum og vissum af Dagbjörtu heima. Hugsuðum okkur auðvitað gott til glóðarinnar og sáum fyrir okkur að þar gætum við fengið aðstoð.

„Ekki að ræða það,“ heyrðist þá í Dagbjörtu, „þið getið bara séð um þetta sjálfir.“ Hún gat auðvitað bent okkur á hvernig best væri að haga hinu eða þessu en lét okkur algerlega um þetta,“ segir Ebenezer og glottir.

Auðheyrt er að Ebenezer á þarna góða konu sem heldur honum á tánum við hannyrðirnar og mættu fleiri víst leika það eftir.

„ Svo kláruðum við félagar þetta að lokum og ég hef notað búninginn mikið. Þetta er viðhafnarklæðnaður sem gaman er að skarta á 17. júní, á þorrablótum, afmælum og við alls konar tilefni. Í raun þætti mér gaman að nota hann meira,“ segir Ebeneser sposkur, „en það er kannski ekki alveg við hæfi. Þetta er svo skemmtilegur klæðnaður, 17.-18. aldar tíska held ég, tvíhneppt, bæði jakki og vesti og tölum skreyttur bæði á jakka og buxum.

Dagbjört kenndi mér svo að kríla band sem ég notaði til að draga saman buxnastrenginn, en aftan á honum er klauf og er bandið notað til að þrengja eða víkka strenginn eftir ummáli notandans! Við val á efni í búninginn sá ég svo úrvalið án þess að líta á verðið og ákvað að velja brúnt í jakkann, svart í buxur og mosagrænt í vestið. „Þetta var auðvitað dýrasta efnið þegar upp var staðið,“ segir Ebenezer hlæjandi. „Ég sé þó ekkert eftir því enda er þjóðbúningurinn lífstíðareign.“

Dagbjört hefur einnig saumað sér búning, 18. aldar peysuföt, óf meðal annars efnið í svuntuna og prjónaði sína húfu.

### *Snyrtimennskan í fyrirrúmi*

Eins og áður sagði eru bæði jakki og vesti tvíhneppt en Ebenezer hefur ákveðna hugmynd um af hverju svo er. „Ég sé fyrir mér að menn hafi farið í kaupstað, skvett aðeins í sig og mögulega á sig og því hentugt að geta svissað hneppingunum á vestinu. Hneppt yfir blettina og komið hreinir og fínir aftur heim.





Ebenezer við bryddingu.

Þetta er ekki verri tilgáta en hver önnur, segir hann brosandi.

Svo nær jakkinn ekki lengra niður en á miðjan rass. Tilgangurinn með því er sjálfsagt sá að ekki væri setið á jakkanum við reiðar. Ermar jakkans eru að sama skapi ekki beinar heldur koma í boga og auðvelda þannig þeim sem ber hann að halda í beisli og stjórna hesti. Þetta er kannski mest pælingar hjá sjálfum mér, að minnsta kosti þetta með að geta hneppt yfir blettina.

En það er gaman að spá í þetta allt saman og svakalega gaman á námskeiðinu þó ég leggi það ef til vill ekki fyrir mig að standa í svona miklum saumaskap aftur.“

Ebenezer þverneitar því að áhugi á saumaskap hafi alltaf verið til staðar og segir áhugamálið ekki ævilangt þó skemmtilegt sé. Þó dunda þau hjónin sér við sauma á bútasaumsteppum fyrir barnabörnin. Dagbjört setur saman og saumar, Ebenezer sker efnið, straujar og situr svo við að brydda til móts við Dagbjörtu og hafa gaman af.

### *Snúið og skorið*

Burtséð frá hannyrðum er Ebenezer iðinn við rennismíði og leigir, ásamt félögum sínum, húsnæði í Hafnarfirði undir nafninu Snúið og skorið.

Þar eru þeir með rennibekki en eina konan í hópnum kýs frekar að skera út. Húsnæðinu hafa þau skipt í bása þar sem hver er með sitt svæði og gengur sambúðin vel, enda komin alls tíu ár frá því að því var komið á laggirnar.

„Þegar við byrjuðum á þessu var fólk nú tortryggið á að svona básavinna gæti gengið en nú er komið annað hljóð í strokkinn. Við erum með sameiginlegar vélar sem einhverjir tveir, þrír eiga, auk kaffistofu og það gæti ekki verið betra. Allir með eigið pláss, geta verið í sínu en einnig rabbað við næsta mann ef svo ber undir.

Við hittumst einu sinni í mánuði fast, þá helst allir, en annars er hver með sinn lykil og við komum og förum að vild, hvenær sem er sólarhringsins – sem er náttúrlega alger snilld og hentar öllum. Svo skiptum við leigunni auðvitað bróðurlega á milli okkar,“ lýkur Ebenezer Bárðarson orði sínu.



Hér má sjá dæmi um aðstöðu félaganna í Snúið og skorið, en þar er nóg við að vera.

*Fjölbreytt námskeið í handverki:*

## Aðsókn yngri kynslóðarinnar eykst

**Á vefsíðu Heimilisiðnaðarfélagsins kemur fram að hlutverk félagsins sé að vernda og efla þjóðlegan íslenskan heimilisiðnað og vekja áhuga landsmanna á þjóðlegum menningararfi.**

**Innan félagsins er Heimilisiðnaðarskólinn sem stendur fyrir 80-90 námskeiðum árlega en félagið rekur einnig sérverslun með efni er eiga við vinnslu ýmiss konar handverks, hvort heldur er viðkemur þjóðbúningagerð, tóvinnu, litun, vefnaði eða öðru. Að auki má finna þar ýmsar bækur tengdar handverki, ársrit félagsins og fleira áhugavert.**

**Samkvæmt heimildarmanni félagsins er stærstur hluti þeirra er sækja námskeið eldri konur, en þó milli ára er nokkur aukning í því að ungt fólk sýni áhuga. Hópur ungmenna frá Þjóðdansafélaginu kom og saumaði sér sauðskinnsskó ekki fyrir löngu og í raun má segja að aðsókn yngra fólks á námskeiðin sé frekar í vexti en hitt.**

**Hvað varðar aðra staði sem bjóða upp á kennslu í íslensku handverki er Tækniskólinn, en þar má meðal annars kynna sér víravirkisnámskeið. Í samtali við Hörpu Kristjánsdóttir, kennara á námskeiðinu, kemur fram að aðsóknin hafi verið afar góð, fastagestirnir séu fólk í eldri kantinum en þó eru fleiri og fleiri yngri sem hafi áhuga á þessu öllu saman og mikil aðsókn orðin megi segja.**

**Rétt er að geta þess að einn helsti gullsmiður þjóðbúningaskarts hér á landi, frú Dóra Jónsdóttir, benti á í viðtali við Bændablaðið þann 24. febrúar sl. að hún hafi um skeið verið nokkuð uggandi er kom að áhuga fólks á gömlu íslensku víraverki og smíði búningaskrauts. Í dag væri þó öldin önnur.**

***„Það er skemmtilegt að segja frá því að nú í dag hefur áhugi fólks á íslensku búningaskrautsmíðinni aukist gífurlega en ég var uggandi hér fyrir 10-15 árum. Þá lá við að enginn hefði áhuga á að halda þessu við eða læra. En nú eru breyttir tímar. Boðið er upp á kynningu náms í víravirki í Tækniskólanum en þar hef ég verið með ýmis námskeið. Einhvern veginn hefur áhuginn alveg haldist svo síðan. Fólk smíðar þá til dæmis myllusett. Og manni finnst alltaf gaman þegar áhuginn kviknar á gamla handverkinu og ég verð alltaf svo fegin að upplifa að þetta er ekki alveg að gleymast. Þetta er hluti af sögunni okkar. Við megum ekki týna þessu.“***



**Ebenzer í fullum skrúða þjóðbúningsins sem hann saumaði sjálfur.** Mynd / Heimilisiðnaðarfélagið

HÚMAR AÐ HAUSTI
Rekstrargangur & fjárvogir






Rekstrargangurinn er galvaniseraður og samanstendur af:
1 fellihlið - 1 flokkunarhlið - 1 tengirammi - 6 tengipinnar
4 stk. 2500mm hliðgrindur



*Öll verð eru með vsk.

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

CFMOTO fjórhjólin fást hjá okkur



CFMOTO 450
1.459.000,-
CFMOTO 520
1.549.000,-
CFMOTO 1000
2.690.000,-

Öll hjólin eru með beinni innspýtingu, rafmagnstýri, spili, dráttarkrók, handahlífum, háu og lágu drifi með læsingu. Vökvabremsum, álfelgum og eru tveggja manna traktorsskráð. Verð er með Vsk.
Nánari upplýsingar á www.nitro.is

NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

## Suðvesturland

| | |
|---|---|
| Fjárborgarrétt í Hólmsheiði | laugardaginn 17. sept. kl. 18:00 |
| Hraðastaðarétt í Mosfellsdal | laugardaginn 17. sept. kl. 18:00 |
| Kjósarrétt í Kjós | sunnudaginn 18. sept. kl. 15:00 |

## Vesturland

| | | |
|---|---|---|
| Arnarhólsrétt í Helgafellssveit | | sunnudaginn 18. sept. |
| Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Snæf. | | laugardaginn 24. sept. |
| Brekkurétt í Norðurárdal, Mýr. | | sunnudaginn 11. sept. kl. 10, seinni réttir sunnudaginn 25. sept. kl. 10:00 |
| Brekkurétt í Saurbæ, Dal. | | sunnudaginn 18. sept. kl. 11:00, seinni réttir sunnudaginn 2. okt. kl. 13:00 |
| Fellsendarétt í Miðdölum, Dal. | | sunnudaginn 18. sept. kl. 14:00, aðrar réttir sunnudaginn 25. sept. kl. 14:00, þriðju réttir sunnudaginn 2. okt. kl. 14 |
| Flekkudalsrétt á Fellsströnd, Dal. | | laugardaginn 17. sept., seinni réttir laugardaginn 1. okt. |
| Fljótstungurétt á Hvítársíðu, Mýr. | | laugardaginn 10. sept. og laugardaginn 11. sept. |
| Gillastaðarétt í Laxárdal, Dal. | | sunnudagur 18. sept. kl. 12:00, sunnudagur 2. okt. 16:00 |
| Grafarrétt í Breiðuvík, Snæf. | | laugardaginn 24. sept. |
| Grímsstaðarétt á Mýrum, Mýr. | | þriðjudaginn 13. sept. kl. 10:00, seinni réttir þriðjudaginn 27. sept. kl. 14:00, þriðju réttir mánudaginn 3. okt. |
| Hítardalsrétt í Hítardal, Mýr. | | mánudaginn 12. sept. kl. 10:00, seinni réttir sunnudaginn 25. sept. kl. 16:00 |
| Hornsrétt í Skorradal, Borg. | | sunnudaginn 11. sept. kl. 10 |
| Hólmarétt í Hörðudal, Dalabyggð | | sunnudaginn 25. sept. kl. 10:00, seinni réttir laugardaginn 2. okt. kl. 10:00 |
| Hrafnkelsstaðarétt í Grundarfirði | | laugardaginn 17. sept. |
| Kaldárbakkarétt í Kolb., Hnappadalssýslu | | sunnudaginn 11. sept. kl. 10 |
| Kirkjufellsrétt í Haukadal, Dal. | | laugardaginn 17. sept., seinni réttir laugardaginn 1. okt. |
| Klofningsrétt í Beruvík, Snæf. | | Upplýsingar vantar. |
| Langholtsrétt í Eyja- og Miklaholtshr. | | Upplýsingar vantar. |
| Ljárskógarétt í Laxárdal, Dal. | | laugardaginn 10. sept. |
| Mýrar í Grundarfirði | | laugardaginn 17. sept. |
| Mýrdalsrétt í Hnappadal | | þriðjudaginn 20. sept. kl. 16:00, seinni réttir sunnudaginn 9. okt. kl. 16:00 |
| Nesmelsrétt í Hvítársíðu, Mýr. | √ | laugardaginn 3. sept. |
| Núparétt í Melasveit, Borg. | | sunnudaginn 11. sept. kl. 13, seinni réttir laugardaginn 24. september |
| Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal, Borg. | √ | miðvikudaginn 7. sept. kl. 09:00, seinni réttir sunnudaginn 2. okt. kl. 10:00 |
| Ólafsvíkurrétt í Ólafsvík, Snæf. | | laugardaginn 17. sept. |
| Ósrétt á Skógarströnd, Dal. | | föstudaginn 30. sept. kl. 10 |
| Rauðsgilsrétt í Hálsasveit, Borg. | | sunnudaginn 18. sept. kl. 10:00, seinni réttir sunnudaginn 2. okt. kl. 14:00 |
| Reynisrétt undir Akrafjalli, Borg. | | laugardaginn 17. sept. |
| Skarðsrétt, Skarðsströnd, Dal. | | sunnudagur 18. sept. kl. 11:00, seinni réttir sunnudaginn 2. okt. kl. 14:00 |
| Skerðingsstaðarétt í Hvammsveit, Dal. | | sunnudaginn 18. sept. kl. 11:00, seinni réttir sunnudaginn 2. okt. kl. 13:00 |
| Svarthamarsrétt á Hvalfj.str., Borg. | | sunnudaginn 18. sept. kl. 10:00, seinni réttir sunnudaginn 2. okt. |
| Svignaskarðsrétt, Svignaskarði, Mýr. | | mánudaginn 12. sept. kl. 10, seinni réttir mánudaginn 26. sept. kl. 10, þriðju réttir mánudaginn 3. okt. |
| Tungurétt á Fellsströnd, Dal. | | föstudaginn 16. sept. |
| Vörðufellsrétt á Skógarströnd, Dal. | | laugardaginn 17. sept. kl. 13:00, seinni réttir sunnudaginn 9. okt. kl. 13:00 |
| Þverárrétt Eyja- og Miklaholtshr, Snæf. | | Upplýsingar vantar. |
| Þverárrétt í Þverárhlíð, Mýr. | | mánudaginn 12. sept. kl. 07:00, seinni réttir sunnudaginn 18. sept. kl. 17:00, þriðju réttir sunnudaginn 25. sept. kl. 16:00 |
| Þæfusteinsrétt á Hellissandi/Rifi, Snæf. | | laugardaginn 17. sept. |
| Ölkeldurétt í Staðarsveit, Snæf. | | laugardaginn 24. sept. |

## Vestfirðir

| | | |
|---|---|---|
| Bræðrabrekka, heimarétt, Bitrufirði, Strand. | | sunnudaginn 11. sept. kl. 10:00 |
| Eyrarrétt á Eyri í Kollafirði, Reykhólahreppi, A-Barð. | √ | laugardaginn 3. sept. |
| Hjarðardalsrétt í Hjarðardal í Dýrafirði | | sunnudaginn 25. sept. |
| Hraunsrétt við Hraun í Hnífsdal í Skutulsfirði | | laugardaginn 10. sept. |
| Innri-Múlarétt á Barðaströnd, V-Barð. | | sunnudagurinn 25. sept. kl. 14:00 |
| Kinnarstaðarrétt í Reykhólahr., A-Barð. | | sunnudaginn 11. sept. |
| Kirkjubólsrétt í Steingrímsfirði, Strand. | | sunnudaginn 18. sept., seinni réttir sunnudaginn 2. okt. |
| Kirkjubólsrétt við Kirkjuból í Engidal í Skutulsfirði | | laugardaginn 24. sept. |
| Kjósarrétt í Árneshreppi, Strand. | | laugardaginn 24. sept. kl. 13:00 |
| Króksfjarðarnesrétt í Reykhólasv., A-Barð. | | laugardaginn 17. sept. |
| Melarétt í Árneshreppi, Strand. | | laugardagur 17. sept. kl. 16:00 |
| Miðhús í Kollafirði, Strand. | | sunnudaginn 18. sept. kl.17:00 , seinni réttir sunnudaginn 2. okt. kl. 17:00 |
| Minni-Hlíð í Hlíðardal, Bolungarvík | | laugardaginn 10. sept. kl. 14:00 |
| Skarðsrétt í Bjarnarfirði, Strand. | | laugardaginn 24. sept. kl. 14:00 |
| Skeljavíkurrétt í Steingrímsfirði, Strand. | | föstudaginn 9. sept., seinni réttir 24. sept. |
| Staðarrétt í Steingrímsfirði, Strand. | | sunnudaginn 18. sept., seinni réttir sunnudaginn 2. okt. |
| Syðridalsrétt í Bolungarvík | | laugardaginn 10. sept. |
| Traðarrétt við Tröð í Bjarnardal í Önundarfirði | | laugardaginn 24. sept. |
| Vaðalsrétt á Barðaströnd, V-Barð. | | sunnudaginn 18. sept. |
| Traðarrétt við Tröð í Bjarnardal í Önundarfirði | | laugardaginn 18. sept. kl. 16.00 |
| Vaðalsrétt á Barðaströnd, V-Barð. | | sunnudaginn 19. sept. |

## Norðvesturland

| | | |
|---|---|---|
| Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún. | | laugardaginn 10. sept. kl. 09:00, seinni réttir mánudaginn 26. sept. kl. 13:00 |
| Beinakeldurétt, A.-Hún. | √ | sunnudaginn 4. sept. kl. |
| Fossárrétt í A.-Hún. | | laugardaginn 10. sept., seinni réttir laugardaginn 17. sept. |
| Hamarsrétt á Vatnsnesi, V.-Hún. | | laugardaginn 10. sept. |
| Hlíðarrétt / Bólstaðarhlíðarrétt, A.-Hún. | | laugardaginn 10. sept. kl. 16:00, seinni réttir sunnudaginn 18. sept. kl. 16:00 |
| Hrútatungurétt í Hrútafirði, V.-Hún. | √ | laugardaginn 3. sept. kl. 09:00 |
| Hvalsárrétt í Hrútafirði, Strand. | | laugardaginn 17. sept. |
| Hvammsrétt í Langadal, A.-Hún. | √ | laugardaginn 3. sept. |
| Kjalarlandsrétt, A.-Hún. | | laugardaginn 10. sept., seinni réttir laugardaginn 17. sept. |
| Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V.-Hún. | √ | laugardaginn 3. sept. kl. 14:00 |
| Rugludalsrétt í Blöndudal, A.-Hún. | √ | laugardaginn 3. sept. |
| Skrapatungurétt í Laxárdal, A.-Hún. | | sunnudaginn 11. sept. |
| Stafnsrétt í Svartárdal, A.-Hún. | | laugardaginn 10. sept. kl. 08:30, seinni réttir laugardaginn 17. sept. kl. 16:00 |
| Sveinsstaðarétt, A.-Hún. | | sunnudaginn 11. sept. kl. 10:00, seinni réttir mánudaginn 26. sept. kl. 09:00 |
| Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. | | föstudaginn 9. sept. kl. 13:00 og laugardaginn 10. sept. kl. 08:00, seinni réttir mánudaginn 19. sept. kl. 11 |
| Valdarásrétt í Fitjárdal, V.-Hún. | | föstudaginn 9. sept. kl. 09:00 |
| Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún. | | laugardaginn 10. sept. kl. 10:00 |
| Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. | | laugardaginn 10. sept. |

## Mið-Norðurland

| | | |
|---|---|---|
| Akureyrarrétt við Hrappstaði, Eyjafirði | | laugardaginn 10. sept., seinni réttir laugardaginn 17. sept. |
| Árhólarétt (Undadalsrétt) við Hofsós, Skagafirði | | laugardaginn 17. sept., seinni réttir föstudaginn 23. sept. |
| Árskógsrétt á Árskógsströnd, Eyjafirði | | laugardaginn 10. sept. |
| Dalvíkurrétt, Dalvík | | sunnudaginn 11. sept. |
| Deildardalsrétt í Deildardal, Skagafirði | | laugardaginn 10. sept., seinni réttir föstudaginn 23. sept. |
| Flókadalsrétt í Fljótum, Skagafirði | | sunnudaginn 18. sept. |
| Geldingsárrétt, Svalbarðsströnd | | laugardaginn 17. sept. |
| Héðinsfjarðarrétt í Héðinsfirði | | sunnudaginn 11. sept. |
| Hlíðarrétt í Vesturdal, Skagafirði | | sunnudaginn 18. sept., seinni réttir sunnudaginn 2. okt. |
| Hofsrétt í Vesturdal, Skagafirði | | laugardaginn 17. sept. |
| Holtsrétt í Fljótum, Skagafirði | | laugardaginn 17. sept., seinni réttir laugardaginn 8. okt. og sunnudaginn 9. okt. |
| Hraungerðisrétt í Eyjafjarðarsveit | | laugardaginn 10. sept. |
| Laufskálarétt í Hjaltadal, Skagafirði | | sunnudaginn 11. sept. |
| Mælifellsrétt í Skagafirði | | sunnudaginn 11. sept., seinni réttir sunnudaginn 18. sept. |
| Möðruvallarétt í Eyjafjarðarsveit | √ | laugardaginn 3. sept. |
| Ósbrekkurétt í Ólafsfirði | | föstudaginn 16. sept. og laugardaginn 17. sept. |
| Reistarárrétt í Hörgársveit, Eyjafirði | | laugardaginn 10. sept. |
| Reykjarétt í Ólafsfirði | | föstudaginn 30. sept. |
| Sauðárkróksrétt (Króksrétt), Skagafirði | | laugardaginn 10. sept. |
| Selnesrétt á Skaga, Skagabyggð | | laugardaginn 10. sept., seinni réttir laugardaginn 17. sept. |
| Siglufjarðarrétt í Siglufirði | | föstudaginn 9. sept. og laugardaginn 10. sept. |
| Silfrastaðarétt í Blönduhlíð, Skagafirði | | mánudaginn 12. sept., seinni réttir sunnudaginn 25. sept. |
| Skarðarétt í Gönguskörðum, Skagafirði | | sunnudaginn 11. sept., seinni réttir laugardaginn 17. sept. |
| Skálárrétt í Hrollleifsdal, Skagafirði | | laugardaginn 10. sept. |
| Staðarbakkarétt í Hörgárdal, Eyjafirði | | laugardaginn 10. sept. |
| Staðarrétt (Reynisstaðarrétt), Skagafirði | | sunnudaginn 11. sept., seinni réttir laugardaginn 17. sept. |
| Stíflurétt í Fljótum, Skagafirði | | föstudaginn 16. sept., seinni réttir mánudaginn 24. okt. og þriðjudaginn 25. okt. |
| Tungurétt í Svarfaðardal | | sunnudaginn 11. sept. kl. 12:00 - 13:00 |
| Unadalsrétt (Árhólarétt) við Hofsós, Skagafirði | | laugardaginn 17. sept. |
| Vallarétt, Eyjafjarðarsveit | √ | sunnudaginn 4. sept. |
| Vatnsendarétt, Eyjafirði | √ | sunnudaginn 4. sept. |
| Þorvaldsdalsrétt í Hörgársveit, Eyjafirði | | laugardaginn 10. sept. og sunnudaginn 11. sept. um kl. 10 |
| Þórustaðarétt á Moldhaugnahálsi, Eyjafirði | | laugardaginn 10. sept. |
| Þverárrétt í Öxnadal, Eyjafirði | | mánudaginn 12. sept. kl. 10 |
| Þverárrétt ytri, Eyjafjarðarsveit | √ | sunnudaginn 4. sept. |






### Helstu réttir í Landnámi Ingólfs Arnarsonar haustið 2022

| | |
|---|---|
| Brúsastaðarétt í Þingvallasveit | sunnudaginn 18. sept. kl. 17:00 |
| Fjárborgarrétt í Hólmsheiði | laugardaginn 17. sept. kl. 18:00 |
| Fossvallarétt í Lækjabotnalandi | laugardaginn 17. sept. kl. 14:00 |
| Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit | laugardaginn 17. sept. kl. 15:00 |
| Hraðastaðarétt í Mosfellsdal | laugardaginn 17. sept. kl. 17:00 |
| Húsmúlarétt við Kolviðarhól | laugardaginn 17. sept. kl. 14:00 |
| Kjósarrétt í Kjós | sunnudaginn 18. sept. kl. 15:00 |
| Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg | laugardaginn 1. okt. kl. 13:00 |
| Grafningsrétt í Grafningi | mánudaginn 19. sept. kl. 09:45 |
| Selvogsrétt í Selvogi, Árn. | sunnudaginn 25. sept. kl. 09:00 |
| Þórkötlustaðarétt í Grindavík | sunnudaginn 18. sept. kl. 14:00 |
| Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi | sunnudaginn 18. sept. kl. 15:00 |

Samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr. 775/2020 eru seinni leitir tveim vikum síðar. Hafa skal í huga að tímasetningar leita og rétta geta breyst, einkum vegna veðurs.

# Fjárréttir haustið 2022

**Fjár- og stóðréttir verða nú með hefðbundnum brag, en tvö síðustu haust hafa verið fjöldatakmarkanir í réttum vegna kórónuveirufaraldursins.**

Listi yfir helstu stóðréttir á landinu er birtur á blaðsíðu 34.

Upplýsingar um viðbætur eða leiðréttingar skal senda á netfangið smh@bondi.is.

Uppfærslur á listanum eru gerðar jafnóðum og er að finna á bbl.is.

*/smh*




## Norðausturland

| | | |
|---|---|---|
| Álandstungurétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | | sunnudaginn 11. sept. |
| Árrétt í Bárðardal | √ | sunnudaginn 4. sept. |
| Baldursheimsrétt í Mývatnssveit, S.-Þing. | √ | sunnudaginn 4. sept. |
| Dalsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | | laugardaginn 10. sept. |
| Fjallalækjarselsrétt | √ | sunnudaginn 4. sept. |
| Fjallarétt í Kelduhverfi | | laugardaginn 10. sept. |
| Fótarrétt í Bárðardal | √ | mánudaginn 5. sept. |
| Garðsrétt í Þistilfirði | √ | sunnudaginn 4. sept. |
| Geldingárrétt á Svalbarðsströnd | | laugardaginn 10. sept. |
| Gljúfurárrétt í Grýtubakkahr., S.-Þing. | | sunnudaginn 11. sept. |
| Gunnarsstaðarétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | | laugardaginn 10. sept. |
| Hallgilsstaðarétt á Langanesi | √ | þriðjudaginn 6. sept., seinni réttir mánudaginn 12. sept. |
| Hlíðarrétt í Mývatnssveit, S.-Þing | √ | sunnudaginn 4. sept. kl. 10:00 |
| Hraunsrétt í Aðaldal, S.-Þing. | | sunnudaginn 11. sept. |
| Húsavíkurrétt | | laugardaginn 10. sept. kl. 14:00 |
| Hvammsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | | föstudaginnn 9. sept. kl. 16:00 |
| Katastaðarétt í Núpasveit, N-þing. | | sunnudaginn 10. sept. kl. 08:30 |
| Landsrétt í Öxarfirði, N.-Þing. | | Upplýsingar vantar. |
| Leirhafnarrétt á Melrakkasléttu, N-Þing | | sunnudaginn 18. sept. kl. 09:00 |
| Lokastaðarétt í Fnjóskadal, S.-Þing. | | sunnudaginn 11. sept. |
| Mánárrétt á Tjörnesi | | sunnudaginn 11. sept. |
| Miðfjarðarnesrétt á Langanesi | √ | mánudaginn 5. sept. |
| Miðfjarðarrétt | | föstudaginn 16. sept., |
| Mýrarrétt í Bárðardal, S.-Þing. | √ | laugardaginn 3. sept. |
| Ósrétt á Langanesi | | fimmtudaginn 15. sept. |
| Sandfellshagarétt í Öxarfirði, N.-Þing. | √ | miðvikudaginn 7. sept. |
| Skógarrétt í Reykjahverfi, S.-Þing. | | laugardaginn 10. sept. |
| Stórsandhólarétt á Sandhólum - Tjörnesi | | laugardaginn 10. sept. |
| Tjarnarleitisrétt í Kelduhverfi, N.-Þing. | | sunnudaginn 11. sept. kl. |
| Tungurétt í Öxarfirði, N.-Þing. | √ | sunnudaginn 4. sept. kl. |
| Tunguselsrétt á Langanesi | √ | mánudaginn 5. sept. kl. |
| Víðikersrétt í Bárðardal, S.-Þing. | | miðvikudaginn 28. ágúst |
| Víkingavatnsrétt í Kelduhverfi, N.-Þing. | | laugardaginn 10. sept. |
| Þorvaldsstaðarétt, Langanesbyggð | | laugardaginn 17. sept. |
| Þorvaldsstaðarétt, Langanesbyggð | | þriðjudaginn 14. sept. |

## Austurland

| | | |
|---|---|---|
| Melarétt í Fljótsdal, N.-Múl. | | laugardaginn 17. sept. |
| Ormarsstaðarétt í Fellum, Fljótsdalshéraði | | sunnudaginn 25. sept. kl. 13 |
| Seyðisfjarðarrétt við Nátthaga | | Upplýsingar vantar. |
| Teigsrétt, Vopnafirði | √ | mánudaginn 5. sept. kl. 16:00 |

## Suðausturland

| | | |
|---|---|---|
| Borgarhafnarrétt, Suðursveit, A.-Skaft. | √ | laugardaginn 3. sept. kl. 16:00 |
| Brunnavallarétt, smalað úr Eystra-Landi, Miðþorpi í Suðursveit | √ | laugardaginn 27. ágúst |
| Brunnavallarétt, smalað úr Staðardal, Miðþorpi í Suðursveit | √ | sunnudaginn 28. ágúst |
| Fossrétt á Síðu, V.-Skaft. | | föstudaginn 9. sept. kl. 9:00 |
| Grafarrétt í Skaftártungu, V.-Skaft. | | laugardaginn 10. sept. kl. 10 |
| Kálfafellsdalsrétt, Miðþorpi, Suðursveit | √ | laugardaginn 27. ágúst |
| Kálfafellsrétt, Miðþorpi, Suðursveit | √ | sunnudaginn 28. ágúst |
| Skaftárrétt, V.-Skaft. | | laugardaginn 10. sept. kl. 9:00 |

## Suðurland

| | |
|---|---|
| Austur-Landeyjaréttir hjá Grenstanga, Rang. | sunnudaginn 25. sept. kl. 14:00 |
| Brúsastaðarétt í Þingvallasveit, Árn. | sunnudaginn 18. september kl. 17.00 |
| Fjárborgarrétt í Hólmsheiði | laugardaginn 17. sept. kl. 18:00 |
| Fossvallarétt í Lækjabotnalandi | laugardaginn 17. sept. kl. 14:00 |
| Fjallrétt við Þórólfsfell, Rang. | mánudaginn 12. sept. kl. 10 |
| Fljótshlíðarrétt í Fljótshlíð, Rang. | sunnudaginn 18. sept. kl. 11 |
| Haldréttir í Holtamannaafrétti, Rang. | sunnudaginn 11. sept. |
| Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit, Árn. | laugardaginn 17. september kl. 15.00 |
| Hraðastaðarétt í Mosfellsdal | laugardaginn 17. sept. kl. 16:00 |
| Hrunaréttir í Hrunamannahreppi, Árn. | föstudaginn 9. sept. |
| Húsmúlarétt við Kolviðarhól, Árn. | laugardaginn 17. sept. kl. 14:00 |
| Kjósarrétt í Kjós | sunnudaginn 18. sept. kl. 15:00 |
| Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg | laugardaginn 24. sept. kl. 13:00 |
| Landréttir við Áfangagil, Rang. | fimmtudaginn 22. sept. kl. 12:00 |
| Laugarvatnsrétt, Árn. | sunnudaginn 11. sept. |
| Reyðarvatnsréttir á Rangárvöllum | laugardaginn 17. september kl. 11:00 |
| Reykjaréttir á Skeiðum, Árn. | laugardaginn 10. sept. kl. 9.00 |
| Grafningsrétt í Grafningi | mánudaginn 19. sept. kl. 09:45 |
| Seljalandsréttir undir Eyjafjöllum, Rang. | laugardaginn 17. sept. |
| Selvogsrétt í Selvogi, Árn. | sunnudaginn 25. sept. kl. 09:00 |
| Skaftholtsréttir í Gnúpverjahreppi, Árn. | föstudaginn 9. sept. kl. 11:00 |
| Tungnaréttir í Biskupstungum | laugardaginn 10. sept. kl. 9.00 |
| Vestur-Landeyjaréttir við Forsæti, Rang. | sunnudaginn 18. sept. |
| Þóristunguréttir, Holtamannaafr., Rang | sunnudaginn 11. sept. |
| Þórkötlustaðarétt í Grindavík | sunnudaginn 18. sept. kl. 14:00 |
| Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi | sunnudaginn 18. sept. kl. 15:00 |

LÍF & STARF



# Stóðréttir haustið 2022

**Stóðréttir verða nú með sama brag og fyrir kórónuveirufaraldurinn, sem takmarkaði fjölda gesta síðustu tvö ár.**

Listi yfir fjárréttir eru á blaðsíðum 32-33 og upplýsingar um viðbætur eða leiðréttingar skal senda á netfangið smh@bondi.is. */smh*

| | |
|---|---|
| Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún. | laugardaginn 1. okt. |
| Árhólarétt (Unadalsrétt) við Hofsós, Skag. | föstudaginn 23. sept. |
| Deildardalsrétt í Deildardal, Skag. | laugardaginn 1. okt. |
| Flókadalsrétt, Fljótum, Skag. | Upplýsingar vantar. |
| Fossárrétt á Skaga, A.-Hún. | laugardaginn 17. sept. |
| Hlíðarrétt við Bólstaðarhlíð, A.-Hún. | Upplýsingar vantar. |
| Kjalarlandsrétt, A.-Hún. | laugardaginn 17. sept. |
| Laufskálarétt í Hjaltadal, Skag. | laugardaginn 24. sept. |
| Melgerðismelarétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 1. okt. |
| Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V. - Hún. | laugardaginn 3. sept. kl. 08:00 |
| Selnesrétt á Skaga, Skag. | laugardaginn 17. sept. |
| Skarðarétt í Gönguskörðum, Skag. | laugardaginn 17. sept. |
| Skrapatungurétt í A.-Hún. | sunnudaginn 18. sept. kl. 11 |
| Staðarrétt í Skagafirði | laugardaginn 17. sept. |
| Tungurétt í Svarfaðardal, Eyf. | laugardaginn 1. okt. |
| Unadalsrétt (Árhólarétt) við Hofsós, Skag. | Upplýsingar vantar. |
| Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. | sunnudaginn 25. sept. kl. 09:00 |
| Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún. | laugardaginn 1. okt. kl. 11:00 |
| Þverárrétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 1. okt. |
| Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. | Upplýsingar vantar. |



Glæsileg uppskera af bragðgóðum matareplum. Myndir / Óskar Andri Víðisson

## Elliðahvammur:

# Eplarækt eykur lífsgæði

**Jörðin Elliðahvammur er smábýli Kópavogsmegin við Elliðavatn. Landið er þéttvaxið sitkagreni og ösp inni á milli grenitrjánna. Þar er einnig að finna hátt í fimmtíu mismunandi yrki af eplum.**

Þorsteinn Sigmundsson, eggjabóndi að Elliðahvammi, er eldhugi í ræktun eplatrjáa auk þess sem hann elur býflugur sem sjá um að frjóvga trén. Hann ræktar epli utandyra, í köldu gróðurhúsi og í gróðurskála. Þorsteinn segir að eplaræktin veiti honum mikla hamingju, auki lífsánægju hans og lífsgæði og vitnar í Martein Lúter þegar hann segir að þótt hann vissi að það yrði heimsendir á morgun mundi hann samt planta eplatré.



Þorsteinn Sigmundsson ásamt barnabarnabörnunum sínum, Þráni Frey, Styrmi Snæ og Heiðdísi Örnu Óskarsbörnum.

### *Árviss uppskera í gróðurskálanum*

„Ég gæti trúað að þegar allt er talið þá sé ég með 50 yrki úti og inni og allt um kring. Þar af eru um 20 í gróðurskálanum sem gefa árvissa og góða uppskeru. Eplin af öllum trjánum í skálanum eru mjög góð á bragðið en með ólíku bragði eftir því um hvaða yrki er að ræða.

Satt best að segja hef ég ekki á hraðbergi hvað þau heita en allt eru þetta yrki sem ég hef verið að safna í mörg ár og hafa reynst vel. Flest og líklega öll koma frá norðlægum og köldum svæðum og eitt þeirra sennilega frá mjög köldu svæði í Alaska og gefur af sér vetrarepli sem eru svolítið sérstök. Eplin á því tré geta hangið á trénu allan veturinn og




## Æðarfuglar:

# Vísbending um minnkandi varp eða breytta hegðun

**Æðarkollum hefur fækkað ef marka má árlega talningu unga kringum Breiðafjörð.**

„Þessar niðurstöður geta verið vísbending um minnkandi varp, en líka um breytta hegðun æðarkollnanna þ.e. að þær leiti frekar utan svæðisins til fæðuöflunar með ungana, og svo getur þetta verið blanda af þessu hvort tveggja," segir Jón Einar Jónsson, vísindamaður hjá Háskólasetri Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, en æðarungar voru taldir 16. árið í röð á svæðinu frá Brjánslæk að Reykhólum og einnig á norðanverðu Snæfellsnesi.

Niðurstaða talningar var sú að hlutfall unga á kollu er svipað og verið hefur undanfarin ár, þ.e. 1,37 í júní og 0,67 í júlí. „Varpið var frekar seint hjá æðarkollunum í ár og því voru margir dúnungar í seinni talningu sem fram fer í lok júlí, alls 42% unganna. Þeir eru yfirleitt orðnir stórir á þeim tíma og því nær alltaf sárafáir í júlítalningunni."

### *Voru á bilinu 500 upp í 900*

Æðarkollum á talningarsvæðinu hefur fækkað undanfarin ár. Á árabilinu frá 2007 til 2019 voru að jafnaði 500 til 900 æðarkollur á þessu svæði, en undanfarin ár hafa þær verið á bilinu 250 og upp í um 460 með þeirri undantekningu að í júní í fyrra voru þær 661 í allt.

Fjöldi unga er í samræmi við þetta. Í júlí sáust 308 ungar, sem er það mesta síðan 2016, en á móti kemur að tæpur helmingur þeirra voru dúnungar.

Jón Einar segir að talning fari fram tvisvar á ári, sú fyrri er í síðustu viku júnímánaðar, þegar kollur eru nýbúnar að leita út og ungarnir enn litlir, þeir allra fyrstu orðnir tveggja til þriggja vikna. Aftur er talið í lok júlí þegar vænta má þess að ungar séu orðnir í það minnsta hálfvaxnir eða meira.

„Talningin í júní er fyrst og fremst hugsuð til að meta hvernig varpið gekk og sú í júlí hvernig ungauppeldið hefur gengið. Það má kannski segja að þetta sé meira í ætt við sýnatöku heldur en heildartalningu," segir Jón Einar. Talið er meðfram ströndinni frá Brjánslæk austur að Reykhólum, þ.e. í Vatnsfirði, Kjálkafirði, Kerlingarfirði, Vattarfirði og Kollafirði. Þá er ekið að Reykhólum og talið á tjörnum þar og við veginn út að Þörungaverksmiðju. Einnig er stoppað við Gilsfjarðarbrúna.



Þráinn Freyr skoðar epli.

það er borðað á vorin. Ávöxturinn er nánast óætur á haustin, harður og bragðvondur, en bragðgóður og safaríkur á vorin.“

Uppskeran úti er ekki eins örugg og í skálanum en Þorsteinn segir að eftir gott sumar gefi eplatré utandyra af sér góð epli. „Sumarið sem nú fer að kveðja var sólarlítið og ekki gott ár fyrir útistandandi eplatré. Þau blómguðust en ég hef ekki fundið nein epli á þeim enn þá.“

### *Yrki sem aldrei klikkar*

Þorsteinn segir að í gróðurskálanum sé tré sem skeri sig úr að því leyti hvað það gefur góða uppskeru. „Ég keypti tréð í Blómavali fyrir nokkrum árum en því miður er ég búinn að tína merkinu með nafninu á yrkinu en það tré gefur af sér hátt í hundrað bragðgóð matarepli á hverju ári og klikkar aldrei.“

### *Milli eitt og tvö þúsund epli*

„Ég kaupi á vorin kassa af humlum og set í skálann og flugurnar sjá um að frjóvga blómin þannig að það eina sem ég þarf að gera er að vökva, sem er bara gaman og róandi, og tína eplin af. Uppskeran undanfarin ár og núna í sumar er milli eitt og tvö þúsund epli og satt best að segja og þrátt fyrir góðan vilja næ ég aldrei að borða öll eplin sjálfur.

Ég reyni að tína eplin rétt áður en þau detta sjálf af greinunum því eftir það minnkar geymsluþol þeirra. Svo gef ég fjölskyldunni, vinum og gestum og gangandi það sem ég get ekki borðað sjálfur,“ segir Þorsteinn. /VH



Eplauppskeran úr gróðurskálanum að Elliðahvammi.



Styrmir Snær með eitt af eplum langafa síns.



Æðarungar voru taldir 16. árið í röð á svæðinu frá Brjánslæk að Reykhólum og einnig á norðanverðu Snæfellsnesi. Æðarkollum á talningarsvæðinu hefur fækkað undanfarin ár.

Á norðanverðu Snæfellsnesi er talið í kringum Stykkishólm, og einnig í Hraunsfirði, Kolgrafafirði og Grundarfirði.

### *Æðarfugl á válista*

Verkefnið við talninguna segir Jón Einar ekki hugsað sem tilraun til að meta stofnbreytingar hjá fullorðnum fuglum, en fram hafi komið að kollum hafi fækkað eftir árið 2014, þó svo að ungaframleiðsla hafi haldist nokkuð stöðug.

„Það er erfitt að segja til um af hverju það er einungis út frá talningargögnum,“ segir hann um hugsanlega ástæðu þess að kollum hafi fækkað. Nefnir hann að hafa verði í huga að breytilegt sé eftir svæðum hvernig varpið heppnast á hverjum tíma og láti menn misvel af því hvernig þeirra vörp hafi þróast eða séu að þróast.

Niðurstöður geti þó verið vísbending um minnkandi varp eða breytta hegðun æðakollna og eða blanda af hvort tveggja. „Ég ræddi þetta við æðarbændur á Brjánslæk fyrir 2 árum, enda munar mestu á fjöldanum þar í grennd en þá var það æðarvarp í góðum málum og engar vísbendingar um fækkun þar. Stóra myndin er síðan sú að æðarfugl er víða kominn á válista og m.a. hér á landi,“ segir Jón Einar. /MÞÞ










## Sölufulltrúi á Akureyri

**Hefur þú brennandi áhuga á vélum og/eða með gott nef fyrir sölumennsku og langar að vinna í skemmtilegu umhverfi?**

**Vélfang ehf. leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í fjölbreytt og spennandi starf með aðsetur á starfstöð fyrirtækisins á Akureyri.**

**Um er að ræða sölu á landbúnaðartækjum og vinnuvélum til bænda og verktaka en Vélfang ehf er umboðsaðili fyrir leiðandi fyrirtæki á sínu sviði s.s. CLAAS, JCB, Fendt, Kuhn, Schäffer og Kverneland.**

**Helstu Verkefni og ábyrgð**
- Samskipti við núverandi og væntanlega viðskiptavini.
- Þarfagreining viðskiptavina.
- Tilboðsgerð og framsetning markaðsefnis.
- Sölufundir / Sölusímtöl.
- Önnur tilfallandi verkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Framúrskarandi samskiptahæfni og rík þjónustulund.
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Áreiðanleiki, dugnaður og heiðarleiki.
- Reynsla af notkun samfélagsmiðla við miðlun.
- Reynsla af sölu- og markaðsstarfi er kostur en ekki skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur í síma 8400 820 • Umsóknir sendist á eyjolfur@velfang.is
Umsóknarfrestur er til og með 1. október 2022.

VÉLFANG -VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • velfang.is
Óseyri 8 • 603 Akureyri • velfang@velfang.is

CLAAS FENDT Kverneland KUHN Schäffer JCB

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla.
Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.



Sumarhöll Vigdísar Sveinsdóttur og Guðjóns Guðmundssonar í Árósum. Myndir / VH.



Útþensla og þétting byggðar er farin að þrengja að kotgörðunum.

## Danmörk:

# Kotgarðar í Árósum

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Danir mega eiga það að þeir kunna listina að „hugge sig“. Í Árósum og víðar í Danmörku er að finna það sem er kallað „kolonihave“, grendargarðar eða kotgarðar, eins og ég kýs að kalla nýlenduna mitt í borginni.**

Garðarnir eru hugsaðir sem afdrep fyrir fólk sem býr í blokk og hefur ekki aðgang að einkagarði. Hver og einn garður er í einkaeigu og ganga þeir kaupum og sölum en kaupin eru háð skilyrðum sem eiga að koma í veg fyrir að hægt sé að braska með garðana. Félagsskapurinn í kringum kotgarðana kallast Fritidssamfund og verða meðlimir þess að fara eftir sameiginlegum reglum samfélagsins.

### *Fritid og þétting byggðar*

Kotgarðarnir eru í dag 59 og um 400 fermetrar hver og innan lóðamarkanna mega eigendur þeirra reisa 40 fermetra hús og 10 fermetra gróðurhús. Húsin á svæðinu eru nánast öll heilsárshús með öllum nútímaþægindum, þrátt fyrir að reglur kveði á um að ekki megi dvelja í þeim á nóttunni yfir vetrartímann.

Nýlendan á sér nokkuð langa sögu og landið var lengi utan við bæinn og í eigu lestafélagsins DSB. Í seinni heimsstyrjöldinni gátu íbúar Árósa leigt þar matjurtagarða sem með tímanum þróaðist yfir í garða með litlum húsum og svo stærri húsum og meira í átt til staða sem hægt var að „hugge sig“ frá skarkala borgarinnar. Árið 2008 átti DSB undir högg að sækja fjárhagslega og sáu nýlendubúarnir sér leik á borði og keyptu landið.

Með tímanum hefur borgin færst nær kotgörðunum og byggingaverktakar ásælast landið í nafni framfara og fyrir nokkrum árum misstu nokkrir nýlendubúar garðana sína undir veg og blokkir.

Þétting byggðar er svo nauðsynleg í Árósum eins og í Reykjavík að nýjustu blokkirnar eru ekki nema fáa metra frá lóðamörkum sumra kotgarðanna og það sem verra er, að mati nýlendubúa, geta blokkarbúar horft niður í garðana af svölunum.

Svölum sem lofað var að ekki yrðu byggðar á þeirri hlið sem snýr að görðunum.



Guðjón Guðmundsson og Vigdís Sveinsdóttir kotgarðsbændur.



Gróðurhúsin mega vera 10 fermetrar að stærð.

### *Ólíkir garðar*

Eitt af því sem gerir kotgarðabyggðina skemmtilega er hversu ólíkir garðarnir eru. Sumir eru verulega skipulagðir og jafnvel skipulagðir eftir ákveðnum garðstíl eins og japanski garðurinn sem er verulega glæsilegur. Aðrir eru meira villtir og frjálslegri í forminu. Garðurinn þeirra Vigdísar og Guðjóns flokkast undir það sem kallast frjálst form að því leyti að skipulag hans er sjálfsprottið eftir hugmyndum þeirra og nennu og breytist eftir því sem þeim finnst hann fallegastur hverju sinni.



Vel skipulagður kotgarður í japönskum stíl.



Guðjón Rúdolf stórfursti kotgarðanna.

Í ár eru það til dæmis rauð og blá blóm sem eru mest áberandi.

### *Góður staður til að vera á*

Hjónin Guðjón Guðmundsson og Vigdís Sveinsdóttir keyptu sér kot í Fritids-nýlendunni árið 2004 og hafa síðan þá byggt við húsið og ræktað kotgarðinn sinn af alúð. Að þeirra sögn er fátt betra en að eyða frítímanum í kotinu og dunda sér í garðinum.

Gaui, eins og Guðjón er yfirleitt kallaður, segist heimsækja nýlenduna á hverjum degi og yfirleitt á hjóli og eyða þar tíma til að hlaða batteríin.



Hátt í 100 manns frá bændahreyfingum Norðurlandanna sóttu fundinn.

## Samtök norrænna bændasamtaka:

# Fæðuöryggi er raunveruleg alþjóðleg áskorun

**Dagana 17.-19. ágúst síðastliðinn héldu Samtök norrænna bændasamtaka, NBC, vinnufund í Seinäjoki í Finnlandi.**

Fundurinn, sem var vel sóttur, vakti athygli fjölmiðla í Finnlandi. Formenn finnsku og dönsku Bændasamtakanna héldu erindi, farið var yfir alþjóðamál í landbúnaði, ungir bændur á Norðurlöndunum fóru yfir sína starfsemi og finnski landbúnaðarráðherrann, Antti Kurvinen, ávarpaði fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Óhætt er að segja að fæðuöryggi hafi verið fyrirlesurum og fundargestum hugleikið.

Venju samkvæmt sendu Samtök norrænna bændasamtaka, NBC, frá sér yfirlýsingu í kjölfar fundarins, sem send var til Norrænu ráðherranefndarinnar sem innlegg í þau áhersluatriði sem hafa þarf í huga til þess að norrænn landbúnaður geti blómstrað enn frekar og verið áhugaverður starfsvettvangur fyrir alla.

***Vilja virkja græna umbreytingu***

Eftirfarandi er yfirlýsing frá NBC sem send var til Norrænu ráðherranefndarinnar:

Virk græn umskipti krefjast aukins efnahagslegs stöðugleika. Norrænir bændur vilja virkja græna umbreytingu landbúnaðar- og matvælaframleiðslu. Þróa þarf framleiðslu í sjálfbærari og loftslagshagkvæmari átt. Mikill nýsköpunarkraftur er í norrænum landbúnaði sem mun í komandi framtíð þróa hagkvæmari lausnir þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda.

Það er að ýmsu að huga og mikilvægt að lágmarka neikvæð áhrif sem snúa að landbúnaði sem verða óhjákvæmilega vegna alþjóðlegra breytinga og efnahagslegrar óvissu í heiminum. Undanfarin ár hefur heimurinn að mörgu leyti orðið óstöðugri, bæði efnahagslega og pólitískt. Covid-19 hefur breytt neyslumynstri og skapað vandamál fyrir aðfangakeðjur allra vörutegunda.

Stríðið í Úkraínu hefur enn aukið á óvissu hvað varðar öryggisstefnu, vegna hækkandi verðs á orku, áburði, fóðri og matarolíu og vegna verulegra breytinga á viðskiptaflæði.

Skortur hefur verið á ákveðnu undirstöðuhráefni og vörum, sem hefur skapað miklar verðhækkanir og vandamál, sérstaklega fyrir fátækari innflutningslönd matvæla. Fæðuöryggi er raunveruleg alþjóðleg áskorun. Almennt séð hefur landbúnaðargeirinn á Norðurlöndunum verið hæfur og duglegur við að takast á við ástandið. Framleiðsla og útflutningur hefur haldist í réttum skorðum en það



Finnski landbúnaðarráðherrann, Antti Kurvinen gaf skýr skilaboð um við hvaða starfsskilyrði bændur þurfa að búa svo landbúnaður geti verið áhugaverð atvinnugrein fyrir sem flesta.

hefur kallað á endurskipulagningu framleiðslunnar og leitt til mikilla verðsveifIna, fjártjóns og skertrar arðsemi. Eins og er eru margir markaðir í ójafnvægi og þörf er á að viðhalda markaðssamskiptum og skapa ný markaðstækifæri, jafnt innanlands sem og á alþjóðavettvangi.

Norrænir bændur þurfa efnahagslegt/pólitískt rými sem skapar arðsemi og áframhaldandi uppbyggingu í landbúnaði. Án bætts efnahagslegs stöðugleika verður flókið að gera nauðsynlegar fjárfestingar sem snúa að aukinni sjálfbærni og minni loftslagsáhrifum. Það er lykilatriði að pólitískt séð sé bæði skilningur á því ótrúlega og flókna alþjóðlega ástandi sem hefur áhrif á landbúnað og virðingu fyrir því að tryggja þurfi nægilega matvælaframleiðslu fyrir jarðarbúa.

Á Norðurlöndunum getum við skilað hollum og sjálfbærum vörum með minni loftslagsáhrifum en áður, auknum líffræðilegum fjölbreytileika og betri dýravelferð en tryggja um leið framtíðararðsemi og samkeppnishæfni landbúnaðar. Við þetta bætist mikilvægi áframhaldandi áherslu á nýsköpun og innleiðingu nýrrar þekkingar í gegnum ráðgjafakerfi landanna. Norrænu bændurnir geta staðið við framtíðarkröfur sem snúa að loftslagsmálefnum og sjálfbærni en forsenda þess er arðsemi og stöðugur fjárhagsrammi.

Forseti NBC, Søren Søndergaard, segir: „Norrænir bændur hafa mikinn metnað í að tryggja framleiðslu og halda áfram grænum umskiptum og innleiða fleiri loftslagsaðgerðir í sinni vinnu.

Við munum nýta sterka tengingu í virðiskeðjum matvælaframleiðslu. Samstarfið myndar sterkan grunn fyrir nýsköpun og fjárfestingar í sjálfbærri framtíðarþróun og til að tryggja hagræðingu í framleiðslu og sölu.“ /ehg





Floods Trähus



Hentug hús um land allt - Aðeins til sölu á Íslandi!

Húsið er með gluggum frá gólfi upp í loft auk mikillar lofthæðar í eldhúsi og stofu. Einnig sést vel út í garð og á pallinn. Fjögur svefnherbergi, þar af eitt stórt hjónaherbergi með stóru fataherbergi og stóru baðherbergi. Breytingar á herbergjaskipan hússins eru kaupendum að kostnaðslausu.

AAA

Frekari upplýsingar gefur sölustjóri á Íslandi - Hinrik Gunnarsson
Veffang: hinrik@floodstra.com • Sími: 0046 705741099 • Vefsíða: www.floodstra.com/

UC

CAT®

ALLAR STÆRÐIR
AF CAT RAFSTÖÐVUM

**Opnar stöðvar** | Stöðvar í húsi
**Stöðvar í gám** | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | **Öflug og góð þjónusta**



**Gerðu kröfur -** hafðu samband við Karl í síma **590 5125** og kynntu þér þína möguleika.

**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR




Yara heldur áfram að bregðast við háu gasverði með samdrætti á framleiðslu ammoníaks.

## Yara færir framleiðslu frá Evrópu

**Norski áburðarframleiðandinn sendi nýlega frá sér tilkynningu þar sem sagt var frá áformum þeirra um að minnka framleiðslu á ammoníaki í Evrópu.**

Þetta eru viðbrögð Yara við gasverði sem sjaldan hefur verið jafnhátt á Evrópumarkaði.

Í september 2021 sendi Yara frá sér tilkynningu þess efnis að ammoníakframleiðsla á þeirra vegum í Evrópu myndi dragast saman um 40% vegna hækkaðs gasverðs. Með þessum nýjasta samdrætti munu evrópskar verksmiðjur Yara einungis starfa við 35% afkastagetu.

Gasverð hefur verið í hæstu hæðum í Evrópu undanfarin misseri og hefur norski áburðarframleiðandinn ákveðið að bregðast við því með flutningi á hluta sinnar framleiðslu á ammoníaki. Framleiðsla á nítrati mun því þurfa að reiða sig í auknum mæli á innflutt ammoníak. /ÁL



Kýr eru ekki sérlega liprar á sér.

## Gönguleið hefur áhrif á helti

**Þegar kýr eru á beit þurfa þær auðvitað að ganga til og frá fjósinu til þess að komast á beitarstykkið.**

Oft eru þessar gönguleiðir kúnna malarbornar, svo þær vaðist ekki upp, en það skiptir þó verulegu máli hvernig staðið er að frágangi á þessum gönguleiðum.

Þetta var sérstaklega skoðað í írskri rannsókn þar sem gerður var samanburður á tíðni helti kúa og frágangi á gönguleiðum 99 kúabúa. Í ljós kom að þar sem finna mátti lausa steina á helstu gönguleiðum kúnna, þar var meira um helti.

Rannsóknin leiddi einnig í ljós að þar sem voru rimlar framan við inngang inn í fjósin, sem oft er á búum sem beita mikið, eins og t.d. írskum kúabúum, þar var einnig meira um helti.

Þetta kemur líklega fæstum á óvart enda eru kýr ekki sérlega liprar á sér og eiga ekki auðvelt með að sveigja fram hjá ójöfnum við göngu sína. Þegar þær misstíga sig, t.d. þegar þær stíga óvart á stein eða misfellu í undirlaginu eins og á rimlum, getur það orsakað skaða á sólanum eða hvítu línunni sem tengir sólann við klaufvegginn

*/Magasinet Kvæg-SNS*

### Prótein- og sterkjuvinnsla úr kartöflum:

# Hráefni sem getur komið í staðinn fyrir dýraafurðir

**Kartoffelmelcentralen, eða KMC, er samvinnufélag í eigu danskra kartöflubænda og sérhæfir sig í framleiðslu á afurðum úr kartöflupróteini og -sterkju.**

Fyrirtækið er eitt að af þeim stærstu í sinni grein í heiminum og framleiðir 60 ólíka afurðaflokka sem nýttir eru í matvælaiðnaði víða um heim.

Markmið fyrirtækisins er að þróa og framleiða hráefni úr kartöflum sem má nota í matvælaiðnaði í staðinn fyrir dýraafurðir eins og ýmis íblöndunarefni í osti, gelatín í sælgætisiðnaði og sem hráefni í grænmetisrétti sem eiga að líkjast kjöti. Hugo Nielses, forstöðumaður viðskiptasviðs KMC, sagði við Bændablaðið að markmið fyrirtækisins væri að framleiða vörur sem spornuðu gegn loftslagsbreytingum, hungri í heiminum og stuðluðu að auknum líffræðilegum fjölbreytileika. „Þetta gerum við meðal annars með því að draga úr notkun á plöntuvarnarefnum og orku og nýta afgangshráefni og breyta því í verðmæti.“



„Kjötbollur“ úr kartöflupróteini sem búnar eru til í tilraunaeldhúsi KMC. Mynd / VH

*Kartöfluræktun með lágt kolefnisspor*

„Hráefnið í framleiðslu sína fær fyrirtækið frá jóskum kartöflubændum sem rækta kartöflur sérstaklega samkvæmt samningi við KMC og oft í fremur rýrum jarðvegi sem ekki nýtist vel til annarrar ræktunar.

Kolefnisspor kartöfluræktunar er lágt og styður því vel við markmið fyrirtækisins að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og á sama tíma að draga úr losun viðskiptavina þess með nýtingu afurðanna sem það framleiðir. Vinnsla fyrirtækisins afkastar um milljón tonnum af kartöflum á ári,“ að sögn Nielsen.

*Níutíu ára saga*

Fyrirtækið var stofnað árið 1933 eftir að danska ríkið fór þess á leit við bændur að þeir ræktuðu meira af kartöflum til að mæta aukinni þörf landsins fyrir sterkju. Í upphafi var tilgangur KMC að selja framleiðslu sjö verksmiðja sem framleiddu sterkju úr kartöflum með sérleyfi frá danska ríkinu.

Það hefur verið starfandi í tæp 90 ár og frá upphafi sérhæft sig í framleiðslu afurða sem unnin eru úr kartöflum. Í dag framleiðir það meðal annars prótein og sterkju sem er selt til yfir 80 landa og flytur út um 90% framleiðslunnar og er Kína stærsti viðskiptavinur þess.

Árið 1988 var sett á laggirnar þróunardeild innan fyrirtækisins til að vinna að bættum gæðum framleiðslunnar og þróa nýjar afurðir. Á tíunda áratug síðustu aldar var lögð megináhersla á framleiðslu afurða sem nýst gætu í matvælaiðnaði og markaðssetningu þeirra á alþjóðamarkaði. Árangurinn var góður og árið 2003 var byggð ný verksmiðja til að mæta aukinni sölu á kartöflusterkju.

*„Kjötbollur“ úr kartöflupróteini*

Meðal þróunarverkefna sem unnið er að í dag er kartöfluprótein sem gæti komið í staðinn fyrir soja og baunir í grænmetisréttum sem eiga að líkjast kjöti.

Undirritaður smakkaði í sumar „kjötbollur“ sem gerðar eru úr kartöflupróteini og matreiddar í tilraunaeldhúsi KMC. Áferð þeirra er ótrúlega lík kjötbollum og bragðið gott þrátt fyrir að aðeins hafi vantað upp á að það væri eins og kjötbollur sem búnar eru til úr kjöti. */ VH*



Pitsuostur, unninn með kartöflusterkju. Mynd / KMC



Jóskir bændur rækta sterkjuríkar kartöflur fyrir KMC. Mynd / KMC

### Stærsta garðyrkjustöð heims í lóðréttri ræktun:

# Framleiðir rúm 900 þúsund kíló af salati á ári

**Ufangsmesta lóðrétta ræktun (vertical farming) heims er stunduð í Dubai í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, í húsnæði sem er rúmlega 330 þúsund fermetrar með ársframleiðslu á salati upp á rúm 900 þúsund kíló á ári.**

Um þessa risavöxnu garðyrkjustöð var fjallað í vefmiðlinum Fast Company í sumar. Þar kemur fram að sé gengið inn í matvöruverslun í borginni séu allar líkur á að salat og grænmeti sem þar er í boði sé innflutt frá Evrópu, þar sem ræktarland og aðgengi að vatni til ræktunar sé þar afar takmarkað. Talið er að um 90 prósent af öllum matvælum í landinu séu innflutt, en nálægt tíu milljónir manna búa þar.

*Mikil stærðarhagkvæmni*

Garðyrkjustöðin heitir ECO 1 og er staðsett nálægt flugvellinum í Dubai. Ýmsar salattegundir eru ræktaðar í stöðinni, til að mynda klettasalat og spínat. Bygging stöðvarinnar var samstarfsverkefni




Garðyrkjustöðin risavaxna í Dubai. Mynd/ Crop One

Crop One, fyrirtækis sem sérhæfir sig í lóðréttri ræktun nálægt Boston í Bandaríkjunum, og fyrirtækisins Emirates Flight Catering, sem leggur flugfélaginu Emirates Airlines til matvæli og hráefni til matargerðar.

Mikil stærðarhagkvæmni er talin vera fólgin í rekstri á mjög stórum garðyrkjustöðvum með lóðrétta ræktun innandyra, þar sem sjálfvirk stýring er á öllum þáttum ræktunarinnar; meðal annars lýsingu, rakastigi og næringargjöf. Haft er eftir Craig Ratajczyk, forstjóra Crop One, í umfjöllun Fast Company að stöðin hafi reynst vera mjög arðvænleg.





Sýnishorn af lóðréttri ræktun. Mynd / Wikimedia Commons

*Einstaklega umhverfisvænt*

Stöðin er sögð mjög umhverfisvæn í mörgu tilliti, til dæmis nýtingin á vatni sem er talin vera afburðagóð – um 95 prósenta minni vatnsnotkun en í sambærilegri útiræktun. Þá er engin þörf á notkun á skordýraeitri né illgresiseyði því ræktunin fer fram í lokuðu ræktunarkerfi.

Sem stendur er stöðin knúin með hefðbundnum orkugjöfum, en stefnt er á að skipta yfir í sólarorku í framtíðinni.

Í Abu Dhabi, annarri borg í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, er stefnt að því að reisa aðra risastöð og hafa stjórnvöld þar fjárfest fyrir um 100 milljónir bandaríkjadala í verkefninu.

Þar er gert ráð fyrir að hluti fjármagnsins fari í að setja upp rannsóknarmiðstöð til þróunar á enn hagkvæmari leiðum til lóðréttrar ræktunar. Talið er að þessi tegund ræktunar muni ryðja sér mjög til rúms á heimsvísu á næstu árum.

*/smh*



Indland dró úr útflutningi á hveitikorni í vor og hveitimjöli núna í ágúst til þess að tryggja fæðuöryggi innanlands. Mynd / Anurag Guatam

# Indverjar hefta útflutning

**Indland, sem er annar stærsti hveitiframleiðandi í heiminum, setti útflutningshömlur á hveiti í vor.**

Í kjölfarið jókst útflutningur á möluðu hveiti um 200% miðað við sama tíma í fyrra. Þetta leiddi til verðhækkana á innanlandsmarkaði. Fyrir skemmstu lokuðu indversk stjórnvöld á útflutning á hveitimjöli.

Þetta gera indversk stjórnvöld til að tryggja fæðuöryggi sinna þegna og sporna við hækkuðu verði á innanlandsmarkaði. Guardian greinir frá. Vonir stóðu til að Indland gæti fyllt það skarð sem varð við lokun hafna við Svartahaf við innrás Rússa í Úkraínu. Uppskerubrestur, verðhækkanir og minnkaðar neyðarbirgðir í korngeymslum urðu til þess að indversk stjórnvöld settu skyndilegar hömlur við útflutningi á hveiti 14. maí síðastliðinn.

Útflutningshömlurnar í vor höfðu tímabundin áhrif til verðlækkunar á hveiti. Útflytjendur nýttu sér fljótlega glufu í reglugerðinni sem bannaði ekki útflutning á möluðu hveiti.

Það leiddi til 20% verðhækkunar í sumar. Indversk stjórnvöld brugðust við í lok ágúst og settu útflutningshöft á malað hveiti. */ÁL*




Til þess að forðast hungursneyð þarf rússnesk hrávara að rata inn á heimsmarkaðinn. Rússland er einn stærsti framleiðandi matvæla og áburðarefna en útflutningur þaðan hefur stöðvast. Mynd / Sameinuðu þjóðirnar

# Guterres vill rússnesk áburðarefni

**Sameinuðu þjóðirnar vinna að því, ásamt Bandaríkjunum og Evrópusambandinu, að koma rússneskum áburðarefnum og matvælum á heimsmarkað.**

„Án áburðar árið 2022 getur orðið fæðuskortur árið 2023. Útflutningur á matvælum og áburði frá Úkraínu og Rússlandi er nauðsynlegur til að róa hrávörumarkaði og lækka verð til neytenda,“ sagði Antonio Guteress, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, í heimsókn til Istanbúl í lok ágúst. Aljazeera greinir frá.

Rússland og Úkraína eru með stærstu framleiðendum heimsins á matvælum og Rússland á áburðarefnum. Úkraínumönnum hefur tekist að flytja út 650.000 tonn af korni í gegnum hafnir sínar við Svartahafið, en dugar það ekki til samkvæmt aðalritaranum.

Viðskiptaþvinganir Vesturlanda á Rússa ná ekki yfir matvæli og áburð, en þrátt fyrir það hefur útflutningur á þessum hrávöruflokkum nær stöðvast. Sameinuðu þjóðirnar eru í samstarfi við Bandaríkin og ESB til þess að losa um hindranir á útflutningi sem snúa m.a. að tryggingum, fjármögnun og skipaflutningum. */ÁL*















Guðni Reynir Þorbjörnsson með skáldsöguna Gabríel og skýtna konan.

Menning:

# Fyrsta skáldsaga sauðfjárbónda

**Gabríel og skrýtna konan er ný skáldsaga eftir Guðna Reyni Þorbjörnsson, sauðfjárbónda á bænum Miðengi í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Þetta er fyrsta bók hans og örugglega ekki sú síðasta. Guðni er fæddur og uppalinn í Miðengi og er þar með um 100 fjár. Hann er einnig í fullu starfi sem leikskólakennari í Kerhólsskóla.

*Draumurinn rættist*

„Ég get vart lýst því hversu hamingjusamur ég er að geta kallað mig rithöfund. Það er draumur sem hefur lengi blundað í mér og því er gríðarlega ánægjulegt að sjá hann verða að veruleika. Bókin er skáldsaga ætluð breiðum hópi lesenda þó ég vilji ekki fara beint út í söguþráðinn. Fólk verður bara að lesa bókina,“ segir Guðni Reynir glottandi.

Sagan flokkast að hans sögn undir svokallaðar fantasíubókmenntir þar sem drauma- og þjóðsagnaverur eru í stóru hlutverki. „Þegar sagan var skrifuð var hún aðallega hugsuð fyrir ungmenni á unglingastigi í grunnskóla. Mig langaði að koma með eitthvað ferskt og spennandi lesefni inn á þann markað, sem myndi á sama tíma halda tengingu við þjóðsagnaverur okkar. Síðan hef ég komist að því að yngri lesendur hafa sótt mikið í bókina sem hefur komið mér skemmtilega á óvart. Það hefur fengið mig til þess að huga að enn breiðari aldurshóp fyrir næstu sögu og mér finnst það skemmtileg áskorun,“ segir Guðni Reynir.

*Viðtökur framar vonum*

Guðni Reynir segist hafa fengið frábærar viðtökur við nýju bókinni. „Já, viðtökurnar hafa verið framar vonum. Auðvitað er bókin tiltölulega nýkomin út, en nú þegar hefur fólk komið að máli við mig eða sent mér skilaboð og hrósað mér fyrir söguna og beðið um framhald. Þetta yljar manni um hjartarætur og mér þykir ofboðslega vænt um það. Um leið hvetur það mig áfram á þessari braut.“

Leó bókaútgáfa gefur bókina út þar sem hægt er að kaupa hana, en einnig fæst hún í Pennanum Eymundsson og hjá Forlaginu bókabúð. Einnig er hægt að hafa beint samband við Guðna Reyni til að nálgast eintak.

*- En ætlar Guðni Reynir að gefa út fleiri bækur?*

„Já, ég stefni ótrauður á það því það eru svo margar sögur í kollinum á mér sem bíða eftir að komast á blað. Ég á fullt í fangi með að halda aftur af mér þegar hugmyndirnar byrja að koma. Það er ágætis áskorun fyrir mig að reyna að ná tökum á hugmyndaflæðinu og skrúfa aðeins fyrir það og leyfa hverri og einni hugmynd að gerjast betur áður en ég fer að vinna með hana. Þetta hefur allt sinn tíma,“ segir Guðni Reynir.

*Kindurnar frábærar*

Guðni Reynir hefur alltaf haft mikinn áhuga á sauðfjárbúskap og elskar kindurnar sínar, enda er hann með mjög flott bú þótt það sé ekki stórt. „Kindurnar gefa mér mjög mikið og það er alltaf gaman að stússast í kringum þær, ekki síst á vorin í sauðburðinum. Ég fæ oft margar hugmyndir af sögum og söguþráðum þegar ég er innan um féð, þótt mínar hugmyndir komi fyrst og fremst í gönguferðum um náttúruna. Þar fæ ég minn innblástur og þaðan kom efnið í fyrst og fremst í nýju bókinni, ekki úr fjárhúsinu en það verður kannski í næstu bók,“ segir Guðni Reynir alsæll með að geta kallað sig rithöfund.

/MHH



Þátttakendur á námskeiðum Farskólans koma alls staðar að af landinu. Hér er verið að kenna súrsun matvæla.
Myndir / Farskólinn, Norðurlandi V.

Farskólinn á Norðurlandi vestra 30 ára:

# Mikil gróska í matarhandverki

**Farskólinn, miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, er 30 ára á þessu ári. Framboð námskeiða hefur aldrei verið meira en um 20 námskeið verða í boði í haust.**

Nú fimmta árið í röð eru að hefjast námskeið um matarhandverk sem haldin eru í samstarfi við Vörusmiðjuna á Skagaströnd og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Vörusmiðjan á Skagaströnd er orðin svo umsetin að Farskólinn þarf að festa daga þar ár fram í tímann til að komast að með sín námskeið.

Halldór B. Gunnlaugsson er verkefnastjóri hjá Farskólanum. Haustið 2018 bauð skólinn upp á sjö námskeið en upp frá því hefur sífellt verið bætt við námskeiðum á hverju hausti. „Í raun eru námskeiðin orðin það mörg að haustið dugar ekki, þannig að við erum með allt skólaárið undir. Við erum nú með alls 21 námskeið sem er undir hatti Farskólans og fleiri á leiðinni, m.a. erum við að undirbúa námskeið í bjórbruggi og annað um þurrkun á öllu mögulegu, enda var verið að setja upp öflugan þurrkskáp hjá Vörusmiðjunni,“ segir hann.

*Námskeið skapa frumkvöðla*

Halldór segir að í fyrstu hafi námskeiðin verið hugsuð með bændur í huga enda hafi þeir kallað eftir þeim.

„Það kom fljótt í ljós að alls konar fólk hafði áhuga á námskeiðunum okkar og alls ekki bara af Norðurlandi vestra, því fólk alls staðar að af landinu hefur sótt þau. Við höfum reynt að koma til móts við þann hóp með því að bjóða öll námskeið um helgar þannig að fólk geti jafnvel sótt tvö til þrjú námskeið sömu helgina,“ segir hann.



Framboð námskeiða nú í vetur hefur aldrei verið meira, yfir 20 mismunandi námskeið eru í boði og áhuginn er mikill. Hér er í gangi námskeið í úrbeiningu.

Það er frábært að fylgjast með því hversu mikil gróska er í matarhandverki á svæðinu og fer sívaxandi. Við fylgjumst stolt með og finnst við eiga í þessum frumkvöðlum, þetta er mikið fólk sem hefur sótt nám og námskeið hjá okkur,“ segir Halldór.

Frá því námskeið Farskólans á sviði matarhandverks hófust hafa orðið til tvær vandaðar heimavinnslur á svæðinu og tvær aðrar eru í burðarliðnum. „Það er nákvæmlega það sem við vonuðumst eftir, að fólk gæti byrjað sína starfsemi hjá Vörusmiðjunni á Skagaströnd og þegar umfangið réttlætti framkvæmdir heima fyrir yrði farið í þær.“

*Samstarf í Svíþjóð*

Í janúar munu kennarar og starfsfólk hjá Farskólanum og Vörusmiðjunni heimsækja Eldrimner, sem er matarhandverksskóli í Svíþjóð, og segir Halldór að fólki sé velkomið að slást með í för. Í ferðinni verður m.a. sótt námskeið í ostagerð og þá stendur til að heimsækja nokkra smáframleiðendur á svæðinu umhverfis skólann.

Mögulega verður einnig reynt að fá kennara úr skólanum til liðs við Farskólann og bjóða upp á námskeið og jafnvel gætu kennarar af Norðurlandi vestra sótt sænska skólann heim.

/MÞÞ



Samtals voru 25 jeppar á sýningunni.



Einn frægasti Bronco landsins. Ferðatæki Birgis Brynjólfssonar heitins, sem oft var kallaður Fjalli.

# Ford Bronco sýning




Gamall og nýr Bronco. Hér sést nýi bíllinn sem kemur í sölu á næsta ári við hlið þess upprunalega. Við hönnun nýja jeppans var greinilega horft til útlits þess gamla.

Þann 16. ágúst sl. var sýning á gömlum og nýjum Ford Bronco við aðstöðu Krúser í Reykjavík. Sýningin var á vegum Bronco.is, Ford Bronco á Íslandi á Facebook og Krúser. Tilefni sýningarinnar var m.a. að vekja athygli á nýjum Ford Bronco sem kemur í sölu á Íslandi á næsta ári. Samtals voru 25 Bronco jeppar á sýningunni, og þar af voru tveir splunkunýir jeppar, alveg eins og þeir sem Brimborg hefur sölu á árið 2023. Bændablaðið mætti á staðinn og tók myndir. af því sem fyrir augu bar.

/ÁL


Anton Helgi Jónsson við afhendinguna.


Bjarni Guðmundsson tók lagið. Myndir / Anton Guðmundsson

## Minningarsjóður Ingibjargar Sigurðardóttur og Guðmundar Böðvarssonar:

# Bjarni og Anton Helgi hlutu Borgfirsku menningarverðlaunin

**Stjórn minningarsjóðs Ingibjargar Sigurðardóttur og Guðmundar Böðvarssonar, skálds og bónda á Kirkjubóli í Hvítársíðu, komst að þeirri niðurstöðu að Bjarni Guðmundsson á Hvanneyri og Anton Helgi Jónsson skáld hljóti Borgfirsku menningarverðlaunin árið 2022.**

Verðlaunin eru veitt í tveimur flokkum. Annars vegar fyrir menningarmál og hins vegar ljóðlist og voru afhent í Reykholtskirkju sunnudaginn 28. ágúst síðastliðinn.

*Fróðleikur um búskaparhætti*

Í greinargerð vegna verðlaunanna segir meðal annars að Bjarni Guðmundsson hafi verið ötull við að safna fróðleik um búskaparhætti frá upphafi landnáms til dagsins í dag og að þeim fróðleik hafi hann miðlað í fjölda bóka og rita og hann hljóti menningarverðlaun Minningarsjóðs Ingibjargar Sigurðardóttur og Guðmundar Böðvarssonar.

*Einföld sem flókin fyrirbæri skilgreind*

Um Anton Helga Jónsson segir að meðal helstu höfundareinkenna hans sé ríkt skopskyn sem með tímanum hefur fengið æ dýpri undirtóna. Hann beitir heimspekilegri nálgun á viðfangsefnin sem geta verið afar hversdagsleg, jarðbundin og líkamleg. Einföld sem flókin fyrirbæri eru skilgreind upp á nýtt með frumlegum og óvæntum hætti, tvíræðni og margræðni eru meðal helstu einkenna í skáldskap hans. Ljóðin afhjúpa hvers kyns mótsagnir mannlegs lífs, bresti samfélagsins en einnig einstaklingsins. Anton Helgi hlaut verðlaunin fyrir ljóðlist.

*Um minningarsjóðinn*

Minningarsjóður Ingibjargar Sigurðardóttur og Guðmundar Böðvarssonar frá Kirkjubóli í Hvítársíðu var stofnaður 1974 og hlutverk hans er að leggja lið og vekja athygli á því sem vel er gert í menningarmálum í Borgarfirði og ljóðlist á Íslandi. Auk þess að halda á lofti minningu hjóna Ingibjargar Sigurðardóttur og Guðmundar Böðvarssonar, skálds og bónda á Kirkjubóli í Hvítársíðu. /VH




Úrval af þægilegum og endingagóðum sokkum.
40 sölustaðir, hafðu samband til að fá upplýsingar um sölustað í nágrenni við þig.
Sokka Kompaníið ehf. 230 Reykjanesbær - info@socks2go.eu - gsm: 831 8400 - www.socks2go.is

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Ýmsar bátavörur á hagstæðu verði
Lensidælur og rofar, ljóskastarar, siglingaljós, sæti og standar, ryðfrí handföng, pollar og kefar, rofabretti og rafmagnsvörur, stýrisbúnaður og ýmislegt fleira.

S. 666 6012 / batavorur.is

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

FÓÐUR TIL FRAMTÍÐAR
Fóðurráðgjöf og heysýnataka

FAGLEG RÁÐGJÖF
NÁIÐ SAMSTARF
EFTIRLIT & EFTIRFYLGNI
FRÁBÆR ÁRANGUR
Landstólpi býður upp á heysýnatöku ásamt fóðuráætlanagerð og ráðgjöf varðandi val á kjarnfóðri. Við viljum ekki einungis bjóða upp á gott fóður og góða ráðgjöf heldur viljum við einnig upplýsa þig, hvetja og kveikja áhuga.
Ekki hika við að hafa samband við fóðurráðgjafa okkar í síma 480 5600 eða senda póst á netfangið landstolpi@landstolpi.is
LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi 480 5600
Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum 480 5610
www.landstolpi.is landstolpi@landstolpi.is

Scotty FIREFIGHTER
Tinger Armor
Eigum til á lager þessi frábæru farartæki, sem henta nánast við allar aðstæður.t.d
Landbúnað-björgunarsveitir-slökkvilið-línuviðgerðir á hálendinu-verktakar ofl.
Góð burðargeta-skráður fyrir 6 á landi en 4 á vatni.
Mjög hagstæð verð.


Skutull ehf.
S. 517-9991 & 842-1314



Girnilegar taco skeljar með saðsamri fyllingu. Mynd / taste.com.au

# Stökkar skeljar & mjúkir vafningar

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

**Hefðbundnir mexíkóskir réttir eiga sér aldagamla sögu og rætur að rekja til fornra menningarþjóða, Olmeka, Mæja og Asteke, í Mið-Ameríku og þess sem í dag kallast Mexíkó í dag.**

Maís, baunir og ýmis villibráð var undirstöðufæða þessara fornþjóða. Fyrsta greiðasalan sem seldi taco hér á landi starfaði á herstöðinni á Miðnesheiði.

Í dag eru mexíkóskir réttir þekktir fyrir maís, baunir, lárperur, tómata, sætuhnúða, chili, kjöt, salsa- eða guacamolesósu og ost. Öllu þessu og ýmsu öðru þykir sjálfsagt að sulla saman í stökkar taco skeljar sem bakaðar eru úr maísmjöli eða mjúka hveitivafninga.

Enginn veit fyrir víst hvaðan taco er upprunnið en talið er að tacolíkir réttir hafi verið þekktir meðal innfæddra sem áttu bústað í vatnahéraði í dal á hásléttu Mexíkó og bökuðu flatbrauð úr maísmjöli og höfðu á það fisk.

### *Maís tilbeðin sem kvenkynsguð*

Maís, Zea mayz, er af grasaætt og einkímblöðungur. Plantan getur í dag, eftir miklar kynbætur, hæglega náð 2,5 metrum að hæð og til eru mælingar á plöntum sem hafa náð átta metra hæð. Rótarkerfið er lítið. Stöngullinn er þykkur og líkist bambus í útliti, blöðin mörg, löng og mjó, um níu sentímetra breið og 120 sentímetrar á lengd. Karlblómin mynda punt ofan við efstu blaðöxl og berast frjó þeirra með vindi til kvenblóma sem þroskast við neðri blaðaxlir. Fræin þroskast í löngum kólfi og þar myndast hin eiginlegu maískorn sem eru í nokkuð beinum röðum. Í nútímayrkjum geta verið allt að 600 korn á hverjum kólfi og myndar hver planta yfirleitt tvo slíka.

Frjókornagreiningar sýna að útbreiðsla maís er talsverð í Norður-Ameríku 2.500 árum fyrir Krist. Meðal sumra ætthópa indíána Norður-Ameríku var sagt að maís væri gjöf guðs til þeirra og ræktun þess mikil meðal þeirra. Indíánarnir þekktu til samplöntunar og samhliða maís ræktuðu þeir baunir sem klifruðu upp eftir stofni maísins og voru niturbindandi um leið.

Fjöldi sagna eru til um uppruna maísplöntunnar. Ein þeirra segir að lítill fugl eða refur hafi stolið fræi frá himnaríki eða tunglinu og fært manninum það að gjöf.

Indíánar Navajo ættflokksins, sem hélt sig í norðausturhluta þess sem í dag eru Nýja-Mexíkó og Arizona-ríki Bandaríkjanna, sögðu að hundar, refir og kattardýr eins og púma væru upphaflega gerðir úr maísmjöli. Bakað var maísbrauð í lögun þeirra en halanum og rassinum sleppt til að þurfa ekki að borða hann.

Plantan var í miklu uppáhaldi og lék stórt hlutverk í menningu þjóða eins og Maya, Inka, Olmeka, Tolteka og Asteka. Maísrækt var undirstaða efnahagslífs Maya og plantan tilbeðin sem kvenkynsguð.



Taco sósur eru fáanlega í ýmsum styrkleikum. Mynd / /pipandebby.com

### *Maísbrauð*

Rannsóknir benda til að innfæddir í Mið-Ameríku og Mexíkó hafi ræktað hátt í 50 ólíkar plöntur sér til matar áður en Kólumbus og kóna hans bar að landi í Nýja heiminum.

Maís er komið af villtri grastegund sem finnst í Mið-Ameríku og talið er að maísfrjókorn sem fundust í borkjarna sem kom upp af 60 metra dýpi undir Mexíkóborg séu 5.500 ára gömul.



Taco sprengihleðsla. Mynd / horsesoldier.com

Öx villtra maísplantna voru smá og varla lengri en fremsta kjúka litlafingurs og fá fræ á hverri plöntu. Fræi eða korni þeirra var safnað í fyrstu af villtum grösum en síðar af ræktuðum plöntum. Fræið var þvegið, þurrkað og malað og notað í grauta, til að baka brauð og til annars konar matargerðar.



Taco í opinni skel. Mynd / wikimedia.org

Maísbrauð sem hnoðað var í bollur eða flatt út var eldbakað á heitum steinum eða frumstæðum steinofnum.

### *Landvinningamenn gera sér glaðan dag*

Spánverjinn Bernal Días del Castillo, 1492 til 1584, var fyrsti Evrópumaðurinn til að lýsa áti tacolíks réttar skriflega þegar hann segir frá málsverði sem Hernán Corter, sá sem olli falli ríkis Astek, bauð herforingjum sínum í til Coyoaná sem í dag er hluti af Mexíkóborg.

Landvinningamenn litu niður á innfædda og lögðu mat þeirra sér ekki til munns nema þegar hungrið steðjaði að og fluttu því með sér sín eigin húsdýr, grænmeti og matarvenjur til Nýja heimsins. Með tímanum hefur svo kostur beggja heima blandast saman í einn allsherjar hrærigraut.

### *Fæða námumanna*

Taco líkt því sem við þekkjum í dag er rakið til námuverkamanna í silfurnámum í Mexíkó á átjándu öld. Námumannataco var flatbrauð, mjúkt á meðan það var nýtt en gamalt var það hart og undið á jöðrunum.

Sprengileðslur sem gerðar voru úr púðri og oft sett í opinn pappír og komið fyrir í borholum voru kallaðar taco.

Fyrstu skráðu heimildir um taco skeljar sem fæðu eru frá seinni hluta nítjándu aldar þar sem þær eru kallaðar tacos de minero, eða námumannataco. Skeljarnar komu síðar og rétturinn eins og við þekkjum hann því ekki eins gamall og ætla mæti.

Innflytjendur frá Mexíkó fluttu taco með sér til Bandaríkjanna um aldamótin 1900 og varð rétturinn fljótlega vinsæll sem fátækramatur í suðurríkjum Bandaríkjanna. Taco er fyrst getið í bandarísku dagblaði 1905 þar sem segir í lauslegri þýðingu: Innflytjendur frá Mexíkó eru farnir að flykkjast yfir landamæri í leit að atvinnu, í námum eða við að leggja járnbrautateina. Hér í Bandaríkjunum er litið á matinn sem þeir kjósa að borða sem fátækrafæðu og hann tengdur



**Maísbrauð bakað.** Mynd / wikiwand.com



JUNE CALENDAR OF E[illegible]S AT THE MARINE KLUB

| MONDAY | TUESDAY | WEDNESDAY | THURSDAY | FRIDAY |
|---|---|---|---|---|
| DEEP PAN PIZZA IS HERE !!! | BOOK YOUR PRIVATE PARTY WITH US !!!! | WE HAVE EXPANDED OUR OPERATING HOURS TO BETTER SERVE YOU !!!! | 1 TACO SALAD $2.50 KLUB CLOSES AT 1400 FOR PRIVATE PARTY | 2 BOWL OF CHILI WITH (2) GRILLED CHEESE SANDWICHES $1.75 |
| 5 SUB SANDWICH & CHIPS $2.25 | 6 MEATBALL SUB & FRIES $2.25 | 7 SPAGHETTI GARLIC TOAST GARDEN SALAD SLICE OF DEEP PAN PIZZA $2.75 | 8 TACO SALAD $2.50 | 9 BOWL OF CHILI WITH (2) GRILLED CHEESE SANDWICHES $1.75 |
| 12 (2) CHILI DOGS & FRIES $1.75 | 13 SHRIMP FRIED RICE & LUMPIA $2.25 | 14 SPAGHETTI GARLIC TOAST GARDEN SALAD SLICE OF DEEP PAN PIZZA $2.75 | 15 TACO SALAD $2.50 | 16 BOWL OF CHILI WITH (2) GRILLED CHEESE SANDWICHES $1.75 |
| 19 ITALIAN SAUSAGE SUB & FRIES $2.25 | 20 SLOPPY JOES & FRIES $2.00 | 21 SPAGHETTI GARLIC TOAST GARDEN SALAD SLICE OF DEEP PAN PIZZA $2.75 | 22 TACO SALAD $2.50 | 23 BOWL OF CHILI WITH (2) GRILLED CHEESE SANDWICHES $1.75 |
| 26 MANAGER'S LUNCH SPECIAL $2.00 | 27 BEEFSTEAK SANDWICH & ONION RINGS $2.25 | 28 SPAGHETTI GARLIC TOAST GARDEN SALAD SLICE OF DEEP PAN PIZZA $2.75 | 29 TACO SALAD $2.50 | 30 BOWL OF CHILI WITH (2) GRILLED CHEESE SANDWICHES $1.75 |

THE MARINE KLUB WELCOMES ALL SERVICES AND RANKS

OPERATION* FOOD SERVICE:
GRILL...M-F 1100-1300
1730-2200
S&S 1100-2200
PIZZA...M-F 1730-2200
S&S 1530-2200

PHONE #7083

MANAGER: GYSGT. C. DINGAS JR.
ASST. MGR.: SSGT. G. McLEAN

*ATTITUDE A[illegible]
EVERY F[illegible]
1700-[illegible]
FREE HORS [illegible]

**Matseðill Marine Klub herstöðvarinnar á Miðnesheiði fyrir júní 1989, birtur í The White Falcon.** Mynd / timarit.is



**Taco selt sem götumatur í Mexíkó.** Mynd / mexiconewsdaily.com



**Hnoðað maísdeig.** Mynd / latinarepublic.com



**Guacamole sósa fer vel með taco.** Mynd / thefrayedapron.com



**Buritos vafningur.** Mynd / seriouseats.com



**Mjúkt tortillabrauð bakað úr hveiti.** Mynd wikipedia.org



**Spánverjinn Bernal Días del Castillo var fyrsti Evrópumaðurinn til að lýsa skriflega áti tacolíks réttar í Mið-Ameríku.** Mynd / wikimedia.org

konum sem kallast chilidrottningar sem selja bæði hann og líkama sinn á götum. Í fyrrnefndri blaðagrein var einnig sagt að bæði taco réttirnir og chilidrottningarnar væru „hot“ og bitu í eins og eiturslöngur.

### *U-laga skeljar og taco dagur*

Fysrtu stökku U-laga taco skeljarnar voru bornar til borðs á veitingahúsi í Mexíkó árið 1940. Sjö árum síðar var fundin upp vél sem bakaði þær U-laga þrátt fyrir að Glen Bell, stofnandi Taco Bell, hafi haldið því fram að hann hafi fundið þær upp árið 1950.

Árið 2003 komst taco sem matreitt var í borginni Mexica í Kaliforníu í Heimsmetabók Guinness sem stærsta taco sem búið hefur verið til og vó það rúm 750 kíló. Samkvæmt uppsláttarritinu Tacopedia ók fyrsti bíllinn sem seldi taco um götur New York árið 1966. Í dag er taco þekkt sem götumatur víða um heim og íbúar Mexíkó halda upp a taco daginn 4. október.

### *Orðsifjar*

Orðið taco er komið úr máli innfæddra í Mexíkó og getur staðið fyrir allt í senn, vafning, fleyg, tapa, billjarðkjuða, blásturrör, kylfu, sprengihleðslu, lítinn en þykkan viðarbút og lágvaxinn og feitlaginn mann.

Önnur skýring er að heitið sé komið úr máli Nahuatil Astek og þýði í miðjunni og vísi til þess að matur hafi verið settur í opnar skeljarnar.

### *Mjúkir vafningar*

Taco réttir sem í eina tíð voru bornir fram í mjúku deigi kallast í dag tortilla- eða buritosvafningar og oftast búnir til úr mjúku hveitibrauði þrátt fyrir að meðlætið sé yfirleitt svipað.

### *Stökkar skeljar*

Vinsældir stökkra og U-laga taco skelja, sem bakaðar eru úr maísmjöli um víða veröld, má rekja til Bandaríkjanna og ekki síst til alþjóðlegu skyndiréttakeðjunnar Taco Bell. Á spænsku kallast þær tacos dorados eða gullið taco.

### *Taco afbrigði*

Ýmis afbrigði eru til af taco réttum, brauðið hanterað á ólíkan hátt og innihaldið ólíkt allt eftir kenjum kokksins.

Hráefnið í taca al pastor er þunnt skorið svínakjöt. Ofan á kjötið er lagt marinerað chili og herlegheitin þrædd á tein og grilluð með snúningi í eldofni.

Taco asador er gert með því að setja guacamole- eða salsasósu, kjöt, lauk og kóríander á tortilla brauð og leggja síðan aðra tortillu yfir og setja á grill.

Til að matreiða taco de cabexa þarf að verða sér úti um nautshöfuð og skera af því kinnarnar, tunguna og heilann og steikja. Taco brauð er hitað á pönnu og síðan er kjötið sett ásamt salsa- eða guacamolesósu, lauk og kóríander á það.

Í taco de lengua er höfð nautatunga sem hefur verið soðin ásamt hvítlauk, lauk og lárviðarlaufi í nokkra klukkutíma þar til hún er orðin mjúk. Tungan er síðan léttsteikt á pönnu og borin fram í skel með meðlæti að eigin vali.

Rækjutaco er vinsæll réttur í Baja í Mexíkó. Rækjurnar eru stærri en við eigum að venjast og grillaðar. Best þykir að bera þær fram í heitum taco skeljum með salsasósu ásamt salati, lárperu, sítrónusafa og majónesi.

Djúpsteikt upprúllað tortilla brauð með forsteiktu kjúklinga- eða nautakjöti og meðlæti kallast tavo de cazo.

Í svokallaðri Tex-Mex matargerð, sem er bræðingur matreiðsluhátta frá Texas og Mexíkó, þykir sjálfsagt að bera taco fram sem morgunverð. Rétt sem samanstendur af mjúku tortilla brauði, eggjum, osti og grænmeti eða annars konar meðlæti eins og til dæmis beikoni eða skinku.

### *Taco á Íslandi*

Sáralítið og eiginlega ekkert fer fyrir taco í íslenskum fjölmiðlum allt fram á þessa öld.

Morgunblaðið segir frá því í ágúst 2006 að veitingahúsakeðjan Taco Bell muni opna veitingastað í Hafnarfirði í lok nóvember það ár og gangi áætlanir eftir verða Hafnfirðingar fyrstir í heiminum til að bragða á skyndibita keðjunnar utan Bandaríkjanna eða bandarísks varnarsvæðis, að sögn framkvæmdastjóra KFC á Íslandi, sem stendur að opnun staðarins.

Í Fréttablaðinu í nóvember sama ár segir einnig frá því að Taco Bell staðurinn í Hafnarfirði hafi verið sá fyrsti sem opnaður hafi verið utan Bandaríkjanna. Þar segir einnig að barist hafi verið fyrir því að fá Taco Bell hingað til lands í um fimmtán ár.

„Reyndar hefur einn slíkur staður verið starfræktur um nokkurn tíma á herstöðinni á Miðnesheiði en þar sem henni hefur nú verið lokað fengu íslensku aðilarnir loksins leyfi til þess að opna Taco Bell stað innan íslenskrar landhelgi.“

Þetta mun ekki vera rétt því veitingahúsakeðjan Taco Bell reyndi fyrir sér í Mexíkóborg árið 1992. Íbúum borgarinnar leist síður en svo á það sem í boði var. Staðurinn floppaði og var lokað tveimur árum síðar. Keðjan reyndi aftur fyrir sér í borginni árið 2007 en þeim stað var einnig lokað fljótlega vegna áhugaleysis borgarbúa.

Undanfarin ár hefur fjöldi veitingahúsa bætt taco á matseðil sinn og bjóða upp á réttinn í ýmsum útgáfum, hvort sem það kallast taco, tortilla, buritos eða quesadillas.

Taco er vinsæll matur á Íslandi í dag enda auðvelt að matreiða slíka rétti þar sem hægt er að kaupa bæði mjúkt og stökkt taco brauð og sósu í næstu matvöruverslun.





**Fyrsti bíllinn sem ók um götur New York og seldi taco.** Mynd / kingtaco.com




Aðallestastöðin í Stokkhólmi var byggð 1871 og er burður þaksins límtré.


Regnvatnið af þökunum rennur í beð þar sem plöntur njóta sín.


Á milli steinsteyptra háhýsa Stokkhólmsborgar má sjá viðkunnanlegt 13 hæða timburmannvirki í þröngu húsasundi.


Viðarskífurnar eru glæsilegar á húsinu. Aldagömul aðferð við að klæða hús sem stenst allar kröfur nútímabygginga.

Sænsku Ceder-húsin:

# Þrettán hæða timburhús yfir hraðbraut



Hlynur Gauti Sigurðsson
hlynur@bondi.is


**Í Svíþjóð vaxa tré. Þau tré vaxa upp til himins og gildna eftir því sem þau eldast. Frá alda öðli um veröld alla byggðu menn hús úr timbri enda er timbur sennilega besta náttúrulega byggingarefnið.**

Vissulega fer það eftir aðstæðum og stundum hentar betur að byggja hús úr hálmi. Önnur byggingarefni hafa sína kosti svo sem sement og stál. Einn áberandi kostur hörðu efnanna, stáls og steypu, er að þau brenna illa. Þau eru sterk en eðlislega mjög þung. Stærstu mannvirki heimskringlunnar eru yfirleitt úr þessum hörðu efnum.

Nú virðast vera breyttir tímar. Ákall nútímans eftir náttúruvænna byggingarefni hefur skilað sér í betri kostum. Í víðfeðmu samstarfi háskóla og iðnaðarins hefur Linné háskólinn í Vaxjö (Lnu) verið leiðandi í þróunarvinnu á krosslímdum timbureiningum (Cross-laminated timber (CLT)). Það er vart hægt að bera það fyllilega saman við almennt þekkt byggingarefni á borð við krossvið og límtré þó svo í grunninn sé krosslímt timbur nokkurs konar samblanda af hvoru tveggja.

Framleiðsla á krossviðarplötum fer þannig fram að trjábol er flett í þunn lög, líkt og eldhúspappír utan af rúllu. Þessi þunnu lög eru límd saman og raðað þannig að viðartrefjarnar skarast þvert á þær sem eru fyrir ofan og neðan. Framleiðsla á límtré krefst ögn meiri vandvirkni. Sérhver límtrésbiti er samansettur af nokkrum viðarstrengjum þar sem viðartrefjarnar liggja samsíða þeim sem eru fyrir ofan og neðan. Hver strengur er saumaður saman af sérvöldum viðarbútum. Límtré getur borið mikla þyngd. Eitt fyrsta stóra límtrésmannvirki Svía var aðallestastöðin í Stokkhólmi sem var formlega opnuð 18. júlí 1871. Síðan þá ruddi límtréstæknin sér til rúms víða um heim. Krosslímt timbur (CLT) er blanda af krossviði og límtré; viðurinn er sérvalinn og nokkuð þykkur eins og í límtré, en límdur saman eins og plöntur þar sem viðartrefjarnar ganga þvert á þá næstu, líkt og krossviður.

Í Stokkhólmi er verið að byggja fjögur há timburhús. Húsin ganga undir nafninu „Cederhusen“ enda áberandi blær sítrusviðar yfir húsunum. Undirritaður var í Stokkhólmi nýverið og að undirlagi Lars Blomqvist, doktors við Linné háskóla, var ákveðið að líta við og skoða þessi glæsilegu timburmannvirki í byggingu, sem eru í sama hverfi og Karolínska háskólasjúkrahúsið.

Þessi hús eru stórmerkileg fyrir margra hluta sakir. Fyrir það fyrsta er viðkunnanlegt útlitið. Klæðningin er úr viðarskífum. Allt í kring eru steinsteypt hús, ýmist gömul en mörg ný með nýmóðins arkitektúr. Ceder-húsin koma svolítið eins og skrattinn úr sauðarleggnum fyrir það eitt að vera úr timbri. Húsin verða átta til þrettán hæðir þegar þau verða tilbúin í lok árs 2023. Fyrstu tvö húsin eru risin og þegar þetta er skrifað standa yfir flutningar og lokafrágangur í síðara húsinu. Íbúar í fyrsta húsið fluttu inn um áramótin síðustu. Húsin standast allar ströngustu kröfur um eldvarnir og burð, líkt og húsin í kring. Þar er fyrir að þakka krosslímdu timbri (CLT) en burður hússins er úr því. Grunnur hússins er úr steinsteypu.

Ástæðan fyrir staðsetningu Ceder-húsanna er samt ekki endilega tilbreyting við steyptu húsin í nágrenninu. Eiginleikar timbursins fram yfir stál og steypu er m.a. þyngdin. Undir húsunum fjórum er nefnilega bílaumferð um E4 hraðbrautina. Létt nútímaleg timburhús, nokkuð miðsvæðis í Stokkhólmi, var því engin tilviljun.

Þegar undirritaður spurði íbúa út í eiginleika hússins þá sögðu þeir að þeim liði vel í þeim. Þau höfðu engan veginn á tilfinningunni að þau byggju í ótryggu tréhúsi sem sveifladist eftir veðri og vindum. Húsin eru sterk og stöndug líkt og steinhús. Útsýnið var yfirleitt gott og stutt var í næsta almenningsgarð.

Íbúðirnar voru af öllum stærðum og gerðum. Í fyrstu þótti íbúunum skrítið að þeir byggju ofan á hraðbraut, en það er ekkert tiltökumál lengur. Það er víðar en í Stokkhólmi sem verið er að byggja háhýsi úr tré.

Hús af öllum stærðum eru í bígerð um alla Skandinavíu, Ameríku og Asíu. Það virðist orðið eftirsóknarvert að búa í tréhúsum sem teygja sig upp til himins.

*Hlynur Gauti Sigurðsson,*
*sérfræðingur hjá*
*Bændasamtökum Íslands.*


Barnaspítali Karolínska háskólasjúkrahússins til vinstri og Ceder-hús í húsasundinu til hægri.


Verið er að byggja nýmóðins byggingar í návígi Károlínska háskólasjúkrahússins.


Horft upp á milli Ceder-húsanna tveggja.


Inn á milli fyrstu húsanna tveggja er lítill huggulegur samverustaður.

Málverkasýning á Bláu könnunni:

# Heillandi að sullast með liti

**Kristín Linda Jónsdóttir, fyrrum kúabóndi í Miðhvammi í Þingeyjarsveit, opnar á morgun, föstudaginn 9. september, myndlistarsýninguna Drottningar á kaffihúsinu vinsæla Bláu könnunni í miðbæ Akureyrar.**

Kristín Linda, sem er sálfræðingur og rekur stofu sína Huglind í Reykjavík, er lesendum Bændablaðsins kunn fyrir pistla sína um líðan og lífsgæði. Hún segist óvænt hafa dottið inn í heim olíumálverksins fyrir fjórum árum. „Ég kunni nú varla að teikna Óla prik og vissi ekki hvað litahringurinn var, hvað þá eitthvað um striga, olíumálun eða svínahárspensla.

Hins vegar hef ég alltaf verið til í að prófa eitthvað nýtt. Einn gráan fimmtudag í mars sá ég auglýsingu um námskeið fyrir byrjendur í olíumálun daginn eftir hjá Þuríði Sigurðardóttur myndlistar- og söngkonu,“ segir Kristín Linda, sem ákvað að stökkva yfir lækinn eins og hún orðar það. „Það er alltaf heillandi að fara yfir lækinn, þar eru önnur lönd.“

Eftir fyrsta námskeiðið var ekki aftur snúið. „Það er svo heillandi að sullast með litina og leika sér á striganum,“ segir hún.

„Það var smá skondið,“ bætir hún við „að ég var viss um að ekki dygði annað en koma með eigin hugmyndir að myndefni alveg frá grunni og hugsaði, hvað geri ég nú? Ég kann ekki að teikna.“ Íslensku fjöllin og sveitin hafi þó strax leitað á huga hennar. „Mér sýndist vera einfalt að skella á blað útlínum Herðubreiðar en vissi að eitthvað fleiri yrði að vera með á myndinni. Úr varð að það er kona í rauðum síðkjól að horfast í augu við þjóðarfjallið.“

Kristín Linda segir að þar sem hún hafi ekki kunnað að teikna fætur lét hún konuna vera í síðum kjól, „og svo þurfti að sjá í hnakkann á henni, því ég hafði enga hugmynd um hvernig ætti að gera andlit.“ Upp úr þessari fyrstu hugmynd hafa nú fjórum árum síðar orðið til nær þrjátíu olíumálverk í málverkaröð sem heitir Drottningar. „Það kom mér algjörlega á óvart að fólki hefur fundist þessi málverk skemmtileg og heillandi.

Þau eru rómantísk, litrík og ævintýraleg sýn á landið okkar, hafa tilvísun í ákveðin fjöll, fossa eða svæði og bera í sér hjartanlega ást og öfluga íslenska konu.“



Kristín Linda Jónsdóttir, fyrrum kúabóndi í Aðaldal og núverandi sálfræðingur í Reykjavík, opnar sýningu á Bláu könnunni á Akureyri á morgun, 9. september. Þar má finna myndir af fjöllum, fossum, heiðum, dölum, ám og drottningum.
Mynd / Einkasafn

### *Að hafa kjark og kraft til að stökkva á tækifærin*

Kristín Linda, sem er um sextugt, segir að hún vildi gjarnan nota tækifærið til að hvetja alla sem komnir eru inn á seinni hálfleikinn í lífinu til að koma sér upp skemmtilegu áhugamáli. Það sé gott fyrir sálina og ekki verra fyrir heilann að glíma við eitthvað nýtt en að halda áfram með það sem þegar er.

„Ég veit það mjög vel af reynslu minni sem bóndi í 15 ár að bændur og margt fleira sjálfstætt starfandi fólk í atvinnurekstri sinnir sínu af lífi og sál og oft er lítill tími fyrir önnur óskyld áhugamál, en svo koma dagar.

Þá er um að gera að hafa kjark og kraft til að stökkva á tækifærin og opna dyrnar að nýjum ævintýrum, þá verður enn skemmtilegra að lifa.“ /MÞÞ
















SKÓGRÆKT



Asparskógar eru bjartir og gjarnan með ríkulegum og fjölbreyttum undirgróðri. Myndir / Pétur Halldórsson

# Alaskaösp

**Til aspa (Populus balsamifera ssp. trichocarpa) teljast hartnær þrjátíu tegundir sumargrænna lauftrjáa af víðiætt sem vaxa á norðurhveli jarðar.**

Tvær þeirra þekkjum við Íslendingar best, blæöspina sem vex villt á nokkrum stöðum hérlendis og alaskaösp sem er algengt tré í þéttbýli en líka ein mikilvægasta nytjatrjátegund okkar Íslendinga. Þegar ösp er nefnd í daglegu tali er í seinni tíð yfirleitt átt við alaskaösp.

Alaskaösp er mjög stórt tré og nálgast hæstu einstaklingar tegundarinnar hérlendis nú þrjátíu metra hæð. Oftast eru trén beinvaxin en allmikill munur er milli klóna á lagi krónunnar. Fjölbreytnin er allt frá mjósleginni yfir í mjög breiða og jafnvel egglaga krónu. Öspin vex yfirleitt hratt og vel en þarf góð skilyrði og frjósaman jarðveg til að fullur vaxtarþróttur komi fram. Þetta er ljóselsk tegund sem þarf ferskan jarðvegsraka til að ná góðum vexti. Ef hún er gróðursett í rýru mólendi vex hún hægt eða ekki.

Tegundin hefur verið reynd um allt land og reynslan sýnir að aspir geta vaxið í öllum landshlutum en gott er að huga vel að klónavali á hverju svæði fyrir sig.

Styrkleikar tegundarinnar eru einkum hraður vöxturinn sem áður er nefndur og til eru klónar með gott frostþol eða saltþol. Almennt þolir öspin líka vel að standa á vindasömum svæðum. Fólk sem þekkir alaskaösp þekkir líka ilminn af henni sem gleður, ekki síst á vorin þegar hún vaknar af vetrardvala og laufgast.

Styrkleiki alaskaaspar er líka gæðaviðurinn sem hún gefur, öfugt við það sem oft hefur verið haldið fram. Lengi vel trúðu því margir að asparviður væri ekki til margra hluta nytsamlegur en nú hefur komið í ljós að viður íslenskrar alaskaaspar er fyrirtaks smíðaviður. Brotþol planka og límtrés úr íslenskri ösp hefur verið rannsakað vísindalega og þar stendur asparviður öðrum tegundum íslensks nytjaviðar fyllilega á sporði. Fyrsta húsið sem eingöngu var smíðað úr íslensku timbri er að miklu leyti gert af asparviði og stendur í Vallanesi á Héraði. Alaskaösp er timburtré.

Veikleikar alaskaaspar felast einkum í ásókn tveggja skaðvalda sem herjað hafa á tegundina hérlendis.



Komið hefur í ljós að viður alaskaaspar er góður smíðaviður og hefur komið vel út í styrkleikaprófunum.

Annars vegar er ryðsveppurinn asparryð sem leggst þungt á suma asparklóna. Til að vinna gegn tjóni af völdum asparryðs hefur Skógræktin unnið að kynbótum á ösp og leitað að ryðþolnum asparklónum sem einnig eru beinvaxnir og með mikinn vaxtarþrótt. Sú leit hefur borið árangur og má búast við minnkandi tjóni af völdum asparryðs á komandi tíð. Lerki er millihýsill ryðsveppsins og því er tjónið mest þar sem lerki og ösp vaxa á sama svæði. Hinn skaðvaldurinn er asparglytta, litrík og falleg bjöllutegund sem leggst á blöð asparinnar, en þó reyndar mest á gulvíði. Bæði bjallan sjálf og lirfa hennar éta blöðin og skaðinn getur því orðið mikill en þó mestur á ungum trjám því kvikindið hættir sér ekki ofar frá jörðu en í um það bil góða mannhæð. Lítil reynsla er af því enn sem komið er að verjast asparglyttu en hún er þó ekki talin ógna öspinni sem nytjatrjátegund.

Ásamt sitkagreni er alaskaösp hraðvaxnasta trjátegund sem notuð er í skógrækt á Íslandi en hefur þann eiginleika fram yfir grenið að vaxa hratt frá upphafi. Í þéttbýli getur öspin hentað vel ef hún fær djúpan og góðan jarðveg og nægt rými, en á síður við þröngar aðstæður í litlum görðum.

Í dreifbýli er öspin besta tréð í skjólbeltarækt, mjög góð í nytjaskógrækt á frjósömu landi, fín í landgræðsluskógrækt, einkum með hjálp lúpínu, og alls staðar ein gagnlegasta tegundin til að binda $CO_2$ úr andrúmsloftinu.

*Pétur Halldórsson.*
*Skógræktin*

Á FAGLEGUM NÓTUM




Hér sést Kai Runig við eina af 8 þreskivélum verktakafyrirtækisins. Myndir / Snorri Sigurðsson

# Ungbændur í Evrópuferð

## – Síðari hluti



**Snorri Sigurðsson**
snorri.sigurdsson@outlook.com

**Í lok júní héldu 24 nýútskrifaðir búfræðingar frá Hvanneyri í útskriftarferð til Evrópu og var fyrri hluti ferðalýsingar þessarar ferðar birtur í síðasta Bændablaði. Þetta er síðari greinin, þar sem farið er yfir það helsta landbúnaðarfaglega sem bar á góma í síðari hluta ferðarinnar.**



Verktakafyrirtækið var vel búið tækjum, hér má t.d. sjá slöngudreifara.

Fimmta heimsókn ferðarinnar var til verktakans Gerhard Runig sem býr í miklu landbúnaðarhéraði ekki langt frá Erwitte í Þýskalandi. Þarna hefur verið rekið verktakafyrirtæki fyrir landbúnað í rúm 100 ár en afi hans stofnaði þessa merku þjónustu á sínum tíma. Sonur Gerhard, Kai Runig, sem tók á móti hópnum með pabba sínum og systur, stefnir á að taka við fyrirtækinu og verður þannig fjórða kynslóð þeirra sem reka fyrirtækið. Gerhard er með 8 fastráðna og 15 lausráðna starfsmenn og hreint ótrúlegt magn af tækjum og tólum, flest af stærri gerðinni! Segja má að vélaútgerðin passi vel við mannfjöldann sem þarna vinnur og hann er t.d. með 8 myndarlegar þreskivélar svo allir fastráðnir starfsmenn geta verið að þreskja á sama tíma!

### *Skítkeyrslan endalausa*

Á hverju ári sér fyrirtækið um að keyra út 120 þúsund rúmmetrum af skít og vakti athygli að hann var einungis með 3 skítadreifara fyrir allt þetta magn. Með öðrum orðum þá er nýting tækjanna gríðarlega góð en hann getur keyrt út skít flesta mánuði ársins en í Þýskalandi má einungis bera á þegar plöntur eru að vaxa en það tímabil stendur mun lengur en á Íslandi, eða frá 15. febrúar og fram til 15. nóvember!

Breiðdreifing á mykju er ekki leyfileg lengur og því eru þessir dreifarar Gerhard með þar til gerðan búnað. Hann er með 2 slöngudreifara sem eru 27 m³ að stærð og einn 20 m³ dreifara með niðurfellingarbúnaði. Þá vakti athygli hópsins hversu gríðarlega tæknileg mykjudreifingin var en vélarnar eru útbúnar með sérstökum áfyllingarbúnaði sem getur fyllt á mykjudreifarann úti á akri. Mykjan er með öðrum orðum keyrð frá viðkomandi bóndabæ og út á tún í opnum gámum, en hann er með 5 slíka, og þegar þangað er komið með gámana geta mykjudreifararnir einfaldlega sogað upp mykjuna á staðnum. Dráttarvélarnar og dreifararnir þurfa því ekki að fara af ökrunum þegar búið er að tæma, heldur geta einfaldlega fyllt á þar og haldið áfram. Þetta sparar gríðarlega mikinn tíma að sögn Gerhard og tækin nýtast miklu betur og geta verið nánast stöðugt í fullri notkun.

### *Fiðrilda ruddasláttuvél*

Af mörgum áhugaverðum vélum vakti verulega athygli búnaðurinn sem hann var með til ruddasláttar en um var að ræða fiðrilda-uppsetningu þ.e. dráttarvél með ruddasláttuvél að framan og einnig til sitt hvorrar handar að aftan! Skýringin á þessum tilkomumikla búnaði var sú að þegar búið er að slá maís eru eftir 25-30 cm stubbar á ökrunum sem þarf að fella fljótlega eftir sláttinn. Ef það er ekki gert getur komið upp sérhæfð sýking í akurinn sem hægt er að forðast með því að slá stubbana niður fyrir plægingju.

### *12.000 tonn af matarafgöngum*

Auk verktökunnar er Gerhard með hauggasstöð sem framleiðir gas og úr því rafmagn með sérstökum gastúrbínum. Þetta er mjög stór framleiðslustöð en efniviðurinn fyrir gasmyndunina kemur frá ýmsum fyrirtækjum og bæjarfélögum í formi matarleifa. Alls fær Gerhard um 12.000 tonn af matarleifum á ári hverju. Ferillinn er í raun ekki mjög flókinn en fyrst þarf að hita matarleifarnar yfir 70 gráður í 60 mínútur til að drepa mögulegar bakteríur í efninu en eftir það fara leifarnar í aðal gerjunartankinn þar sem gerjunarferlinu er stýrt með sérstökum örverum, sem framleiða hauggas við niðurbrotið. Eftir að gerjun er lokið er moltan notuð sem áburður á akra í nágrenninu.

Gasframleiðslan dugar til að framleiða um 500 kW á hverri klukkustund þegar gastúrbínurnar eru keyrðar á fullum afköstum en rafmagnið selur hann inn á



Aðal gerjunartankurinn er vel stór eins og sjá má.



Hnýtingabúnaðurinn sem markaði upphaf þessa merka fyrirtækis. Mynd / Vefsíða www.claas.is



Heimsókn á geitabú Bremer-hjónanna, sem standa fyrir miðju, með smá gjöf frá hópnum.
Mynd / Vilborg Hrund Jónsdóttir.



Geitakynið Sana er mjólkurlagið og eru geiturnar að gefa af sér að jafnaði um 3,5 lítra á dag, en bestu geiturnar fara í allt að 8 lítra á dag.



Holdanautin 700 eru sérlega spök og auðveld í meðförum og er Wouter bara með einn starfsmann með sér við búskapinn.

dreifingarnetið í Þýskalandi. Framleiðslan er að sögn Gerhard misjöfn eftir dögum en það er vegna annarrar grænnar orkuframleiðslu sem hefur forgang eins og frá sólarsellum og vindmyllum.

Þegar þeirrar orku nýtur ekki við eru gasverin ræst og er það ferli nánast sjálfkrafa. Stundum safnast því fyrir gas hjá honum og á öðrum tímum gengur hann á birgðir.

Áður en Rússar réðust inn í Úkraínu fékk Gerhard 12,7 evrusent fyrir hverja kWh, um 16,9 krónur, en vegna áhrifanna frá stríðinu hefur verðið rúmlega þrefaldast og er nú 37 evrusent, eða um 52,2 krónur!

### *700 milljarða velta!*

Sjötta heimsóknin var að höfuðstöðvum CLAAS í Harsewinkel í Þýskalandi en fyrirtækið framleiðir alls konar vélar og tæki fyrir landbúnað, svo sem dráttarvélar, þreskivélar og heyvinnuvélar. CLAAS er, eins og önnur fyrirtæki sem voru heimsótt í ferðinni, fjölskyldufyrirtæki en er gríðarlega stórt og með árlega veltu í kringum 5 milljarða evra, eða um 700 milljarða íslenskra króna!

Fyrirtækið á sér afar langa sögu en í fyrra voru einmitt liðin 100 ár frá því að forsvarmaður þess, August Claas, fann upp og fékk einkaleyfi árið 1921 á hnýtingabúnaði fyrir bindivélar. Búnaðurinn var svo einstakur að hann skapaði Claas algjöra sérstöðu og vinsældir og má segja að með þessari uppfinningu hafi verið lagður grunnurinn að framtíð fyrirtækisins.

Í heimsókninni var boðið upp á kynningu á starfseminni í sýningarsal CLAAS þar sem véláhugafólk í hópnum fékk nóg að skoða og dást að.

### *Geitabú með rúmlega 5.000 lítra á dag*

Sjöunda heimsóknin í ferðinni var á geitabú hjónanna Anita og Sander Bremer í Hollandi. Þau hafa búið með geitur í rúm 20 ár en áður var Sander kúabóndi og Anita vann utan bús. Enn í dag standa þau saman að rekstrinum enda með 1.500 geitur, mest af hinu mjólkurlagna Sana kyni. Þessar geitur gefa af sér að jafnaði um 3,5 lítra á dag en bestu geiturnar fara í allt að 8 lítra daglega.

Geiturnar eru mjólkaðar tvisvar á dag og taka mjaltirnar 2 tíma í mál enda hringekjan með góð afköst, 100 geitur í einu, auk þess sem hvorki er gerð krafa um að þvo spenana né taka fyrstu bogana úr þeim heldur bara skella tækjunum á.

Dagleg framleiðsla búsins er rúmlega 5 tonn af mjólk og er hún sótt á þriggja daga fresti af sérhæfðu afurðafélagi, sem er samvinnufélag 80 geitabænda í Hollandi, en það greiðir félögum sínum 70-75 evrusent fyrir lítrann, eða um 99-106 ikr.

### *Mjólka „endalaust“*

Það sem er svolítið sérstakt við geiturnar er að þær mjólka í raun „endalaust“, þ.e. mjaltaskeið þeirra takmarkast ekki við ákveðið tímabil heldur þar til þær eru með fangi á ný. Vegna þessa er einungis lítill hluti þeirra, 250 huðnur, notaðar í kynbætur og til endurnýjunar stofnsins, en endurnýjunarhlutfallið er í kringum 30%, 50 þeirra eru sæddar en hafrar sjá svo um hinar 200 og er burður oftast í janúar og fram í mars.

> „Það sem er svolítið sérstakt við geiturnar er að þær mjólka í raun „endalaust“ ...

Hver geit fær 3-4 kið og eru þau tekin undan um leið og þau hafa tekið til sín broddmjólkina og eru á þurrmjólkurfóstru eftir það. Hafurskiðin eru oftast alin upp í um átta kílóa þunga og svo seld frá búinu til slátrunar. Í Hollandi eru hafurskiðin, sem gagnast lítið sem ekkert á búum í mjólkurframleiðslu, stundum send strax til slátrunar eftir vikueldi en þá þarf að borga með þeim 10 evrur, eða um 1.400 krónur.

### *Einungis með 13 hektara*

Það vakti athygli hópsins að þetta stóra geitabú er einungis með 13 hektara af landi og eins og liggur í augum uppi eru geiturnar því alltaf inni. Þar eru þær í rúmgóðum hálmstíum í 200-250 geita hópum. Á sínu eigin landi rækta þau gras sem geiturnar eru fóðraðar á en það dugar auðvitað ekki svo viðbótarhey, hálmur og kjarnfóður er keypt að búinu.

Þá kaupa þau appelsínuhrat, sem er afgangur frá djúsverksmiðju í nágrenninu, og því blandað í fóðrið fyrir geiturnar. Aðspurð sögðu þau að geiturnar fái að jafnaði 0,7 kg af kjarnfóðri á hvert framleitt kíló mjólkur.

### *Með 700 naut í eldi!*

Síðasta bændaheimsóknin var til Wouter Dits en hann rekur myndarlegt nautaeldisbú um 40 km norðaustan við Brussel í Belgíu. Hann kaupir nautin frá holdabúum þegar þau eru 6-7 mánaða gömul og hefur hann sérhæft sig í tveimur frönskum holdakynjum, annars vegar hinu þekkta Límúsín kyni og svo hins vegar Blonde d'Aquitaine frá samnefndu héraði í Frakklandi. Greinarhöfundi er ekki kunnugt um íslenskt heiti á þessu kyni en eflaust mætti kalla gripi af þessu kyni Hvíta Akvitanía.

Nautin eru afar þæg og góð í meðförum og að hans sögn er fyrir löngu búið að rækta úr þeim skapillsku eða önnur vandamál tengd lundarfari. Þetta gerir það að verkum að hann getur verið með þessi 700 naut á bilinu 7-24 mánaða með einungis tveimur stöðugildum og það þrátt fyrir frekar litla tæknivæðingu búsins.

### *Kaupir kálfana á 176.000 kr.*

Eins og áður segir fær hann gripina frá búum þegar kálfarnir eru teknir undan en mörg slík bú eru ekki með uppeldisaðstöðu heldur einungis beitarhaga sem henta ekki til áframeldis þessara gripa.

Kaupverð kálfanna var að sögn Wouter 1.250 evrur, eða um 176 þúsund krónur, sem er vissulega há upphæð fyrir 6-7 mánaða gamla nautkálfa en að hans sögn er afkoman góð í greininni enda eru þessir gripir með gríðarlega vaxtargetu, eða um 1,6-1,7 kíló að jafnaði á dag.

Hann slátrar þeim við 2 ára aldur og hefur meðalfallþunginn verið 575-600 kíló undanfarin ár! Til samanburðar má geta þess að meðalfallþungi álíka gamalla ungnauta á Íslandi síðustu 12 mánuði, miðað við uppgjörstölur RML sem birtust í júlí sl., var 235 kg!

### *Vill lækka fallþungann*

Að sögn Wouter er ekki sjálfgefið að svona mikill fallþungi sé endilega heppilegastur og sagðist hann vera að skoða það að færa hann niður í 500 kíló að jafnaði. Skýringin felst í því að síðustu kílóin sem nautin bæta á sig eru lengi að koma enda vaxtarkúrfan þannig að það hægist á daglegum vexti þegar nautin eru komin yfir 18 mánaða aldur.

Það megi því nýta aðstöðuna betur með því að auka gripaveltuna á búinu. Aðspurður sagðist hann fá núna 5,85 evrur fyrir kílóið, eða um 825 krónur, og að það væri engin bið eftir slátrun, raunar væri mikil eftirspurn eftir slátrun svo hann getur valið úr á hverjum tíma.

### *Smitgát mikilvæg*

Vegna þess að hann kaupir kálfa af bændum sem hafa ekki aðstöðu til áframeldis fær hann oft gripi víða að og það skapar honum ákveðið vandamál sem snýr að smitgát.

Það getur verið erfitt að forðast að fá smit inn á búið en hann reynir eftir megni að halda aðkomuhópum aðskildum a.m.k. fyrst um sinn. Aðspurður sagði hann lungnabólgu vera aðalvandamálið á búinu, en hann bólusetur öll aðkomunaut við komuna og aftur eftir 4-5 vikur.

Þá hefur hann heimild til þess að gefa mótefni í fóðrið í hverri viku þegar lungnabólga er algengust, en það er á tímabilinu frá nóvember og fram í febrúar. Þá eru nautin einnig meðhöndluð með ormalyfjum. Aðspurður um lyfjakostnað búsins sagði Wouter að bólusetningin kosti 3 evrur, ormalyfjameðhöndlunin 5 evrur og mótefnameðhöndlunin 10 evrur, alls 18 evrur, eða um 2.540 krónur, á hvern sláturgrip.

### *Flokkar í hópa eftir stærð*

Að sögn Wouter er hann með 110 hektara lands þar sem hann framleiðir annars vegar maís og hins vegar gras en hvort tveggja er votverkað á búinu. Hann fær svo aukalega maísvothey frá nágrannabónda. Þess utan fá nautin vel af kjarnfóðri en hann flokkar nautin í 3 fóðrunarhópa.

Fyrstu tveir eru vaxtarhópar sem eru á sterkri próteinfóðrun en síðasti hópurinn er lokaeldishópur þar sem hann leggur áherslu á fitusöfnun fyrir slátrun en ekki vöxt. Þegar hann flokkar í hópana þá fer hann ekki eftir aldri gripanna heldur stærð þeirra og eru 25 hafðir saman í hóp á fyrstu tveimur fóðrunartímabilunum og svo þegar kemur að fitufóðrunartímabilinu færir hann nautin niður í hólf með 7-8 nautum.

### *Má neyðarslátra heima*

Fram kom í máli Wouter að hann getur neyðarslátrað, sé þess þörf, s.s. vegna slyss. Þá kemur dýralæknir á staðinn og sér um aflífun og blóðgun og svo er dýrinu ekið með hraði í næsta sláturhús. Þar er skrokkurinn verkaður, metinn og mældur og ef sýrustig og aðrir gæðaþættir eru í lagi er kjötið nýtanlegt til manneldis.

Að hans sögn gerist þetta svo sem ekki oft en þegar það gerist þá eru það u.þ.b. 50% innlagðra og neyðarslátraðra gripa sem nýtast í raun áfram, hinir falla í gæðaflokkun vegna sýrustigs eða annarra þátta og enda sem hráefni fyrir lífgasframleiðslu.

Síðasta faglega heimsókn hópsins var á landbúnaðarsýninguna Libramont í Belgíu, en í næsta Bændablaði verður fjallað um þá sýningu.



AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA

# Ærin ástæða til bjartsýni hjá sauðfjárbændum

**Eftir erfiða tíma undanfarin ár eru jákvæð teikn á lofti fyrir sauðfjárbændur.**

Þrátt fyrir að rekstraraðstæður verði áfram erfiðar er ljóst að ákveðnum áfanga hefur verið náð í að draga úr framboði á lambakjöti. Röskleg hækkun á afurðaverði, 35% hækkun á milli ára, sendir skýr skilaboð um að ekki skuli draga meira úr heildarframboði heldur sé nú eftirspurn meiri en framboð.



Sverrir Falur Björnsson.

Þessi breyting hefur þó ekki gerst að sjálfu sér og má segja að blóð, sviti og tár liggi þar að baki. Á milli áranna 2016 og 2021 fækkaði sauðfé í landinu um 19%, framleiðsla á lambakjöti dróst saman um tæplega 9% og sauðfjárbændum fækkaði einnig mikið á þessum tíma, um 18%. Tölur fyrir 2022 hafa ekki verið teknar saman en nær öruggt er að þessi þróun hafi haldið áfram á þessu ári.

Þessi samdráttur í sauðfjárrækt undanfarin ár hefur nú leitt til þess að kjötbirgðir í enda júlí hafa ekki verið minni árum saman. Ef rýnt er í framleiðslu og sölu frá upphafi síðustu sláturtíðar og fram til enda júlí ársins í ár sést að lítið sem ekkert verður eftir af birgðum í upphafi sláturtíðar í ár.

Í raun sýna útreikningar að birgðastaðan sé þegar neikvæð en samkvæmt Mælaborði landbúnaðarins voru birgðir af kindakjöti 768 tonn í enda júlímánaðar. Meðalsala og útflutningur síðustu fjögurra mánaða var 721 tonn. Þessu vilja afurðastöðvarnar að sjálfsögðu sporna gegn enda setur það áætlanir þeirra um sölu næsta árs í uppnám.

Hagræðingar síðustu ára í sauðfjárrækt hafa leiðrétt erfiða stöðu á markaðnum og fært markaðsvald í meira mæli aftur til bænda. Erfitt er að segja hvernig komandi tímar eiga eftir að vera og óþarft er að minna bændur á hversu skjótt veður skipast í lofti. Hins vegar er ærin ástæða til að líta yfir farinn veg og horfa á komandi tíma björtum augum.

*__Sverrir Falur Björnsson,__*
*hagfræðingur BÍ*




**Á milli áranna 2016 og 2021 fækkaði sauðfé í landinu um 19%, framleiðsla á lambakjöti dróst saman um tæplega 9% og sauðfjárbændum fækkaði um 18%.**




**Lítið sem ekkert verður eftir af birgðum í upphafi sláturtíðar í ár. Í raun sýna tölur að birgðastaðan sé neikvæð í lok júlí eins og hér sést.**

Heimild: Hagstofa Íslands, Mælaborð Landbúnaðarins



# Jarðvegur tækifæra?

**Síðustu ár hefur rutt sér til rúms umræða um hringrásarhagkerfi og nauðsyn þess að færa framleiðslu og neyslu frá hinu hefðbundna hagkerfi nútímans yfir í hagkerfi sem byggir á hringrás, þ.e. að lágmarka úrgang og hámarka nýtingu auðlinda.**

Þannig að í stað þess að versla nýtt tekur við kerfi þar sem úrgangur vöru er meðhöndlaður með þeim hætti að efniviðurinn henti sem hráefni í nýja framleiðslu.



Guðrún Birna Brynjarsdóttir.

### *Bændur vilja leggja sitt af mörkum til að draga úr losun*

Samkvæmt losunarbókhaldi Umhverfisstofnunar var landbúnaður uppspretta 13% af losun Íslands árið 2019. Losunin hefur dregist saman um 6% milli 1990-2019 og hefur verið að dragast áfram saman. Gróðurhúsalofttegundirnar frá landbúnaði eru aðallega metan (vegna iðragerjunar) og glaðloft (vegna nytjajarðvegs). Stærsti hluti losunar frá landbúnaði (60% árið 2019) kemur frá búfé (iðragerjun og meðhöndlun húsdýraáburðar) og 39% frá nytjajarðvegi.

Losunin hefur haldist nokkuð stöðug eða á milli 600-700 kt. $Co_2$-íg. á síðustu áratugum.

Bændur vilja leggja sitt af mörkum til að draga úr losun í landbúnaði og hafa m.a. tekið þátt í verkefninu Loftslagsvænn landbúnaður og komið á laggirnar verkefninu Kolefnisbrúin sem hefur þann megintilgang að binda kolefni og skapa framleiðsluvottaðar kolefniseiningar í þágu eigin rekstrar eða selja á markaði til fyrirtækja eða fjárfesta. Þá hafa fulltrúar Bændasamtakanna tekið þátt í mótun aðgerðaráætlunar stjórnarráðsins um fimm aðgerðir sem lagðar eru fram til að draga úr losun frá landbúnaði og er þá ekki einvörðungu verið að stefna að aðgerðum sem varða búfjárhald heldur einnig sem nýr að notkun áburðar.

Unnið er að því að auka framleiðslu á íslensku grænmeti, auka fjármagn í lífræna framleiðslu og unnið að því markmiði að íslensk garðyrkja verði kolefnishlutlaus eigi síðar en árið 2040. Garðyrkjubændur vinna nú að því að byggja upp þekkingu á losun og bindingu kolefnis, unnið að bættri meðhöndlun og nýtingu aðfanga og áburðar, aukinni sjálfbærni og öðrum aðgerðum sem miða að því að kolefnisjafna búskap.

### *Jöfn tækifæri til að stuðla að eflingu hringrásarhagkerfisins*

Hinn 29. mars síðastliðinn auglýsti umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið eftir umsóknum lögaðila um styrki til verkefna sem stuðla að eflingu hringrásarhagkerfisins á Íslandi. Var þetta í annað sinn sem ráðuneytið auglýsir eftir umsóknum og var um 230 milljónir króna að ræða í heildarstyrksupphæð en aldrei hærri en 20 milljónir króna til hvers lögaðila.

Um þennan styrk sóttu um sex garðyrkjubændur sem allir sem einn fengu neitun á styrkumsókn sinni um að endurnýta áburðarvatn í framleiðslu sinni. Markmið sem ætti að vera ofarlega á forgangslista landbúnaðarins og er einnig í samræmi við áherslur stjórnarsáttmála og stefnu umhverfisráðherra í úrgangsmálum sem er eitt lykilgagna við innleiðingu hringrásarhagkerfis á Íslandi.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur m.a. fram að ýta þurfi undir framtak og frumkvæði bænda með fræðslu, ráðgjöf, þróun og nýsköpun. Styrkveiting til verkefna sem stuðla að eflingu hringrásarhagkerfisins talar beint inn í núverandi stjórnarsáttmála og veitir bændum tækifæri á að láta verkin tala. Því það er nefnilega þannig að stórefla átti íslenska garðyrkju með því að skapa „jarðveg tækifæra“ eins og það var svo fallega orðað í núverandi stjórnarsáttmála.

Í markmiðum styrkveitingarinnar er talað um að draga eigi úr myndun úrgangs, efla tækifæri í endurskoðun úrgangs sem næst upprunastað og stuðla að aukinni endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs sem fellur til.

Þá liggur kannski beinast við að spyrja – er raunverulega verið að hugsa um eflingu innan garðyrkjunnar á Íslandi? Eiga efndir aldrei að fylgja orðum?

Á meðan þá bíðum við bara prúð á hliðarlínunni og bíðum eftir því að einhver muni eftir landbúnaði þessa lands.

*__Guðrún Birna Brynjarsdóttir__*
*sérfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands*

# Svipmyndir úr fundaferð

**Stjórn og starfsfólk Bændasamtaka Íslands ásamt fulltrúum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) lögðu land undir fót og héldu bændafundi hringinn í kringum landið undir yfirskriftinni „Samtal um öryggi“ dagana 22.–26. ágúst sl.**

Var þetta annað árið í röð þar sem svona ferð er farin og mættu mörg hundruð bændur á þá ellefu fundi sem haldnir voru víðs vegar um landið.

Yfirskrift ferðarinnar vísaði til afkomuöryggis bænda, fæðuöryggis og matvælaöryggis enda bændur mikilvægur hlekkur í afkomu þjóðar. Almennt var andinn góður á fundum og voru skoðanaskipti og umræður hreinskilnar eins og bænda er siður. Stiklað var á stóru eins og tími og umfang leyfði og má þar helst nefna umræður um búvörusamninga, samningsmarkmið og ferlin fram undan, umræður um afurðaverð og afkomu bænda, nýliðun í landbúnaði, umhverfismál, gripagreiðslur og húsnæðismál Bændasamtakanna, svo eitthvað sé nefnt. Helsti ávinningur þessarar ferðar var þó að stjórn og starfsfólk BÍ fékk tækifæri til að hlusta á og ræða við bændur. Slíkt þéttir raðirnar og vilja starfsmenn Bændasamtakanna þakka bændum sérstaklega fyrir brýningar, hvatningu og stuðning sem þeir fundu glögglega fyrir. Hér má finna svipmyndir frá fundunum. /HS



Stjórn og starfsfólk Bændasamtakanna við skógarböðin.



Samningsmarkmið búvörusamninga voru rædd í Bláin á Eiðavöllum.



Stund milli stríða.



Gunnar Þorgeirsson fór með tölu á Breiðumýri í Þingeyjarsveit.



Afkomuöryggi var rætt á Flúðum.

# Ný verðlagsnefnd og uppfærður verðlagsgrundvöllur

**Ný verðlagsnefnd hittist á sínum fyrsta fundi í síðustu viku á nýrri skrifstofu matvælaráðuneytisins. Fráfarandi nefnd fundaði síðast í mars þegar verðlagsgrundvöllur marsmánaðar var tekinn fyrir og var þá einnig síðast verðlagt. Kúabændur hafa fundið fyrir verulegum hækkunum í sínum rekstri, í aðföngum, aðkeyptri þjónustu og vaxtahækkunum. Það var því afar brýnt að ný nefnd tæki til starfa.**

Reiknuð hækkun septembergrundvallar frá síðustu verðlagningu var 4,56% og fengu bændur fulla hækkun samkvæmt uppreiknuðum verðlagsgrundvelli.

Á dagskrá fundarins lá, ásamt öðru, fyrir að taka fyrir erindi matvælaráðuneytisins um tillögur starfshóps um verðlagsmál. Umræddur starfshópur var skipaður við endurskoðun starfssamnings nautgriparæktarinnar 2019. Þann 6. maí 2021 skilaði starfshópurinn skilabréfi til ráðherra þar sem lagðar eru til þrjár megintillögur.

Undirrituð sat í umræddum starfshóp og tel ég mikilvægustu tillögu bréfsins vera að reiknilíkan verðlagsbúsins verði endurskoðað en það var samróma álit starfshópsins. Endurnýjun verðlagsgrunns hefur lengi verið til umræðu meðal kúabænda og kom talsvert til tals í nýlokinni hringferð BÍ um landið.

Það er ekki að ástæðulausu. Verðlagsgrunnur kúabús er orðinn yfir 20 ára gamall, grunnbúið er með 188.000 lítra framleiðslu auk uppeldis geldneyta en á síðustu áratugum hefur orðið gríðarleg framþróun í íslenskri mjólkurframleiðslu. Árið 2021 var fjöldi kúabúa 517 talsins, þeim hefur fækkað og þau hafa stækkað. Meðalbústærð síðasta árs var 51,1 kýr og meðal innleggið 288.088 lítrar mjólkur. Meðalframleiðsla íslenskra mjólkurkúa hefur aukist um 50% á síðustu 30 árum og má rekja þá þróun til bættrar þekkingar og fóðrunar en ekki síst bætts aðbúnaðar og stórkostlegrar tækniframþróunar, m.a. með tilkomu mjaltaþjóna.

Það gefur því auga leið að núverandi grundvöllur lýsir ekki hagkvæmu nútímabúi. Mörg ár


Herdís Magna Gunnarsdóttir.

aftur í tímann má finna bókanir í fundargerðum verðlagsnefndar þar sem nefndarmenn leggja til og ítreka mikilvægi þess að verðlagsgrundvöllur verði uppfærður. Það er því afar ánægjulegt að á fundi nýrrar verðlagsnefndar í síðustu viku var ákveðið að fyrir næsta fund verðlagsnefndar í októberbyrjun muni formaður nefndarinnar í samstarfi við matvælaráðuneytið gera tillögu um framkvæmd og verkáætlun að uppfærslu á reiknilíkönum verðlagsnefndar, eins og lagt er til í skilabréfi starfshópsins. Lengi hefur verið rætt um verkefnið eins og ógjörningur væri að framkvæma það.

Flóknari verkefni hafa þó verið leyst og með tilkomu gagna úr rekstrarverkefni RML ætti lítið að vera því til fyrirstöðu að uppfæra verðlagsgrundvöll kúabús.

### *Aftur til framtíðar*

Uppfærsla verðlagsgrunns er að mínu mati grundvallarforsenda fyrir styrkingu núverandi verðlagskerfis og verður grunnurinn að endurspegla hagkvæmt nútímabú.

Íslenskir kúabændur hafa á síðustu árum hagrætt verulega í sínum rekstri, búum hefur fækkað, þau hafa stækkað og í heildina framleiða íslenskir bændur í dag meiri mjólk með færri kúm.

Þegar niðurstöður rekstrarverkefnis RML fyrir árið 2020 og kostnaðarliðir verðlagsgrunns septembermánaðar sama ár eru borin saman má einna helst sjá talsverðan mun í liðum breytilegs kostnaðar svo sem kjarnfóðri, rekstrarvörum og aðkeyptri þjónustu. Í verðlagsbúinu eru þessir liðir stórlega vanmetnir, það sama á við um vaxtakostnað.

Við höfum ekki enn niðurstöður úr rekstrarverkefni RML fyrir 2021 en eins og flestir vita hafa hækkanir á aðföngum verið gríðarlegar undanfarið, auk þess að aukinn vaxta- og fjármagnskostnaður er farinn að taka verulega í í rekstri nútímakúabúa sem hafa mörg hver farið í gegnum mikinn uppbyggingarfasa með tilheyrandi fjárfestingum.

Tekjuliður núverandi verðlagsgrundvallar hefur ekki verið tekinn til endurskoðunar eftir gildistöku nýrra búvörusamninga svo að breytingar á afurðaverði, beingreiðslum og öðrum tekjum hafa því ekki haft áhrif við verðákvörðun. Þetta hlýtur að þurfa taka til skoðunar við uppfærslu á verðlagsgrunninum.

Hér vil ég enn og aftur nýta tækifærið og hvetja þau ykkar sem hafa hingað til ekki tekið þátt í rekstrarverkefni RML til að gera það. Gagnasafnið sem fæst út úr verkefninu er afar dýrmætt fyrir hagsmunagæslu landbúnaðarins en það er ekki síst gagnlegt fyrir bændurna sjálfa í þeirra búrekstri. Þau raungögn sem úr verkefninu fást nýtast að vonum til að færa verðlagsgrunn kúabús aftur til framtíðar.

***Herdís Magna Gunnarsdóttir,***
*varaformaður BÍ og formaður NautBÍ*
















LESENDARÝNI




Smábátar við bryggjuna í Þorlákshöfn. Mynd /VH

## Opið bréf til Svandísar Svavarsdóttur:

# Nú er lag að lenda strandveiðum



Gisli Gunnar Marteinsson.

**Kæra Svandís. Lengi hefur staðið til að skrifa þér en núna held ég að það sé besti tíminn til að ræða málin.**

Þú stóðst þig afburðavel sem heilbrigðisráðherra þótt það gengi á ýmsu og þú ferð afar vel af stað í nýju ráðherraembætti sem tekur m.a. yfir stjórn fiskveiða. Þessa dagana ert þú líka ,,vinsælasta stelpan".

Mig langar að segja þér stutta, sanna, sögu af sjó: Ekki á nokkurn hátt skemmtileg saga, en kannski áhugaverð fyrir þá sem hafa áhuga á umhverfismálum.

Í blíðskaparveðri rær bátur G til strandveiða og er kominn með skammtinn á hádegi og fer þá aftur heim, landar og tekur um 230 l af olíu, sem er það sem fór í þennan róður. Morguninn eftir er komin sunnanbræla og þá rær þessi bátur ekki. Bátur S fór á sama tíma og úr sömu höfn og keyrði heldur lengra en bátur G. Þessi bátur er á kvóta og því frjáls að því að nýta blíðuna meðan hún hélst.

Morguninn eftir, um það leyti sem sunnanbrælan rennur á þá, landar bátur S 4.022 kg. Þarf ekki að taka olíu eftir hvern róður. Svo dettur í stutta blíðu á föstudegi og þá rær bátur S aftur (bátur G er bundinn í þrjá daga um helgar). Blíðan hélst fram á næsta morgun og bátur S landar því eftir hádegi á laugardag 6.788 kg. Þá er olíutankurinn fylltur aftur með um 750 l. S hefur þá fengið 10,8 t. Þetta þýðir tæplega 70 olíulítrar á tonn af fiski.

Bátur G getur í besta falli náð 9,3 tonnum af þorski (fullur skammtur) í 12 veiðiferðum. Fari hann ekki með ,,nema" 200 l í róður þá þýðir það 2.400 l á þessi 9,3 t. Þetta þýðir 258 l á tonnið. Mörgum virðist skítsama um þessar niðurstöður? En er okkur sama, Svandís? Mín skoðun hefur oft komið fram og hún er sú að þetta sé sóðalegt og vitlaust veiðikerfi.

Það sem sjálfkrafa mun skila bestum árangri fyrir útgerðina, ríkissjóð og umhverfið er, eins og oft hefur verið sagt, að deila strandveiðipottinum niður á þá báta sem sækja um. Þeir sem ekki treysta sér til að veiða fullan skammt sækja þá um lægra hlutfall því það yrði hófleg refsing við því að skila sínum skammti ekki á land.

Við viljum að sjálfsögðu fá allt í hús. Með þessu fyrirkomulagi eru allar þær vitlausu reglur, sem nú eru við lýði, óþarfar. Ef hins vegar þú lítur á það sem nauðsyn að skipa starfshóp til að komast að þessari sömu niðurstöðu þá ættir þú að breikka verulega val í þann hóp.

Það bendir ekkert til þess að aðilar frá LS, eða undirfélagi þeirra, brenni svo mjög fyrir hagkvæmara veiðikerfi með lækkun kostnaðar, minni útblæstri og hærra fiskverði. Þeir, ásamt samflokksmönnum þínum, hafa beitt ýmsum áróðri í þá átt að gera þetta veiðikerfi óhagkvæmara og vilja aðeins fleiri róðra og þ.a.l. meiri sóun. Rök þeirra eru að mestu röng.

Það er samt ekki loku fyrir það skotið að hjá fjölskyldu sem í alvöru byggir afkomu sína á strandveiðum 3-4 mánuði á ári, þá geti afkoman batnað. Þú, Svandís, eins og ég, gerir þér grein fyrir því að það sem kemur að landi verður mun verðmeiri fiskur og, eins og áður segir, mun lægri kostnaður þegar kapphlaupinu lýkur. Það verður ekki róið í tittarusl og verðlítinn fisk bara til að,,ná degi og skammti" í kapphlaupinu.

Er þér, Svandís, ljóst hvað þú gerðir til að minnka útblástur með því að stöðva veiðarnar? Eða hvað dugnaður strandveiðimanna, hefur áorkað með að klára pottinn sem fyrst? Varlega áætlað, ef eftir hafa verið ca 15 dagar á bát, þá voru að sparast 1,7 milljón lítrar af olíu. (160 l. X 15d. X 710 b.) Er það eitthvað?

Er einhver peningur í því þegar eldsneytisverð er í hæstu hæðum? Listaverð á bátadælu í byrjun júlí ca 260 kr. ,,Sparnaður" upp á 442 milljónir.

> „Er þér, Svandís, ljóst hvað þú gerðir til að minnka útblástur með því að stöðva veiðarnar? ... Eða hvað dugnaður strandveiðimanna hefur áorkað með að klára pottinn sem fyrst?"

Á ofanrituðu hangir fleira en olíusparnaður, því á sömu spýtunni hangir hærra fiskverð og betri umgengni um auðlindina með minna smáfiskadrápi og útrýmingu brottkasts á blóðguðum fiski. Þegar veiðimaðurinn veit hve mikið hann getur tekið yfir tímabilið, sem trúlega væri hagkvæmast að væri sumarið í heild fremur en mánaðarskipting, þá mun sá hinn sami hámarka afraksturinn með því að róa í besta fiskinn. Með þessu geta allir landshlutar því vel við unað.

,,Efling strandveiða", líkt og VG hefur í sinni stefnu, getur því aðeins orðið með því að stækka pottinn og þær heimildir verða eingöngu teknar úr byggðapottum, enda má til sanns vegar færa að það gæti þjónað svipuðum tilgangi.

Ég hef oft skrifað um þetta fyrirkomulag og er satt að segja orðinn leiður á því en alltaf þegar umræðan blossar upp, líkt og núna, þá ofbýður mér mannanna heimska. Þá er erfitt að sitja á sér. Það hafa aldrei komið nein rök gegn þessari leið enda erfitt að vera opinberlega á móti þessu. Olíudæmið í sögunni hér að framan er nokkuð öfgakennt þótt satt sé. Það eru ekki margir strandveiðibátar sem bera mörg tonn en sú staðreynd verður aldrei hrakin að því meira sem næst í hverjum róðri því minni sóun á olíu og tíma.

Fyrirsögnin í pistli þínum, ,,Við eigum að skipta jafnt", fellur afar vel að þessari ,,deilileið". Ég óttast að þú farir í vitlausa átt með því að skipta pottinum á landshluta því þá mun kapphlaupið aukast til muna með aukinni slysahættu og auknum kostnaði. Mér þykir leitt að þurfa að leiðrétta nokkur atriði úr pistli þínum:

Það munu aldrei nást 48 dagar með þennan heildarpott og þennan bátafjölda sem eingöngu mun vaxa. Það er alveg sama hvernig skiptingin er milli landshluta. Enda á það ekki að vera markmið að ná í sem flesta daga.

Þú segir þar einnig: ,,... til þess að þeir sem eiga stærstu og bestu bátana fái ekki meira en aðrir." Ef þú hefur hugsað þér að skipta niður á mánuði og landsvæði þá gæti þetta öfgadæmi þýtt að einmitt þeir sem eiga stærstu bátana taki allan pakkann því það mun stöðugt þurfa að stöðva veiðar kannski eftir 2 vikur í hverjum mánuði. Hafi þá verið skítatíð er ekki víst að þeir minni hafa nokkurn tímann róið.

Ég er loksins í skýjunum með eitthvað í þessari umræðu og það er millifyrirsögnin þín, ,,Verðmætin skipta mestu máli". Þarna erum við komin í sama lið.

Ég vill svo óska þér alls hins besta. Kær kveðja.

*Gísli Gunnar Marteinsson*
*sjómaður.*

# ULLARVIKAN 2022

**Í fyrrahaust var haldin fyrsta ullarvikan á Suðurlandi. Þá var heilli viku varið til að vinna með, skoða og kenna á ull og vinnu með hana.**


Hulda Brynjólfsdóttir.

Hátíðin var haldin í tilefni þess að handverkshópurinn í Þingborg hafði starfað með ullarvörur í 30 ár og komu Spunasystur, Uppspuni og nokkrir aðilar til viðbótar að hátíðinni til að gera hana sem veglegasta. Óhætt er að segja að viðburðurinn vakti mikla athygli, bæði hérlendis og eins utan landsteinanna og því ætlum við að endurtaka leikinn nú í október.

*Af hverju er ull mikilvæg?*

Sauðkindin hefur fætt okkur og haldið á okkur hita frá landnámi Íslands árið 874 eða í 1.148 ár. Það eina sem almennilega virkar í kulda og trekk er ull og þetta vitum við Íslendingar enda erum við svo ótrúlega heppin að hafa alltaf notað ull og því kunnum við að meta hana. Við klæðumst henni þegar við vitum að við eigum kalda ferð fram undan. Ullarfötum er pakkað með í útileguna. Ullarföt fylgja náttfatnaði þegar farið er til fjalla. Ullarteppi er haft í bílnum þegar við ferðumst og svo mætti lengi telja.

En íslenska ullin hefur í raun ótalmarga eiginleika sem fólk kannski áttar sig ekki alltaf á og við viljum gjarnan leyfa fólki að kynnast henni betur og þeirri dásamlegu skepnu sem framleiðir hana; sauðkindinni. Ullin er vatnsfráhrindandi, einangrandi, lífræn, endurvinnanleg og náttúrulega niðurbrjótanleg. Ullina má nota í prjónaband, þæfingu, vefnað, hekl, útsaum, til að lita, sem áburð, einangrun, til uppgræðslu og í sannleika sagt teljum við að enn séu verkefni sem ullin gæti leyst, en okkur hefur ekki dottið í hug enn þá að beita henni til þess. Þegar síðan ullin er fullnýtt og orðin gatslitin má setja hana í endurvinnslutunnuna, því hún jarðgerist á lífrænan hátt.

Ullin er magnað hráefni og til svo margs nothæf. Þetta er ástæðan fyrir því að við ætlum að halda aðra viku íslensku ullinni til heiðurs á Suðurlandi nú í október.

*Hverjir halda Ullarvikuna?*

Þeir sem koma að ullarvikunni eru handverkshópar og framleiðendur ullar, bændur og ræktendur. Þetta eru fyrst og fremst, í öfugri stafrófsröð; Þingborg, Uppspuni, Spunasystur, Hespuhúsið og Feldfjárræktarfélagið Feldfé. Þessir aðilar sjá um utanumhald og skipulag en síðan koma fjölmargir aðrir við sögu og bjóða upp á opin hús, tilboð, kynningar, sýningar og fleira.

Þá er ekki síst að telja til sauðfjárbændur í Rangárvallasýslu og Árnessýslu sem sumir ætla að opna fjárhús sín og leyfa fólki að sjá fallegt, litríkt og ullargott fé.

*Hvað er um að vera í Ullarvikunni?*

Nákvæma dagskrá og staðsetningu viðburða má finna á heimasíðunni okkar; www.ullarvikan.is, og á Facebook undir sama nafni, en í grófum dráttum kemur ull og/eða kind við sögu alla dagana. Flestar uppákomur má finna sem viðburði á Facebook og eru þeir útskýrðir þar nákvæmlega.

Til að veita smá innsýn þá byrjar hátíðin með degi sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu laugardaginn 1. október þar sem lömb eru dæmd og raðað eftir holdfyllingu ásamt ýmsum öðrum atriðum. Síðan fylgir hver dagurinn öðrum með fjölbreyttum viðburðum, þar sem litasýning sauðfjár opnar gleðina í Árbæjarhjáleigu sunnudaginn 2. október og síðan lýkur ullarvikunni með markaði í félagsheimilinu við Þingborg (Árnessýslu) sunnudaginn 9. október. Dagana á milli verður afar fjölbreytt dagskrá.

Spunasystur eru handverkskonur sem hafa tekið ullarvinnslu á hærra stig og víkkað þekkingu sína og færni mikið. Þær eru margar búnar að opna vinnustofur heima hjá sér og ætla að hafa opið hús í þeim og bjóða gestum að heimsækja sig tvo daga á ullarvikunni.

Boðið er upp á námskeið í ýmsu sem tengist ullarvinnslu og einnig verða fyrirlestrar og sýningar þar sem fólk getur fræðst og glatt augað. Það verður opið í búðunum í Þingborg, Uppspuna og Hespuhúsinu alla dagana en einnig uppákomur, tilboð og viðburðir þar og á fleiri stöðum og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi til að kíkja á og fræðast um eða gleðjast yfir. Þarna gefst gott tækifæri til að hitta annað fólk með sömu áhugamál, setjast niður í Prjónakaffihúsið og prjóna í góðum félagsskap, ræða um ull og ullargæði, sauðfjárliti, feldfjárrækt, sauðfjárrækt, prjónaskap, garntegundir og allt það sem tengist ull og prjóni eða hekli.

Þar sem að ull hefur spunnið sinn þráð í sögu Íslendinga frá landnámi, þá ætlum við líka að bjóða upp á víkingastemningu þar sem víkingaklæddar konur sýna handverk frá þeim tíma sem víkingar riðu um héruð eða sigldu um heimsins höf.

Sjón er sögu ríkari og því um að gera að taka sér bíltúr á Suðurlandið og kíkja á þessa staði og uppgötva leyndardóma íslensku ullarinnar.

Hlökkum til að sjá ykkur.

***Hulda Brynjólfsdóttir,***
*fyrir hönd undirbúningsnefndarinnar.*



ULLARVIKAN
South Iceland 2022
WOOL WEEK
2.-9. október
fjölbreytt dagskrá og námskeiðaskráning á www.ullarvikan.is

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

TVÆR JARÐVARMADÆLUR TIL SÖLU

Varmadælur fyrir stærri notendur sem vilja mikinn sparnað
Hentar vel fyrir stórt húsnæði og sundlaugar
Getur notað jörð, vatn, loft o.fl. til orkuöflunar
Stærð: 60kW
Gerð: NIBE F1345
Vinsamlega hringið í síma 839-1503 fyrir frekari upplýsingar

EYJALIND Varahlutir í Bobcat

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

GRANÍT VERK
LEGSTEINAGERÐ
GRANITVERK.IS
Íslensk framleiðsla mynda og áletrun á granít.
GRANITVERK@GRANITVERK.IS LYNGÁS 18, 210 GARÐABÆR Sími: 888-0058
Hafið samband við okkur og við gefum þér tilboð og setjum upp hugmynd að útfærslu.
Hægt er að skoða vöruúrvalið á www.granitverk.is og Granít Verk - Legsteinar
Tökum að okkur fegrun og viðgerð leiða/legsteina.
Uppsetning um land allt


Donaldson. FILTRATION SOLUTIONS

REKI
REKI EHF ER STOLTUR UMBOÐSAÐILI DONALDSON Á ÍSLANDI. EIGUM MIKIÐ ÚRVAL AF SÍUM Á LAGER.
Reki ehf Skemmuvegur 46 200 Kópavogur
Sími: 562 2950 www.reki.is
Netfang: elfar@reki.is, kris tinn@reki.is, tryggvi@reki.is

LESENDARÝNI

# NØK (Nordisk Økonomisk Kvægavl) 2022

## -Seinni hluti

**Í síðasta tölublaði Bændablaðsins (15. tölublað) birtist fyrri hluti umfjöllunar um NØK ráðstefnuna sem haldin var dagana 24.-27. júlí sl. á Selfossi.**

Þar fjölluðum við um ráðstefnuna í heild sinni og erindin sem haldin voru undir yfirskriftinni „loftslagsmál, umhverfi og velferð“. Í þessu tölublaði ætlum við að fjalla um seinni hluta ráðstefnunnar en hann sneri að framleiðslustjórnun, kúm framtíðarinnar, nýjum eiginleikum, litlum stofnum og norrænu samstarfi.


Guðrún Björg Egilsdóttir.


Guðmundur Jóhannesson.

*Mismunandi framleiðslustjórnun*

Dagurinn byrjaði á erindum um framleiðslustjórnun í mjólkurframleiðslu á Íslandi og í Finnlandi. Framleiðslustjórn í mjólkurframleiðslu í núverandi mynd má segja að hafi verið tekin upp árið 1992 hér á landi og var fest í sessi við endurskoðun samnings um starfsskilyrði í nautgriparækt árið 2019 þegar yfirgnæfandi meirihluti kúabænda, eða um 90% bænda, kaus að halda í greiðslumarkskerfið. Byggir núverandi kerfi á tilboðsmarkaði þar sem markaðsverð greiðslumarks er grundvallað á jafnvægisverði, hámarksverð er þó þrefalt afurðastöðvaverð. Alls eru haldnir þrír markaðir á ári en bændur geta að hámarki óskað eftir 50.000 lítrum til kaups á hverjum markaði.

Í Finnlandi hefur greiðslumarkskerfið tekið töluverðum breytingum undanfarin ár. Á árunum 1984-1995 var það á vegum finnska ríkisins, þ.e. ríkið sá um útdeilingu greiðslumarks. Lítil hreyfing var á markaðinum og bændur áttu erfitt með að stækka bú sín. Ekkert fjármagn tapaðist þó út úr greininni. Árið 1995 gengu Finnar í Evrópusambandið (ESB), þá breyttist kerfið og greiðslumarkið gekk kaupum og sölum milli bænda. Við það rauk verðið upp og greiðslumarkið varð mikil fjárfesting en bændur gátu stækkað við sig, höfðu þeir efni á því. Árið 2015 var greiðslumarkskerfið í mjólk síðan afnumið innan ESB. Tilgangur aðgerðarinnar var að lækka mjólkurverð og „eyðileggja“ mjólkurmarkaðinn þar sem meiri mjólk byði lægra verð. Bar aðgerðin þó lítinn árangur þar sem verðlækkun á mjólkurvörum skilaði sér ekki til neytenda. Framleiðslumarkaðurinn varð hins vegar frjáls fyrir bændur, þeir gátu aukið framleiðslu sína en við það varð mjólkurverð óstöðugt og innflutningur á mjólkurvörum jókst. Á síðastliðnu ári, 2021, tók „hið nýja greiðslumark“ gildi þegar stærsta mjólkurafurðastöð Finnlands, Valio, tók að útdeila framleiðslurétti til sinna framleiðenda. Samningur er gerður við hvern og einn bónda en framleiðslurétturinn er byggður á framleiðslugetu búsins, aðstöðu, gæðum mjólkurinnar og öðrum þáttum. Þeir bændur sem hafa samning við afurðastöðina geta þannig selt mjólk sína til hennar en framleiðslurétturinn er ekki framseljanlegur og verða bændur að skila honum hyggist þeir ekki nota hann. Mjólkurframleiðsluréttur bænda í Finnlandi liggur því í dag hjá afurðastöðvunum sem ráða gæðaviðmiðum, magninu og staðsetningu framleiðslunnar.

*Kýr framtíðarinnar*

Yfirskrift dagsins var meðal annars kýr framtíðarinnar – nýir eiginleikar – litlir stofnar. Litlir stofnar á sannarlega við íslensku kúna en Egill Gautason, doktorsnemi við Árósaháskóla, hélt erindi um rannsóknir sínar á skyldleika íslensku kýrinnar við önnur kúakyn, áhrif innflutnings á stofninn og skyldleikarækt. Rannsókn hans leiddi í ljós að íslenska kýrin tilheyrir hópi norðurnorrænna kúakynja og er eini stóri, óblandaði stofninn innan hópsins.

Önnur kúakyn sem tilheyra þessum hópi eru meðal annars sænskar fjallakýr og finnska landkynið, Finncattle. Nýlegar, óbirtar rannsóknir hafa síðan sýnt að norska Telemark kúakynið er í raun skyldast íslensku nautgripunum. Þrátt fyrir mjög takmarkaðan innflutning á árum áður er íslenska kýrin svo til laus við innblöndun og innflutningur því haft lítil áhrif á stofninn. Þrátt fyrir að íslenska kýrin hafi verið einangruð lengi er skyldleikarækt lítil í stofninum en hún eykst um 0,14-0,19% á ári, sem er sambærilegt og hjá öðrum mjólkurkúastofnum.

Í Noregi eru helstu áherslur GENO ræktunarsambandsins að norska rauða kúakynið verði leiðandi sem sjálfbært og efnahagslega hagstætt kúakyn. Þar er lögð áhersla á að viðhalda erfðabreytileika, forðast skyldleikaræktun og hafa breitt ræktunarmarkmið. Minni áhersla er nú lögð á mjólkurmagn en aukin áhersla á júgurheilbrigði, heilsufar og frjósemi. Auk þess er verið að rannsaka nýja eiginleika á borð við fóðurnýtingu og metanlosun. Fyrstu niðurstöður metanrannsókna sýna að kýrnar losa að meðaltali 441 g metans á dag, erfðafræðilegur breytileiki er til staðar í kyninu og eiginleikinn hefur arfgengi upp á 0,22. Ýmis tækifæri eru því til staðar til að rækta umhverfisvænna kyn en áframhaldandi rannsóknir mikilvægar. Niðurstöður fóðurrannsókna liggja enn ekki fyrir en Norðmenn vinna nú að þróun fóðurnýtingarstuðuls fyrir norska rauða kúakynið. Í Svíþjóð er áhersla lögð á nýja eiginleika líkt og metanlosun og aukna fóðurnýtingu gripanna en stefnt er að frjósamari og heilbrigðari nautgripum með gott skap, gott sköpulag og mikil mjólkurgæði. Telja Svíar að langlífi, heilbrigði og frjósemi komi til með að verða fyrirferðarmeira í ræktun næstu ára en mikilvægt sé að stunda ábyrga og sjálfbæra ræktun. Það sé gert með því að varðveita gömul gen (ræktunarkyn), fylgja ræktunarmarkmiðum, lágmarka umhverfisáhrif og síðast en ekki síst, með því að skapa verðmæti fyrir bændur.

Ræktendur danskra Holstein kúa telja að nú fyrst förum við að sjá raunverulega framleiðslugetu kúnna og gert er ráð fyrir því að í fyrsta skipti framleiði yfir 1.000 Holstein kýr meira en 100.000 kg af mjólk á æviskeiði sínu. Stefnt er á aukið langlífi og betri nýtingu á gripunum en hvoru tveggja leiðir af sér umhverfisvænni kýr. Áhersla er einnig lögð á gott sköpulag og góða fóðurnýtingu en gífurlega sterkt val er til staðar innan Holstein kynsins, bæði með erfðamengisúrvali og kyngreiningu sæðis. Fram kom að fjöldi Holstein kúa á Norðurlöndunum hefur haldist nokkuð stöðugur undanfarna áratugi. Þannig hefur kúm af öðrum kynjum fækkað en hlutfall Holstein-kúa fer stöðugt vaxandi.

*Norrænt samstarf (NCDX og iDDEN)*

Árið 2013 ákváðu Norðurlöndin að slá höndum saman og þróa sameiginlegt viðmót sem flytur gögn milli mjaltakerfa og gagnagrunna nautgriparæktarinnar. Mtech Digital Solutions í Finnlandi sá um þróun viðmótsins sem kom til notkunar árið 2015 og gengur undir nafninu Nordic Cattle Date Exchange (NCDX). NCDX sér um flutning gagna á milli mjaltakerfanna og gagnagrunna skýrsluhaldsins og er í dag tengt Lely og DeLaval mjaltaþjónum. NCDX er þannig notað á yfir 1.500 búum í dag en það safnar helstum upplýsingum um kýrnar; grunnupplýsingum, hreyfingu, burðum, beiðslum, fangskoðunum, geldstöðu auk mjólkurskýrslna.

Kerfið var síðan útvíkkað þegar Ástralía, Austurríki, Belgía, Kanada, Þýskaland, Holland og Bandaríkin keyptu hugbúnað NCDX og stofnuðu félagið iDDEN eða The International Dairy Data Exchange. Félagið sér nú um áframhaldandi þróun kerfisins og hefur sett sér þau markmið að safna gögnum ekki einungis úr mjaltaþjónum heldur einnig úr hálsböndum kúnna, úr gjafakerfum og tilraunastofum (mjólkurskýrslur). Með stofnun iDDEN hafa 13 lönd með samtals 20 milljónir mjólkurkýr sameinast um þróun á tæknilausnum sem gerir gagnaflæði milli tölvustýrða mjaltakerfa og annarra bústjórnarlausna einfalt og skilvirkt. RML er aðili að NCDX og iDDEN og vinnur að innleiðingu lausnarinnar hérlendis.

*Biocode*

Harri Mäkivuokko kynnti ráðstefnugesti fyrir Biocode, vefþjónustu sem hjálpar fyrirtækjum og einstaklingum að finna leiðir til að minnka kolefnisfótspor sitt. Vefþjónustan er í eigu tveggja finnskra landbúnaðarsamtaka, Association of ProAgria og Mtech Digital Solutions en markmið hennar er að skapa verðmæti fyrir bændur og matvælafyrirtæki. Forritið er einfalt í notkun, notendur þurfa einungis að þekkja sína framleiðslu og/eða þá þjónustu sem þeir nýta sér, forritið reiknar út kolefnisfótsporið byggt á allri virðiskeðju (lífsferil) vörunnar og leggur til leiðir hvernig minnka megi kolefnisfótsporið. Bændur t.d. skrá inn uppskeru og þá þjónustu sem þeir nýta og fá þannig upplýsingar hvernig þeir geti stundað umhverfisvænni búskap. Þannig er hægt að nota forritið til að aðstoða sig við að velja umhverfisvænni vöru ásamt því að velja umhverfisvænni framleiðendur og fyrirtæki.

*Að lokum*

Það helsta sem í huga manns situr eftir ráðstefnuna er hve Norðurlöndin eiga miklu meira sameiginlegt heldur en maður leiðir hugann að dags daglega. Samstarf þessara frændþjóða er vaxandi og hefur aukist jafnt og þétt á undanförnum áratugum. Þar má nefna sameiginlegt kynbótastarf Dana, Finna og Svía og öflugt og vaxandi samstarf á sviði skýrsluhalds. Það er alls ekki óhugsandi að framtíðin beri í skauti sér einn sameiginlegan norrænan nautgriparæktargagnagrunn.

Greinilegt er að áherslur í ræktunarstarfinu færast stöðugt yfir á aðra eiginleika en nyt og aðrir eiginleikar, sem einkum lúta að endingu, frjósemi og heilsufari vega stöðugt þyngra. Þá er stöðugt leitað nýrra leiða til að meta þessa þætti með meira öryggi en hingað til. Loftslagsmálin voru fyrirferðarmikil og þess ekki langt að bíða að losun metans frá nautgripum fari minnkandi með kynbótum, betri fóðurnýtingu, meiri endingu kúnna og betri og markvissari bústjórn.

Greinilegt var að Danir töldu afnám framleiðslustýringar eitthvert mesta happ sem mjólkurframleiðsla hefur upplifað í langan tíma meðan að hinar þjóðirnar voru meira efins.

Félagsskapur eins og NØK á fullan rétt á sér og mun áfram stuðla að aukinni samvinnu og betri og hagkvæmari nautgriparækt á Norðurlöndunum.

***Guðmundur Jóhannesson og Guðrún Björg Egilsdóttir,***
*félagsmenn í NØK.*

RML

# Starfsemi RML

## – Fjórði hluti

**Í síðustu tölublöðum Bændablaðsins hef ég skrifað greinar um starfsemi RML. Í þessari grein mun ég fjalla um fjármála- og tæknisvið sem virkar sem stoðsvið fyrir fagsviðin tvö ásamt því að sjá um ytri tækniþjónustu fyrirtækisins.**


Karvel Karvelsson.

Fjármál, mannauðsmál, markaðsmál og tæknimál eru meginviðfangsefni sviðsins. Tíu manns vinna við forritun, þjónustu, mannauðs eða fjármálastjórnun. Öll tæknimál RML hvort sem það lýtur að innri rekstri eða rekstri skýrsluhaldskerfa eru á ábyrgð þessa sviðs. Fjármál, launa- og rekstrarbókhald ásamt verkskráningu eru ansi viðamikil verkefni. Reikningagerð byggir á verkskráningu starfsfólks en þar eru einnig mikilvægar upplýsingar sem eru nýttar við verkefnastjórnun og utanumhald um vinnuframlag til einstakra verkefna. Upplýsingarnar nýtast við greiningu á því hvað þau framlög til RML eru að fara í.

Öll kerfi RML eru miðlæg þannig að ekki á að skipta máli hvar viðkomandi er staðsettur. Mikil áhersla hefur verið lögð á að rafræn tenging starfsmanna sé góð og var til dæmis Covid engin áskorun fyrir okkur hvað fjarvinnslu varðar þar sem við vorum vön að takast á við það að vinna að verkefnum þrátt fyrir að starfsfólk og viðskiptavinur væru ekki stödd á sama stað.

Þróun og vinna við skýrsluhaldskerfi Bændasamtakanna er á ábyrgð RML samkvæmt sérstöku samkomulagi sem gert var þegar tölvudeild Bændasamtakanna var færð yfir til RML í ársbyrjun 2020. Fram að þeim tíma var mikil samvinna um þróun forritanna milli ráðunauta RML og tölvudeildar. Þegar tölvudeildin kom yfir til RML voru allir þættir sem tengjast þróun, viðhaldi skýrsluhaldskerfa/forrita og þjónusta komin á einn stað, en þjónustan hafði verið fyrir í RML. Skýrsluhaldskerfin eru fimm, fjögur þeirra halda utan um íslensku búfjárkynin en forritið jörð er landupplýsingakerfi. RML þjónustar og heldur utan um dk bóhaldslausn fyrir bændur en þorri bænda nota þessa lausn við sitt bókald. Auk þess er haldið utan um nokkur önnur minni forrit fyrir þriðja aðila innan tæknihluta RML.

Búfjárkerfin Huppa, Fjárvís, Heiðrun og WorldFengur gegna fyrst og fremst því hlutverki að halda utan um ætternisupplýsingar viðkomandi búfjártegunda. Ætternisupplýsingarnar eru nauðsynlegar við ræktun stofnsins en líka til þess að halda utan um búféð sem sérstakt íslenskt kyn. Ísland hefur alþjóðlegar skuldbindingar til varðveislu á þeim stofnum sem hér eru og nýtast skýrsluhaldskerfin til þess að halda utan um þær upplýsingar. Skýrsluhaldskerfin eru einnig notuð til ýmiss konar upplýsingarsöfnunar. Greiðslukerfi í sauðfjár og nautgriparækt byggir á upplýsingum úr Fjárvís og Huppu. Einnig eru kerfin til grundvallar við forðagæslu. Mikilvægi skýrsluhaldskerfanna er því ótvírætt en einnig hefur verið kallað eftir því að þau verði notendavænni, nýtist enn fremur við bústjórn og geti tengst hvers konar jaðartækjum sem nýtast við búskapinn. WorldFengur er eina skýrsluhaldskerfið sem er alþjóðlegt en það heldur utan um ætternisupplýsingar íslenska hestsins í öllum þeim löndum þar sem hann er ræktaður að einhverju marki. WorldFengur og íslenskt eignarhald hans er því gríðarlega mikilvægt auk fyrrgreinds hlutverks, þá er WorldFengur undistaða þess að varðveita íslenska hestinn sem íslenskan og fá til þess alþjóðlega viðurkenningu.

Skýrsluhaldskerfið Jörð.is nær til grunnskráningar á túnum, skráningar á uppskeru hvort sem það er í útiræktun eða ylrækt, skráningar á ræktun, ástandi lands, áburðargjöf og notkunar á varnarefnum. Einnig heldur kerfið utan um niðurstöður efnagreininga á heyi, búfjáráburði og jarðvegi. Skráningar í Jörð.is liggja til grundvallar greiðslu vegna ræktunarstyrkja. Jörð er þannig eitt af verkfærum sem bændur nota við áætlanagerð og ákvarðanatöku í búrekstrinum. Eins og í skýrsluhaldskerfunum í búfjárrækt hefur verið kallað eftir því að tengingar við jaðartæki, svo sem áburðardreifara verði komið á í Jörð.is til að skráningar verði nákvæmari og markvissari.

Skýrsuhaldskerfin krefjast mikils viðhalds og þróunarvinnu. Tæknin þróast hratt, reglugerðir breytast og kröfur notenda verða eðlilega í samræmi við aðrar tækniþróanir. Það er því áskorun að halda úti kerfum sem jafn ríkar kröfur eru gerðar til með mjög fáum notendum til þess að standa undir þeim kostnaði sem rekstur þeirra krefst.

Á fjármála- og tæknisviði eru einnig fleiri verkefni unnin en hér eru upptalin í stuttri grein en upplýsingar um þjónustu og ráðgjöf má sjá á heimasíðu okkar, WWW.rml.is, ásamt því að starfsfólk RML er ávallt til viðtals, hvort sem um er að ræða í gegnum síma eða á starfsstöðvum RML.

***Karvel Karvelsson,***
*framkvæmdastjóri RML.*



„Það sem einkennir Ísland öðru fremur er náttúran, svo ósnortin í raun og með víðerni sín og íslensku húsdýrin. Þar eru ekki bara undir fjöll og firnindi, heldur og allt graslendið vafið náttúrulegum gróðri og íslenski hesturinn hraustur og frjósamur. Þetta skapar einstakar aðstæður á heimsvísu sem gera að hér er með hagkvæmum og ábyrgum hætti hægt að framleiða eCG/PMSG úr blóði fylfullra hryssna. Um leið eru stoðir hrossahaldsins efldar og grasi sem annars yxi til þess eins að sölna breytt í beinharðan gjaldeyri," segir Kristinn meðal annars. Mynd / ghp

# Blóðtakan eykur nytjar af hrossum og styrkir afkomuna

**Með annars ágætri umfjöllun um blóðtökur úr hryssum í Bændablaðinu þann 25. ágúst sl. birtist viðtal við þau York Ditfurth og Sabrinu Gurtner, fulltrúa þýsk-svissnesku samtakanna TSB/AWF. Málflutningur þeirra er með þeim hætti að gera verður við hann athugasemdir.**



Kristinn Hugason.

Í upphafi viðtalsins er þeim tíðrætt um einhvers konar skipulega yfirhylmun starfseminnar. Þeim fullyrðingum er einfaldlega vísað frá, hvorki bændur né fyrirtækið hafa beitt sér þannig. Framkvæmdastjóri Ísteka bauð þeim vissulega upp á fund en því máli öllu fylgdu miklar vífilengjur af þeirra hendi og þau hugðust koma með fjölmiðlamenn, algerlega handgengna sér, á fundinn og var þá vitaskuld sjálfhætt við hann. Ljóst var að tilgangurinn var alls ekki sá að birta raunsanna mynd af starfseminni, sem best sést á myndbandinu sem birt var í fyrrahaust.

Fullyrðingar um „járntjald" halda ekki vatni, hvorki hvað varðar bændur né fyrirtækið. Upplýst hefur verið um framgang starfseminnar í gegnum áratugina í ræðu og riti. York og Sabrina virðast líka hafa gleymt því að framkvæmdastjóri Ísteka setti sig í samband við þau þegar þau voru hér árið 2019 að ferðast um sveitir með leynilegar myndatökur þótt enn væri bætt í tveimur árum seinna þegar þau komu upp kerfi falinna myndavéla heima á býlum bænda. Hann bauð þeim þá hvoru tveggja á fund til að fara í gegnum velferðarkerfi fyrirtækisins og að heimsækja blóðtökustað sem þau þáðu. Sér er nú hver feluleikurinn.

Í viðtalinu er líka með grófum hætti snúið út úr orðum dýravelferðareftirlitsmanns fyrirtækisins.

> „Leikmönnum er fullljóst að 36 mishaglega smíðaðir árabátar hafa sjaldnast roð í hraðskreiða skonnortu."

Því er haldið fram að hann tali fyrir því að hryssurnar séu það sem þau kalla „hálfvilltar" sem er fjarri öllu sanni. Það sem sagt var, er að hryssur þær sem eru í blóðtökum fái notið frjálsræðis umfram flest önnur hross; þetta er einmitt skilgreint svo í lokasetningu 1. mgr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra: „Enn fremur er það markmið laganna að þau [dýrin, innskot höf.] geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt."

Það sem átt er við hér er, að hestur fái að vera hestur, en á ekkert skylt við að viðhalda eða auka á villiatferli í neikvæðri merkingu orðsins.

Notkun viðmælenda blaðsins á hugtakinu „lært hjálparleysi" er afar langsótt. Hugtakið er þekkt úr sálfræðinni og til dæmis notað til að skýra þunglyndi. Það byggir á rannsóknum sálfræðingsins Seligmans, en hann gerði tilraunir með hunda. Þegar þeir voru settir í aðstæður sem þeir gátu alls ekki stjórnað gáfust þeir hreinlega upp fyrir rest. Þegar þeir voru svo settir í nýjar aðstæður sem einnig voru þeim mótdrægar, gáfust þeir aftur upp og reyndu engu að breyta þó að þeir gætu það. Þarna er langt seilst og fráleitt að geti átt við um eins inngripalítinn verknað og blóðtökur úr hryssum eru.

Hitt er svo annað og jákvæðara mál sem Sabrina ræðir í næstu málsgrein, að hryssurnar séu bandvanar og fúsar til að fara inn í og dvelja þá stund sem þarf í blóðtökubásnum. Um þetta eru allir sammála, a.m.k. að hryssurnar séu nægjanlega meðfærilegar til að auðvelt sé að setja á þær tökumúl. Enginn sem fæst við hross vill þurfa að slást við þau. Að forðast hvers konar átök er hvoru tveggja í senn góð hestamennska og svo mikið léttara á allan hátt. Þetta sjónarmið kom ríkt fram í máli blóðbændanna sem rætt var við í Bændablaðinu. Hagur Ísteka, bændanna og dýralæknanna sem verkefninu sinna af því að allt gangi átakalaust fyrir sig á blóðtökustað er ótvíræður. Síðastliðinn vetur og yfirstandandi blóðtökutímabil hefur enda verið nýttur til að kortleggja skapgerðareinkenni hryssna með það fyrir augum að finna sem fyrst þá gripi sem ekki hafa æskilegt lundarfar.

Ekkert bendir til að hross þrífist verr í blóðstóðum en öðrum stóðum nema að síður sé. Er þá sama hvort litið er til folaldanna eða mæðra þeirra. Einnig skýtur skökku við að viðmælendur blaðsins haldi því fram að lyfjaefni framleitt með lífrænum og vönduðum hætti sé á einhvern hátt lakara en kemísk efni, enda hefði maður talið þau almennt séð fremur hallari en hitt undir lífræna framleiðslu.

Grunnefniviður framleiðslunnar byggir á aðstæðum stóðanna, sem eru að miklu leyti lífrænar. Vinnsla fyrirtækisins á lyfjaefni fullnægir svo öllum gæðakröfum lyfjaefnaframleiðslu. York og Sabrinu er tíðrætt um lyfjameðferð sem þau kalla staðgengla eCG/PMSG meðferðar. Vissulega eru á markaði fjöldamörg lyf sem notuð eru í tengslum við frjósemi í skepnum en blekking að halda því fram að eitthvert þeirra geti komið í stað eCG/PMSG. Engin þessara sameinda býr yfir sömu eiginleikum og eCG/PMSG gerir, eiginleikum sem gera lyfið bæði fjölhæft og langverkandi í öllum tilfellum umfram það sem þessi 36 lyf sem þau vísa til gera. Leikmönnum er fullljóst að 36 mishaglega smíðaðir árabátar hafa sjaldnast roð í hraðskreiða skonnortu.

Í lokin þetta; þau York Ditfurth og Sabrina Gurtner leggja ríka áherslu á hve vel þau vilji bændum og raunar Íslendingum almennt. Þau taka í því sambandi til umræðu framtíð Íslands sem ferðamannalands og telja hagnýtingu íslenska hestsins og hinnar einstöku náttúru landsins sem gerir unnt að halda stór stóð, m.a. til blóðtöku, ógna framtíð landsins sem ferðamannalands.

Þó að ferðaþjónusta skipti miklu máli í íslensku efnahagslífi eru stoðirnar fleiri. Hagsæld Íslands byggir fyrst og fremst á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, nýsköpun í krafti aukinnar menntunar og framsækni á öllum sviðum.

Ferðaþjónustan er prýðileg viðbót en til að hún dafni þarf að vera til staðar kvikt atvinnulíf á íslenskum forsendum, blómlegar sveitir og þar fram eftir götunum. Ferðamenn hafa þá eitthvað að skoða og fræðast um. Þeim er ekki bara þjónað í umhverfi sem helst mætti líkja við uppsetta sviðsmynd.

Það sem einkennir Ísland öðru fremur er náttúran, svo ósnortin í raun og með víðerni sín og íslensku húsdýrin. Þar eru ekki bara undir fjöll og firnindi, heldur og allt graslendið vafið náttúrulegum gróðri og íslenski hesturinn hraustur og frjósamur. Þetta skapar einstakar aðstæður á heimsvísu sem gera að hér er með hagkvæmum og ábyrgum hætti hægt að framleiða eCG/PMSG úr blóði fylfullra hryssna. Um leið eru stoðir hrossahaldsins efldar og grasi sem annars yxi til þess eins að sölna breytt í beinharðan gjaldeyri.

***Kristinn Hugason,***
*samskiptastjóri Ísteka.*




**Hilltip Icestriker 900–1600L**
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



**Hilltip Icestriker 380–550L**
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.



**Hilltip Icestriker 600 TR**
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



**Hilltip Snowstriker VP**
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



**Hilltip Snowstriker SP**
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



**Hilltip Fjölplógur MVP**
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

**A Wendel ehf.**
**Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,**
**S:551 5464 - wendel@wendel.is**
**www.wendel.is**

VÉLABÁSINN

# Aygo hefur tekið vaxtarkipp
## – Prufuakstur á Toyota Aygo X



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is




Aygo X, minnsti bíllinn sem Toyota býður upp á. Þetta er einfaldur og látlaus smábíll sem lítur út eins og jepplingur þrátt fyrir að vera ekki útbúinn fyrir torfærur.
Myndir / ÁL

**Að þessu sinni var einn af nýjustu bílunum frá Toyota tekinn í prufuakstur. Aygo hefur verið kunnugleg sjón á íslenskum vegum undanfarin 15 ár, en það var minnsti bíllinn sem Toyota bauð upp á þangað til að framleiðslunni á þeim bíl var hætt árið 2021.**

Nú er Aygo kominn aftur og hefur fengið nafnbótina „X“. Hann er orðinn stærri á alla kanta, kominn í gervi borgarjepplings. Það eru ekki margir bílar á markaðnum sem eru í beinni samkeppni við þennan bíl, nema þá helst Suzuki Ignis.

Það fyrsta sem maður tekur eftir þegar gengið er upp að Aygo X er afgerandi hönnun bílsins. Frá flestum hliðum er bíllinn nokkuð sportlegur að sjá, með stærri dekk, svart plast á brettunum og með aukna veghæð til að gera hann jeppalegan.

Hægt er að fá bílinn tvílitan þar sem þakið og aftasti hlutinn er svartur, á meðan restin er í öðrum lit. Framendinn á bílnum eru frekar íhaldssamur í útliti á meðan allt annað er ögrandi og nútímalegt.

### *Innrétting vel útfærð*

Innréttingin er prýðilega vel útfærð af smábíl að vera. Það er allt til staðar sem ætlast er til af nýjum bílum, eins og glasahaldarar, stórt hanskahólf og stór margmiðlunarskjár. Sætin eru mjúk en veita ekki mikinn stuðning og sessan sjálf er frekar stutt þannig að hnén standa langt fram fyrir brúnina. Það er ekki hægt að stilla mjóbaksstuðninginn í sætisbakinu, en hins vegar hægt að stilla hæðina á ökumannssætinu.

Rýmið í aftursætunum er mjög lítið og það er ekki hægt að mæla með því að flytja fullorðna farþega lengri vegalengdir í þeim sætum.

Annar ókostur við afturrýmið er hversu dimmt og drungalegt er þar út af smáum afturrúðum og dökkri innréttingu.

### *Bluetooth vont fyrir símtöl*

Margmiðlunarskjárinn í bílnum er einfaldur og þægilegur í notkun. Það er auðvelt að finna allt þetta nauðsynlega og gengur vel að tengja símann með bluetooth. Það er hins vegar alls ekki gott að hringja símtöl með innbyggða handfrjálsa búnaðinum þar sem það heyrist mikið bergmál og bakgrunnshljóð þannig að nauðsynlegt er að hækka róminn.

### *Sjálfskipting snögg í borginni*

Aksturseiginleikar bílsins eru skárri en blaðamaður hafði gert væntingar til. Bíllinn í þessum prufuakstri var með stiglausa sjálfskiptingu sambærilega þeirri sem flestir fólksbílar frá Toyota eru með í dag.

Sjálfskiptingin í fyrri gerðum af Aygo er viðbragðsslöpp á meðan þessi hikar ekkert þegar tekið er af stað.

### *Góður á þjóðvegum líka*

Þegar komið er út fyrir borgarmörkin þá, merkilegt nokk, stendur bíllinn sig vel. Vélin vinnur ágætlega og blaðamaður varð ekki var við að bílinn skorti afl í venjulegum þjóðvegaakstri.

Það heyrist nokkurt veg- og vindhljóð þegar keyrt er á 90 kílómetra hraða og þarf að hækka róminn til þess að eiga samtal við ferðafélaga sína. Þetta er þó alls ekki það versta sem blaðamaður hefur kynnst og verður þetta að teljast nokkuð gott miðað við að þetta sé ódýr smábíll.




Í Pulse útgáfunni er bíllinn tvílitur, með svörtu þaki og afturenda á móti aðallitnum.



Innréttingin er nytsamleg með geymsluplássi og stórum margmiðlunarskjá.

### *Ein bensínvél í boði*

Vélarúrvalið er mjög einfalt: 1.0 l bensínvél sem er að miklu leyti sú sama og var í Toyota Aygo fyrir meira en 15 árum. Er það í stíl við restina af bílnum, þar sem það er ekkert verið að flækja hlutina til þess að halda verðinu niðri.

Hins vegar er það ekki í takt við kröfur nútímans þar sem hægt er að velja flesta bíla sem tvinn-, tengitvinn- eða rafmagnsbíla.

### *Enginn jeppi*

Aygo X er markaðssettur þannig að hann höfði til þeirra sem hafa áhuga á jepplingum. Það skal þó tekið fram að þetta er alls ekki jeppi. Hann fæst bara með framhjóladrifi og á malarvegum finnst að það er stutt í að bíllinn fari að skrika.

Hins vegar kemur sér vel að hafa auka veghæð, en það er þægilegt að komast í og úr bílnum og hann fjaðrar mjög vel yfir hraðahindranir. Það er líka hægt að fara grófari malarvegi án þess að vera stöðugt með áhyggjur af því að reka hann upp undir, þó svo að hann komist ekki í neinar torfærur.



Afturrýmið er þröngt og hleypir inn litilli birtu.



Varadekk undir skottinu.

### *Samantekt*

Toyota Aygo X er ódýr og einfaldur smábíll með örlítinn vott af jeppagenum. Með nýjustu breytingu á þessum bíl hefur hann tapað þeim kosti að vera agnarsmár borgarbíll, en hins vegar hefur hann orðið nytsamlegri bíll til almennra nota fyrir utan og innan borgarmörkin.

Þetta er bíll fyrir þá sem vilja látlausan bíl sem er með nútímalega hönnun. Ef fólk er að leita sér að tvinn- eða rafmagnsbíl þá þarf það hins vegar að leita annað. Verðið á beinskiptum Aygo X í LIVE útfærslu er frá 3.090.000, en bíllinn í þessum prufuakstri var sjálfskiptur Aygo X Pulse og kostar hann 3.790.000.

Pulse-útgáfan bætir m.a. við regnskynjara, stærri margmiðlunarskjá og er hann tvílitur.

## SÖFNIN Í LANDINU



Á sýningunni Hreindýrin á Austurlandi er fjallað um þessi einkennisdýr fjórðungsins og hvernig þau hafa í gegnum tíðina skapað náttúru og menningu hans sérstöðu. Mynd /Aðsend

### Minjasafn Austurlands á Egilsstöðum:

# Mannlíf og menning á Austurlandi fyrr og nú

**Minjasafn Austurlands á Egilsstöðum á rætur sínar að rekja til ársins 1942 þegar samþykkt var á fundi í Atlavík að hefja skyldi undirbúning að stofnun byggðasafns á Austurlandi.**

Í dag er safnið viðurkennt safn samkvæmt safnalögum og starfar í Safnahúsinu á Egilsstöðum þar sem það er til húsa með Héraðsskjalasafni Austfirðinga og Bókasafni Héraðsbúa. Á safninu eru varðveittir í kringum 12.000 gripir og þar starfa þrír starfsmenn í tæplega þremur stöðugildum.

Safnið er vinsæll áfangastaður ferðamanna og segir Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri að sumarið hafi verið gott. „Við höfum aldrei fengið eins marga gesti og í sumar sem skýrist einna helst af því að hópum sem koma til okkar úr skemmtiferðaskipum hefur fjölgað. Íslendingar eru líka duglegir að heimsækja safnið þó þeir hafi verið færri í sumar en síðustu sumur þegar allir ferðuðust innanlands.“

Í sýningarsal safnsins eru tvær grunnsýningar. Annars vegar sýningin Sjálfbær eining þar sem fjallað er um gamla sveitasamfélagið á Austurlandi eins og það var fram undir miðja 20. öld. Sýningin hverfist í kringum baðstofuna frá bænum Brekku í Hróarstungu sem er til sýnis á safninu og áhersla er lögð á að sýna hvernig hvert heimili þurfti að vera sjálfu sér nægt um allar helstu nauðsynjar. Hin sýningin ber heitið Hreindýrin á Austurlandi og fjallar um þessi einkennisdýr fjórðungsins og hvernig þau hafa í gegnum tíðina skapað náttúru og menningu hans sérstöðu.

Með reglulegu millibili eru einnig settar upp fjölbreyttar smærri sýningar, annaðhvort úr safnkosti safnsins eða í samstarfi við aðila utan þess. Sumarsýning safnsins er einmitt afrakstur slíks samstarfs en þar eru til sýnis skúlptúrar og myndverk eftir franska listamanninn François Lelong sem hafa vakið mikla athygli. „François er mikill Íslands- og Austurlandsvinur og verk hans eru innblásin af hreindýrunum og náttúru Austurlands svo þau passa afar vel inn hér hjá okkur. Hann sækir efniviðinn í náttúruna og nær með mjög skemmtilegum hætti að sýna fram á samspil ólíkra þátt í náttúrunni,“ segir Elsa Guðný.

Þó ferðamönnunum fækki þegar hausta fer er nóg fram undan hjá Minjasafni Austurlands. „Þegar skólarnir fara í gang fer safnfræðslan líka á fullt en við höfum unnið markvisst að því undanfarin ár að efla hana. Þá tökum við líka þátt í BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi, sem fram fer í haust og í bígerð er fyrirlestraröð í samstarfi við fleiri stofnanir á Austurlandi þar sem boðið verður upp á fjölbreytta fræðilega fyrirlestra. Meðfram þessu er alla daga unnið að fjölbreyttum verkefnum sem snúa að safnkostinum sjálfum, þ.e. skráningu, ljósmyndum og varðveislu, enda er safnkosturinn hjartað í safninu,“ segir Elsa Guðný.

/DÓJ









# KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði





**Bændablaðið**

**kemur næst út 22. sept**

**Smáauglýsingar 56-30-300**

Bærinn okkar:

# Langar þig að komast á síður Bændablaðsins?

**Bærinn okkar hefur löngum verið vinsælt léttmeti á síðum Bændablaðsins og fastur liður þeirra er fletta blaðinu.**

Gegnum tíðina höfum við fengið að kynnast búsetu fólks víðs vegar um landið, stærð og tegund bús þeirra og daglegu verklagi þar sem skilin milli vinnu og frítíma eru óljós, eins og einn viðmælenda okkar, hún Haddý – Hafdís Brynja Þorsteinsdóttir frá Hvalshöfða, orðaði svo vel.

*Hvað er í ísskápnum?*

Farið hefur verið yfir skemmtilegustu og leiðinlegustu bústörfin, bent á ýmsa áhugaverða jafnt sem almenna hluti, eftirlætistæki er tilgreint auk þess sem litið er í ísskápinn! Hvað er nú alltaf til í ísskápnum? Þessar spurningar og aðrar hafa glatt og svalað forvitni annarra landsmanna – og sú hefð verið á að sá síðasti sem hefur staðið fyrir svörum mælir með öðrum.

*Okkur langar að kynnast þér*

Nú langar okkur hér á Bændablaðinu hins vegar að rjúfa þá venju og bjóða þeim sem áhuga hafa að hafa samband við okkur á netfangið sigrunpeturs@bondi.is og fá frekari upplýsingar.

Eru spurningarnar almenns eðlis, en þeir sem svara hafa frjálsar hendur er kemur að hnyttnum tilsvörum, lengd svara og þar fram eftir götunum. Munu prófarkalesari og blaðamaður fara yfir og sjá til þess að allt sé nú á tilhlýðandi hátt – en rétt er að geta þess að myndir þurfa að fylgja – af bænum sjálfum, fólki, dýrum, tækjum eða öðru sem gefur lesendum innsýn inn í heim ábúenda.

Við viljum því hvetja þig, lesandi góður, að hika ekki ef þetta kitlar, hafa samband og fá sendar frá okkur spurningar og aðrar upplýsingar. /SP



Júlíus Róbertsson frá Hvalshöfða tekur sig hér sérlega vel út, enda ákaflega vel stíliseraður.

**Við kynnumst hér þeim eðalhjónum Hafdísi Brynju og Róberti, en þau búa á Hvalshöfða í Hrútafirði.**

**Býli:** Hvalshöfði í Hrútafirði.

**Staðsett í sveit:** Húnaþingi vestra.

**Ábúendur:** Róbert Júlíusson og Hafdís Brynja Þorsteinsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Við eigum 5 uppkomin börn og 8 barnabörn (allt strákar). Við erum með rúmlega 170 ær og venjulega 6 til 8 hrúta og allt eru þetta nú hálfgerð gæludýr. Við vorum lengi með tvo hunda en eftir að þau hurfu höfum við ekki fundið neinn til að fylla þeirra skarð enda leitun að heimskari og geðbetri hundi en hann Teitur okkar var.



Ungviðið nýtur sín á bænum Mjósyndi.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Grétar og Anna vinna úti frá búinu, Gabríela fer í skólann og Katrín rekur tamningastöð hér í Mjósyndi á daginn og kennir á kvöldin. Eftir vinnu er fénu sinnt og tekin staðan á útiganginum og þeim gefið eftir þörfum. Á jörðinni eru folaldsmerar, tryppi og stóðhestar, bæði frá okkur og öðrum.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Það eru engin leiðinleg verk í sveitinni en girðingavinna er ekki vinsæl. Skemmtilegustu verkin eru að sinna fénu (Anna), setja upp ljós, helst útiljós (Grétar), útreiðar á góðum hestum (Katrín og Gaby).



Á búinu Seljatungu má finna um 200 nautgripi á öllum aldri, 14 kindur og tvö hross.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Heimareykt hangikjöt.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Það var á öðru árinu okkar í Seljatungu.

Þá kveiktum við í sinu eins og tíðkaðist víða í þá daga og eldurinn fór úr böndunum.

Allt fór þó vel að lokum hjá okkur, en það var ekki brennd sina hér aftur.



# Ofnbakaður þorskhnakki



Hafliði & Halldór
hafldi@icelandiclamb.is

**Ofnbakaður þorskhnakki með íslensku grænmeti og kremuðu byggi – 4 skammtar.**

Uppskerutíminn fyrir útiræktað grænmeti og korn fylgir haustinu og við hvetjum lesendur til að nýta þennan tíma sem best og njóta þess að elda og bera fram girnilegt grænmeti á fjölbreyttan hátt. Eitt sér eða sem meðlæti með kjöt og fiskréttum. Við notum hér útiræktað spergilkál, radísur og lífrænt bygg frá Móður Jörð í Vallanesi. Auk þess smátómata og graslauk sem eru ræktuð í gróðurhúsum.

Fiskneysla hefur dregist saman á Íslandi sem er miður enda er hér auðvelt víðast hvar að nálgast ferskt, hollt og gott sjávarfang. Margir treysta sér illa til að elda fisk svo vel sé og þar stendur oft hnífurinn í kúnni því algengast er að fiskur fái of langan eldunartíma. Ofeldað sjávarfang er sannast sagna afar óspennandi og áhuginn á matreiðslunni dvínar gjarnan eftir því sem mistökin endurtaka sig. Þegar þykkri fiskbitar eða jafnvel heilir fiskar með beinum eru eldaðir er tilvalið að nota kjarnhitamæli til að tryggja sem besta útkomu.

Það gerum við matreiðslumenn til að skila hráefninu í sínu besta formi á disk gesta okkar á veitingahúsum og líka heima.

Þorskur hefur merkilegt nokk ekki notið vinsælda á Íslandi fyrr en á allra síðustu áratugum, en hann má sannarlega telja til allra bestu matfiska sem hér veiðast og á skilið að við vöndum okkur við eldamennskuna.

Í uppskriftinni notumst við við skírt smjör, það fæst víða í verslunum og er afbragðs gott við steikingu á öllu því sem okkur dettur í hug að elda. Hátt bræðslumark, 250 °C, tryggir að skírt smjör brennur ekki við pönnusteikingu, og því fylgir notalegt karamellubragð og ilmur. Fyrir þá sem vilja reyna sig á því að gera skírt smjör fylgir aðferðin, skírt smjör geymist mánuðum saman í kæli í loftþéttri krukku.

Byrjið á bygginu sem tekur lengstan tíma og endið á því að elda þorskinn.

## Rjómasoðið bygg „otto"

- 150 g íslenskt lífrænt bygg
- 1 laukur
- 2 dl olía
- 2 msk. eplaedik
- 50 g skírt smjör (má nota venjulegt smjör)
- 3 g Feykir 24 mánaða
- 1 dl rjómi
- 2 msk. saxaður graslaukur

Skolið byggið og setjið í pott ásamt 3 dl af vatni, saltið og sjóðið þar til er orðið mjúkt, tekur um 30-40 mín. Saxið lauk og svitið í potti í olíunni, bætið ediki við og svo byggi og ögn af vatni. Hitið að suðu og bætið þá við rjóma og rífið ostinn fínt yfir, takið af hitanum, hrærið smjöri við og smakkið til með salti og e.t.v. meira eplaediki. Graslauknum er bætt við rétt áður en þið berið réttinn fram.

## Hvítvínssósa

- 1 laukur
- 2 hvítlauksgeirar
- 2 msk. hvítvínsedik
- 1 dl hvítvín
- 2 dl vatn
- 2 dl rjómi
- 60 g smjör



Saxið laukana og svitið í olíu, bætið ediki við og látið gufa upp. Hellið víninu yfir, sjóðið niður um helming og bætið vatninu við og sjóðið í 10 mín. Rjóma er bætt við og sjóðið í um 5 mínútur. Sigtið yfir í annan pott, smakkið til og pískið smjörinu saman við.

## Grænmeti

- 1 stk. spergilkál
- 10 smátómatar
- 4 radísur
- Graslaukur

Veljið fallegt og ferskt spergilkál og skerið í grófa hnappa, notið líka stilkana sem eru mjúkir og afbragðs matur þegar kálið er glænýtt. Setjið í eldfastan bakka, penslið með olíu og saltið. Eldið í 180 °C heitum ofni í 6 mínútur. Tómata má ýmist nota ferska eða baka í ofni með kálinu í 4-5 mínútur. Radísurnar eru sneiddar og borðaðar hráar.

## Ofnbakaður þorskur

- 800 g þorskhnakkar
- 100 g smjör

Skerið þorskinn í um 200 g bita og setjið í eldfastan bakka. Bræðið smjörið og hellið fitunni yfir fiskinn. Saltið og setjið í forhitaðan ofn á 160 °C í u.þ.b. 8 mínútur. Við eldun á fiski í ofni er okkar ráðlegging sú að nota kjarnhitamæli, þorskur er fullkominn við 55 °C kjarnhita og þá skulið þið taka hann úr ofninum. Ef þið hafið rúman tíma má líka lækka hitastigið í ofninum og gera tilraunir með lægra hitastig.

## Skírt smjör

- 1 kg smjör

Bræðið smjör í potti á lágum hita, leyfið smjörinu að krauma í a.m.k. 30 mínútur og fleytið af froðuna sem myndast á yfirborðinu. Slökkvið undir og ausið fitunni, sem er um 80% innihaldsins, yfir í annan pott. Passið að taka bara fituna og hendið hvíta botnfallinu sem samanstendur af mjólkursykri, mjólkurpróteini og vatni. Pakkið í þéttar krukkur og geymið í kæli.

HANNYRÐAHORNIÐ

# Súkkulaðitoppur

**Klassísk garðaprjónshúfa á börn, prjónuð úr DROPS BabyMerino. Stykkið er prjónað í garðaprjóni, neðan frá og upp. Stærðir 2 – 12 ára.**

**Stærðir:** 2 (3/5) 6/9 (10/12) ára

**Höfuðmál ca:** 48/50 (50/52) 52/54 (54/56) cm.

**Garn:** DROPS BABY MERINO (fæst í Handverkskúnst) 50 (100) 100 (100) g litur á mynd nr 52, súkkulaði

**Prjónar:** Hringprjónn nr 3: lengd 40 cm. Sokkaprjónar nr 3

**Prjónfesta:** 26 lykkjur x 51 umferðir = 10 x 10 cm.

**GARÐAPRJÓN** (prjónað í hring): *1 umferð slétt og 1 umferð brugðið*, endurtakið frá *-*.

**ÚRTAKA** (á við um efst á húfu): Öll úrtaka er gerð í umferð með sléttum lykkjum.

Fækkið lykkjum á eftir lykkju með prjónamerki: Lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð.

Fækkið lykkjum á undan lykkju með prjónamerki: Prjónið þar til 2 lykkjur eru eftir á undan lykkju með prjónamerki, prjónið 2 lykkjur slétt saman.

**HÚFA - STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:** Stykkið er prjónað í hring á stuttan hringprjón, neðan frá og upp. Fyrst er prjónað uppábrot í stroffprjóni, síðan er prjónað garðaprjón að loknu máli. Skiptið yfir á sokkaprjóna eftir þörf.

**HÚFA:** Fitjið aðeins laust upp 152 (156) 162 (168) lykkjur á stuttan hringprjón nr 3 með DROPS Baby Merino. Prjónið stroff (1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið). Þegar stykkið mælist 9 (9) 11 (11) cm, brjótið stroffið inn þannig að kanturinn verði tvöfaldur – síðan er næsta umferð prjónuð í stroffprjóni eins og áður jafnframt því sem 8. (6.) 9. (8.) hver lykkja er prjónuð saman með samsvarandi lykkju frá uppfitjunarkanti. Nú hefur myndast tvöfaldur kantur.

Haldið áfram með stroffprjón (1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið) þar til stykkið mælist 4 (4) 5 (5) cm frá þar sem lykkjurnar voru prjónaðar saman. Prjónið 1 umferð slétt þar sem fækkað er um 40 (40) 42 (44) lykkjur jafnt yfir = 112 (116) 120 (124) lykkjur.

Síðan er prjónað GARÐAPRJÓN – sjá útskýringu að ofan. Þegar stykkið mælist 19 (20) 21 (22) cm frá uppábroti neðst á húfu og næsta umferð er umferð með sléttum lykkjum, setjið 1 prjónamerki í 28. (29.) 30. (31.) hverja lykkju í umferð (4 prjónamerki – prjónamerkin eru sett í stykkið án þess að prjóna lykkjurnar).




Haldið áfram í garðaprjóni. JAFNFRAMT í fyrstu umferð er fækkað um 1 lykkju hvoru megin við hvert prjónamerki – sjá ÚRTAKA (8 lykkjur færri). Fækkið lykkjum svona í 4. hverri umferð alls 5 (5) 7 (7) sinnum, síðan í annarri hverri umferð alls 7 (7) 5 (5) sinnum = 16 (20) 24 (28) lykkjur eftir.

Í næstu umferð með sléttum lykkjum, prjónið allar lykkjur slétt saman 2 og 2 = 8 (10) 12 (14) lykkjur eftir. Klippið þráðinn, þræðið í gegnum þær lykkjur sem eftir eru, herðið á þræði og festið vel.

Húfan mælist ca 25 (26) 28 (29) cm frá uppábroti neðst á húfu. Brjótið upp neðstu 4 (4) 5 (5) cm.

**Prjónakveðja**
Mæðgurnar í Handverkskúnst, www.garn.is









**Eigum til á lager okkar vönduðu þurrkofna ásamt ýmsum öðrum tækjum fyrir heimavinnslur og veitingahús.**

**Beinn innflutningur, gott verð**
**Dæmi um verð: Þurrkofnar aðeins 59.000 kr. án vsk.**
**Hakkavélar frá 95.000 kr. án vsk.**

**Nánari uppl. í síma 8228844/ 8228832 eða vellir@vellir.is**


# SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | 7 | | 2 | 9 |
| 4 | | 7 | | 1 | | 8 | 6 | |
| | 8 | | 5 | 3 | 6 | | | |
| 5 | 4 | 9 | 2 | | | | | 1 |
| | 2 | | 6 | | 5 | | 7 | |
| 8 | | | | | 1 | 2 | 5 | 3 |
| | | | 7 | 6 | 4 | | | |
| | 6 | 5 | | 2 | | 1 | | 8 |
| 2 | 9 | | | | | 7 | | |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 1 | | 9 | 8 | | |
| 1 | | | | | | | | 2 |
| | 4 | | 5 | | 6 | | 1 | |
| 3 | | | 6 | 1 | 2 | | | 7 |
| | 5 | | | | | | 9 | |
| 7 | | | 9 | 5 | 3 | | | 6 |
| | 6 | | 3 | | 1 | | 2 | |
| 4 | | | | | | | | 8 |
| | | 3 | 8 | | 7 | 5 | | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | 8 | | | | 7 |
| 2 | | | | | | | 5 | 6 |
| | | | | | 1 | | 9 | |
| | | 4 | | 5 | | 3 | | |
| | | | 1 | | 4 | | | |
| | | 6 | | 9 | | 2 | | |
| | 1 | | 4 | | | | | |
| 5 | 6 | | | | | | | 8 |
| 7 | | | | 2 | | 9 | | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 2 | | | |
| | | | | 1 | | | 3 | 7 |
| | 7 | 8 | | | | | 1 | |
| | | | | 4 | 7 | 6 | | 1 |
| | | | | 2 | | | | |
| 6 | | 3 | 1 | 5 | | | | |
| | 4 | | | | | 5 | 2 | |
| 9 | 3 | | | 7 | | | | |
| | | | 6 | | | | | |

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Gaman í sveitinni



**Hún Ása Laufey stendur fyrir svörum í þessu blaði en hún er hress og glöð stelpa frá Kvíum.**

**Nafn:** Ása Laufey Hákonardóttir.

**Aldur:** 12 ára.

**Stjörnumerki:** Steingeit.

**Búseta:** Hafnarfjörður og Borgarnes en er frá Kvíum.

**Skóli:** Setbergsskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Enska.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Kettir.

**Uppáhaldsmatur:** Pasta.

**Uppáhaldslag:** Happier Than Ever með Billie Eilish.

**Uppáhaldskvikmynd:** Nýjasta Minions-myndin.

**Fyrsta minning þín?** Þegar ég fór í útilegu við Skógafoss.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Dans.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Leikkona.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Sýna sýningu í Borgarleikhúsinu.

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Var í sveitinni.

**Næst » Ása skorar á systur sína, Hugrúnu Hörpu, að verða næsti viðmælandi. Rétt er að taka fram að þau börn sem áhuga hafa á að vera með, mega hafa samband við okkur á veffangið sigrunpeturs@bondi.is.**

## FUGLINN: GLÓKOLLUR



Glókollur er minnsti fugl Evrópu en fullorðinn fugl er um 9 cm að lengd og vegur svipað og 5 krónu mynt (um 6 grömm). Hann er nokkuð nýr landnemi og að öllu leyti skógarfugl, því er nokkuð ljóst að hann hefur numið hér land í kjölfar mikillar aukningar í greniskógrækt. Upp úr aldamótum fer að bera á fjölgun glókolla og er áætlað að stofninn sé núna á bilinu 1.000-2.000 pör. Hann er staðfugl en þrátt fyrir smæð sína þá stendur hann ágætlega af sér íslenskt veðurfar. Engu að síður hafa komið hrun í stofninn sem líklega tengjast sveiflu í framboði á grenilús sem er undirstöðufæða glókollsins. Fuglinn er frekar hnöttóttur í laginu með stutta og breiða vængi. Hann er grænleitur með svarta og gula kollrák nema hjá karlfuglinum er kollrákin að hluta appelsínugul. Þeir eru mjög kvikir og halda sig gjarnan innarlega í trjám en eiga það til að koma út á greinarnar í leit að fæði. Það getur því verið áskorun að koma auga á þennan litla fugl en oft kemur hann þó upp um sig því þeir eru sítístandi og kallandi sín á milli. Glókollar verpa iðulega nokkrum sinnum á sumri og allt að því 6-11 egg í hvert skipti. Svona mikil urpt spilar stóran þátt í því hvað stofninn getur náð sér fljótt á strik aftur eftir áföll og stækkað hratt á skömmum tíma.

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

## UMHVERFISMÁL - TÍSKA

### Með haustinu er upplagt að grípa til nálarinnar:

# Hekl er hæstmóðins

**Nú hefur komið skemmtilega á daginn að heklaður fatnaður hefur víða hlotið náð fyrir augum hönnuða.**

Meðal þeirra eru nöfn á borð við Marni, Bottega Veneta, Moschino og Prada svo eitthvað sé nefnt. Má í því samhengi minnast heklaðrar strandtösku Prada frá í fyrra, en fór sala hennar fram úr öllum væntingum, þótt verðlagið væri tæpar þrjú hundruð þúsund krónur íslenskar fyrir stykkið. En óstjórnlega smart auðvitað og í mörgum litum.

*Notalegheit fyrri ára*

Á meðan margir hafa tengt heklaðan fatnað og fylgihluti við tímabil hippaáranna eða tónlistarhátíða á borð við Coachella kemur á daginn að æ oftar má finna slíkar gersemar á pöllum tískunnar. Því er ef til vill kominn tími til að mastera tækni heklunálarinnar með haustinu, þó ekki væri nema rétt til að tolla í tískunni.

Á vefsíðu Harpers Bazaar eru hugmyndir um að ró og mannleg nánd spili inn í áhugann á heklinu. Eigi þá rætur sínar að rekja til tímabils Covid er mannleg samskipti voru í lágmarki. Yngri hönnuðir á borð við Joseph Altuzarra tekur undir og telur að fólk sækist eftir fylgihlutum eða fatnaði sem hægt er að tengjast á tilfinningalegan hátt – en sjálfur tók hann haustlínu sína í nýjar hæðir er hann kynnti heklaðan kjól svo flókinn að gerð að margir lýstu honum sem list einum og sér.

*Leitað í grunninn*

Fleiri ungir og upprennandi hönnuðir eru á þessari línu og er Abacaxi merki sem gaman er að fylgjast með. Hönnuðurinn Sheena Sood, sem er af indverskum uppruna, hefur vakið athygli með afar litríkum og glaðlegum vörum. Sheena er textílhönnuður að auki og hefur mikla ástríðu fyrir að kynna sér þá tækni víðs vegar um heiminn. Heimsótt staði á borð við Brasilíu, Indónesíu, Víetnam, Perú og Mexíkó og tileinkað sér aðferðir frumbyggja við textílgerð og býr svo að þeirri kunnáttu er kemur að hennar eigin handverki.

Augljóst er að með slíkri ástríðu á hún framtíðina fyrir sér en fyrri reynslu sína í geiranum fékk hún við störf hjá merkjum á borð við Tracy Reese, Cole Haan og Anthropologie.

*Íslenskt handverk*

Hekl er þó eitthvað sem á sér langa sögu, hvort heldur erlendis eða á Íslandi. Árið 1886 var til dæmis fyrsta hannyrðabókin gefin út á íslensku, en þar má finna grein um hekl. Nokkuð var um að hekluð væru milliverk í rúmföt sem notuð voru spari, þá líka koddaverið – eða a.m.k. blúnda hekluð utan um koddann. Hekluð voru rúmteppi, húfur og ýmislegt og margir sem nutu sín betur við þann starfa en prjónanna.

Svo eru ástríðuheklarar auðvitað til – þeir sem aldrei hafa sleppt heklunálinni – og má þar nefna Mr. Spooner, búsettan í Bandaríkjunum og klæðist helst engu nema hekldressi frá toppi til táar – unnu af honum sjálfum. En öllu má víst ofgera og rétt að hafa það í huga er fólk æsist við heklið. /SP







Hekltöskur í boði Prada & Marni.



Bandaríkjamaðurinn Mr. Spooner hefur unað sér við hekl síðan á tímum Woodstock, má m.a. finna hann á Pinterest og hægt er að versla af honum yfir netið, ef vel er leitað.



Eitt verka Sheenu Sood.

**Rafhitarar**
í skip, hús og sumarhús
**Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð**
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar
Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



**Rafhitun**
Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

senmatic
Tæknibúnaður fyrir atvinnugróðurhús
Loftlagsstýringar
Áburðarblandarar
Skjámyndakerfi
Gluggabúnaður
Mótorlokar
Mælitæki
LED lampar



Árvirkinn
Eyravegi 32 • 800 Selfoss
Sími 480 1160 • www.arvirkinn.is

Bændablaðið
Kemur næst út
22. september

# Smáauglýsingar

**Sími:** 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.600 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.200 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Gæða spónakögglar í 18 kg pokum. Frábær undirburður fyrir hross. Takmarkað magn. Brettaafsláttur og brettið keyrt heim á höfuðborgarsvæðinu. Brimco ehf. S. 894-5111 - www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.



Til sölu Landcruiser, 100 árg.-2000, dísel, ekinn 406.000 km. Endurnýjaður fyrir um 2 millj. á síðustu tveimur árum. Nýr afturhleri fylgir með í kaupunum. Verð kr. 1.990.000. Uppls. s. 849-7924



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr. 6.980 m/ vsk. Brimco ehf. www.brimco.is. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30.



Timbur í fjárhúsgólf 38 x 100 mm. Verð kr. 470 lm 32 x 100 mm. Verð kr. 395 lm m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Iveco 190´08 ek 220.000 km. 11 tm Krani/krabbi Verð kr. 4.700.000 m +vsk. S. 894-.8620



Til sölu á Patreksfirði Hús 282 fm, bílskýli 13,9 fm, lóð 621 fm, Byggingarár 1916. Fasteignamat kr. 11.000.950, brunabótamat kr. 108.000.950. Upplýsingar á zossaj@gmail.com



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Stærð - breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 899-1776 og 669-1336.



Eigum til færanlegar öryggisgrindur, hæð 1,5 m, breidd 2 m. Léttar og meðfærilegar. Verð kr. 9.855 +vsk. Búvís - Akureyri - buvis@buvis.is - s. 465-1332



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör, erum staðsettir bæði á Suður- og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.



Díselhitarar 5kw 12/24v í bílinn eða bátinn. 2 ára ábyrgð. Þjónusta og allir varahlutir. Orkubondinn.is - Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1,0-6,0 mtr. í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30. www.brimco.is



Hátækni heyrnartæki á viðráðanlegu verði. 16 rása 24 stillanleg svið. Hægt að setja upp í snjallsíma. Selt sem par með hleðslutæki. Verð kr. 105.000.- Orkubondinn.is. Tranavogi 3, 104 Reykjavik. S. 888-1185.



Tjaldskemma 200 m² til sölu.Vegghæð 4 m. Mænir 6 m. Breidd 10 m og lengd 20 m. Gaflar notaðir, hliðar og þak nýtt. Óuppsett. Staðsett í Reykjavík. Verðhugmynd er kr. 7.500.000 m/ vsk. Sendið fyrirspurnir um veður- og snjóálag o.fl. á helga@polyhudun.is



Eigum til sölu 2 týpur af notuðum Linde lyfturum. Linde L16 - verð kr. 600.000. Einnig Linde L14 verð kr. 1.090.000 m/ vsk. www.bilxtra.is, S- 837-7750.



LANDAHREINSUN
JARÐAHREINSUN
Vind upp ónýtar girðingar og hálf ónýtar. Þarf að geta keyrt meðfram, staurað af um leið.
Sími 855 1930, Hjörtur

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR



JAPÖNSK GÆÐI!
Léttir Fyrirferðalitlir Hljóðlátir
Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö
Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is



Eigum TIKI kerrur í ýmsum stærðum. Henta íslenskum aðstæðum vel. Frá 750 kg - 2600 kg. Búvís - Akureyri - buvis@buvis.is - s. 465-1332.



Ford F150 Lariat, V8 5.4 l Triton með nýlegum dekkjum, skoðaður án athugasemda, einn eigandi, reglubundið viðhald. Verð kr. 1.480.000. Skoða tilboð. Tryggvi s. 893-1388.

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.
Úrvalið hefur aldrei verið meira.
AL-KO QUALITY FOR LIFE
UNSINN
Schmidt FAHRZEUGBAU



Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.
Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.
Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.
BRIMCO
EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is



Óskast til kaups - Toyota Hiace-Hilux - Corolla -RAV4-Avensis. Mega vera í ýmsu ástandi. Vinsamlegast sendið á dagbjartur80@gmail.com eða í s. 896-5001.



Niftylift dísel/rafmagn. Verð kr. 3.800.000+vsk. S. 894-8620.



Cat 444F árg. 2013 notuð 3800 vst. Verð kr. 11.000.000 +vsk. S. 894-8620.



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2" , 3" , 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Benz 3238 árg. ´98 8x4 m. 35 t með krana, með spili og jibbi. Verð kr. 3.500.000 +vsk. S. 894-8620.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Scania R480 tveggja drifa ´09 ek. 520.000 km. Skiptibúnaður, pallur/krókheysi. Verð kr. 8.000.000 +vsk. S. 894-8620.



Trakstorsskóflur frá Metal Fach. 1,2 - 1,8 - 2,0 - 2,2 og 2,4 m breiðar. Verð frá kr. 148.556 +vsk. Búvís - Akureyri - buvis@buvis.is - s. 465-1332.



Til sölu Class 3500c með knosara, árg. 2013, verðhugmynd kr. 1.450.000. Upplýs. í s. 894-3367.



Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Eigum Metal Fach N267 taðdreifara, 6 t með bremsum. Verð kr. 3.387.000 +vsk. Búvís - Akureyri - buvis@buvis.is - s. 465-1332.



Ný bílakerra m. sliskjum + spili. 2.150 kg burðargeta. Verð kr. 850.000 +vsk. S. 894-8620.



Kaber þyngdarklossar 600 - 1600 kg. Verð frá kr. 169.800 +vsk. Búvís - Akureyri - buvis@buvis.is - s. 465-1332.



Belmac haugsuga 3000g Risadekk 900/32. Bkt vökvadæla, alger snilld. Verð kr. 3.850.000 +vsk vallarbraut.is s.454-0050.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is.



Dísel hitarar 5 eða 8 kw 12 eða 24 volt. Hentugt í bíla, báta og lítil húsrými. Öll viðgerðarþjónusta og varahlutir. Verð kr. 48.900.- Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavik. S. 662-1444.



Renault árg. 2012, ekinn 160.000 km. Burður 5,9 tonn. Verð kr. 1.500.000 +vsk uppl s. 894-8620.



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta- 10 tonn Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Yanmar SV18 1880kg fleyglagnir. Verð kr. 4.750 +vsk. S. 894-8620.



Tek að mér að hnitsetja jarðir og greiningar á landamerkjum, afmarka nýjar lóðir, útbý mæliblöð og lóðablöð og sé um samskipti við byggingarfulltrúa. Skjót þjónusta á góðum kjörum. Vinnusvæði - Vesturland að Kirkjubæjarklaustri en fer um land allt. Adam Hoffritz, s. 693-7992.












**HUMBAUR KERRURNAR ÞÝSKU ERU TIL Á LAGER!**



**Gerð HA133015**
1300kg heildarburður,
mál innan: 303x150x35cm
verð kr:530,000,-m/vsk og skráningu.



**Gerð HA 203015**
2000kg heildarburður,
mál innan: 303x150x35cm
verð kr:665,000,-m/vsk og skráningu.



**Gerð HA 253015**
2500kg heildarburður,
mál innan: 303x150x35cm verð kr:680,000,-m/vsk og skráningu.



**Gerð HT 203116**
2000kg heildarburður,
mál innan: 310x165x30cm
verð kr:740,000,-m/vsk og skráningu.



**Gerð HT254118**
2500kg heildarburður,
mál innan: 410x185x35cm
verð kr:895,000,-m/vsk og skráningu.



**Gerð HTK 3000,31**
3000kg heildarburður,
mál innan: 314x175x35cm
verð kr:1,550,000,-m/vsk og skráningu.
Sturtukerra.

**Topplausnir**

**Smiðjuvegi 12, græn gata**
**200 Kópavogur**
**Sími 517 7718**
**www.topplausnir.is**



Brettagafflar með snúningi, 180° eða 360°.Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur.Burðargeta - 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf S. 892-4163. Netfang - hak@hak.is www.hak.is.



Til sölu ónotaður 2021 árgerð af Randex 12 tonna hardox vagn Verð kr. 3.300.000 +vsk. Vagninn er staðsettur á Austurlandi. S. 896-8311.



Scania 420 ´06 ek 530.000 km. Verð kr. 2.000.000 +vsk. S. 894-8620.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager - 230V, 24 V, 12 V. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 l tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel í sumarhús og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163 , netfang - hak@hak.is.



Hilux árgerð 2020 sjálfskiptur, ekinn 33.000 km. Verð kr. 8.900.000. S. 894-8620.



Yamaha Grizzly 700, árgerð 2020. Verð kr. 2.000.000 s. 894-8620.



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt - 1,9 m. Stærð á skrúfu - 48 cm. Rotor:-12 kW. Glussaflæði - 75 l/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki - Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is



Scania 480 6x4 árg 07´ ek 520.000 km. Verð kr. 3.690.000 +vsk s. 894-8620.



Manitou MT1740 árg 05´ notaður 7000 vst. Verð kr. 3.500.000 +vsk s. 894-8620.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf., s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Dodge Ram 3500 ´12/19 ek. 84.000 km. Verð kr. 9.500.000 s. 894-8620.



Bensíndrifnir stauraborar á lager. Öflugur 2ja hestafla Hyundai 2 stroke mótor. Borar sem fylgja - 100 mm, 150 mm og 200 mm. Bordýpt - 730 mm. Hákonarson ehf., s. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Cat 308 C árg. 08 notuð 4000 vst. Verð kr. 6.000.000 +vsk. S. 894-8620.



Nissan Navara árg 10/20 ek. 27.000 km. sjálfsk. Verð kr. 8.900.000 s. 894-8620.



2" brunadælur á lager. Frá Koshin íJapan. Sjálfsogandi og mjög háþrýstar. Vigta aðeins 37,6 kg. Henta vel fyrir slökkvilið og í vökvun. Sköffum allar dælur. Hákonarson ehf. s. 892-4163 ,hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu yfirbyggð kerra með rampi lengd 3 m breidd 1,38 m hæð á kassa 1,55 m galvaneséruð grind verð kr. 290.000 s. 863-1295.



Ókeyrður Landcr. 150 gx 33" leður, 2022. Verð kr. 13.800.000 S. 894-8620.



Vegristar 4 x 2,5 m verð kr. 375.000 +vsk. Bera alla venjulega umferð í heimreiðum, traktora, fulllestaða vörubíla. Flytjum á staðinn fyrir hagstætt verð. Gönguhlið, veghlið í ýmsum stærðum. Uppl. Facebook Sæblær ehf. og s. 899-2202 og 862-1909.



Nýttu þér afsláttinn og drífðu þig í hagasláttinn. Lækkað verð á nokkrum tækjum á meðan birgðir endast. www. hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520



Fjárhúsmottur. Verð kr. 12.900 stk. m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



Beltagrafa 1,2 tonn með 40 cm skóflu til afgreiðslu strax. Verð kr. 1.750.000 +vsk. Aukabúnaður í úrvali. Nýtt blað á www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.



Suzuki Jimny 2020, ek. 20.000 km. Beinsk. Verð kr. 4.280.000 s. 894-8620.



Gluggarammar til sölu, st. 140x195, eru ónotaðir, uppl. S. 786-3383.

EYJALIND

**Belti og undirvagnshlutir**



Vertu vinur okkar á Facebook

**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD





Aukin ökuréttindi

Næstu námskeið:

Fjarnám í rauntíma
27.9.2022
8.11.2022

Hraðnámskeið staðnám
13.10.2022

Endurmenntun atvinnubílstjóra

Skyndihjálp
21.9. Kl. 17-20:30 fyrri hluti
22.9. Kl. 17-20:30

Vistakstur
5.9. kl. 17-20:30 fyrri hluti
6.9. kl. 17-20:30 seinni hluti
17.9. kl. 9:00-16

Lög og reglur
7.9. kl. 17-20:00 fyrri hluti
8.9. kl. 17-21:00 seinni hluti
19.9. kl. 17-20:00 fyrri hluti
20.9. kl. 17-21:00 seinni hluti

Ökuskólinn í Mjódd – Þarabakka 3 – 109 Reykjavík – s: 5670300 mjodd@bilprof.is



Til sölu Fent 510c árg. 1996, ekinn um 1400 tíma. Upptekinn mótor og ámoksturstæki. Verðhugmynd kr. 3.500.000. Ath skipti á stærri vél. Upplýsingar í S. 894-3367.



Brettagafflar með Eurofestingum. Burðargeta 2500 kg. Lengd á göfflum 120 cm. Pólsk framleiðsla. Verð kr. 119.000 +vsk. Til á lager. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163.




Til sölu Kuhn rúllusamstæða. Árgerð 2022, ath skipti á ódýrari. Ný virði kr. 13.900.000. Upplýsingar s. 894-3367.



Kane sturtuvagn 20/23t. Loft og vökvabremsur Verð kr. 5.500.000 +vsk vallarbraut.is s. 454-0050.



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta: 8000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf, hak@hak.is S. 892-4163.



Deleks kurlarar. Bensín eða dráttarvélaknúnir DK 1300 verð kr. 510.000 +vsk DK 1200 verð kr. 390.000 +vsk DK 800 verð kr. 464.000 +vsk vallarbraut.is s. 454-0050.




Belmac haugdæla/hræra 16000-20000lpr. m Verð kr. 880.000 +vsk vallarbraut.is s. 454-0050.



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

## Atvinna

Atvinna í boði. Við hjá Klausturbleikju ehf. óskum eftir að ráða starfsfólk í snyrtingu í vinnslustöð okkar sem staðsett er á Kirkjubæjarklaustri og við fiskeldið okkar á Teygingalæk. Í boði eru bæði hlutastörf sem geta verið ákveðnir vikudagar og/eða fullt starf. Hentar vel þeim sem eru við búskap á svæðinu og geta stokkið í aukavinnu dag og dag. Nánari upplýsingar er að fá hjá gudbjorg@klausturbleikja.is eða í s. 868-0531.

## Dýrahald

Hreinræktaðir íslenskir fjárhundar (rakkar), til sölu. Hanna s. 695-1260.

## Jarðir

Óska eftir bújörð í rekstri, sauðfjárbú, kúabú eða blandað. Netfang- buskapur22@gmail.com

## Óska eftir

Kaupi gamlar vínylplötur, kassettur og gamlar græjur og stundum CD-diska líka. Staðgreiði stór plötusöfn. S. 822-3710, olisigur@gmail.com.

Vantar mótor í Nissan Navarra 2,5. Ef mótor finnst ekki þá er ég að selja vélarlausan double cab. Hafið samband í s. 847-5058.

Notuð dísel rafstöð óskast, 4 - 10 kw, 230 Volt. Tilboð sendist á loahja@mi.is eða í s. 897-2180.

Óska eftir gírkassa í VW Transporter 4x4 árg. 1999, ásamt ýmsum smærri hlutum. Til í að kaupa bíl til að parta. Vinsamlegast hafið samband við Vilbert s. 787-2333.

Toyota celica 1970-1977 og Hondu mt50 / Suzuki ac50, í hvaða ásigkomulagi sem er. Allar ábendingar vel þegnar, s. 659-5848 valur@heimsnet.is

## Til sölu

Mercedes Bens Sprinter (316 CDI)millilangur sendibíll árg. 2005 ekinn 198.000 km. s. 894-7956.

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is, s. 820-8096.

Rýmingarsala á hjólkoppum, allir koppar nema nýir. Sanngjarnt verð. Lítið við. Valdi koppasali, Hólmi v/ Suðurlandsveg, ofan við Rauðhóla. Opið 11-18 s. 865-2717.

Taðkvíslar (lagerhreinsun). Eigum til 1,4 m með Eurofestingum. Sterk framleiðsla frá Póllandi. Þétt á milli beinna tinda. Hákonarson ehf, s. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is.

Til sölu nýr 200cc motor fyrir kínahjól. Þessir mótorar eru Honda- hönnun. Óska eftir Lexus Rx fyrir hámark kr. 600.000 og ekki ekinn meira en 180.000 km. Upplýsingar í s. 837-4757.

Ford Explorer, árg.2005. Lítur vel út, á góðum dekkjum, en vélin ónýt. Allt annað í góðu lagi. Nýskoðaður. Uppl. í s. 899-7779.

MB Sprinter 316 CDI 4x4 15 sæta árgerð 2013 ekinn 303.000 km. Gott viðhald en lélegt lakk. Upplýsingar í s. 893-2636.

Eylenda 2 bindi. Verð, tilboð. Einnig 12 manna matar- og kaffistell, Helena gyllta. Verð kr. 115.000 kr. en má gera tilboð. Uppl. í s. 691-8144.

Gamlar þykkar bárujárnsplötur frá Mjólkurfélaginu til sölu. Flestar 3 m (10 fet) að lengd, alls um 160 lengdarmetrar. Hentugar á skúrvegginn eða hænsnakofann. Einnig 3 stk. 6 m langar en úr þynnra blikki. Ákveðin sala. S. 567-2173, Halldór.

Til sölu alls konar tól og tæki til sem þarf til reksturs lítillar glervinnslu. Slípivél, sög, handverkf. og flest sem til þarf . uppl. S. 786-3383.

Til sölu holdakýr og kvígur á fyrsta ári, eru hjá nauti. Einnig holdakvígur fæddar í sumar. Upplýsingar S. 894-3367.

Til sölu mikið af varahlutum í Daihatsu Cuore 85-86 árg. Nánast allt nema boddýhlutir. Einnig 3 stk. vandaðir fláningsbekkir og 6 stk. hnífaslíður. Upplýsingar í s. 898-7686 eftir kl.18.

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

**Bændablaðið**

**Kemur næst út 22. september**

**Smáauglýsingar 56-30-300 er á bbl.is og líka á Facebook**

# Viltu taka þátt í grænni framtíð?

Skógræktin óskar eftir að ráða sviðstjóra skógarþjónustu stofnunarinnar. Skógarþjónustan sinnir meðal annars verkefnum tengdum skógrækt á lögbýlum og áætlangerð. Leitað er að öflugum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við umfangsmikil verkefni í krefjandi og breytilegu umhverfi. Sviðstjóri skógarþjónustu heyrir beint undir skógræktarstjóra og er hluti af framkvæmdaráði stofnunarinnar.

## Sviðstjóri skógarþjónustu




### Hlutverk og markmið:

- Ábyrgð á skógarþjónustu og veitingu framlaga til skógræktar á lögbýlum
- Dagleg stjórnun skógarþjónustu
- Gerð rekstrar- og starfsáætlunar sviðsins
- Yfirumsjón með framlögum til skógræktar á lögbýlum
- Yfirumsjón með fræmálum, plöntuframleiðslumálum og plöntudreifingu
- Að viðhalda góðu samstarfi við skógareigendur
- Yfirumsjón með áætlanagerð einstakra svæða og úttektum þeirra
- Önnur tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur:

- Skógfræðimenntun og reynsla af opinberri stjórnsýslu, meistaragráða er æskileg
- Þekking og reynsla af skógrækt á lögbýlum
- Reynsla af stjórnun og áætlanagerð
- Leiðtogahæfileikar
- Færni í að koma upplýsingum frá sér í rituðu og töluðu máli
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulag, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

**Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf 1. desember nk.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr 70/1996.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk.**

Skógræktin hefur starfstöðvar um allt land og starfstöð sviðstjóra skógarþjónustu er samkomulagsatriði.

- Nánari upplýsingar um störfin er að finna á Starfatorgi og á vef Skógræktarinnar, skogur.is/atvinna. Skannaðu kóðann hér til hægri til að komast á síðuna.
- Markmið Skógræktarinnar er að stofnunin sé eftirsóttur vinnustaður fyrir starfsfólk með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Þá sé starfsmönnum búin góð vinnuaðstaða, greiður aðgangur að upplýsingum og fjölbreyttir möguleikar á símenntun sem stuðli að starfsþróun og verðmætasköpun innan Skógræktarinnar og skógræktargeirans alls.
- Skógræktin hefur hlotið jafnlaunavottun, innleitt styttingu vinnuvikunnar og græn skref í ríkisrekstri. Þá hefur stofnunin sett sér umhverfis- og loftslagsáætlun með tímasettum markmiðum ásamt áætlunum um réttindi, vernd og ábyrgð starfsfólks, s.s. áætlanir um áreitni og einelti ásamt viðbrögðum við slíku.

Skannaðu kóðann

**skogur.is**

skógræktin

# YAMAHA

**ÁREIÐANLEIKI KRAFTUR GÆÐI**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

LÁNSHLUTFALL ALLT AÐ 75% (ALLT AÐ 60 MÁNUÐI)

ULTRAMATIC 10 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFREIM

TRAUSTIR
VINNUÞJARKAR OG LEIKFÉLAGAR



## FJALLAKÓNGURINN
## » GRIZZLY EPS SE-1

700cc fjórgengis-4WD-H/L drif-driflæsing-spil-rafmagnsstýri-dráttarkúla-götuskráð-hvít númer 307kg eigin þyngd.

***Verð: 2.560.000 kr.***

***40.597 kr.**** 
*afborgun á mánuði ***

Dökkgrænt - Aðalhjól | Svart - Fjallakóngurinn (nýr litur")



**KODIAK 450 IRS** 421cc-289kg-fjórgengis-4WD-H/L-drif-spil-dráttarkúla-götuskráð-hvít númer.
***Verð 1.750.000 kr.*** *m/vsk*
Afborgun* 27.728 kr.***



**Aukasæti fyrir fjórhjól** með rúmgóðu hólfaskiptu farangursboxi.
***Verð 89.890 kr.*** *m/vsk*



**Grizzly framstuðari** fyrir Yamaha fjórhjól.
***Verð 92.760 kr.*** *m/vsk*



**Framrúða fyrir fjórhjól** – hátt gler sem gefur góða vörn gegn vindi, úrkomu og óhreinindum.
***Verð 49.890 kr.*** *m/vsk*



**Farangursbox** fyrir fjórhjól á framgrind.
***Verð 54.950 kr.*** *m/vsk*



**Farangursbox** fyrir fjórhjól á afturgrind.
***Verð 59.900 kr.*** *m/vsk*



**Kerra** fyrir fjórhjól.
***Verð 199.900 kr.*** *m/vsk*



**Kerrugrind** fyrir fjórhjól.
***Verð 119.900 kr.*** *m/vsk*

Lykill fjármögnun **Afborganir miðast við Lykillán fyrir 75% af kaupverði til 60 mánaða frá Lykli fjármögnun. Vextir miðast við 8.5% breytilega vexti og eru tengdir við eins mánaða reibor vexti. Viðskiptavinir eru hvattir til að kynna sér lánaskilmála Lykilllána á heimasíðu Lykils www.lykill.is. Árleg hlutfalltala kostnaðar – ÁHK er ** 10,39% - *** 10,47% - Öll verð innifela virðisaukaskatt.*

ARCTIC TRUCKS

ÞÆGILEGT GREIÐSLUFORM Á **ALLRA FÆRI**
Klettháls 3 | 110 Reykjavík | S: 540 49 00 | www.yamaha.is

YAMAHA